

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

10. HEFTI

RITSTJÓRAR

KRISTJÁN ÁRNASON

RAGNAR INGI AÐALSTEINSSON

RÓSA ÞORSTEINSDÓTTIR

REYKJAVÍK

2012

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

ÚTGEFENDUR OG RITSTJÓRAR

Kristján Árnason

Tómasarhaga 21 – 107 Reykjavík

Sími: 552 2625. Netfang: kristarn@hi.is

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Fannafold 103 – 112 Reykjavík

Sími: 895 8697. Netfang: ria@hi.is

Rósa Þorsteinsdóttir

Bárugötu 37 – 101 Reykjavík

Sími: 562 7067. Netfang: rosat@hi.is

RITNEFND

Margrét Eggertsdóttir, Sveinn Þngvi Egilsson og Þórunn Sigurðardóttir

YFIRLESTUR EINSTAKRA GREINA

auk ritstjórnar Kristján Eiríksson, Kristján Jóhann Jónsson,

Margrét Eggertsdóttir, Sigríður Pálmadóttir,

Sveinn Þngvi Egilsson og Þórður Helgason

MYND Á KÁPU

Magni Þór Pétursson

UMBROT OG PRENTUN:

Oddi, umhverfissvottuð prentsmíðja

Efni

Sónarljóð	4
Til lesenda	5
Höfundar efnis	7
Gunnar Skarphéðinsson: „Yggjar bjór hver eiga myni, ósýnt þykir lýða kyni“	9
Pär Lagerkvist: <i>Ljóð I</i>	39
Katelin Parsons: <i>Gagn, gæði og gömul vísa um Grímsey</i>	41
Ragnar Böðvarsson: <i>Ljóð II</i>	61
Bjarki Karlsson: <i>Stuðlasetning í fimm bragðlaða vísuorðum</i>	63
Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir: <i>Ljóð III</i>	88
Heimir Pálsson: <i>Grátittlingurinn eina ferðina enn</i>	91
Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir: <i>Ljóð IV</i>	113
Einar Jónsson frá Skógum: <i>Ljóð V</i>	114
Kristján Jóhann Jónsson: „Óðarfleyi fram er hrundið“	115
Vilborg Dagbjartsdóttir: <i>Ljóð VI</i>	149
Þórður Helgason: <i>Barnafoassar</i>	151
Óskar Árni Óskarsson: <i>Ljóð VII</i>	168
Ragnheiður Ólafsdóttir: <i>Íslensk rímnahefð</i>	169
Bertolt Brecht: <i>Ljóð VIII</i>	188
Ragnar Ingi Aðalsteinsson: <i>Fáein orð um ofstuðlun og aukaljóðstafi</i> . .	189

Sónarljóð

Þórður Helgason

Sonnetta um elskendur

Svo langt sem augað eygir himinn blár,
engin ský á tærri hvelving fljóta.
Nýr er tíminn – gleymd hin gömlu sár;
gjafir berast hvaðanæva – og njóta

skulum þeirra meðan fer um frá
á fæti þessi dularfulli styrkur
sem lífið gefur, gleði þess og tár,
og glatast okkur fyrst við hinsta myrkur.

Og þá sem elskast aldrei þjófur grár
ævitímans skamma megnar hryggja;
hver dagur er hjá þeim sem þúsund ár
og þúsund ár er dagur til að byggja

brú yfir næstu nótt og sólu fagna
og njóta þar til raddir dagsins þagna.

Til lesenda

Þegar tíunda hefti Sónar er fylgt úr hlaði fer ekki hjá því að við sem að útgáfunni stöndum lítum til baka með nokkru stolti. Við höfum nú haldið þessu tímariti úti í áratug og árlega fyllt síðurnar af kveðskap og ýmss konar óðfræðum. Hér hefur skapast vettvangur til að skrifa greinar helgaðar bragfræði og áhugamenn og konur um sönarmjöd hvers konar hafa nýtt sér þetta til að koma á framfæri hugmyndum sínum og vangaveltum. Umfjöllun um bragfræðileg málefni hefur á þessum tíma aukist nokkuð og ber að fagna því. Við Íslendingar eigum langa og að mörgu leyti glæsilega hefð að baki hvað varðar ljóðmenningu. Um leið og við fögnum auknum áhuga á fornum bragarhátum og hefðbundnum kveðskap viljum við líka rækta og hlúa að hvers konar nýjungum í ljóðagerð. Ljóðið hefur margar hliðar og Són á rúm fyrir þær allar.

Þau tíðindi hafa orðið í útgáfu Sónar að tveir aðalburðarásarnir, þeir Kristján Eiríksson og Þórður Helgason, hafa dregið sig í hlé og yfirgefið ritstjórnina. Þeir eru þó ekki farnir langt. Þórður á grein í ritinu og auk þess orti hann fyrir okkur Sónarljóðið að þessu sinni. Kristján heldur sig til hlés en við vitum af honum og eigum eflaust eftir að leita til hans. Þeir Kristján og Þórður hafa verið í forsvari fyrir Són frá upphafi og eiga öðrum fremur heiðurinn af því hversu vel hefur tekist til. Fyrir hönd okkar í ritnefnd færi ég þeim bestu þakkir fyrir óeingjarnt og farsælt starf.

Efni Sónar nú er fjölskrúðugt að vanda. Skáld 19. aldar eru í sviðsljósinu í þremur greinum. Heimir Pálsson skrifar um Grátittlingskvæði Jónasar Hallgrímssonar, Kristján Jóhann Jónsson um Rímur af Búa Andríðarsyni og Friði Dofradóttur eftir Grím Thomsen og fyrrnefndur Þórður Helgason fjallar um kvæði Gríms Thomsens um Barnafossa. Gunnar Skarphéðinsson veltir fyrir sér hver kunni að vera höfundur Málsháttakvæðisins, sem hann hefur reyndar áður gert ágæt skil í Són (sjá 2. hefti 2004), sá sem hér skrifar skoðar stuðlasetningu í kvæðum nútímaskálda, Bjarki Karlsson ritar grein um stuðlasetningu í stuðlafalli og vikhendu og teygir þá umfjöllun síðan yfir á fleiri bragarhætti sem hafa fimm bragliða frumlínur og Katelin Parsons skrifar skemmtilega grein um flökkuvísu sem henni tekst reyndar farsællega

að feðra og koma í hús. Þá rak á fjörur okkar merkilega umfjöllun um rímnahefðina. Ragnheiður Ólafsdóttir hefur skrifað doktorsritgerð um rímnalögin, einkenni þeirra, varðveislu, þróun og landfræðilegan uppruna. Þessa ritgerð varði hún árið 2011 við Australian National University og greinin er samin upp úr þeirri ritsmíð. Ljóðskáldin voru okkur líka afar hliðholl eins og sjá má. Ljóðin sem birtast í heftinu sýna vel breiddina í íslenskri ljóðagerð. Og á forsiðunni getur að líta mynd eftir ungan listamann þar sem hann sýnir þá Fjalar og Galar, niðursokkna í að blanda réttu magni af hunangi út í blóðið úr Kvasi.

Um leið og við þökkum öllu þessu góða fólki fyrir mikilsvert framlag til óðfræðanna látum við í ljósi þá von okkar að enn megi Són gleðja áhugafólk um mjöðinn dýra.

Fyrir hönd Sónarsinna

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Höfundar efnis

Sónarljóð

Pórður Helgason (f. 1947) er cand. mag í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er dósent í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Höfundar greina

Bjarki Karlsson (f. 1965) lauk M.A.-námi í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands og er nú í doktorsnámi í bragfræði og málsögu við þann sama skóla.

Gunnar Skarphéðinsson (f. 1947) er cand. mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann kennir íslensku við Verslunarskóla Íslands.

Heimir Pálsson (f. 1944) lauk kandidatsprófi frá Háskóla Íslands 1969 og dósentprófi frá Uppsalaháskóla 2009. Hann hefur lengst af starfað að menntamálum og bókaútgáfu og stundar nú sem eftirlaunamaður rannsóknir á Snorra-Eddu.

Katelin Parsons (f. 1985) lauk M.A.-námi í þýðingarfræðum frá Háskóla Íslands og stundar nú doktorsnám í íslenskum bókmenntum við sama skóla.

Kristján Jóhann Jónsson (f. 1949) er doktor í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er dósent í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson (f. 1944) er doktor í bragfræði frá Háskóla Íslands. Hann er aðjúntk í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Ragnheiður Ólafsdóttir (f. 1960) er tónlistarkennari og kórstjóri með próf frá tónmenntakennaradeild KHÍ, menntuð í þjóðlagasöng og tónlistarfræðum frá Osló og með doktorspróf frá Australian National University í Canberra í Ástralíu. Hún býr í Hong Kong og starfar sjálfstætt við tónlist og rannsóknir.

Pórður Helgason, sjá *Sónarljóð*.

Höfundar og þýðendur ljóða

Bertold Brecht (1898–1956) var þjóðverji. Hann var ljóðskáld, leikritahöfundur og leikhússtjóri.

Einar Jónsson úr Skógum (f. 1959) er cand. jur. frá Háskóla Íslands og hefur lesið sögu og þjóðfræði við sama háskóla. Hann er sjálfstætt starfandi í Reykjavík.

Kristján Árnason (f. 1934) tók B.A.-próf í latínu og grísku frá Háskóla Íslands og stundaði nám í heimspeki og bókmenntum í Þýskalandi og Sviss. Hann var dósent við Háskóla Íslands.

Óskar Árni Óskarsson (f. 1950) hefur einkum fengist við ljóðagerð og ljóðaþýðingar og meðal annars sent frá sér þrjár bækur með japönskum hækuþýðingum. Hann ritstýrði og gaf út bókmenntatímaritið *Ský* sem kom út á árunum 1990 – 1994. Samhliða ritstörfum hefur hann lengi starfað sem bókavörður.

Per Lagerkvist (1891–1974). Svænskur höfundur ljóða, leikrita og skáldsagna auk fjölda greina. Hann hlaut Nóbelsverðlaunin árið 1951.

Ragnar Böðvarsson (f. 1935) er búfræðingur frá Hvanneyri, fyrrverandi bóndi, skrifstofumaður og höfundur ábúendatala í Rangárvallasýslu.

Tryggvi Þorsteinsson (f. 1923) lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands og stundaði framhaldsnám í almennum skurðlækningum í Svíþjóð og Danmörku. Hann vann síðan sérfræðistörf á slysadeild Borgarspítalans. Árið 2006 gaf hann út æskuminningar sínar, *Á æskulóðum* við Djúp.

Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir (f. 1956) er með meistarapróf í íslenskum bókmenntum. Hún rekur ferðaþjónustu á Leirubakka á Landi.

Vilborg Dagbjartsdóttir (f. 1930) er kennari, ljóðskáld og þýðandi. Hún er heiðursfélagi í Rithöfundasambandi Íslands.

Gunnar Skarphéðinsson

„Yggjar bjór hver eiga myni, ósýnt þykir lýða kyni“

Málsháttakvæði – nokkrar vangaveltur
um hugsanlegan höfund¹

Inngangur

Fyrir nokkrum árum gaf ég út svokallað *Málsháttakvæði* (*M*) og samdi jafnframt skýringar við kvæðið.² *M* er þrítug runhend drápa og er nafnlaust í eina handritinu, sem geymir kvæðið, en það er *Konungsbók Snorra-Eddu*.³ Þýskur fræðimaður, Theodor Möbius (1821–1890), varð fyrstur til þess að gefa kvæðið út árið 1873. Hann skýrði kvæðið rækilega og bjó til þýska endursögn. Einnig samdi hann greinargóðan inngang og lét kvæðinu fylgja orðasafn.⁴ Auk þess fjallaði hann um *mansöng* (Vom isländischen mansöng, bls. 42–61) frá ýmsum hliðum og gerði bókmenntasögulega grein fyrir honum. Útgáfan er frábærlega vel úr garði gerð og allar athugasemdir og skýringar samdar af mikilli nákvæmni.

M, sem talið er ort á þrettánda öld, var þó þekkt meðal fræðimanna áður en Möbius gaf það út og til dæmis notuðu þeir Sveinbjörn Egilsson og Guðbrandur Vigfússon báðir kvæðið þegar þeir gáfu út orðabækur sínar og tóku þaðan allmörg dæmi. Sveinbjörn nefndi það *Amatorium carmen* eða *Mansaungsdrápu* en í orðabók þeirra Cleasbys og Guðbrands Vigfússonar er það nefnt *Málsháttakvæði* (proverbiorum carmen) og því heiti hefur kvæðið jafnan haldið síðan. Möbius valdi

¹ Ég vil þakka ónafngreindum ritrýnendum tímaritsins *Sónar* fyrir afar gagnlegar ábendingar. Einnig þakka ég Baldri Hafstað, Guðrúnu Nordal, Helga Bernódussyni, Jóni Friðjónssyni og Óskari Guðmundssyni fyrir yfirllestur greinarinnar og góðar athugasemdir. Ég slæ samt hinn gamalkunna varnagla – einn ber ég vitaskuld alla ábyrgð á því sem ofsagt eða vansagt kann að vera í greininni.

² Gunnar Skarphéðinsson. (2004). „Málsháttakvæði.“ *Són. Tímarit um óðfræði*, 2. hefti, bls. 31–72.

³ Wessén. (1940).

⁴ *Málsháttakvæði* (1873) (Sprichwörtergedicht). Ein isländisches gedicht des XIII. jahrhunderts. Separatabdruck aus der Zeitschr. f. deutsch Phil. Ergänzungsab. Halle, Buch-druckerei des Waisenhauses. Th. Möbius gaf út.

einnig að nefna kvæðið þessu nafni vegna þess að það dregur fram, eins og hann segir, megininkenni efnisins, þ.e. málshættina.

Konungsbók Snorra-Eddu geymir, auk *Eddu* Snorra, tvö kvæði sem standa aftast í handritinu. Þessi kvæði eru bæði nafnlaus þar og skrifuð í löngum línnum eins og venja er um bundið mál í íslenskum miðaldahandritum. Fyrra kvæðið er *Jómsvíkingadrápa* (*J*), sem eignuð er Bjarna Kolbeinssyni, en hann var biskup í Orkneyjum frá 1188 til 1222 eða 1223.⁵ Seinna kvæðið er svo *M*. Snemma í rannsóknarsögu kvæðisins kom sú hugmynd fram að Bjarni biskup Kolbeinsson hefði ort *M*, þar sem *J* og *M* þótti svipa saman. Í báðum kvæðunum er erótískur tónn og þau hafa bæði harmræn ástarstef⁶ sem þykja gefa til kynna að skáldið sé undir áhrifum frá trúbadúrakvæðskap. Slíkur tónn verður svo seinna einkennandi í mansöngvum rímna.⁷ Finna má dæmi um svipað orðalag í báðum kvæðunum og til dæmis kemur kenningin *Yggjar bjór* fyrir í þeim báðum og áhersluorðið *filkjum* er talsvert áberandi. Nokkrar orðmyndir hafa þótt benda til þeirrar mállysku sem töluð var í Orkneyjum en hugsanlegt er að skýra þær einfaldlega sem tvímyndir:

⁵ Bjarni Kolbeinsson kemur talsvert fyrir í *Orkneyinga sögu*. Hans er einnig getið öðru hverju í konungasögum. Bjarni er talinn fæddur um miðja 12. öld og varð biskup í Orkneyjum á eftir Vilhjálmí biskupi hinum síðari 1188. Bjarni var sonur Kolbeins hrúgu og Herborgar sem var afkomandi jarla. Hann var talinn mannasættir og skáld gott. Í *Páls sögu byskups* (Íslenzk fornrit XVI 2002) er þess getið að Loftur, sonur Páls biskups, hafi sótt Bjarna biskup heim í Orkneyjum. *Sturlunga* getur um það að Orkneyjafar hafi komið í Hvítá þegar Snorri Sturluson bjó að Borg. Stýrimaður var Þorkell rostungur, bróðursonur Bjarna. Deilur urðu milli Snorra og Þorkels og leitaði Þorkell á náðir Sæmundar Jónssonar í Odda sem tók við honum fyrir vináttu sakir við Bjarna biskup. Sjá nánar *Sturlunga saga* I (1946:240–241) og neðanmáls í *Orkneyinga sögu* (Íslenzk fornrit XXXIV 1965:291–292).

⁶ Stefið í *J* kemur fyrst fyrir í 15. erindi kvæðisins. Það er svonefnt *klofastef*. Slík stef eru ekki sjálfstæð heldur eru þau felld inn í erindi drápunnar. Stefið í *J* kemur fram í 1., 4., 5. og 8. vísuorði:

*Ein drepr fyr mér allri,
ótrauðr á l†g skeiðum
†rr þengill bað ýta,
ítrmanns kona teiti;
góð ætt of komr grimmu,
gekk herr á skip, darra
hinn ’r kunni gny gerva,
gæðings at mér stríði.*

Finnur Jónsson (Skjld. B.II:4) endursegir stefið þannig: En hövðings kone ódelægger al min glæde; en kvinde af god herkomst bringer mig grum sjælekummer.

⁷ Um *mansöng* má t. d. fræðast í nýlegri grein eftir Edith Marold (2007): „*Mansöngur – a Phantom genre?*“

*flug/flog, muli/moli og fúa/fóa.*⁸ *Ƿ* er ort undir bragarhætti sem Snorri kallar *munuvörp* – og skýrir þannig að þar sé „[...] háttlausá í inu fyrsta ok þriðja vísuorði, en í þðru ok inu fjórða skothendur.“⁹ *M* hefur því nokkuð annað svipmót en *Ƿ* þar sem runurímið er megineinkenni þeirrar drápu.

Þegar ég samdi skýringar við kvæðið fór ég að veita því eftirtekt hversu margt í kvæðinu minnti með einhverjum hætti á *Snorra-Eddu*. Ýmist voru þetta efnisatriði eða orðalag.¹⁰ Einnig má sjá að bragarháturinn, sem er áttmælt runhenda, á sér samsvörun í *Háttatali* Snorra og má reyndar segja að það þurfi ekki að koma á óvart en á milli *M* og *Háttatal*s er fleira sem vert er að veita athygli og gæti bent til skyldleika. Þetta hafði Möbius líka komið auga á en hann var samt þeirrar skoðunar að Bjarni biskup hefði ort kvæðið.¹¹ Hann leit svo á að skyldleiki væri með kvæðunum og þau hefðu sérstöðu í fornum kveðskap. Hann segir að efni þeirra sé að vísu ólíkt. *Ƿ* er söguljóð sem segir frá för Jómsvíkinga til Noregs og orrustunni í Hjörungavogi árið 986. Bragarhættir séu hins vegar frjálsgelgir á drápunum báðum og orðfæri létt. Drápurarnar sé að finna í sama handritinu og standi þar saman, fyrst *Ƿ* en síðan *M*.¹² Möbius lagði áherslu á að tónninn í stefjum beggja kvæðanna væri með líkum hætti en í þeim yrkja skáldin um ástarharma sína. Þau reyndu að létta sér ástarraunir með kveðskapnum.¹³ Þá hefðum við góðar heimildir fyrir því að Bjarni biskup hefði ort *Ƿ* og því væri rétt að gera ráð fyrir að hann hefði jafnframt ort svo náskýlt kvæði sem *M*.¹⁴ Margir fræðimenn hafa tekið undir þessa skoðun en þó

⁸ Sjá nánar Gunnar Skarphéðinsson (2004:36–39).

⁹ Snorri Sturluson (1999:29).

¹⁰ Sjá Gunnar Skarphéðinsson (2004:59 – athugasemd við 21. erindi kvæðisins).

¹¹ *Málsháttakvæði* (1873:17, 23).

¹² Enginn veit í raun hvers vegna kvæðin hafa fengið að fljóta þarna með *Eddu*. Elias Wessén (1940:7) ræðir efnið stuttlega í útgáfu sinni af *Könungsbók*: „In addition to the Edda our manuscript [GKS 2367, 4to] contains, on the two last leaves, two poems from the beginning of the 13th century: *Jómsvíkingadrápa* by the Bishop of the Orkneys, Bjarni Kolbeinsson, and *Málsháttakvæði* (*Fornyrðadrápa*). Clearly the scribe wished to utilise the space still remaining. But it is difficult to explain why he should have chosen precisely these two poems.“

¹³ *Málsháttakvæði* (1873:20).

¹⁴ „Die innere verwantschaft, die nach unsern obigen bemerkungen zwischen *Mkv.* und *Jómsvíkingadrápa* stattfindet und vermöge deren beide gedichte in der gesamten älteren dichtung eine durchaus eigentümliche stellung zu behaupten scheinen, andererseits der umstand, dass beide gedichte unmittelbar hintereinander an derselben stelle überliefert sind – : *beides legt die vermutung nahe, dass sie demselben dichter angehören und sonach auch Mkv. vom verfasser der Jómsvíkingadrápa, dem orkadischen bischofe Bjarne Kolbeinsson (†1223) gedichtet sei* – [...]“. (Leturbreyting mín. Ath. stafsetningu frumtextans er haldið hér og framvegis). *Málsháttakvæði* (1873:24).

ekki allir. Til dæmis segir Jan de Vries að ekki séu nægilegar forsendur til þess að eigna Bjarna kvæðið. Hann bendir hins vegar á að *J* sýni að sá, sem orti hana, hafi þekkt vel til íslenskra dróttkvæðaskálda.¹⁵

Í þessari grein verður sett fram sú hugmynd að Snorri Sturluson hafi hugsanlega ort *M* og konan, sem um er rætt í kvæðinu og sem Snorri hafi að öllum líkindum haft í huga, sé Solveig Sæmundardóttir af ætt Oddaverja. Til þess að glöggva sig betur á sögu Solveigar verður rakið allrækilega í viðauka hvar og hvernig Solveig kemur við sögu í *Íslendinga sögu* Sturlu Þórðarsonar í *Sturlungu*, sem er höfuðheimild um hana. Í *Íslendinga sögu* kemur berlega fram að Snorri hafi ætlað sér að ganga að eiga Solveigu en Sturla, bróðursonur hans Sighvatsson, hafi orðið hlutskarpári.

Málsháttakvæði – athuganir I

Hér á eftir verða rakin dæmi um einhvers konar samsvaranir eða hliðstæður á milli Snorra og verka hans annars vegar og *Málsháttakvæðisins* hins vegar. Dæmin verða rakin eftir því sem þau koma fyrir í hverju erindi fyrir sig og rétttri röð erindanna fylgt en þau eru 30 talsins. Öll erindin eru varðveitt heil, að heita má, nema það fyrsta, sextánda og lokaerindið.¹⁶

Fyrsta erindi kvæðisins er því miður nokkuð skert en þar fáum við þó að vita hvað vakir fyrir skáldinu: *fera ætlum forn orð saman*, þ.e. skáldið hyggst safna saman málsháttum og láta þá mynda meginefni kvæðisins.

Í öðru erindinu ræðir skáldið um ætt sína og persónu. Fram kemur að ættin er þekkt fyrir ‘flimtun’¹⁷ og skáldið segist ekki hafa farið með slíkt tal en kynni þó fyrir ættar sakir að eiga hægt um vik í þeim efnum:

¹⁵ Vries II. (1967:69–70).

¹⁶ Ekki er hægt að birta hér nema lítil brot úr kvæðinu en bent skal á t.d. *Den norsk – islandske skjaldedigtning* (Skjd. B.II:138–145) og 2. hefti *Sónar* (Gunnar Skarphédinsson 2004:41–67) þar sem lesa má kvæðið í heild.

¹⁷ *flimtun*: orðið kemur ekki oft fyrir í skáldskap en merkingin er þekkt: ‘háð, spott, dylgjur’. Yfirleitt var flím eða flimtun (flimtan) bundin við kveðskap og varð oft uppspretta átaka og jafnvel mannvíga. Það þótti löstur á mönnum að fara með háð og spott. T.d. segir svo um Ólaf Brynjólfsson í Ljárskógum í *Sturlungu*: „Þá var með Svertingi Ólafi Brynjólfsson ok hafði sik jafnan til þess að *flímta* sér betri menn.“ *Sturlunga saga* I (1946:332).

Ekki hefi eg með flimtun farið,
fullvel ætta eg til þess varið,
yrkja kann eg vánu verr,
vita þykist það maðurinn hverr;

Skáldið segir enn fremur að honum væri ekki stolið úr ætt þótt hann kveði *slétt* (eða *slétt*, þ.e. ‘slælega’), *nokkuð ætta eg kyn til þess*. Þannig lýkur erindinu. Ljóst er að skáldið er af kunnri skáldaætt sem einnig er kunn fyrir háð og spé. Möbius bendir á Mýramannakyn og Sturlunga í þessu sambandi. Hann bendir á fyrsta kafla í *Gunnlaugs sögu ormstungu* þar sem getið er allmarga skálda í ætt Mýramanna.¹⁸ Kaldhæðni og gráglettni Hvamms-Sturlu og Sighvats Sturlusonar er ágætlega kunn úr *Sturlungu* svo að vel gæti skáldið til dæmis verið að vísa til þessara manna.¹⁹ Þriðja og fjórða hendingin: *yrkja kann eg vánu verr, /vita þykist það maðurinn hverr*; minnir á atburð sem frá segir í *Sturlungu*. Snorri hafði í fyrri utanferð sinni ort tvö kvæði um Skúla jarl Bárðarson og voru í drápunni klofastef alhend.²⁰ „Sunnlendingar drógu spott mikit at kvæðum þeim, er Snorri hafði ort um jarlinn, ok sneru afleiðis. Þór-oddr í Selvági keypti geldingi at manni, at þetta orti“.²¹

Oss lízk illr at kyssa
jarl, sás ræðr fyr hjarli,
vörr es til hvöss á harra,
hardmúlaðr es Skúli.
Hefr fyr horska jöfra
hrægamms komit sævar,
þjóð finnr löst á ljóðum –,
leir aldriigi meira.

Í þriðja erindi kemur hin ‘svinneyga drós’ við sögu. Solveigu Sæmundardóttur hefði vel mátt kalla ‘svinneyga drós’, því að vitur hefur hún verið og stór í sniðum. Kona hefur farið illa með skáldið og *slitið tryggðum*. Mál þeirra hefur komist í hámmæli, sbr. fyrsta vísuorðið: *Þjóð spyr allt það er þrír menn vitu*, og skáldið liggur ekkert á því að í kvæðinu munu *hittast hermdarorð* eða bituryrði og að þar megi finna reiði eða

¹⁸ *Málsháttakvæði* (1873:25).

¹⁹ Gunnar Skarphéðinsson (2004:42).

²⁰ Sjá athyglisverða grein um þetta efni eftir Heimi Pálsson (2010:25–37).

²¹ *Sturlunga saga* I (1946:278–279).

sársauka. Hann segir samt að til þess hafi hann fulla heimild að *glaupsa* eða nánast ‘þvaðra’ um þetta mál. Hann sér jafnan skoplegu hliðarnar á málunum. *Svinneygur* kemur ekki annars staðar fyrir. Orðið er sennilega smíði skáldsins. *Drós* var ekki neikvætt orð til forna. „Drósir heita þær, er kyrrlátar eru“, segir Snorri í *Eddu*.²²

Í fjórða erindi er eins og skáldið mæli fyrstu ljóðlínuna til sjálfs sín: *Ró skyldu menn reiði gefa* – það er rétt að stilla sig því að: *Raunlítið kemst oft á þrefa* – það er ekki alltaf svo merkilegt sem menn þrefa um. Orðið *gagar* ‘hundur’ kemur fyrir í þriðju hendingu en það er fágætt orð, kemur fyrir hér og svo einungis í einni af bernskuvísunum Eglis Skalla-grímssonar, þ.e. *brimrótar gagar* í 5. vísu *Egils sögu*.

Í fimmta erindi er ekkert sem gæti gefið bendingar – nema hvað hægt er að velta fyrir sér hendingunni: *Annars barn er sem úlf að frjá*. Að sumu leyti vandskýrður málsháttur þó að meginhugsun sé raunar ljós. Málshátturinn kemur ekki fyrir annars staðar svo að mér sé kunnugt. Úlfurinn er alltaf að heita má tengdur við grimmd og sviksemi. 35. erindi í *Sigurdrífumálum* minnir svolítið á þessi orð en það hljóðar þannig:²³

Það ræð eg þér ið tíunda
að þú trúir aldregi
várum vargdropa,
hvort er þú ert bróður bani
eða hafir þú felldan föður;
úlfur er í ungum syni,
þó sé hann gulli gladdur.

Hugsunin er samt augljóslega ekki sú sama. Í málshættinum er greinilega verið að tala um barnfóstur. Snorri var fósturinn í Odda, eins og menn vita, og Sæmundur, faðir Solveigar, má því teljast eins konar uppeldisbróðir hans þó að hann sé raunar allmiklu eldri (Sæmundur var fæddur 1154 en Snorri 1178/1179). Það er ef til vill nokkuð langt seilst að gera sér í hugarlund að í þessari hendingu sé falinn dulinn broddur.

²² *Edda Snorra Sturlusonar* (1931:189).

²³ *Eddukvæði* (1968:350).

Í sjötta erindi er þriðja hendingin þessi: *Oddar gerva jarli megin*. Orðið *jarl(s)megin* kemur fyrir í vísu í *Örvar-Odds sögu*²⁴ og svo í 54. vísu í *Hátta-tali Snorra*.²⁵

Skýtr at Skǫglar veðri,
(en skjaldagi haldask)
Hildar hlemmidrífu
of hvítum þrǫm rítar;
en í sæfis sveita
at sverðtogi ferðar
rýðr aldar vinr odda
(þat er *jarlmegin*) snarla.

Nokkur skyldleiki gæti verið hér á ferð – orðið *oddur/oddar* kemur einnig fyrir í báðum vísunum.

Næstsíðustu ljóðlínuna *vel hefur sá er það líða letur*, ‘best er að taka hlutunum með jafnaðargeði’, er hægt að skilja sem svo að skáldið sé að stappa í sig stálinu þótt *ýmsir bjóði öðrum fát*, þ.e. 5. ljóðlína – en skáldinu hafi verið sýndur háski eða sviksemi.

Næstu þrjár vísur, þ.e. sjöunda, áttunda og níunda vísa, rekja forn minni. Þrjár kappar fornaldarsagna eru þar nefndir: *Bjarki*, *Starkaður* og *Hrómundur*. Í þremur lokalínunum er nefndur *Eljárnir* sem kann að vera *Eleasar* sem frá er sagt í *Gamla testamentinu*.²⁶ Þetta er eina dæmið um að skáldið vísi í sögur *Biblíunnar*. Ekkert verður í raun ráðið af þessu um skáldið sjálft en vel kemur þessi þekking heim við þá skoðun að skáldið hafi verið 13. aldar maður.

Í áttundu vísu verða hins vegar fyrir okkur goðfræðileg nöfn sem eru kunn úr *Snorra-Eddu*: *Brandingi*, *Mardallar grátur*, *Þjazi jötunn mælti* (eða *mældi*) *gulli sjálfur*. *Brandingi* er óþekkt sögupersóna. Nafnið virðist eingöngu koma fyrir hér og svo sem heiti á jötni í þulum *Snorra-Eddu*.²⁷ Um þessa samsvörun er reyndar ekki mikið að segja því að jötnaheiti eru ótal mörg og þetta kann að vera einber tilviljun. Merking nafnsins gefur heldur engar sérstakar bendingar en það er talið leitt af *brandur* ‘logandi raftur’.

Mardallar grát þekkjum við úr *Snorra-Eddu*. *Mardöll* er eitt af heitum Freyju. Óður hét maður hennar en „Óður fór í braut langar leiðir, en

²⁴ *Fornaldarsögur Norðurlanda II* (1954:327).

²⁵ Snorri Sturluson (1999:24).

²⁶ Sjá Cederschiöld (1883:77, neðanmáls) og Gunnar Skarphéðinsson (2004:47).

²⁷ Beinviðr, Björgólfir / ok *Brandingi* / Dumr, Bergelmir / Dofri ok Miðjungr / Nati, Sekmimir. / Nú er upp talið/ ámáttligra / jötna heiti. *Edda Snorra Sturlusonar* (1931:195).

Freyja grætur eftir og tár hennar er gull rautt.²⁸ Í kenningum kemur *Mardallar grátur* og tilbrigði við það orðalag fimm sinnum fyrir samkvæmt *Lexicon Poeticum (LP)* og þar af einu sinni hjá Snorra: *Mardallar hvarma fagrregn* í 42. vísu í *Háttatali*. Kenningin og sagan, sem liggur henni að baki, er því þekkt löngu fyrir daga Snorra eins og vænta mátti. *Mardallar tár* koma til dæmis fyrir í *Bjarkamálum hinum fornu* sem eru talin vera frá 10. öld. Um þetta er því ef til vill ekki annað að segja en að skáld vort kann sína goðafræði.

Synir Ölvalda jötuns, sem var mjög gullauðugur, voru þrír: *Þjazi*, *Iði* og *Gangur*. Þegar þeir skiptu arfi eftir föður sinn „[...]“ þá höfðu þeir mæling at gullinu, [...] at hverr skyldi taka munnfylli sína ok allir jafnmargar. [...] En þat höfum vér orðtak nú með oss, at kalla gullit munntal þessa jötna,²⁹ segir Snorri. *Bragi* skáldskapargod segir þessa sögu en *Ægir* mælir þegar hann hefur heyrt þessi niðurlagsorð: „Það þykir mér vera vel fólgið í rúnum.“³⁰ Setningin minnir eilítið á loka-hendinguna í áttunda erindi í *M: helsti eru nú minni forn*. Þess ber að geta að *Þjazi* jötunn kemur víða fyrir í fornum kveðskap, til dæmis í *Grímnismálum* (nr. 11) og *Hárbarðsljóðum* (nr. 19). Það verður því ekki sagt um þetta dæmi að það sýni sérstök tengsl – einungis eitt dæmið enn um „skörun“ efnis ef svo má segja milli *M* og *Snorra-Eddu*.

Níunda erindið fjallar allt um dauða Baldurs. Ástæða þykir til að birta það í heild:

Friggjar þótti svipur að syni.
Sá var taldur úr miklu kyni.
Hermóður vildi auka aldur.
Éljúðnir vann sólginn Baldur.
Öll grétu þau eftir hann.
Aukið var þeim hlátrarbann.
Heyrinkunn er frá honum saga.
Hvað þarf eg um slíkt að jaga.

Samsvörunin við *Snorra-Eddu* er fullkomin en þar segir að þegar *Baldur* var fallinn og „[...]“ er æsirnir [*sá var taldur úr miklu kyni*] freistuðu að mæla, þá var hitt þó fyrir, að *gráturinn* kom upp [...] en er goðin vitkuðust, þá mælti *Frigg* og spurði, hverr sá væri með ásum, er eignast

²⁸ *Edda Snorra Sturlusonar* (1931:38).

²⁹ *Edda Snorra Sturlusonar* (1931:81).

³⁰ *Edda Snorra Sturlusonar* (1931:82).

vildi allar ástir hennar og hylli [...].³¹ Sá hinn sami á að reyna að heimta Baldur úr Helju. *Hermóður hinn hvatir*³² verður til þess að ríða á helveg – hann reynir því að auka Baldri aldur. „Éljúðnir heitir salur hennar [Heljar]“, segir Snorri fyrir í *Eddu*.³³ Salurinn er hins vegar ekki nefndur í sjálfri sögunni um dauða Baldurs. Samkvæmt *LP* kemur orðið eingöngu fyrir í *M*. Hin lýsandi orð, sem Snorri notar til þess að draga upp áhrifamiklar myndir af Hel og sal hennar og öllu húshaldi, eiga sér hliðstæður í tiltölulega ungum heimildum.³⁴ Spyrja má því hvort orðin séu ef til vill ættuð úr smiðju Snorra.

Hin nána samsvörun á milli *M* og *Snorra-Eddu* hlýtur að vekja spurningar enda eru heimildir fáar um dauða Baldurs þegar Snorra sleppir. Eddukvæðin láta að vísu nokkra vitneskju í té ásamt dróttkvæðunum. *Saxi hinn málsþaki* segir líka frá Baldri og dauða hans en frásögn Saxa er talsvert frábrugðin sögu Snorra eins og kunnugt er.³⁵ Skáldið segir enn fremur í lokahendingunum tveimur að óþarft sé að staglast mikið á þessari sögu – hún sé *heyrinkunn*. Það má auðvitað til sanns vegar færa þar sem *M* er varðveitt í handriti sem geymir *Snorra-Eddu*. Ekki verður vitað með vissu hversu kunn sagan um Baldur hefur almennt verið. Það er samt óneitanlega undarlegt til þess að hugsa að sagan sé kölluð *heyrinkunn* eða alþekkt þar sem við myndum naumast þekkja hana á okkar dögum ef ekki væri fyrir Snorra og *Eddu* hans. Sögnin að *jaga* kemur ekki annars staðar fyrir í bundnu máli. Ekki verður neitt sérstakt af því ráðið.³⁶

³¹ *Edda Snorra Sturlusonar* (1931:65).

³² Simek (1993:118–119) segir að Snorri sé einn um að telja Hermóð til ása, son Óðins og bróður Baldurs. Hermóður kemur óvída fyrir í heimildum og stundum er talið að um söguhetju sé að ræða, t.d. í *Hyndluljóðum*, v. nr. 2. Sjá nánar Honegger (1999:414–416).

³³ *Edda Snorra Sturlusonar* (1931:35). Nafnið á sal Heljar kemur aðeins einu sinni fyrir í *Snorra-Eddu* – það er hér þar sem lýst er bólstöðum Heljar.

³⁴ Beck (1999:258–259): „Die sprechenden Namen, die Snorri Hels Dienerschaft und nächsten Umgebung zuschreibt, finden nur teilweise und in jungen Quellen Parallelen: *Éljúðnir* im Málisháttakvæði (Skj. A II,132), *Hungr* in Kenningar, belegt in Dichtungen des 13. Jh.s (*Heljar diskir*, *Heljar askr*, Skjd. A II, 46, 146), [...]“. Þess má geta hér að kenningarnar *Heljar diskir* og *Heljar askr* koma báðar fyrir í vísum sem kveðnar eru fyrir Örlýgsstaðafund 1238. Aðra þeirra kveður Sighvatur Sturluson, bróðir Snorra.

³⁵ Fá má t.d. gott yfirlit og samanburð á vesturnorrænum heimildum og Saxa hjá Turville-Petre (1964:106–125, kafli 4 – um *Baldur*).

³⁶ Finnur Jónsson (1923:47) ræðir um mál kvæðisins og segir: „Sproget er iøvrigt, som allerede antydet, let og flydende og svarende til det humoristiske indhold. Særlig bemærkes, at digteren ikke er gået af vejen for ord, som kun synes at være bleven brugt i det daglige lette omgangssprog og som i reglen ikke ansås for fine nok til digttersproget. Til sådanne ord hører f. ex. *jaga* (9₉), omtrent = ‘at snakke’.“

Í tíunda erindi er eins og leynd saga liggi að baki. Þegar tveir menn deila vill hvorugur kannast við að hafa átt upptökin. Hverjum og einum þykir sitt eigið mein sárast og finnur mest til með sjálfum sér. Skáldið vísar hér ef til vill til þess hvernig fór í ástamálunum en þó gæti allt eins verið átt við hvers kyns ágreining manna á milli því að ekkert efnisatriði bendir til ákveðinna deilumála öðrum fremur.

Í ellefta erindi kemur stefið fyrir í fyrsta sinn. Skáldið gerir grín að sjálfu sér þegar það segist verða að hafa stef í kvæðinu *ella mun það þykja þula!* Ekkert er hér sérstakt nema vitaskuld ástarþrengingar skáldsins sjálfs og Haralds konungs sem væntanlega mynda hliðstæðu. Finnan hafði ært Harald og slíkt hið sama hefur komið fyrir skáldið og raunar ýmsa fleiri nú!

Í tólfta erindi brýnir skáldið fyrir mönnum í fyrstu fjórum hendingunum að sýna gætni eða varúð á ýmsum sviðum. Hugsanlegt er að tengja þessar ljóðlínur því sem næst er sagt á undan um deiluefni manna á milli og efni stefisins. Hér kemur fyrir málsháttur sem einnig er í *orðskviðahætti* Snorra í *Háttatali*, þ.e. í 26. vísu: *vex hver af gengi*. En hann er þannig í *M: Göfgast mætti af gengi hver*. Þetta er athyglisvert fyrir þá sök að Snorri kallar háttinn þessu nafni og sýnir þar dæmi um fjóra málshætti í jöfnu vísuorðunum. Möbius³⁷ bendir á að hátturinn fái nafn af efninu (orðskviðunum) en ekki forminu eins og vísurnar sem standa næst á undan og á eftir þessari, þ.e. nr. 25 *tílsagt* og nr. 27 *álagsháttir*. Orðskviðaháttur virðist ekki koma fyrir í *Háttalykli inum forna* eftir þá Rögnvald Kala og Hall Þórarinsson en ekki er ljóst hvort Snorri er upphafsmaður þessa bragarháttar. Þess ber að geta að meðferð málsháttanna er talsvert önnur í *Háttatali* en í *M*, þar sem fjórir málshættir eru teknir óbreyttir upp, en í *M* er það með ýmsu móti hversu margir málshættir eru í hverju erindi og mjög oft er þar vikið frá hefðbundinni orðaröð til þess að fá málshættina til að falla að hrynjandi og brag.

Átjándi erindi er merkilegt því að þar nefnir skáldið nafn ástkonu sinnar. Lesandanum kemur einnig í hug að hægt sé að lesa hér, eins og víðar í kvæðinu, leynda sögu að baki málsháttunum. Erindið er þannig í heild:

Efnum þykir best að búa.
 Brögðótt reyndist gemlu fúa.
 Margar kunni hún slægðir sér,
 svo nökkvi gafst Rannveig mér.

³⁷ *Málsháttakvæði* (1873:17).

Illa hefir sá er annan *sýkur* (þ.e. svíkur).
 Eigi veit áður hefndum lýkur.
 Bráðfengur þykir brullaups frami.
 Brigða lengi er hver hinn sami.

Það er: ‘Best þykir að búa svo að efni séu góð. Gamalærin sá ekki við brögðum tófunnar. Hún bjó yfir alls kyns lævisi, þannig gafst Rannveig mér einnig. Sá gerir illa sem svíkur annan mann. Ekki er að vita hvernær hefndum er að fullu lokið. Auðvelt (en ekki að sama skapi langætt) er að öðlast frama með brúðkaupi. Hver og einn er ætíð (eða lengst af sjálfum sér líkur’.

Nafnið *Rannveig* kemur fyrir í *Landnámu* og víða í *Íslendinga sögum*. Það kemur einnig fyrir í *Sturlungu* og *Biskupasögum* og í fornbréfum frá 15. og 16. öld. Flestir telja nafnið sett saman af nafnorðinu *rann* ‘hús, heimili’ og viðliðnum *-veig* sem er algengur viðliður kvennanafna. Hann er yfirleitt skýrður svo að hann tengist nafnorðunum *veig* og *veigur* ‘kraftur, þungi’. Upphafleg merking gæti þá verið ‘þróttmikil kona’ eða eitthvað í þá áttina.³⁸ Aðrir telja raunar að forliður nafnsins hafi upphaflega verið *Ragn*.³⁹

Nafnið Solveig hefur verið notað hérlendis frá upphafi byggðar. Það kemur fyrir á nokkrum stöðum í *Íslendinga sögum* og einnig í *Sturlungu* og víða í fornbréfum. Nafnið er yfirleitt ritað Solveig til forna og þannig mun það oftast hafa verið skrifað fram undir þessa öld. „Nafnið hefur verið tengt orðinu *salur* ‘stórt herbergi, loft í húsi’ og elsta mynd þess er þá *Sal-* eða *Sölveig*. Ritmyndin *Solveig* í handritum getur staðið fyrir *Sal-*, *Sol-*, *Söl-* og *Sólveig* og er því ekki hægt að segja með vissu hvað að baki stóð.“⁴⁰

Enginn veit við hvaða konu mun átt með nafninu Rannveig. Í kvæðinu sjálfu er nafnið aðeins nefnt í þetta eina sinn og þar er engar frekari vísbendingar að finna. Sú hugmynd er sett hér fram að Snorri feli með þessum hætti nafn Solveigar Sæmundardóttur. Nöfnin hafi í raun sömu merkingu og því sé þetta eins konar gáta eða að hið rétta nafn *Solveig* sé falið með þessum hætti. Skýringin er ekki langsótt – hún er miklu fremur helsti einföld. Ef við hins vegar lítum til þess að saga Solveigar Sæmundardóttur, eins og við þekkjum hana af *Sturlungu*, segir okkur að Snorri sé vonbiðill hennar og ætla má að sú saga hafi

³⁸ Sjá t.d. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:1115).

³⁹ Guðrún Kvaran (2011:483, 548, 604).

⁴⁰ Guðrún Kvaran (2011:548).

verið landskunn á 13. öld, þá má skoða *M* þannig að þarflaust hafi verið að fela nafn Solveigar mjög vendilega. Hitt hafi hins vegar farið miklu betur að nefna það ekki berum orðum en fela nafnið lítilega eins og hér er gert.

Nöfnin *Rannveig* og *Solveig* hafa vísast haft áþekka merkingu í vitund manna á 13. öld, þ.e. ‘hin þróttmikla húsfreyja’ eða eitthvað í þeim dúr.

Erindið í heild gæti vel átt að segja einhverja leynda sögu eða senda „vissu fólki“ tóninn.⁴¹

Í tuttugasta erindi, sem er reyndar aðeins fjórar línur, því að stefið myndar seinni hlutann, skopast skáldið að þeim seggjum sem eru ástblindir og kunna ekki fótum sínum forráð. Skáldið bætir við: *marga hefir það hyggna telt*. Þetta getur auðvitað alla hent en vísuhelmungurinn kemur prýðilega heim ef við hugsum okkur Snorra gera grín að sjálfum sér og málum þeirra Solveigar. Hann er þó vissulega mjög almennur og fellur einnig vel að efni stefnsins, þ.e. ástum Haralds konungs hárfagra og Snjófríðar, en Haraldur unni Snjófríði „með ærslum“, eftir því sem sagan segir.

Í tuttugustu og fyrstu vísu eru það síðustu tvö vísuorðin sem við stöldrúm við: *Fasthaldur varð á Fenri lagður, / fíkjum var hann mér ramm-
ligur sagður*. ‘Fjöturinn (þ.e. Gleipnir) var lagður á Fenrisúlfr, sá var mér sagður feiknasterkur’. Hér er tvennt sem benda má á: efni úr *Snorra-Eddu* um úlfinn bundinn og svo orðið *fasthaldur* sem einnig kemur þar fyrir sem nafn á einhvers konar nagla.⁴² Samkvæmt *LP* kemur orðið aðeins fyrir á þessum tveimur stöðum.⁴³ Það er einnig athyglisvert að orðið, sem er samsett, ber með sér að vera einhvers konar „smíð“ ef svo má segja. Það hefur ef til vill aldrei verið beint lifandi mál heldur smíðað af skáldi í ákveðnu skyni.

Í tuttugasta og öðru erindi kemur mannsnafnið *Gizur* fyrir en það var eitt af fjölmörgum nöfnum Óðins. Rétt þykir að birta erindið í heild:

Grandvar skyldi hinn góði maður.
Gizur varð að rógi saður,
etja vildi hann jöfrum saman.
Ekki er mér að stúru gaman.
Kunna vilda eg sjá við snörum.
Sjaldan hygg eg að gyggi vörum.

⁴¹ Sjá hér á eftir viðauka um sögu Solveigar Sæmundardóttur. Þar kemur t.d. fram að hægt að er skilja hendinguna *bráðfengur þykir brullaups frami*, og ef til vill erindið í heild, býsna beinum skilningi út frá sögu þeirra þriggja Solveigar, Sturlu Sighvatssonar og Snorra.

⁴² Gunnar Skarphédinsson (2004:59).

⁴³ Sveinbjörn Egilsson (1931:123).

Vel hefir hinn er situr of sitt –
svartfleckótt er kvæði mitt.

Í útgáfu sinni fjallar Möbius rækilega um þetta nafn og hvað það muni merkja.⁴⁴ Hann bendir á stutta frásögu í *Hákonar sögu gamla Hákonarsonar* sem er býsna athyglisverð í tengslum við þetta erindi. Atvikið á sér stað í Þrándheimi þegar Snorri er staddur þar í síðari utanferð sinni (1237–1239):

„Sem hertoginn [átt er við Skúla hertoga Bárðarson] kom norðr til Þrándheims, gerðu menn mikit orð á, at lendir menn Hákonar konungs hefði þá verit miklir umspillamenn með þeim hertoganam, ok eignuðu þat mest Gauti Jónssyni.

Hertoginn spurði einn dag Snorra Sturluson í skemmtan: „Hvært er þat satt,“ sagði hann, „at þér segið, at Óðinn sá, er var fyrir fornkönungum, héti Gautr öðru nafni?“

Satt er þat, herra,“ sagði Snorri.

„Yrk nú vísu at því,“ sagði hertogi, „ok seg, hversu mjög þessi líkist þeim.“

Þá kvað Snorri þetta⁴⁵:

Herfanga bauð Hringi
hjaldr einsköpuðr galdra,
Gautr hvatti þrym þróttar
þann, ok Hilditanni.
Ofengi veldr yngva
ósætt, en vel mætti
herstefnandi hafna
hans dóm, völundr rómu.

Gissur Þorvaldsson var um skeið tengdasonur Snorra en hann átti Ingibjörgu dóttur hans. Þau skildu árið 1231 og „[...]“ var þeira hjúskapr jafnan óhægr, ok segja þat flestir, at hon ylli því meir en hann. En þó váru ástir miklar af henni.“ Þannig farast Sturlu Þórðarsyni orð um hjónaband þeirra.⁴⁶

Jón, sonur Snorra, sem kallaður var murtur, var veginn í Noregi og var Gissur þá með honum þar. Þetta gerðist eftir júl árið 1231. Tíðind-

⁴⁴ *Málsháttakvæði* (1873:36–38).

⁴⁵ *Sturla Þórðarson* (1957:228–229). Endursögn Guðna Jónssonar: Einkaskapari galdra (Óðinn) bauð Hringi og Hilditanni að berjast; Gautur (Óðinn) hvatti til þeirrar orustu. Ofengi veldur ófriðarsmiðurinn (Óðinn) ósætt konunga, en vel mætti hertoginn hrinda dómi hans.

⁴⁶ *Sturlunga saga* I (1946:346).

in um víg Jóns berast út til Íslands um sumarið. Gissuri þótti sem sér væri ekki borin nógu vel sagan þegar menn greindu Snorra frá víginu. Fundur var ákveðinn með þeim Snorra og Gissuri. „Ok á þeim fundi sór Gizurr fimmtardómseid, at hann hefði í engum ráðum verit með Ólafi [Ólafur svartaskáld Leggsson hét sá sem hjó í höfuð Jóni og veitti honum það sár sem dró hann til dauða nokkrum dögum síðar] um víg Jóns ok hann vildi þá réttum skilnaði skilja í alla staði. Lét Snorri sér þat allt vel skiljast, er Gizurr sagði.“⁴⁷ Snorri virðist samkvæmt þessum orðum gera sér fyllilega grein fyrir því hvernig vígið hefur borið að en samkvæmt lýsingum Sturlu Þórðarsonar er um ölæðisverk að ræða. Snorri og Þorvaldur, faðir Gissurar, reyna einnig að treysta samband barna sinna en kemur fyrir ekki. Þrátt fyrir þetta er ljóst að tilfinningar Snorra í garð Gissurar hafa alla tíð verið blendnar. Fyrir utan þessi mál tvö, sem eru ærin ein sér, tókust þeir auðvitað á í landsmálum og hlaut Snorri þar að gjalda með lífi sínu eins og alkunnugt er.

Er hugsanlegt að erindið í heild beri að skilja sem dulið skeyti til Gissurar? Erindinu lýkur á því að skáldið kallar kvæði sitt „svartflekkótt“ og kemur það orð hvergi fyrir í bundnu máli nema hér. En merkingin er vel þekkt á okkar dögum og vísast sú sama og í fornu máli. Finnur Jónsson skýrir svo í *LP*: ‘med sorte pletter (hvor hvidt er grundfarven), især om får’; *svartflekkótt er kvæðið mitt*: ‘digtet har mange sorte pletter, er uensartet og broget’.⁴⁸ En þegar við höfum í huga hve skáldinu er tamt að tala undir rós eða gefa í skyn er auðvelt að leggja þann skilning í orðið að átt sé við að í kvæðinu megi finna ‘duldar meiningar’ eins og nú væri sagt.

Þess má að lokum geta að Sturla Þórðarson orti skammarvísu um Gissur Þorvaldsson þar sem Gissur er nefndur bæði Óðinn og *Gautur* (Óðinsheiti). Tildrög vísunnar voru þau að Sturla fékk ekki Borgarfjörð eins og hann taldi að Gissur hefði heitið sér. „Þótti Sturlu þá eigi efnd við sik af Gizuri jarli þau in fögru heit, er fram váru mælt við hann. Þá kvað Sturla vísu þessa“:⁴⁹

Rauf við randa stýfi,
rétt innik þat, – svinnan

⁴⁷ *Sturlunga saga* I (1946:345–346).

⁴⁸ Sveinbjörn Egilsson (1931:549).

⁴⁹ *Sturlunga saga* I (1946:528). Endursögn Magnúsar Finnbogasonar (*Sturlunga saga* I 1946:607–608): Óðinn (Gizur) rauf við mig allt það góða, er hann hafði heitið mér, – ég skýri rétt frá því –, því að hann hefur vélað mig. Hinn slægi jarl, sem fer með lygar, bægdí mér frá sér, – ég skil, hvað höfðinginn vill, – Óðinn (Gizur) gat ekki setið á fjandskap sínum.

allt, þvítt oss hefr vélta,
 Óðinn, þats hét góðu.
 Skaut, sás skrökmál flýtir,
 skilk, hvat gramr mun vilja,
 Gautr unni sér sleitu – ,
 slöegr jarl við mér bægi.

Magnús Finnbogason lætur þess getið þegar hann skýrir þessa vísu í Sturlunguútgáfunni 1946 að nafnið *Gizurr* sé einnig Óðinsheiti en auk þess kunni skáldið að hafa séð ýmislegt svipað í skapgerð þeirra Gizurar Þorvaldssonar og Óðins.⁵⁰ Hægt er að taka undir það en lýsing Gissurar í *Sturlungu* sýnir okkur harðsnúinn og býsna kaldrifjadan mann. Í vísunni talar Sturla um Gissur, og nefnir hann Óðinsnöfnum, en í *M* á höfundurinn hugsanlega við Gissur sjálfan Þorvaldsson en lætur sem hann nefni Óðin sjálfan með þessu Óðinsheiti, þ.e. Gissur. Tvíræðnin í lausavísu Snorra og í *M* er því af líkum toga. Lokakaffi *Skáldskaparmála* í *Eddu* fjallar um að yrkja *fólgið* eða *ofljóst*. Þar segir meðal annars: „Læti er tvennt. Læti heitir ríðd, læti heitir æði, ok æði er ok ólund. Reiði er ok tvíkennt. Reiði heitir þat er maðr er í illum hug, reiði heitir ok fargervi skips eða hross. Far er ok tvíkennt. Fár er reiði, far er skip. Þvílík orðtök hafa menn mjök til þess að yrkja fólgið, ok er þat kallat mjök ofljóst.“⁵¹ Orðaleikir af ýmsu tagi voru vel þekktir á miðöldum og koma víða fyrir í alls kyns samböndum, til dæmis gátum og kenningum, yfirskotseiðum eða sýndareiðum og skáldskap.⁵²

Nafnið Gissur hefur aldrei verið algengt en þó vel þekkt þar sem það var borið af mönnum af ætt Mosfellinga og seinna Haukdæla. Þar þekkjum við best Gissur hvíta, Gissur biskup Ísleifsson og svo seinna Gissur jarl. Uppruni nafnsins mun ekki ljós. En í *Sturlungu* segir svo um nafn Gissurar Ísleifssonar: „En þat var nafn hans rétt, at hann hét Gisröðr. Svá sagði hann Ara prest.“⁵³ Þetta er nú yfirleitt álitin röng skýring á nafninu en ljóst má telja að menn hafi almennt á 13. öld gert sér grein fyrir að hér var um eitt af fjölmörgum heitum Óðins að ræða.

Í tuttugustu og fimmtu vísu er annað vísuorðið þannig: *Fljóðin verða að öldrum kjörin*. Málshátturinn hefur verið skýrður þannig að átt sé við að menn kjósi sér konur íólveislum.⁵⁴ Guðbrandi Vigfússyni kom

⁵⁰ *Sturlunga saga* I (1946:607).

⁵¹ *Edda Snorra Sturlusonar* (1931:193).

⁵² Sjá t.d. um þetta efni ágætt yfirlit hjá Holtmark (1956–1978, 12. b:670–672).

⁵³ *Sturlunga saga* I (1946:58).

⁵⁴ *Málsháttakvæði* (1873:39): „man wählt sich sein mädchen am trinktisch“.

til hugar að átt væri við svokallaðan *tvímenning*⁵⁵ en hans er getið sem siðvenju til dæmis í *Egils sögu* (7. kafla) og í *Ynglinga sögu* (37. kafla). Lýsingar á þessari venju við öldrykkju eru víðar, en Snorri lýsir henni svo í *Ynglinga sögu*: „Ok er hann [Hjörvarðr konungr] kom til veizlunnar, þá var þar fagnaðr mikill. Ok um kveldit, er full skyldi drekka, þá var þat siðvenja konunga, þeira er at lʔndum sátu eða veizlum, er þeir létu gera, at drekka skyldi á kveldum tvímenning, hvárr sér, karlmaðr og kona, svá sem ynnisk, en þeir sér, er fleiri væri saman.“⁵⁶ Það kemur einnig fram í *Egils sögu* að „[...] þar var hlutaðr tvímenningr á ʔptnum, sem siðvenja var til“.⁵⁷ Hvort hér er um einhver bein tengsl að ræða skal ósagt látið en áhugasviðið er vissulega Snorra þó að hann sé svo sem ekki einn um það.

Í tuttugasta og áttunda erindi eru engar beinar hliðstæður – en þar, eins og oftar í kvæðinu, raðar skáldið málsháttunum þannig að þeir virðast segja leynda sögu. Skáldið er að ljúka kvæðinu og lítur yfir ástamálin – eða hvað?

Geta má þess er gengið hefur.
Gerir sá betur er annan svefur.
Veitk-at eg víst hvað verða kann.
Villa er dælst of heimskan mann.
Fláráðum má síst of trúa.
Til sín skyldi hinu betra snúa.
Hugga skal þann er harm hefir beðið.
Helstí mjög er að flestu kveðið.

Skáldið hefur sagt sögu sína eins og hún gekk fyrir sig, hann vill settast við orðinn hlut, enginn veit hvað framtíðin ber í skauti sér en auðvelt er að blekkja þann heimska. Þeir sem eru svikulir eru mönnum hættulegastir. Réttast er að líta á björtu hliðarnar. Þann ber að hugga er mætt hefur sorg. Fullmikið gera menn úr flestum málum.

Í tuttugasta og níunda erindi kemur kenningin *Yggjar bjór(s)* fyrir (og raunar einnig í upphafsvísu ʔ) en ekkert sérstakt er hægt að ráða af því enda Óðinsheitið *Yggur* talsvert algengt í kenningum. Skáldskapur eða kvæði gat einnig kallast: *Yggs fengr* (í *Háttatali* 31. v. og í ʔ 2. v.), *Yggs full* (í *Arinbjarnarkviðu* 6. v.), *Yggs mjöðr* (í *Velleklu* 33. v.), *Yggs líð* (hjá Kormáki

⁵⁵ Op.cit.

⁵⁶ Íslenzk fornrit XXVI (1941:67–68).

⁵⁷ Íslenzk fornrit II (1933:16).

í 14. lausav., hjá Haraldi harðráða í 5. lausav. og hjá Eilífi Snorrasyni í 1. lausav.) og *Yggs öl* (hjá Braga gamla Boddasyni í 2. lausav. sbr. ölberi).

Sá sem hér yrkir vill greinilega dylja nafn sitt. Hann tekur fram að ekkert muni stöða að grennslast fyrir um hver hann sé. Hann segir í öðru orðinu að kvæðið sé vel ort en í hinu orðinu segist hann vera hroðyrtur. Skopskynið er samt við sig en trúlega vill skáldið samt dyljast af því að málið er allt afar viðkvæmt.

Mikið vantar á lokaerindið, hið þrítugasta, og verður ekkert ráðið af því – nema hvað skáldið segir: *Stjórnlausu hef eg slungið saman* sem ber líklega að skilja svo að engin reglufesta sé ríkjandi í kvæðinu. En sennilega er skáldið hér sem oftast að tala þvert um hug sér.

Solveig og Snorri – athuganir II

Solveig Sæmundardóttir (sennilega fædd nærri aldamótunum 1200, d. 17. apríl árið 1254) var af ætt Oddaverja. Hún var dóttir Sæmundar Jónssonar (f. 1154, d. 7. nóv. 1222), Loftssonar, Sæmundarsonar hins fróða í Odda. *Sturlunga* getur Solveigar allvíða. Fyrst er hennar getið í *Ættartölum*.⁵⁸

Næst er hennar getið þegar sagt er frá föður hennar, Sæmundi Jónssyni í Odda.⁵⁹ Sæmundur átti börn með nokkrum konum eins og títt var um höfðingja á Sturlungaöld. Valgerður hét móðir Solveigar og var dóttir Jóns Loðmundarsonar. Hún er stundum í *Íslendinga sögu* nefnd Keldna-Valgerður. Fram kemur á sama stað í sögunni að búíð að Keldum á Rangárvöllum hafi verið „it mesta rausnarbú“ líkt og í Odda.

Það sem við heyrum svo næst frá Solveigu gerist árið 1221 en þá höfðu átt sér stað miklar deilur á milli Lofts Pálssonar biskups og Björns Þorvaldssonar á Breiðabólstað í Fljótshlíð. Björn fellur í þeim átökum og eftirmál verða mikil og dragast margir höfðingar inn í málið, þar á meðal Sturla Sighvatsson (f. 1199, d. 21. ágúst árið 1238), sem þá er ungur maður og ókvæntur. Sturla fær gott orð af þessu máli og flokkur hans þótti „betr síðaðr“ en allra annarra. Sagan segir svo frá: „Lagði hann [Sturla] vel til ok allgegnliga þessa mála ok fekk af því mikla vinsæld suðr þar. Ok hefir þat mælt verit síðan, at hann hygði þá til mágsemða, þeira er síðan kómu fram, við Oddaverja. Í þessi för sá

⁵⁸ *Sturlunga saga* I (1946:51).

⁵⁹ *Sturlunga saga* I (1946:242).

Sturla Solveigu ok talaði fátt við hana eða ekki.⁶⁰ Höfundur þessara orða er Sturla Þórðarson en frá þessu segir í 40. kafla *Íslendinga sögu* hans. Orðin um fyrstu kynni Sturlu Sighvatssonar og Solveigar eru merkileg fyrir þá sök að svo er að sjá sem Sturla Þórðarson hafi verið þessu máli vel kunnugur. Hann er þó gætinn eins og jafnan: „[...] talaði fátt við hana eða ekki“. Þeir nafnar, Sturla Sighvatsson og Sturla Þórðarson, voru bræðrasynir og margir hafa veitt því eftirtekt hve Sturla Þórðarson virðist hafa litid upp til frænda síns. Árni Pálsson⁶¹ segir að Sturla Þórðarson lýsi sjaldan útliti manna en um fríðleik Sturlu Sighvatssonar geti hann ekki orða bundist og eftirfarandi lýsing sýni það glögg: „Reið Sturla á lötum hesti, er Álfarleggr var kallaðr, allra hesta mestr ok fríðastr. Hann var í rauðri ólpu, ok hygg ek, at fáir muni sét hafa röskligra mann.“⁶² Þessari lýsingu er skotið inn á áhrifamiklum stað þar sem menn ríða til þings vorið 1229 og flokkadrættir eru miklir með mönnum. Sturla Sighvatsson var, eins og áður kom fram, fæddur 1199 og er því um þetta leyti þrítugur að aldri og í blóma lífsins.

Íslendinga saga segir okkur svo næst af Solveigu þegar faðir hennar, Sæmundur Jónsson, andast 7. nóvember árið 1222. Sæmundur hafði mælt svo fyrir að Solveig skyldi taka arf til jafns við bræður sína en það sýnir væntanlega hve hún hefur verið í miklum metum hjá föður sínum. Synir Sæmundar ákveða að fá Snorra Sturluson til þess að annast fjárskipti með þeim systkinum og að þeir skuli jafnframt hlíta úrskurði hans. Snorri fer suður með góðu föruneyti og gistir að Keldum hjá þeim mæðgum, Valgerði og Solveigu. Sagan segir svo um þetta: „Hann [Snorri] gisti at Keldum. Var hann þar í kærleikum miklum við þær mæðgur, ok fór Solveig í Odda með honum. Þótti Snorra allskemmtligt að tala við hana.“⁶³ Þegar þess er gætt hversu Sturlu Þórðarsyni er það ótamt að fjölyrða um tilfinningar er ljóst að Snorra hefur litist stórvel á Solveigu. Tal þeirra hefur vísast verið á borð við það þegar Guðrún Ósvífursdóttir og Gestur Oddleifsson ræddust við en *Laxdæla* segir að þau hafi bæði verið „vitr ok orðig“.⁶⁴ Leiðin frá

⁶⁰ *Sturlunga saga* I (1946:285).

⁶¹ Árni Pálsson (1947:110–111): „Það er sjaldnast síður Sturlu [Þórðarsonar] að lýsa líkamlegu útliti þeirra manna, sem hann ritar um. Hann minnst mjög óvída á ytri einkenni þeirra eða hversdagshætti þeirra og síðvenjur. Þrátt fyrir allt það, sem hann hefur ritað um þá Sturlusonu, Þórð, Sighvat og Snorra, vitum vér ekkert um andlitsfall neins þeirra, eða vaxtarlag þeirra og holdafar. Og hið sama má segja um nálega alla afkomendur þeirra og samtímamenn.“

⁶² *Sturlunga saga* I (1946:334).

⁶³ *Sturlunga saga* I (1946:299).

⁶⁴ Íslenzk fornrit V (1934:88).

Keldum suður að Odda er ekki ýkja löng (15–20 km) en gefur þó tóm til góðra samræðna. Þegar þau svo komu í Odda stillti Snorri svo til „[...] at Solveig hafði koseyri⁶⁵ af arfi, þeim er hon rétti hendr til.“⁶⁶ Hér er ekki um að villast. Sturla Þórðarson gefur í skyn að Snorri ætli sér að ganga að eiga Solveigu og hann láti sér annnt um hagsmuni hennar því að þar séu jafnframt hagsmunir hans. Þetta fer þó á annan veg. Sá sem hreppir hnossið er bróðursonur hans, Sturla Sighvatsson. Brúðkaup þeirra Sturlu og Solveigar fór svo fram eftir páska vorið 1223 í Hruna hjá Þorvaldi Gissurarsyni en þær mæðgur höfðu bundið honum á hendi allt sitt ráð, eins og tekið er til orða í sögunni. Solveig fer síðan vestur í Dali með Sturlu og tekur við búi á Sauðafelli. Viðbrögð Snorra við þessum tíðindum eru ekki látin liggja í láginni: „Fár varð Snorri um, er hann frétti kvánfang Sturlu, ok þótti mönnum sem hann hefði til annars ætlat.“⁶⁷ Sá sem ritar er viss í sinni sök og til þess að för þeirra Solveigar og Snorra suður í Odda frá Keldum verði lesendum enn eftirminnilegri og hlutur Snorra sjálfs hálfu hlálegrni en ella segir hann frá því að þau hafi mætt konu nokkurri á leið sinni sem var fremur fátæklega búin og var einn maður með henni. Þetta reyndist vera færikasta kona á Íslandi, Hallveig Ormsdóttir. Snorri brosti að og þótti ferð hennar heldur hæðileg, segir sagan. En skömmu síðar átti það einmitt fyrir Snorra að liggja að ganga að eiga Hallveigu.⁶⁸

Nokkrum árum eftir að þau Sturla og Solveig hefja búskap sinn á Sauðafelli í Döllum á sér stað svokölluð Sauðafellsför. Tildrög hennar voru þau að Sturla hafði staðið í deilum við Þorvald Vatnsfirðing Snorrason. Þau urðu örlög Þorvalds að synir Hrafns Sveinbjarnarsonar á Eyri í Arnarfirði brenndu hann inni en þeir áttu harma að hefna þar sem Þorvaldur var. Þorvaldur Vatnsfirðingur var tengdasonur Snorra, kvæntur Þórdísi Snorradóttur. Sturla Sighvatsson hafði veitt þeim Hrafnssoinum liðsinni og þess vegna beindist hefnd Vatnsfirðinga

⁶⁵ Orðið virðist samkvæmt Fritzner (1973) ekki koma annars staðar fyrir en í orðabók hans er það skýrt sem ‘afnámsfé’ (sbr. *kjörgrípr*). Guðbrandur Vigfússon (1874/1957) þýðir það með ‘choice things’ = kjörfé.

⁶⁶ *Sturlunga saga* I (1946:299).

⁶⁷ *Sturlunga saga* I (1946:300).

⁶⁸ Óskar Guðmundsson (2009:220–221) bendir á það í bók sinni um Snorra Sturluson að Sturla Þórðarson (fæddur 1214) sé á barnsaldri þegar þetta atvik hafi átt að eiga sér stað og spyr í framhaldi af því hver muni vera heimildarmaður Sturlu. Rétt er einnig að minna á að frásagnir *Sturlungu* verður að skoða að margra mati samkvæmt bókmenntasögulegum frásagnarlögmálum því að sögumaðurinn noti oft anekdotur eða smáatvikasögur til þess að bregða upp svipmyndum af persónunum. Sjá t.d. Úlfar Bragason og rit hans um *Sturlungu* (2010:119–120).

að Sturlu og Sauðafelli. Málin tengjast því margvíslega eins og oft er raunin á Sturlungaöld.

Synir Þorvalds, sem kallaðir voru Vatnsfirðingar, fara að næturlagi að Sauðafelli til hefnda eftir föður sinn en hitta svo á að Sturla sjálfur hefur riðið á brott. Þeir fremja mikil spellvirki á bænum og meiða og drepa bæði karla og konur. Solveig hafði fætt barn skömmu áður en þessir atburðir urðu en var risin af sænginni. Þeir bræður, Vatnsfirðingar, hristu blóðug vopnin að Solveigu og sögðu að þar væru vopnin sem þeir hefðu litað lokkinn af honum Dala-Frey [Sturlu] með. „En af öllu saman, skapraun hennar og sjúkleika, þá brá henni nökkut við slík orð.“⁶⁹ Samúð sagnaritarans skín úr þessum orðum. Konan hefur verið mikilhæf – það leynir sér ekki. Hún eggjar menn til eftirreiðar þegar Vatnsfirðingar eru riðnir á brott en af efturför verður þó ekki. Lesandanum finnst það vissulega við hæfi að Solveig brýni menn til hefnda.⁷⁰ Þórður Vatnsfirðingur, sem er fyrir þeim bræðrum, harmar tvennt þegar hann gengur í stofu og tekur til orða áður en hann heldur frá Sauðafelli: „Þeir tveir hlutir hafa orðit annan veg en ek ætlaða, er ek fann eigi Sturlu, en sá annarr, er þú ert eftir, Solveig, – og eigi myndi þat vera, ef ek mætta með þik komast.“⁷¹ Hið fyrra er auðskilið, enda förin gerð til þess að sækja Sturlu með járnri eða eldi en hvernig ber að skilja hið síðara? Vakti það fyrir Þórði að nema Solveigu á brott og gera hana að frillu sinni til hefnda við Sturlu?⁷²

Sturla Sighvatsson er staddur að Reykjum í Hrutafirði og í laugu þegar honum berast þessi válegu tíðindi: „Sturla spurði, hvárt þeir gerðu ekki Solveigu. Þeir sögðu hana heila. Síðan spurði hann einskis.“⁷³ Hér er mikið sagt í fáum orðum – Solveig er heil og um annað er ekki spurt.

⁶⁹ *Sturlunga saga* I (1946:327).

⁷⁰ Sjá t.d. um þetta frásagnarminni Úlfar Bragason (2010:77–79).

⁷¹ *Sturlunga saga* I (1946:328).

⁷² Jón Thor Haraldsson (1980:287–288) skrifaði stutta en skemmtilega grein um þetta atvik. Hann telur að þau Solveig og Þórður Þorvaldsson hafi þekkt frá því að Þórður dvaldi í Skálholti veturinn 1222 en Solveig í Hruna. Stutt er þarna á milli og bjó Þorvaldur Gissurarson í Hruna en Magnús bróðir hans var biskup í Skálholti. Þau hljóti því að hafa hist á þessum tíma og það því fremur sem það var ‘kynríkt’ með Haukdælum og Oddaverjum að halda góðar veislur. Jón lýkur þessari hugleiðingu svo: „Hvað þeim fór á milli, ef þá eitthvað glæsikonunni Solveigu og villimanninum úr Vatnsfirði fáum við aldrei að vita. En það er sem sagt langt síðan það hvarflaði að mér að það logandi hatur sem bersýnilega ríkir í millum Þórðar úr Vatnsfirði og Sturlu Sighvatssonar eigi sér eldri rætur en brennu Þorvalds Vatnsfirðings og Sauðafellsfór“ (1980:288).

⁷³ *Sturlunga saga* I (1946:329).

Áð síðustu lýsir sagnaritarinn því hversu margir hafi særst og látist á Sauðafelli þessa skelfilegu nótt. En lokaorðin lýsa þeim umskiptum sem orðið hafa á bænum: „Þat var mælt, at þeira hýbýla væri mestr munr, hversu gnóglig váru ok góð fyrir klæða sakir ok annars, áðr þeir [Vatnsfirðingar] kómu um nóttina, ok hversu órækilig ok fátæk váru, er þeir fóru á brott. Flaut blóð um öll hús, en niðr var steyptr drykk öllum ok spilltr öllu því, er þeir máttu eigi með komast.“⁷⁴

Sauðafellsfór átti sér stað um miðjan janúar árið 1229.

Þessi tíðindi berast um allt land eins og vænta má og sagan segir að flestir menn hafi lagt þungt orð til Snorra „[...] ef hann hefði verit vitandi ferðar þessar“.⁷⁵ Látíð er oftar að því liggja að Snorri hafi hugsanlega verið vitorðsmaður þeirra bræðra í Vatnsfirði og víst er um það að hann skopast að þessum atburðum: „Snorri hafði nökkut í fleymingi,⁷⁶ er hann spurði þessi tíðindi, ok kvað.“⁷⁷ Allmargar vísur eru ortar um Sauðafellsfór (10 vísur) og frá beggja hendi og þar af á Snorri eina vísu illa. Það er því ekki að undra að það sé heldur fátt með þeim frændum, Snorra og Sturlu Sighvatssyni, eftir Sauðafellsfór. Þeir hafa verið að takast á um Snorrungagóðorð, sem Sighvatur á Grund hafði farið með, en góðorðið var arfleifið þeirra bræðra þriggja: Þórðar, Sighvats og Snorra. Sighvatur hafði látíð það ganga til Sturlu, sonar síns, til kvonmundar honum. Ef við leiðum hugann að glæsileika og gáfum Solveigar og gerum jafnframt ráð fyrir að Snorri sé vonbiðill hennar er þessi vitneskja síst til þess fallin að mýkja lund hans.

Vorið eftir Sauðafellsfór (1229) fjölmennu menn mjög til þings. Sagan segir að Snorri hafi ekki haft færra en sjö hundruð manna. Þórður bróðir hans veitir honum lið og einnig Böðvar, sonur Þórðar. Það er spennuþrungið andrúmsloft þegar menn ríða ofan frá Sleðaáasi og suður á vellina og flokkar manna mætast þar. Hér hittast náfrændur og venslamenn og telja ýmsir sig eiga högg í annars garði. Frá þessum fundi fáum við hina glæsilegu lýsingu á Sturlu Sighvatssyni á hesti sínum, Álfarlegg, sem fyrr var getið. En þegar Böðvar Þórðarson, frændi hans, heilsar honum tekur Solveig til orða og mælir þessi vísdómsorð til bónda síns: „Hygg at nú, hvé langt frændum þínum ganga neðan kveðjurnar við þik.“⁷⁸ Það vekur eftirtekt að Solveig skuli

⁷⁴ Op.cit.

⁷⁵ *Sturlunga saga* I (1946:330).

⁷⁶ *hafa nokkuð í fleymingi*: ‘hafa að háði eða spotti’.

⁷⁷ *Sturlunga saga* I (1946:329).

⁷⁸ *hvé langt frændum þínum ganga neðan kveðjurnar*: ‘hvort kveður frænda þinna koma frá hjartanu’.

hafi riðið til þings því að viðsjár eru miklar með mönnum og liggur við að til átaka komi en „[...] við bárust⁷⁹ vandræði með mönnum og skilðust óhappalaust.“⁸⁰

Sturla Sighvatsson fer sér að engu ódslega þegar hann hyggur á hefndir eftir Sauðafellsför. Hann nær fram hefndum þremur árum seinna (1232) þegar þeir synir Þorvalds Vatnsfirðings ríða um Dali og telja sig vera í gríðum. Þeir eru hálshöggvir eftir vasklega vörn og er víg þeirra ein átakanlegasta lýsing *Sturlungu*. Þegar Sturla kemur heim til Sauðafells spyrja menn tíðinda: „En er sögð váru, kvað Solveig Vatnsfirðinga þá vita mundu, hverja grimmd þeir höfðu sýnt þar í heimsókninni.“⁸¹ Við sjáum hér „ósvikna söguldarkonu“ eins og Einar Ól. Sveinsson kallaði Þorgerði Egilsdóttur en hún er samkvæmt frásögn *Laxdælu* látin fylgja sonum sínum í selið þar sem Bolli, uppeldissonur hennar, er veginn til hefnda eftir fóstbróður sinn, Kjartan Ólafsson.⁸²

Haustið 1232 er þeim feðgum, Sighvati og Sturlu, stefnt utan fyrir mótgang við Guðmund biskup Arason. Sturla fer fyrir þá báða en Solveig og börn þeirra fara norður að Grund í Eyjafirði þar sem Sighvatur býr ásamt konu sinni, Halldóru Tumadóttur, af ætt Ásbirninga. Segir ekkert frekar af dvöl Solveigar í Eyjafirði en lesandinn ímyndar sér að af þessari ráðabreytni megi sjá hversu öldin er ótrygg og hve annt Sturlu er um konu sína og börn. Sauðafellsför gleymist engum.

Álfheiður Eyjólfsdóttir er kona nefnd. Hún var dóttir Eyjólfssonar en hann var bróðir Keldna-Valgerðar, sem fyrr var getið, en hún var móðir Solveigar. Þær Solveig og Álfheiður eru því systkinabörn. Álfheiður þótti ólík frændum sínum og vinnur það til að *skíra sig* til þess að Solveig fallist á frændsemi við hana.⁸³ Orðalagið merkir að hún hafi orðið *skír* eða hrein með eidi eða járnburði en við járnburð voru menn látnir bera glóandi járn til þess að sanna sakleysi sitt. Þegar svo Álfheiður er skír orðin segir Sturla að nú sé hún orðin erfingi að hálfum Oddastað og gerir svo kröfu um hálfan staðinn síðar. Hér er um gríðarlega hagsmuni að ræða því að Oddastaður var talinn einn

⁷⁹ *berast við*: ‘líða hjá, falla niður’.

⁸⁰ *Sturlunga saga* I (1946:334–335).

⁸¹ *Sturlunga saga* I (1946:357).

⁸² Íslenzk fornrit V (1934:xiii): „Þorgerður Egilsdóttir er ósvikin söguldarkona, heilsteypt, svo að hvergi er smíðagalli á, stórlát og stórgerð, skapmikil og hörð, vinur vina sinna, en heiftúðug, þegar hún þykist eiga einhvers að hefna [...]“. Þessi lýsing Einars Ólafs á Þorgerði er raunar ekki fjari mynd sem *Sturlunga* dregur upp af Solveigu.

⁸³ „[...] Solveig vildi eigi taka við frændsemi hennar [Álfheiðar], áðr hon skírði sik, því at hon þótti ólík frændum sínum í skapi og atferði.“ *Sturlunga saga* I (1946:409).

albesti bústaður landsins þegar undan eru skildir biskupsstólarnir.⁸⁴ Hlutur Solveigar í málinu verður ekki metinn á annan hátt en þann að hún skilji fullvel þau lögmál sem gildi í samfélaginu um eignir og völd og erfðir. Ekki verður annað séð af þessu dæmi en hún taki fullan þátt í þeim leik eins og telja má edlilegt og staða hennar býður.

Sturla Sighvatsson fer að safna liði um Vestfirði eftir páska vorið 1238. Um þær mundir stendur hann í þeim deilum sem enda með Örylgsstaðabardaga en hann á sér stað þá um sumarið. Í þeim bardaga falla þeir feðgar báðir og þrír bræður Sturlu að auki. Sighvatur faðir hans kemur að norðan í Dali og hefur sýnilega áhyggjur af Sturlu og „[...] ofsa þeim hinum mikla sem hann hefur umfram alla frændur vára,“ eins og hann tekur til orða þegar hann ræðir um Sturlu við Má kumbalda, sem nefndur er í sögunni „fornvinir Sturlunga“.⁸⁵ Sighvatur er kænn að vanda og spyr gjarnan þess sem hann veit þó oftast manna best sjálfur. Hann spyr því Má um ferðir Sturlu en Már svarar því til að Sighvatur muni gerst vita sjálfur. Þegar Sighvatur kemur til Sauðafells er tekið vel á móti honum og við sjáum hann ferðaþreyttan halla sér upp að hægindi en Solveig, tengdadóttir hans, ræðir við hann. Sighvatur spyr enn að ferðum Sturlu og „[...] erindum í fjörðuna vestur. En Solveig kvað honum þat mundu eigi ókunnara en sér.“⁸⁶ Góð svipmynd sem við fáum þarna. Segir kannski ekki ýkja mikla sögu – en sögu þó. Solveig gegnir hefðbundnum skyldum húsfreyjunnar, tekur vel á móti Sighvati sem tekinn er nokkuð að reskjast þegar hér er komið sögu. Hún hefur góðar gáfur og stendur þeim gamla fyllilega á sporði í samræðulist. Ef til vill ber ekki að lesa neitt meira úr þessu en þó má minna á að Sighvatur hefur snúið á margan mann í samræðum, þar á meðal Sturlu son sinn með eftirminnilegum hætti enda var tal hans þá með „eljaraglettu nökkurri“.⁸⁷

Næsta ár eftir fall Sturlu, það er árið 1239, býr Solveig enn að Sauðafelli og kemur við sögu er hún vill liðsinna þeim mönnum sem

⁸⁴ Í 125. kafla í *Íslendinga sögu* er stutt frásögn þar sem Sighvatur Sturluson skopast að Sturlu, syni sínum. Sighvati þykir sem sonur sinn sé orðinn nokkuð mikill á lofti. Ekkert er of gott fyrir Sturlu og nú þarf hann að fá nýja jörð fyrir sig: „Ekki er um fleiri at leita en tvá [bústaði],“ segir Sighvatur, „þegar frá eru teknir biskupsstólarnir. Er þar annarr Oddastaðr, en annarr Móðruvellir í Hörgárdal. Þeir eru bústaðir beztir ok munu þér þykkja einskis til miklir.“ *Sturlunga saga* I (1946:407).

⁸⁵ *Sturlunga saga* I (1946:411).

⁸⁶ Op.cit.

⁸⁷ *eljaragletta*: ‘meinleg gamansemi’. Þetta samtal þeirra feðga á sér stað í 125. kafla í *Íslendinga sögu*, sbr. neðanmálsgrein nr. 84. Samkvæmt þeirri frásögn er eins og Sturla sé lengi að átta sig á að faðir hans sé í raun að hæðast að honum.

verið höfðu á Bæjarfundi í Borgarfirði með Sturlu vorið 1237. Þar féllu margir menn úr liði Þorleifs Þórðarsonar í Görðum en Sturla hafði sigur. Nú ber Þorleifur sakir á þessa menn. Þorleifur stefnir mönnum að vestan í Dali og eru allmargir nefndir sem eru fyrir bændum, þar á meðal er Sturla Þórðarson. Sagan segir þegar lokið er upptalningunni: „En þó váru þessir fyrir bøndum með Solveigu, sem nú váru nefndir.“⁸⁸ Solveig tekur hér fullan þátt í þeim eftirmálum sem verða af vígaferlum Sturlu. Hún er mikilhæf kona eins og margoft hefur komið fram og virðist vera í fyrirsvari og hafa frumkvæði að því að veita bændum liðsinni.

Sama sumar fær hún búið að Sauðafelli í hendur Snorra Sturlusyni því hún ætlar utan ásamt báðum dætrum sínum. Snorri fær búið aftur í hendur frænda sínum og söguritaranum, Sturlu Þórðarsyni. Sagan tilgreinir engin orðaskipti milli þeirra Solveigar og Snorra á þessum stað. Nú er alllangt um liðið frá því að þau fóru ferðina góðu saman suður í Odda frá Keldum og þótti gaman að ræðast við, margt hefur drifið á dagana og sjálfur á Snorri skammt eftir ólifað, maður rúmlega sextugur að aldri. Öxin er reidd að höfði hans um það bil ári síðar á myrkri haustnótt í kjallaranum í Reykholti.

Við fáum að vita það næst af Solveigu að árið 1242 kemur hún út til Íslands ásamt dætrum sínum tveimur og Jóni syni sínum en hann hafði dvalið um skeið í Noregi. Á því sama skipi kemur einnig bróðir Sturlu og þeirra Sighvatssona, Þórður, sem kallaður var kakali.

Árið 1254 andast Solveig. Sagan getur þess: „Jón Sturluson andaðist áðr um várit, fjórum nóttum eftir Ambrósíusmessu, en Solveig, móðir hans, Sæmundardóttir andaðist ok þat sama sumar, sex nóttum fyrir Jóns messu Hólabiskups.“⁸⁹

Bragarhátur – athuganir III

Hér skal að lokum fjallað stuttlega um bragarhát *M*. Vert væri að gera rækilegan bragfræðilegan og stíllegan samanburð á *Háttatali* og *M* en höfundur verður að játa að hann telur slíkt ekki vera á sínu færi. Verður hér látið við það sitja að greina í nokkrum orðum frá því afbrigði af runhendu sem skáldið yrkir drápuna undir.

⁸⁸ *Sturlunga saga* I (1946:446).

⁸⁹ *Sturlunga saga* I (1946:505).

Snorri Sturluson gerir grein fyrir býsna mörgum afbrigðum af runhendum í *Háttatali*.⁹⁰ Hann hefur umfjöllun um runhendur svo: „Nú eru þeir hættir er runhendur eru kallaðar. Þeir eru með einu móti: hverr háttir runhendr skal vera með aðalhendingum tveim ok í sínu vísuorði hvár hending.“⁹¹ Síðan lýsir hann fimmtán mismunandi gerðum af runhendum og sýnir dæmi um þær allar. Runhendurnar, sem eru nr. 90 og 91 í *Háttatali*, samsvara *M* formlega (sbr. 90. vísu):⁹²

M†rg þjóð ferr til siklings sala,
 sœmð er þar til allra dvala,
 tiggí veitir seima svala,
 satt er bezt of hann at tala;
 bresta spyrjum bauga flata
 –bragna vinr kann gulli hata–
 (œðri veit ek at gj†flund gata
 grundar v†rðr) fyrir hringa skata.

Um þessa runhendu segir Snorri að hún sé tekin af hrynhendum hætti en fyrir hefur hann sagt að í hrynhendum háttum séu oftast átta samstöfur í vísuorði.⁹³ Vísuorðin í þessari vísu eru öll áttkvæð og enda á tvíkvæðum orðum með léttum eða stuttum atkvæðum. Tveggja atkvæða rím í *M* er með sama móti og hér. Í *M* er reyndar engin vísa kveðin þannig að kvenrím sé í öllum vísuorðunum en að öðru leyti er hér um samsvörun að ræða, bæði hvað snertir lengd vísuorða og endarím. Einar Ól. Sveinsson fjallar um runhendur í grein sem hann ritaði árið 1960.⁹⁴ Þar bendir hann á að í hrynhendu sé stranglega fylgt reglu dróttkvæðs háttar þannig að vísuorð endi á $\dot{\text{~}} \text{x}$, þ.e. þungu atkvæði og léttu. Síðan segir hann: „Ef að er gáð, má sjá, að hjá Snorra (í *Háttatali*) koma fyrir þessu líkar vísur með áttkvæðum vísuorðum, en runhendurími. En þá bregzt ekki, að lok vísuorðs eru $\smile \text{x}$, ekki $\dot{\text{~}} \text{x}$, eins og vænta mætti. Líka eru hjá honum dæmi um sjökvæð vísuorð, sem enda á $\dot{\text{~}} \text{.}$ “⁹⁵ Síðan bendir Einar Ólafur á að þessi sama runhenda komi fyrir í *M* og enn

⁹⁰ Hér er að miklu leyti stuðst við Kristján Árnason (2006:117–121).

⁹¹ Snorri Sturluson (1999:33).

⁹² Snorri Sturluson (1999:36).

⁹³ Snorri Sturluson (1999:36, 27).

⁹⁴ Einar Ól. Sveinsson (1960:118–121).

⁹⁵ Einar Ól. Sveinsson (1960:119).

fremur í vísu sem ort var norður í Eyjafirði árið 1211. Hrafnagilngar ortu um Kálf Guttormsson á Grund og gerðu um hann spott mikið:⁹⁶

Vetrungs foeddisk efnit eitt,
 öllum es þat mönnum leitt,
 tvennar liggja til þess boetr:
 tveir einir eru undir foetr,
 – helzti hefir þat lengi lifat,
 láti menn þat höndum þrifat –,
 ekki es þat sem annarr smali,
 engi es skaptr við arsinn hali.

Hér enda sjökvæð vísuorð á þungum braglið en áttkvæð enda á tveimur léttum atkvæðum. Þessi kersknisvísa úr *Sturlungu* hefur að miklu leyti sama svip og erindin í *M* nema hvað sjaldan er rímað svo reglulega í *M* að í öðrum helmingi vísunnar sé stýfður liður en í hinum helmingi tveggja atkvæða rím (sjá þó til dæmis vísu nr. 3). Um þessa vísu má annars segja að hún sýnir með óyggjandi hætti að í upphafi 13. aldar hafa menn kunnað að fara vel með þennan bragarhátt hérlendis. Ort er á léttan og leikandi hátt, ekki með öllu ólíkt því sem við þekkjum í *M*.

Um næsta afbrigði af runhendu (þ.e. nr. 91) segir Snorri að sá háttur sé *hnepptur* (þ.e. stýfður)⁹⁷ af hinni fyrri runhendu:⁹⁸

Þiggja kná með gulli gl†ð
 gotna ferð at ræsi mj†ð,
 drekka lætr hann sveit at sín
 silfri skenkt it fagra vín;
 greipum mœtir gullin skál,
 gumnum sendir Rínar bál
 – eigi hittir œðra mann–
 jarla beztr – en skj†ldung þann.

⁹⁶ *Sturlunga saga* I (1946:257).

⁹⁷ Kristján Árnason (2006:117) fjallar um *hneppingu* í ritgerð sinni um *Háttatal*. Hann segir hana örlítið annað fyrirbrigði en stýfingu en það virðist ekki skipta máli hér. *Stýfingu* skýrir hann annars svo: „Stýfing (*catalexis* á erlendu máli), það að sleppa síðasta veika atkvæði í línu, er alþekkt í kveðskap. Það er til dæmis regla í venjulegri ferskeytlu að hafa síðasta braglið stýfðan: *Yfir kaldan eyðisand*.“

⁹⁸ Snorri Sturluson (1999:36).

Hér er alls staðar eins atkvæðis rím. Sex vísur í *M* eru ortar eingöngu með karlrími eins og vísa nr. 91. Þetta eru vísur nr. 7, 8, 12, 13, 16, 21.

Vert er að minnast hér í lokin á 94. vísu í *Háttatali*. Snorri sýnir í henni enn eitt dæmið um runhendur. Í skýringarorðum á undan þeirri vísu segir: „Þessi er stýfðr eða hneptr af fyrra hætti“ [þ.e. nr. 93, *hálf-hnepptur* háttur eða *náhendur*]:⁹⁹

[.....] gramr,
gulli søri Kraki framr,
efla frágum Haka hjaldr,
[.....] aldr;
ormi veitti Sigurðr sár,
slíkt var allt fyr liðit ár,
Ragnarr þ[ótti] skatna skýrstr;
Skúli jarl er myklu dýrstr.

Nokkurt svipmót er með þessari vísu, þótt hún sé því miður illa varðveitt, og þeim þremur vísu í *M*, sem geyma hin fornu minni, það eru vísur nr. 7, 8 og 9. Vísuorðin eru sjökvæð og enda á þungum braglið. Snorri Sturluson sækir hér efni í fornar hetjusagnir eins og gert er í *M*.¹⁰⁰ Ekki er laust við að skynja megi svipaðan tón eða líkt skopskyn: *Háttatal*: *ormi veitti Sigurðr sár/slíkt var allt fyr liðit ár*. En í *M*: *Ýmsir bjóða öðrum fár. Ormar skríða úr hamsi á vár*. (Vísu 6). Hér eru öll vísuorðin stýfð eða ort með karlrími.

Lokaorð

Nútímamenn þekja Snorra best af lausamálsverkum hans en ljóst er að bæði hann sjálfur og samtímamenn hans hafa ekki síður metið hann sem skáld en ‘rithöfund’ ef svo má segja. Í *Sturlungu* segir á einum

⁹⁹ Snorri Sturluson (1999:37).

¹⁰⁰ Möbius (*Málsháttakvæði* 1873:23) „NB. Am ende der verschiedenen runhendur in Háttatal findet sich eine strophe [þ.e. þessi vísa nr. 94], die nicht allein formell [...] der strophe des Mkv. entspricht, sondern auch rücksichtlich des inhalts, (leturbreyting mín) so weit er sich auf jene forn minni bezieht [...]“. Möbius ræðir þetta ekki frekar en efnið/innihaldið er óeitanlega svipað í þessari vísu í *Háttatali* og áður nefndum vísu. Cederschöld (1883:62–80) ritaði grein um *Allra kappu kvæði*. Þar kemur fram að honum þykja vísurnar um hin fornu minni og hetjur í *M* (7–9, 13² og 22²) svipa mjög til vísna í *Allra kappu kvæði* og það því fremur sem bragformið sé líkt. Næðanmáls (bls. 77) segir hann: „På tal om Mhkv. hade vi kanske också bort inlåta oss på att undersöka, i hvilket förhållande str. 94 af Snorres Háttatal står så väl till Mhkv. som till Akk, [Allra kappu kvæði] med hvilka båda den har stora likheter (leturbreyting mín).“

stað þar sem Snorra er lýst: „Hann gerðist skáld gott ok var hagr á allt þat, er hann tók höndum til [...]“.¹⁰¹ Þegar þessi staðreynd er höfð í huga vekur það nokkra furðu hve lítið hefur í raun varðveist af kveðskap eftir Snorra Sturluson. *Háttatal* er þar auðvitað helst að nefna enda eina langa kvæðið sem til er varðveitt. Þegar því sleppir eru einungis varðveittar fáeinar lausamálsvísur (sjö) og tvö stef.¹⁰² Snorri mun þó hafa ort lofkvæði um sex erlenda höfðingja en af þeim hefur einungis *Háttatal* varðveist, sennilega vegna þess að kvæðið er hluti af *Eddu*.¹⁰³ Skáldfrægd Snorra og snilli hefði vissulega átt að stuðla að fyllri og rækilegri varðveislu. Lausamálsverk hans hefðu hæglega átt að ýta undir slíka geymd ásamt handritum sem væntanlega hafa orðið til í Reykholti eða annars staðar í grennd við hann og aðra bókhneigða frændur hans. Rétt er þá ef til vill að rifja upp það sem sagt var frá í upphafi að *M* er eingöngu varðveitt í handriti sem geymir *Eddu*.

Allt eru þetta að vísu almenn rök en benda þó fremur til þess að *M* hafi átt auðvelt með að rata á skrá ef Snorri hefur sjálfur ort kvæðið. Finnur Jónsson kallaði kvæðið meistaraverk og hygg ég að flestir geti tekið undir þau orð. Við hljótum því að segja að frægd Snorra mundi ekki bíða hnekki þótt hægt væri að sýna fram á að hann ætti þann *Yggjar bjór*.

HEIMILDIR

- Árni Pálsson. 1947. „Snorri Sturluson og Íslendingasaga.“ *Á við og dreif*. Ritgerðir. Helgafell, Reykjavík.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Beck. H. 1999. ‘Hel’ í *Reallexikon der Germanischen Altertumskunde* 14. b.:257–260.
- Bjarni Einarsson. 1987. „Andvaka“. *Mælt mál og forn fræði – safn ritgerða eftir Bjarna Einarsson*:100–106. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík. (Upphaflega birt í *Afmælisriti Jóns Helgasonar*, 30. júní 1969).
- Cederschiöld, Gustaf. 1883. „Allra kappa kvæði.“ *Arkiv för nordisk filologi*. I:62–80.
- Edda Snorra Sturlusonar*. 1931. Udgivet efter håndskrifterne af Kommissionen for Det Arnamagnæanske Legat ved Finnur Jónsson. Gyldendalske boghandel – nordisk forlag, København.

¹⁰¹ *Sturlunga saga* I (1946:269).

¹⁰² Sjá t.d. Skjd. B II:60–90.

¹⁰³ Sjá ágætt yfirlit yfir kveðskap Snorra t.d. hjá Bjarna Einarssyni (1987:100).

- Eddukvæði*. 1968. Ólafur Briem annaðist útgáfuna. Skálholt, Reykjavík.
- Einar Ól. Sveinsson. 1960. „Nugae metricae.“ *Saga och sed*:118–129. Sártryk.
- Finnur Jónsson. 1923. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie*. Anden udgave. Andet bind. G.E.C. Gads forlag, København.
- Fornaldar sögur Norðurlanda I–IV*. 1954. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Prentverk Odds Björnssonar H.F. [Akureyri].
- Fritzner, Johan. 1973. *Ordbog over Det gamle norske Sprog I–III. Rettelser og tillegg ved Finn Hødnebo*. 4. utgave. Omarbeidet, forøget og forbedret udgave. Universitetsforlaget, Oslo – Bergen – Tromsø.
- Guðbrandur Vigfússon. 1874/1957. *An Icelandic-English Dictionary*. Initiated by Richard Cleasby. Subsequently revised, enlarged and completed by Guðbrand Vigfússon, M.A. Second Edition with a Supplement by Sir William A. Craigie. Clarendon Press, Oxford.
- Guðrún Kvaran. 2011. *Nöfn Íslendinga – ný útgáfa*. Forlagið, Reykjavík.
- Gunnar Skarphéðinsson. 2004. „Málsháttakvæði“. *Són – tímarit um óðfræði*. 2. hefti:31–72.
- Heimir Pálsson. 2010. Fyrstu leirskáldin. *Són – tímarit um óðfræði*. 8. hefti:25–37.
- Holtmark, Anne. 1956–1978. ‘Ordspill’ í *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* 12. b:670–672. Rosenkilde og Bagger. København.
- Honegger, Th. 1999. ‘Heremōd’ í *Reallexikon der Germanischen Altertumskunde* 14. b.:414–416.
- Íslenzk fornrit II. b. *Egils saga Skalla-Grímssonar*. 1933. Sigurður Nordal gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Íslenzk fornrit V. b. *Laxdæla saga*. 1934. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Íslenzk fornrit XVI. b. *Biskupa sögur II*. 2002. Jónas Kristjánsson ritstjóri. Ásdís Egilsdóttir gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Íslenzk fornrit XXVI. b. *Heimskringla I*. 1941. Bjarni Aðalbjarnarson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Íslenzk fornrit XXXIV. b. *Orkneyinga saga*. 1965. Finnboði Guðmundsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Jón Thor Haraldsson. 1980. „Hugdetta um Solveigu Sæmundardóttur“. *Saga – tímarit Sögufélags*. XVIII:287–288.
- Kristján Árnason. 2006. „Um Háttatal Snorra Sturlusonar. Bragform og braglýsing.“ *Gripla XVII*:75–124.
- Málsháttakvæði* (Sprichwörtergedicht). 1873. Ein isländisches gedicht des XIII. jahrhunderts. Herausgegeben von Th. Möbius. Separat- abdruck aus der Zeitschr. f. deutsche Phil. Ergänzungs- b. Buch- druckerei des Waisenhauses, Halle.

- Marold, Edith. 2007. „*Mansöngur* – a Phantom Genre?“ *Learning and Understanding in the Old Norse World*. Essays in Honour of Margaret Clunies Ross, edited by Judy Quinn, Kate Heslop, and Tarrin Wills: 239–262. Brepols, Belgium.
- Óskar Guðmundsson. 2009. *Snorri – Ævisaga Snorra Sturlusonar 1179 – 1241*. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Simek, Rudolf. 1993. *Hugtök og heiti í norrænni goðafræði*. Heimir Pálsson ritstýrði. Ingunn Ásdísardóttir þýddi. Heimskringla, Reykjavík.
- Skjd. = *Den norsk-islandske skjaldedigtning* 1912–15. Udgiven af Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat ved Finnur Jónsson. IA–IIA og IB–IIB. Gyldendalske Boghandel, København og Kristiania.
- Snorri Sturluson. 1999. *Edda – Háttatal*. Edited by Anthony Faulkes. Viking Society for Northern Research, University College London.
- Sturla Þórðarson. 1957. *Hákonar saga gamla. Konunga sögur* III. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Prentverk Odds Björnssonar H.F. [Akureyri].
- Sturlunga saga* I–II. b. 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Sturlunguútgáfan, Reykjavík.
- Sveinbjörn Egilsson. 1931. *Lexicon poeticum antiquæ linguae septentrionalis*. Ordbog over det norsk-islandske skjaldesprog. Oprindelig forfattet af Sveinbjörn Egilsson. 2. udgave forøget ved Finnur Jónsson. S.L. Møllers bogtrykkeri, København.
- Turville-Petre, E. O. G. 1964. *Myth and Religion of the North. The Religion of Ancient Scandinavia*. Holt, Rinehart and Winston, New York, Chicago, San Francisco.
- Úlfar Bragason. 2010. *Ætt og saga. Um frásagnarfræði Sturlungu eða Íslendinga sögu hinnar miklu*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Vries, Jan de. 1967. *Altnordische Literaturgeschichte* II. Walter de Gruyter & co., Berlin.
- Wessén, Elias (gaf út). 1940. *Codex Regius of the Younger Edda*. MS No. 2367 4to in the old Royal collection in the Royal Library of Copenhagen. With an introduction by Elias Wessén. Einar Munksgaard, Copenhagen.

Skammstafanir:

LP > Lexicon Poeticum
 J > Jómsvíkingadrápa
 M > Málsháttakvæði

Pär Lagerkvist

LJÓÐ I

HORFT ER Á STJÖRNU SEM SKÍN GEGNUM
LAUFKRÓNU TRÉS· BÁTUR LÍFSINS

Tryggvi Þorsteinsson þýddi

Horft er á stögnu sem skín gegnum laufkrónu trés

Lífið og dauðinn,
stjörnurnar og trén,
öll eru þau nán mér
og geði blanda ég við þau öll
eins og við trúnaðarvini.

Ég lifi lífi mínu í veröldinni
og á götuslóða þöktum barri og mosa
í mínum heimahögum
niðri á jörðu
í dauðans dal
og hjá björtum stjörnum.

Ég lifi lífi mínu á svo mörgum stöðum.
Ég hlýt að vera á ferðalagi.
Ég hlýt að sitja við gluggann og horfa út
og vera einn þeirra hamingjusömu
á ferðalagi
langt í burtu.

Báttur lífsins

Þín vitjar brátt feigðin, en veist ekki að þú líður,
á báti lífsins burt til fjarlæggra landa,
þar sem heilsa þér morgnar á huldum ströndum.

Kvíddu samt engu. Óttastu ei tímamót þessi.
vinsamleg hönd mun hagræða seglum bátsins,
sem ber þig frá kvöldsins byggðum til dagsins ríkja.
Gakktu svo niður geiglaus í strandanna þögn,
grasmjúkan stíginn, sem liggur um rökkurengið.

Katelin Parsons

Gagn, gæði og gömul vísa um Grímsey

*Hún er öll til enda strengd
átján hundruð faðma á lengd.
Til helftar breið á þverveg þrengd,
þessu valda björgin sprengd.*

Vísan hér að ofan er prentuð eins og hún birtist í *Grímsey: Byggð við Norðurheimskautsbaug* eftir Pétur Sigurgeirsson. Pétur kallar hana „gamalt vísubrot“ en tekur ekki sérstaklega fram hvaðan hann hefur hana.¹ Við fyrstu sýn flokkast hún einfaldlega sem héraðsvísa en uppruni hennar er dálítið óvæntur því með nánari eftirgrennslan má rekja hana til mansöngs 18. rímu af Sál og Davíð eftir séra Guðmund Erlendsson í Felli (1595–1670).

Rímur af Sál og Davíð eru 22 talsins og rekja sögu fyrstu konunga Ísraelsríkis, kempnanna Sáls og Davíðs. Þær hafa aldrei birst á prenti og eru fyrir löngu fallnar í gleymsku, en eins og flestar rímur eftir séra Guðmund tilheyra þær hinni mjög skammlífu bibliurímnahefð á fyrri hluta 17. aldar sem Guðbrandur Þorláksson (1541–1627) var helsti hvatamaður að. Mansöngur 18. rímu segir þó hvorki frá Sál né Davíð heldur lýsir í nokkuð löngu máli reynslu skáldsins af að búa í Grímsey úti fyrir Eyjafirði.

Guðmundur Erlendsson var aðkomumaður í Grímsey og þjónaði aðeins fáein ár (1631–34) áður en hann flutti að Felli í Sléttuhlíð og þannig er hægt að tímasetja rímurnar með óvenju mikilli nákvæmni.² Sambærilegar frásagnir af Grímsey og sú sem finnst í mansöngnum þekkjast annars ekki frá þessum tíma og benda rannsóknir höfundarins til að hér sé jafnvel á ferð elsta lýsingin á Grímsey sem varðveist hefur. Það að yrkja kvæði sem dregur upp mynd af afmörkuðu landsvæði og

¹ Pétur Sigurgeirsson, *Grímsey: Byggð við Norðurheimskautsbaug*, 13.

² Í 17. mansöng kemur skýrt fram að rímnaskáldið er „prestur Gríms í ey“. JS 232 4to, 207r.

menningarsögu þess var hins vegar ekki óþekkt í íslenskum bókmenntum og gæti Guðmundur m.a. hafa sótt sér fyrirmynd í kveðskap eftir Einar Sigurðsson í (H)eydölum (1538–1626). Landslagslýsingar Einars urðu þó ekki til innan ramma rímnahefðarinnar og í greininni verða færð rök fyrir því að þessi mansöngur úr Rímum af Sál og Davíð sé ekki aðeins einstök heimild um líf í Grímsey í byrjun 17. aldar heldur einnig frumleg tilraun til að sameina tvær ólíkar kveðskapargreinar með því að setja svokallað landlýsingarkvæði (þ. topographisch-historische Dichtung) í mansöngsbúning.

Grímseyjarvísan á lausu

Að einstakt erindi slitni úr rímu eða kvæði og lifi sjálfstæðu lífi í skriflegri og/eða munnlegri geymd er vel þekkt fyrirbæri og á óðfræðivefnum Braga eru skráð tíu dæmi um slíkt úr íslenskum kveðskap.³ Í sumum tilfellum breytist erindið í samræmi við nýja stöðu vísunnar sem nú gengur „á lausu“ í munnmælum, t.d. með tilfærslu í orðaröð sem á betur við þegar hún er kveðin ein síns liðs og fylgdarlaus. Slík tilfærsla hefur einmitt átt sér stað í Grímseyjarvísunni, en hægt er að greina tvö skref í varðveislunni hennar sem útskýra hvernig hún hefur umbreytt í þá mynd sem birtist í bók Péturs Sigurgeirssonar og víðar í heimildum frá 20. öld.

Í lausamennsku finnst Grímseyjarvísan í a.m.k. tveimur handritum: Lbs 936 4to (frá því um 1880) og Lbs 827 4to, sem var líklega skrifað á árunum 1740–1750. Í hvorugu handritinu er getið um höfund: Fyrirsögnin í yngra handritinu er „Gömul vísa um Grímsey“ (Lbs 936 4to, 893) og í eldra handritinu er hún einfaldlega „Vísan um Grímsey“ (Lbs 827 4to, 247v). Í báðum uppskriftum byrjar hún þó á orðunum „Hún er beint til enda strengd“, og þannig augljóst að Pétur skrifar vísuna ekki beint upp af þessum blöðum.

Vísan, eins og hún er skrifuð í þessum tveimur handritum, brýtur í bága við hina gullnu bragfræðireglu um stuðlasetningu. Sé litið til samhengis í eldra handritinu sést þó að hér er ekki um að ræða kvæðahandrit: megnið af Lbs 827 4to samanstendur af annálum, sagnfræðilegum/landfræðilegum upplýsingum og ýmsum tölum og skráum.

³ Sbr. „Vísur úr kvæðum“, *Bragi óðfræðivefur*, sótt 13.11.2012, <<http://bragi.arnastofnun.is/visur.php?ID=30>> og „Vísur úr rímum“, *Bragi óðfræðivefur*, sótt 13.11.2012, <<http://bragi.arnastofnun.is/visur.php?ID=25>>.

Skrifari handritsins, Jón Ólafsson á Grímsstöðum (1691–1765), staðsetti vísuna á milli skrárinnar yfir kirkjujarðir í Hólabiskupsdæmi og lista yfir þingstaði á Íslandi. Vísan geymir hnyttna lýsingu á sporöskju-laga eyjunni og líklegt að henni hafi verið bætt inn í handrit Jóns af þeirri ástæðu en ekki vegna þess að hún kitlaði brageyra skrifarans. Upprunalega orðalagið („Er hún beint til enda strengd“) hljómar einkennilega þegar það kemur ekki í beinu framhaldi af öðru erindi um sama efni og því hefur fyrstu tveimur orðum í braglinunni verið víxlað, annaðhvort í handriti Jóns (eða annarri skriflegri heimild sem hann notar hér sem frumrit) eða þá í munnlegri geymd.⁴

Jón Þorkelsson birti Grímseyjarvísuna eftir Lbs 827 4to í stuttri grein um héraðsvísur í *Almanaki Hins íslenska þjóðvinafélags* fyrir árið 1913. Í prentuðu greininni leiðrétti Jón stuðlasetninguna með því að setja „öll“ í staðinn fyrir „beint“ en gerði athugasemd þar um í neðanmálgrein. Í útgáfu Jóns hljómar vísan þannig:⁵

Hún er öll, til enda strengd,
 átján hundruð fadma á leingd,
 til helftar breið, á þverveg þreingd, –
 þessu valda björgin spreingd.

Vísurnar í grein Jóns Þorkelssonar (eða úrval þeirra) voru endurprentaðar nokkrum sinnum í íslenskum tímaritum á næstu áratugum, m.a. í *Lögbergi* frá árinu 1913 (undir „Alþýðuvísur“),⁶ í *Sjómannablaðinu Víkingi* árið 1941 (undir fyrirsögninni „Héraðsvísur“)⁷ og *Sunnudagsblaði Alþýðublaðsins* 1964 (undir fyrirsögninni „Héraðsvísur frá 1750“).⁸ Í öllum þessum endurprentunum kemur endurgerða myndin „öll“ í stað „beint“ athugasemdalaust og virðist festast þannig í munnlegri geymd, sbr. upptöku frá árinu 1971 þar sem viðtakandinn fer með vísuna eftir

⁴ Örlítill orðamunur er á þessari uppskrift af Grímseyjarvísunni og þeirri sem birtist í Lbs 936 4to (sem er vísna- og kvæðahandrit). Skrifarinn er séra Friðrik Eggerts en óljóst er hvaðan hann hefur vísuna. Fyrsta vísuorðið er eins en í því þriðja stendur „til helftar breið og þaðan þreingd“.

⁵ [Jón Þorkelsson], „Héraðsvísur“, 66.

⁶ „Alþýðuvísur“, 7.

⁷ „Héraðsvísur“, 31.

⁸ „Héraðsvísur frá 1750“, 382.

minni.⁹ Þannig getur verið að Pétur (eða einhver heimildamaður hans) hafi þekkt til Grímseyjarvísunnar án þess að vita að hún var í raun frá Jóni Þorkelssyni komin. Hér er þó ekki um að ræða óslitna munnlega hefð, sem á rætur að rekja til Grímseyjar á 17. öld, heldur e.k. endurflutning (eða uppvakning) þar sem vísan hefur tekið enn annað skref í áttina frá sinni „upprunalegu“ gerð í gegnum tilraun til leiðréttingar.

Mansöngurinn um Grímsey

Rímur af Sál og Davíð eru aðeins varðveittar í heild í þremur handritum: Lbs 780 4to, JS 232 4to og ÍB 509 4to.¹⁰ Átjándi mansöngurinn úr þeim birtist hér eins og í JS 232 4to, sem er uppskrift Skúla Guðmundssonar á kvæðabók föður síns (Gígju). Stafsetningin er samræmd til nútímahorfs, jafnvel þegar endarímið kallar á annan framburð, enda ekki þess eðlis að vera líklegt til að vefjast fyrir mönnum. Leyst er úr öllum böndum og styttingum, en í 2. línu 1. erindis ber handritum ekki saman um hvernig leysa skuli styttinguna $\bar{m}\bar{t}$ í JS 232 4to: ÍB 509 4to hefur *meir* en í Lbs 780 4to stendur *mér* (skr. mier).

Ríman byrjar með Austra fundi og ósk um að kveikja í óðar tundri en eftir að Guðmundur Erlendsson kynnir Grímsey til leiks í 3. erindi hverfa kenningar alveg úr mansöngnum þangað til rétt undir lokin þegar skáldið snýr sér aftur að Davíð og „bragarins smíð“. Að hluta til getur þetta stafað af fælni skáldsins við að færa forna heiðni inn í kristilega frásögn – enda norrænt skáldskaparmál gegnsýrt af ásum, ásynjum og valkyrjum. Notkun á rammheiðnum kenningum viðgengst engu að síður í biblíurímum, m.a. í prentuðum biblíurímum í *Vísnaþók* Guðbrands Þorlákssonar frá árinu 1612 (sem vitað er að höfðu mikil áhrif á kvæðskap Guðmundar Erlendssonar).¹¹ Þó var önnur ástæða til að halda kenningum í skefjum, að mati Guðmundar, því honum var mjög umhugað um að ná til hlustenda sinna og vildi ekki beita skraut-

⁹ Sbr. SÁM 91/2412 EF. 08.10.1971. Heimildarmaður Þórður Guðmundsson. Lausavísan finnst einnig á Braga óðfræðivef undir „Landslag og örnefni“ (hér skráð eftir Lbs 936 4to). Í þessari útgáfu hefur hún verið leiðrétt þannig að fyrstu tveimur orðum er víxlað, með athugasemd um að „Hún er“ hefur einmitt verið breytt í „Er hún“ til þess að halda stuðlasetningu.

¹⁰ Lbs 1323 4to geymir eitt blað úr Rímum af Sál og Davíð. Í Lbs 1947 8vo hefur óþekktur skrifari hripað niður 8. mansönginn ásamt kvæði eftir yngsta son rímnaskáldsins (séra Jón Guðmundsson á Felli) og öðru.

¹¹ Einar Sigurbjörnsson, Jón Torfason og Kristján Eiríksson, inngangur að *Vísnaþók* Guðbrands, xvii–viii.

legum en illskiljanlegum Eddukenningum á kostnað trúarkenninga.¹² Þrátt fyrir að sú hefð ríki víða í eldri rímum að skáldið fari virkilega á kostum í mansöngnum (og kvarti sárlega undan vangetu sinni í þessum málum um leið), missir Guðmundur sig aldrei alveg í Sónar víninu.

Önnur hefð í mansöngvum sem Guðmundur virðist lítið gefinn fyrir er að ræða ástamálin, en Guðmundur er alls ekki einsdæmi eða brautryðjandi í þessu: Eins og Hans Kuhn hefur bent á snýst hinn hefðbundni mansöngur gjarnan um einhverja kvörtun skáldsins, samfélagsgagnrýni eða (jafnvel oftast) um það eina að „ég yrki“ og því er ekki endilega við að búast að skáldið tjái sig um ást eða konu á þessum vettvangi.¹³ Hins vegar fór væntanlega ekki framhjá Guðmundi að samkvæmt hefðinni yrkir rímnaskáldið yfirleitt til konu/kvenna (eða um þær) í mansöngnum, og 18. mansöngurinn hér að neðan er einn af örfáum eftir Guðmund þar sem færa má rök fyrir að hann kinki kolti til þessarar ríkjandi hefðar. Í 8. mansöng lýsir hann í löngu máli „hinna fullkomnu konu“ eins og hún birtist í Orðskviðunum og það er því mjög athyglisvert að þegar Guðmundur snýr síðan að Grímsey persónugerir hann eyjuna sem andstöðu hennar, þ.e. vesöldlega konu sem rétt tórir lífs við stjá. Að sumri var hún fögur og bar marga kosti, en nú er hún „klædd með sloppi kulda líms“ og ófær um að næra börnin sín, enda „mjólka“ mildir brunnar hennar lítt. Sem betur fer hefur hún fest trúnað sinn á orð drottins en fyrir hans náð og vernd er henni hlíft. Þannig virðist þessi prestur Gríms í ey leika sér vísitandi með rímnahefðina – hér segir hann vissulega frá konu, en ekki af þeirri gerð sem hlustandinn á endilega von á:

Átjándi skal Austra fundur,
efnið greiða meir í sundur,
er það besta óðar tundur
á því kveikja vill Guðmundur.

Tvistan gjörir mig tíminn langur,
til að hugsa finnst mér angur,
inn í landi er gleðinnar gangur,
þó girndarhugurinn sé það rangur.

¹² Viðhorf Guðmundar til skáldahlutverksins kemur m.a. skýrt fram í eftirfarandi vísu úr Móses rímum: *Ég vil heldur einföld ljóð / eftir mig skuli liggja, / en að missist meining góð, / mérð sem á kann skyggja* (JS 232 4to, 263v–264r).

¹³ Hans Kuhn, „The Rímur-Poet and his Audience,“ 463–64.

En elli tvíst er eyjan Gríms,
utarlega í skauti hríms,
klædd með sloppi kulda líms,
klemmd af þústi bylgju stíms.

Aldrei finnast eyjarnar,
aðrar fegri en þessi var,
megin kosti marga bar
mjög er hún nú sem kólnað skar.

Er hún beint til enda strengd,
átján hundruð faðmar á lengd,
til helftar breið á þverveg þrengd,
þessu valda björgin sprengd.

Hvar sem hér skal næring ná,
í nógan háska sækja má,
ýmist útá æginn blá,
eða framan um björgi[n] há.

Hey og mjólkin hörfa títt,
hér er minnst af álnum frítt,
mildir brunnar mjólka lítt,
mönnum þegar viðrar strítt.

Þá er ekla vatns hér vís,
of víða sést um hafið ís,
aumlegt af því angrið rís,
þá einn og sérhvö[r] brunnur frýs.

En fyrir brjóst af bræddum snjá,
bragnar þela og kvinnur fá,
dragast fram, og deyja frá,
ef drukk ei öðrum þar með ná.

Annmarki sá annar er,
eyjarinnar köllum vér,
að heilbrigður sá hingað fer,
harla margur sýkist hér.

Í holdið fá þeir heilsubrest,
hefjast um þá kaunin flest,
eymstra tegund ekki best
er nú þessi sára lest.

Fátt er hér um fæðu brjál,
fiskætin í sérhvört mál,
nema þegar kokkað kál
kemur á borð fyrir hvítu skál.

Færri en vilja fá þann rétt,
finnst það ekki á neinum klett,
upp um tórnar efstu sett,
ei að sækja fellur létt.

En sem kálið er nú seytt,
allra best er vatnið heitt,
verki fær frá liðnum leitt,
lög[um] staðinn mjólkur veitt.

Sætt er það sem sykrið fyrst,
en súrnar þá það afheitist,
fyrir það hefur fólkið þyrst,
framar heldur en sýru lyst.

Sú hin dýra dro[tt]ins náð,
drýpur svo á þetta láð,
alljafnt gefast einhvör r[áð],
ofan er þeim af himni sáð.

Eitt sinn var það áður hér,
[al]lir frusu brunnarnir,
víða sem á veturinn sker,
vo[ða]legt í raun hvað er.

Brá sér hingað birnan ein,
braut hún upp úr svelli stein,
slengdi við honum flóka flein,
flaut þar eftir lindin hrein.

Eitt þó er af öllu best,
sem eygni vorri tillagðist,
af orði drottins á hún mest,
í því hefur hún trúnað fest.

Vegleg eru hér venju höld,
að vísu þau hinu helgu kvöld,
vitjar söngva eyjar öld,
enn þó blási veðrin köld.

Aldrei fyrir ógna rán,
enn hefur þolað nokkra smán,
það má heita himneskt lán,
hvörs hún verði aldrei án.

Þó hér öldu dýrin dimm,
dumpi í kring sem ljónin grimm,
stundum átta, fjögur, og fimm,
og finnum þau á söltum vimm.

Af sér bjóða öngvum grand,
enn þó fari lýður á land,
þanninn hlífur herrans hand,
höfum vér hvorki skjöld né brand.

Svo og þegar sumarið flýr,
sjást hér stundum ógna dýr,
húnar, birnur, bersi órýr,
en braka ei meir en aðrar kýr.

Því er hlíft sem herrans þýð,
höndin geymir fyrr og síð,
kom það fram við kóng Davíð,
kviknar af því bragarins smíð.

Eftir að skáldið kemur aftur að rímnaefninu í 26. erindi hverfur Gríms-ey sjónum. Lýsingin skilur þó eftir ýmsar spurningar. Ólíkt mörgum rímum snúast þær ekki um hvernig á að lesa úr myrkum málrúnum eða torskildum kenningum, en við fyrsta lestur er alls ekki ljóst hvað Guðmundur á við þegar hann talar um „kokkað kál“ í hvítu skál og

birnu sem brýtur upp úr svelli stein. Vissulega er ævintýralegur eyndarblær yfir Grímsey, en án nokkurs samanburðar við aðrar heimildir um eyjuna og íbúa hennar er erfitt að átta sig á hvers konar fyrirbæri lýsing Guðmundar er – og í hverju sérstaða hennar felst. Í eftirfarandi kafla verður því farið yfir sögulegar heimildir sem tengjast Grímsey og geta veitt nútímalesandanum innsæi í eðli Grímseyjarmansöngs Guðmundar.

Grímsey í bundnu og óbundnu máli

Engar heimildir greina frá því hvenær Grímsey byggðist,¹⁴ en kirkja hefur verið á eyjunni frá því um 1110–20 ef marka má máldaga hennar. Í Heimskringlu kemur fram sú saga að Ólafur Haraldsson Noregskonungur (995–1030) hafi óskað eftir að fá „útskerið“ Grímsey að gjöf á sínum tíma, en fékk hana ekki meðan hann lifði.¹⁵ Sem dýrlingur var Ólafur þó gerður að verndara Grímseyjarkirkju og af máldaga kirkjunnar (frá 1318) má sjá að á 14. öld var þessi kirkja konunglega búin með mörgum kostulegum gripum (m.a. tveimur ísbjarnarfeldum) og einu besta kirkjubókasafni á Norðurlandi.¹⁶ Byggð í Grímsey hefur samt ekki endilega verið samfelld frá miðöldum og hugsanlega lagðist hún alveg af um tíma eftir að svart dauði barst til Íslands í byrjun 15. aldar.¹⁷

Til Grímseyjar flúði Guðmundur góði Arason Hólabiskup árið 1222 eftir að menn hans drápu elsta son Sighvats Sturlusonar. Stórt herlið undir forystu Sighvats og Sturlu Sighvatssonar veitti þeim eftirför og til mikilla átaka kom í Grímsey. Víða í heimildum frá 13. og 14. öld er fjallað um Grímseyjarförina svokölluðu, m.a. í Sturlunga sögu, Arons sögu Hjörleifssonar og Guðmundar sögu Arasonar. Lýsingar á Grímsey takmarkast við bardagalandslagið og víkka aldrei út þannig að lesandinn sjái eyjuna í heild sinni eða skyggnist inn í líf heimamanna; þátttakendur í þessum átökum eiga það sameiginlegt að vera allir utanaðkomandi.¹⁸

¹⁴ Gunnar Karlsson, „Hvenær og hvers vegna hófst byggð í Grímsey?“, *Vísindavefurinn*, birt 7. júlí 2004, <<http://visindavefur.is/?id=4394>>; Orri Vésteinsson, *Fornleifar í Grímsey: Aðalskráning 2007*, 9–11.

¹⁵ Snorri Sturluson, *Heimskringla*, 303.

¹⁶ *DI II*, 442–43.

¹⁷ Orri Vésteinsson, *Fornleifar í Grímsey*, 15.

¹⁸ Í Guðmundar sögu er þó getið um Grímseying að nafni Gnúpur og í Valla-Ljós sögu bregður Grímsey aðeins fyrir sjónir, sbr. Orri Vésteinsson, *Fornleifar í Grímsey*, 10–11.

Grímseyjarförinni er þó ekki aðeins lýst í lausu máli. Til viðbótar við þessar lýsingar í sögum og öðrum heimildum hafa varðveist erindi úr kvæðum sem fjalla um einstaka atburði og kappu úr báðum fylkingum. Alveg eins og Grímseyjarvísan í bók Péturs Sigurgeirssonar birtast þau í prósasamhengi en virðast í mörgum tilvikum hafa verið tekin úr lengri kvæðum. Þar á meðal er dróttkvæði eignað Þormóði presti Ólafssyni (frá 14. öld) sem er ort mörgum áratugum eftir að átökin áttu sér stað, en það sýnir að skáldum var ennþá umhugað um þessa hefndarárás Sighvats og Sturlu í Grímsey löngu eftir að atburðirnir gerðust; minningin um þessa ferð til Grímseyjar lifði alla þátttakendur. Sumar vísanna sem fjalla um Grímseyjarförina eiga hins vegar hugsanlega rætur að rekja til samtíðarskálda Sturlunga og jafnvel sjónarvotta/hermannanna í Grímsey – það var tæplega þagað um bardagann meðal þátttakenda. Eftirfarandi vísa finnst t.d. í Arons sögu Hjörleifssonar, Íslendinga sögu, Sturlunga sögu og öllum gerðum af Guðmundar sögu Arasonar og er eignuð „Brandi“ sem er sagður vera einn fylgismanna Sighvats:¹⁹

Varizk hefr Eyjólfir árum
 örfengr tíu lengi,
 – fræg es orðin sú fyrðum –,
 fleyvangs í Grímseyju,
 áðr út í sker skreytir
 skorðu blakks inn rakki,
 brjótr, með benjar heitar,
 brynflagða, þar lagðisk.

Hér eins og í öðrum varðveittum vísnum um Grímseyjarförina birtist eyjan aðeins sem vígavettvangur. Um leið má skoða varðveislu vísanna sem brotakenndan vitnisburð um að Grímsey er oft gerð að yrkisefni á Sturlungaöld. Sagnaritarar velja hins vegar aðeins fáein erindi úr nokkrum kvæðum sem passa við þær sögur sem þeir ætla sér að skrá. Þannig má vel ímynda sér að á 13. og 14. öld hafi orðið til kvæði sem gerðu Grímsey og því sem þar fór fram ítarlegri skil en hafa ekki varðveist til okkar daga. Ólíklegra verður þó að teljast að Guðmundur

¹⁹ Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn (ritstj.), *Sturlunga saga*, síðara bindi, 252.

Erlendsson hafi þekkt til slíkra kvæða eða að hann sé undir beinum áhrifum frá Brandi og Þormóði þegar hann yrkir mansöng sinn.²⁰

Elsta landfræðilega lýsingin af Grímsey í lausu máli finnst mörgum öldum seinna í riti eftir Gísli Oddsson biskup (1593–1638). Gísli samdi verkið árið 1638 eða aðeins fáeinum mánuðum áður en hann lést, en nokkrum árum eftir að Guðmundur fjallaði um Grímsey í mansöng sínum (sem mun vera ortur á árunum 1631–34). Ketill Jörundsson (1603–1670) sneri verki Gísli síðan yfir á latínu sem *De mirabilibus Islandiae*.²¹ Frumrit Gísli hefur ekki varðveist, en Jónas Rafnar enduríslenskaði latneska útleggingu Ketils og verður hér stuðst við þýðingu Jónasar (*Undur Íslands*).²² Í 22. kafla ritsins er sagt stuttlega frá Grímsey. Gísli viðurkennir að hann viti fátt um staðinn, en nefnir sem heimildarmann Grímseying nokkurn „sem sízt er ljúgfróður, heldur skilríkur“.²³ Landfræði Grímseyjar fær þó minna vægi hér en afkoma íbúa og matarmenning í Grímsey, sem er greinilega nokkuð frábrugðin þeirri sem tíðkast annars staðar á Íslandi, því fiskur veiðist hér árið um kring og er þannig mikilvægari fæða á öllum tímum ársins. Aftur á móti er landbúnaður lítið stundaður. Gísli vekur sérstaka athygli á jurt sem Grímseyingar kalla *kálgresi* (Ketill Jörundsson: *kaalgrese*)²⁴ sem hefur bæði hunangskeim og það frábæra einkenni að lækna bjúg, sem er mjög algengur í eyjunni. Segir Gísli jafnframt að „ef eyjan væri svipt þessu heimilislyfi, teldu sumir hana alveg óbyggilega framvegis“.²⁵ Í *Íslenzkum sjávarháttum* er kaffi um skarfakál og nýtingu þess. Hér er vísað til Grímseyjarlýsingar Gísli sem elstu heimildar, „sem ég ber kennsl á, þar sem getið er um, að Íslendingar eti skarfakál“²⁶ en á 17. öld virðist kálát ekki hafa tíðkast annars staðar á landinu og þannig talist „frétt næmt“ kvæðaefni. Grímseyjarlýsing Guðmundar er nokkrum árum eldri en lýsing Gísli, og samkvæmt því á hann ekki aðeins heiðurinn af að skrifa elstu varðveittu lýsingu á Grímsey heldur einnig um brúkun skarfakáls á Íslandi.

²⁰ Það er engu að síður athyglisvert í þessu samhengi að Guðmundur orti m.a. vísur undir dróttkvæðum hætti sem segja frá svaðilför hans og níu Grímseyinga og skemmtilégt væri að vita hvort hann valdi þennan bragarhátt vitandi vits að hann kallast þar á við eldri kveðskap tengdan Grímsey.

²¹ Gísli Oddsson, „Annalium in Islandia farrago and De mirabilibus Islandiae,“ 1–84.

²² Gísli Oddsson, *Íslenzk annálábrot og Undur Íslands*.

²³ Sama rit, 106.

²⁴ Gísli Oddsson, „Annalium in Islandia farrago and De mirabilibus Islandiae,“ 64.

²⁵ Gísli Oddsson, *Íslenzk annálábrot og Undur Íslands*, 107. Af lýsingu Gísli má ráða að hann leggur sér aldrei sjálfur slíkt kál til munns.

²⁶ Lúðvík Kristjánsson, *Íslenzkir sjávarhættir* 1, 170.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá byrjun 18. aldar finnst önnur greinagóð lýsing á Grímsey, sem er sögð vera „sex vikur sjóar undan fastalandi út frá Eyjafjarðar mynni“.²⁷ Greinargerðin hefur verið uppteiknuð „eftir sögu Grímseyjar innbyggjara“²⁸ og er að því leyti marktækari heimild en frásögn Gísla sem beinir athygli lesandans að furðufyrirbærum í íslenskri náttúru og er ekki laus við ýkjur. Þótt markmið Árna og Páls hafi verið að skýra frá jarðahlunnindum en ekki að gera náttúrufræðilegar athugasemdir eða fjalla sérstaklega um lífshætti Íslendinga kemur ýmislegt áhugavert fram um Grímsey í greinargerðinni, m.a. tíðkast ennþá að matreiða skarfakál og nota sem lækningajurt við bjúg. Hins vegar er ferskt vatn mjög af skornum skammti og almennt svo vont að því er kennt um að valda undarlegum sjúkdómi „so holdið blæs upp og þrútnar, so sem á spiltu fólki, plaga þeir þá að flytja þetta fólk til lands, því þá minkar þeim sá sjúkdómur“ en greinargerðin nefnir um leið að aðkomufólk þjáist oft af þessum sjúkdómi en innfæddir eyjarskeggar.²⁹ Af vatninu fá þeir einnig „bólgu í munninn og tannholdið, so holdið rotnar burt úr munninum, en so snart þeir fá sjer nokkuð af fyrráminstu kálgresi, þá forgengur sami veikleiki“.³⁰

Lýsingar á þessum sjúkdómseinkennum benda sterklega til þess að hér sé um að ræða skyrbjúg og að einhæft mataræði Grímseyinga geri það að verkum að c-vítamínskortur hafi verið eylægt vandamál um aldaraddir. Enda þótt eyjarvatnið sé talið orsök sjúkdómsins en ekki matarframboðið er greinilegt að Grímseyingar telja vítamínríka jurta lífsnauðsynlega og meta hana jafnframt mikils: Þeir flokka grasið beinlínis til hlunninda eyjunnar. Fyrir aðra Íslendinga flokkaðist kálát sem furðufyrirbæri (sbr. lýsingar Guðmundar og Gísla) og þeir sem eru ekki innfæddir gera sér hugsanlega síður grein fyrir mikilvægi skarfakáls í mataræði. Galli er líka sá á gjöf Njarðar að tínsla jurtarinnar felur í sér talsverða hættu, en af lýsingunni að dæma er söfnun skarfakáls alls ekki fyrir óvana (líkt og Guðmundur gefur til kynna):

Stór besverligheit og hætta er að ná þessu grasi, því þeir verða að klifra ofan gjár í bjarginu og halda sjer í festi, meðan þeir afla þess, því ei verður skipum aðkomið undir björgunum, þar sem

²⁷ Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 10: Eyjafjarðarsýsla*, 310.

²⁸ Sama rit, 319.

²⁹ Sama rit, 318.

³⁰ Sama rit, sami staður.

það vex, fyrir sjóarboðum, og vegna þessara báginga kunna þeir ei að fá so mikið af þessu grasi sem þeir hafa þörf fyrir, þar með brestur þá eldivið til að kokka það sjer til drykkjar, so þeir skyldu nóg hafa.³¹

Ofangreindar prósalýsingar á landslagi eyjarinnar kallast skemmtilega á við þá mynd sem Guðmundur Erlendsson bregður upp af Grímsey. Kálnýting, vatnsskortur og króniskur skyrbjúgur mynda ákveðin stef í lýsingum á Grímsey sem birtast í öðrum heimildum á ekki ósvipaðan hátt og hjá Guðmundi. Um leið fyllir lausamálið upp í ákveðnar eyður í frásögn Guðmundar í mansöngnum og styður það að Guðmundur leitist hér við að mála Grímsey í raunsæislegum litum, en ekki að draga dár að eyjarskeggjunum með gróteskum og ýkjukenndum lýsingum á eymdinni og líkamlegri vesöld íbúanna að hætti Stefáns Ólafssonar.³² Ekki virðist Guðmundur heldur undir áhrifum frá Flateyjarrímu eftir Magnús Ólafsson í Laufási (um 1573–1636) þar sem prestaferð til Flateyjar á Skjálfanda byrjar með brennivíni og endar með ósköpum. Því fjær meginlandinu sem frásögnin teygist, því dýpra sogast „kátir klerkar“ Magnúsar inn í furðuheim og eyjinni sjálfri er lýst sem algjöru bæli „óljóss álfa“.³³ Kynlegar verur búa ekki í Grímsey og ísbirnirnir sem eru tíðir gestir þar eru ekki furðuleg skrímsli, heldur tilheyra dýraríki drottins alveg eins og ljónið.

Í þessu samhengi er að lokum vert að nefna tvær Grímseyjarlýsingar skráðar á 19. öld af prestum í Grímsey. Þá eldri ritaði Magnús Jónsson árið 1839 að beiðni Hins íslenska bókmenntafélags í Kaupmannahöfn og fylgir hún mjög samviskusamlega spurningalista frá félaginu.³⁴ Bróðurparturinn snýst um landslag og veðurfar en í þeim köflum sem snúast um íbúa Grímseyjar fær lesandinn sterkega á tilfinninguna að þessi prestur líti ekki beinlínis upp til sóknarbarna sinna:

Grímseyingar eru þar í líkir flestum ómenntuðum Íslendingum, að þeir eru mjög vanafastir, seinir og tregir til að taka öllum nýjum síðum, er þeir ekki hafa áður vanizt, einkum þeir eldri.

³¹ Sama rit, 317–18.

³² Sjá t.d. Margrét Eggertsdóttir, *Barokkmeistarinn: list og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*, 129–58.

³³ Rímnafélagið gaf út Flateyjarrímu árið 1960 en hún mun hafa verið ort um 1626/1628, þegar Guðmundur bjó í næsta nágrenni við Magnús. Finnur Sigmundsson (ritstj.), *Stakar rímur frá 16., 17., 18. og 19. öld*, 27–54.

³⁴ Magnús Jónsson, „Grímseyjarkall No. 3,“ 205–14.

Eftirstöðvar eru enn meðal þeirra af gamallri hjátrú og hindurvitnum, jafnvel þó þeir nú leggi minni trúnað á það en áður, þegar lítið er gert úr því og þeir fá betri sannfæring.³⁵

Magnús Jónsson skrifaði þessa skýrslu eftir að hafa búið í Grímsey í um eitt ár. Um leið hefur hann mjög takmarkað innsæi inn í líf eyjarskeggja og segir t.d. ekki orð um í hverju hjátrú og hindurvitni Grímseyinga felast, og hann álitur það greinilega skyldu sína að uppræta allt slíkt með því að gera lítið úr því án þess að skrá það sérstaklega niður. Viðhorf Magnúsar til sóknarlýsingarinnar er þó ekki einsdæmi hjá þeim prestum sem sömdu sóknarlýsingar fyrir Hið íslenska bókmenntafélag: Margir nefna óæskilegar bábiljur og fyrnsku í sóknum sínum og gera um leið lítið úr alþýðuskemmtunum (m.a. „bannsettar rímurnar“) án þess að skýra það nánar.³⁶

Yngri skýrsluna samdi Jón Jónsson Norðmann á árunum 1846–49, og þótt hann hafi ekki búið lengur í Grímsey en Magnús Jónsson þegar hann hóf ritstörf sín er ljóst að hann leit öðrum augum á hlutverk sitt sem skýrsluhöfundur (og prestur) en forveri hans. Jón Norðmann skráði m.a. frásagnir af eyjunni sem snerta ekki aðeins landsins góða og slæma kosti heldur líka menningu hennar og ýmislegt úr munnlegri geymd, m.a. orðfæri, staðbundna þjóðhætti, örnefnasögur og kvæði. Jón Norðmann var mikill áhugamaður um munnmælasögur og þjóðlegan fróðleik og náði að afla sér trausts Grímseyinga fyrir vikið – enda ólíklegt að þeir tryðu Magnúsi Jónssyni fyrir ýmsu sem kemur fram í skýrslu Jóns. Til viðbótar við Grímseyjarlýsinguna safnaði hann þjóðfræðilegu efni frá Grímsey og víðar saman í rit að nafni Allrahanda, sem þjóðsagnasafnarinn Jón Árnason fékk síðan og notaði óspart í sínu eigin þjóðsagnasafni.³⁷

Í sambandi við 18. mansöng í Rímum af Sál og Davíð er einkum tvennt í skrifum Jóns sem vekur athygli. Í fyrsta lagi greinir hann frá svokölluðum „kvöldsongvum“ þar sem söfnuðurinn safnist saman í kirkjunni „á kvöldum hinum næstu fyrir helgar“ og annaðhvort hlýði á prestinn sem les upphátt biblíukafla eða, þegar eyjan er prestlaus, standa Grímseyingar sjálfir fyrir óformlegri messu þar sem þeir lesa úr biblíunni og syngja saman.³⁸ Ef til vill eru athugasemdir Guðmundar,

³⁵ Sama rit, 213.

³⁶ Terry Gunnell, „Prestlærðir safnarar þjóðsagna á 19. öld,“ 600.

³⁷ Bæði Grímseyjarlýsingin og Allrahanda birtast í ritröðinni *Menn og minjar* (3. og 4. bindi) í útgáfu Finns Sigmundssonar.

³⁸ Jón Norðmann, *Grímseyjarlýsing*, 37.

vegleg eru hér venju höld / að vísu þau hinu helgu kvöld og vitjar söngva eyjar öld, vísbendingar um að þessi hefð gæti verið „frá alda öðli“ alveg eins og Jón Norðmann heldur fram í sinni lýsingu. Eins og Orri Vésteinnsson bendir á hefur Grímsey verið mjög þéttbýl miðað við önnur landsvæði á Íslandi (á milli bæja var oft ekki nema 2–3 mínútur að fara) sem hlýtur að hafa haft áhrif á hvernig samfélag þreifist þar.³⁹ Þótt sex vikur sjávar skildu Guðmund frá meginlandinu var hann ekki endilega einangradari að vetri til en í Sléttuhlíð, því Grímseyingar áttu auðveldara með að sækja kirkju en víða á landi. Um leið gæti kirkjan hafa orðið að e.k. samkomumiðstöð Grímseyinga og freistandi að ímynda sér að skáldið Guðmundur hafi notið sín vel í slíku samfélagi – víst er að hann orti mikið á Grímseyjarárum sínum, m.a. hjartnæma kveðju til sóknar-barna sinna þegar hann yfirgaf eyjuna.

Annað mjög athyilisvert við samanburð á þessum tveimur ritum er að í eftirmælum sem Jón tók saman árið 1850 bætir hann allra síðast við útskýringu á nafni á brunni einum í Grímsey:

Eitt sinn var vatnslaust á Grímsey; kom þar þá (eða var) bjarndýr og sló með hramminum upp stein; kom þar upp vatn og var þar gerður brunnur og kallaður Bjarnarbrunnur.⁴⁰

Sagan eins og hún birtist hjá Jóni er keimlík frásögn Guðmundar um birnuna og lindina og greinilegt að þessi þjóðsaga hefur varðveist í meira en tvær aldir þegar Jón skrifar hana upp. Sömu söguna hlýtur Guðmundur Erlendsson að hafa heyrt frá sóknarbörnum sínum í Grímsey og þannig má líta á 17. og 18. erindi mansöngsins sem skráningu á viðurkenndum atburði í sögu Grímseyjar samkvæmt munnlegri geymd – ekki skáldskap Guðmundar. Þótt skáldið fæddist ekki á öld þjóðsagnasafnara bendir meðferð hans á þessari örnefnasögu til þess að hann hafi sýnt meiri áhuga á munnlegri geymd alþýðunnar í eyjunni en margur Grímseyjarprestur.

³⁹ „Nábýlið í Grímsey hefur valdið því að dagleg samskipti eyjarskeggja hafa verið mun meiri en algengt var í íslenskum sveitum og það hefur haft áhrif á samfélagið sem þar þreifist. Nánu sambýli fylgja bæði auknir möguleikar á samvinnu og ágreiningi og slíkt samfélag þarf að geta tekið á slíku“. Orri Vésteinnsson, *Fornleifar í Grímsey*, 129.

⁴⁰ Jón Norðmann, *Grímseyjarlýsing*, 56.

Íslenskur landlýsingarkvæðskapur

Fyrir rúmum áratug birti Margrét Eggertsdóttir grein í *Skírn* um svokölluð landlýsingarkvæði (þ. topographisch-historische Dichtung) frá 16., 17. og 18. öld.⁴¹ Í slíkum kvæðum samtvinnast lofsamlegar lýsingar á ákveðnu landsvæði og frásagnir um sögu þess, en þessi bókmenntagrein upphefur ekki þjóð í anda þjóðernishyggju og flokkast ekki beinlínis sem ættjarðarkvæðskapur þó hún sé vissulega undanfari hans. Landlýsingarkvæði byggjast oft á landfræðilegum heimildum skrifuðum í lausu máli – það er „raunvísindalegrí“ blær yfir landslaginu – og í mörgum tilvikum er kvæðið flutt við ákveðið tækifæri. Enn eitt einkenni landlýsingarkvæða sem greinir þau frá ættjarðarkvæðskap er að hið landfræðilega/sögulega þarf ekki nauðsynlega að vera í fyrirrúmi; landslag og saga geta myndað saman ákveðinn útgangspunkt fyrir boðskap eða hugleiðingar sem skáldið vill koma á framfæri. Kvæðskapur barokktímans þjónar gjarnan samfélagslegum tilgangi – hvort sem skáldið kveður rímur eða yrkir flúraðan lofsöng um konung sinn – og meðvitund um þetta samfélagslega hlutverk endurspeglast í ríku mæli í meðferð skáldsins á viðfangsefninu.

Frægasta kvæðið af þessu tagi á Norðurlöndum er sennilega Nordlands Trompet (Norðurlandstrómet) eftir norska stórskáldið Petter Dass (f. um 1647, d. 1707), sem fjallar um heimkynni skáldsins í Nor-egi. Ekki er vitað til þess að verkið hafi þekkt á Íslandi, en a.m.k. eitt samtíðarskáld Dass sem naut talsverðra vinsælda hér á landi samdi fjölda landlýsingarkvæða, þ.e. Daninn Thomas Kingo (1634–1703),⁴² og í grein sinni færir Margrét rök fyrir að bókmenntagreinin hafi einmitt borist til Íslands á öldunum eftir siðaskipti. Samkvæmt grein Margrétar eru til nokkur íslensk verk sem geta flokkast undir landlýsingarkvæði, þ. á m. Vísnaflokkur um Íslands gæði eftir Einar Sigurðsson og tvö kvæði eftir Bjarna Gissurarson (1621–1712), Vísa um Mjóafjarðarkosti og Um landsins góða kosti.

Íslenskur landslagskvæðskapur fylgir þó ekki erlendum fyrirmyndum sínum að öllu leyti. Í landlýsingarkvæðum Kingos og annarra erlendra skálda er farið mörgum og lofsamlegum orðum um landið og

⁴¹ Margrét Eggertsdóttir, „Um landsins gagn og gróða: íslensk landlýsingarkvæði.“

⁴² Sigrún Steingrimsdóttir hefur skrifað um kynni Íslendinga af Kingo, en hann er auðvitað yngri skáld og kemur ekki til greina sem mögulegur áhrifavaldur Guðmundar. Sigrún Steingrimsdóttir, „Passíusálmar Kingos og aðrir sálmar hans á íslensku.“

jafnvel smjæðrað fyrir tilteknum valdsmönnum sem ráða þar ríkjum, en í vísu Einars og Bjarna gætir neikvæðari tóns. Lofið er blandið ádeilu og eins og Margrét bendir á getur verið stutt á milli hróss og háðs þegar íslenska landslagið á í hlut. Það er ekki beint gaman að vera íslenskur bóndi á 17. öld, en þeir sem yrkja landlýsingarkvæði um Ísland beina athygli að því að eylandið sé ekki allt saman urð og grjót; þrátt fyrir allt er ýmislegt sem löndum þeirra ber að þakka Guði fyrir, t.d. heyr enginn stríð í landinu og sjórinn er gjöfull landsmönnum. Í öllum landlýsingarkvæðum sem Margrét fjallar um eru „andleg gæði“ í fyrirrúmi, og í þessum sálargæðamálum standa Íslendingar engum að baki þótt grasíð sé óneitanlega grænna víða annars staðar.

Vísnaflokkur um Grímseyjar gæði

Vísur Bjarna Gissurarsonar eru yngri en Rímur af Sál og Davíð en ekki er útilokað að Guðmundur Erlendsson hafi þekkt Vísnaflokk um Íslands gæði og sótt sér innblástur þaðan, en það mætti segja að Guðmundur yfirfæri boðskap Einars um Ísland – *ad þetta eyland aumt og kalt / orðið Guðs nú blómgar allt / með mjúkri miskunn sinni*⁴³ – í mansöng sínum um Grímsey. Í Grímseyjarlandlýsingu sinni bregður Guðmundur upp mynd af eyju sem er ennþá minni, vesældarlegri og einangraðri en meginlandið Ísland – sem er algjört Tívoli miðað við byggðina við heimskautsbaug. En eftir að hafa skissað upp aumkunarverða andlitsdrætti Grímseyjar skiptir hann um tón og telur upp landsins kosti og bendir á ýmis dæmi máli sínu til sönnunar.

Sagan og náttúran í Vísnaflokki um Íslands gæði viðkoma Íslandi öllu, t.d. þylur Einar upp romsu um náttúruyfyrirbæri sem einkenna eyjuna (jökla, sand, aur og grjót) án þess að staðsetja þau nánar í landslaginu og fjallar aðeins um söguviðburði sem snerta landsmenn alla. Sýnin í mansöng Guðmundar er öllu þrengri: Rímnaskáldið yrkir aðeins um það „sérgrímseyska“ eins og hann hefur lært það af Grímseyingum og tileinkað sér af eigin reynslu. Samanburður við aðrar heimildir um líf í Grímsey á 17. og 18. öld bendir til að mansöngurinn flokkist alls ekki sem ádeila á hrörnun eyjunnar/eyjarmeningarinnar. Þótt Guðmundur viðurkenni að sér finnist erfitt að aðlagast og hugsi oft til meginlandsins, snýst mansöngurinn ekki um kvartanir skáldsins:

⁴³ „Vísnaflokkur um Íslands gæði,“ *Bragi óðfræðivefur*, sótt 26.11.2012, <<http://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?R=2&ID=2155>>.

Neikvæðar hugsanir breytast í landslagslýsingu sem reynist síðan vera vettvangur fyrir andlegar hugleiðingar um samband Guðs, náttúru og manns – einmitt að hætti landslagskveðskapar barokktímans.

Í útfærslu er Grímseyjarlýsingin undir greinilegum húmanískum áhrifum og þrátt fyrir að þar finnist ýmislegt „óraunverulegt“, hunsar Guðmundur allar þær kynjaverur og yfirnáttúrulegu fyrirbæri sem tilheyra landslaginu í hugum margra landa hans.⁴⁴ Rímnaformið er auðvitað róluvöllur slíkra furðuvera, sem þrífast bæði í kenningum og fantasíukenndum frásögnum af hetjudáð og tröllabardaga, sbr. Lýsingu Magnúsar Ólafssonar á Flatey á Skálfanda. Við fyrstu sýn henta rímur ekki sérstaklega vel sem vettvangur fyrir lýsingu á raunsæislandslagi hversdagsins. Það að Guðmundur Erlendsson kys mansöng til að lýsa Grímsey stafar þó ekki af því að hann eigi engra kosta vö; hann gerir ýmsar tilraunir með önnur kvæðaform, t.d. orti hann mikið af sálmum, vikivakakvæðum og kvæðum undir fornryðislagi. Hins vegar tilheyrir hann þeim skóla 17. aldar rímnahöfunda sem vilja gera rímur að „uppbyggilegu“ skemmtiefni og ráðast á garðinn þar sem hann er hæstur.

Með því að setja eyjarlýsingu í búning mansöngs ná góðar athugasemdir Guðmundar alþýðuáheyrn – í Grímsey er hann skáld fólksins en ekki fjarlæggra höfðingja. Um leið notfærir hann sér rímnahefðina á skemmtilegan og nýstárlegan hátt og leikur sér svolítið með væntingar áheyranda sinna í þessum efnum. Útkoman er vel heppnað „cross-over“ þar sem eiginleikar úr tveimur ólíkum bókmenntaáttum mætast. Mansöngurinn er þannig ekki aðeins einstakur vitnisburður um líf í Grímsey, heldur einnig um gleymdar bókmenntatílaunir í orrustunni um sáluhjálp rímnanna.

HEIMILDASKRÁ

Handrit og hjóðrit

ÍB 509 4to

JS 232 4to

Lbs 780 4to

⁴⁴ Í þessum efnum vekur einnig athygli að Guðmundur steinþegir um þá brunna í Grímsey sem Guðmundur góði á að hafa blessað á sínum tíma, en Grímseyingar upplýstu Jón Norðmann um nokkra slíka á 19. öld. Um þessa brunna og læknaði eiginleika vatnsins, sjá Margaret Cormack, „Holy Wells and National Identity in Iceland,“ 237–38.

Lbs 827 4to

Lbs 936 4to

Lbs 1323 4to

Lbs 1947 8vo

SÁM 91/2412 EF. Spóla E 71/21. 08.10.1971. Heimildarmaður:
Þórður Guðmundsson. Hljóðritari: Hallfreður Örn Eiríksson.

Prentaðar heimildir

„Alþýðuvísur.“ *Lögberg* 35 (1913): 7.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 10: Eyjafjardarsýsla*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1943/1987.

Cormack, Margaret. „Holy Wells and National Identity in Iceland.“ Í *Saints and Their Cults in the Atlantic World*, ritstj. Margaret Cormack, 229–47. Columbia, SC: University of South Carolina Press, 2007.

DI = *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn*. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1857–1972.

Einar Sigurbjörnsson, Jón Torfason og Kristján Eiríksson. Inngangur að *Vísnaþók Guðbrands*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000.

Finnur Sigmundsson, ritstj. *Stakar rímur frá 16., 17., 18. og 19. öld*. Rit Rímnafélagsins 9. Reykjavík: Rímnafélagið, 1960.

Gísli Oddsson. „Annalium in Islandia farrago and De mirabilibus Islandiae.“ *Islandica* 10 (1917): 1–84.

Gísli Oddsson. *Íslenzk annálabrot [Annalium in Islandia farrago] og Undur Íslands [De mirabilibus Islandiae]*. Jónas Rafnar sneri á íslenzku. Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1942.

Gunnar Karlsson. „Hvenær og hvers vegna hófst byggð í Grímsey?“ *Vísindavefurinn*. Birt 7. júlí 2004. <<http://visindavefur.is/?id=4394>>.

Gunnell, Terry. „Prestlærðir safnara þjóðsagna á 19. öld.“ í *Rannsóknir í félagsvísindum XII Félags- og mannvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011*, ritstjórar Asa Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólaf, 598–605. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2011.

„Héraðavísur.“ *Sjómannablaðið Víkingur* 3.10 (1941): 31.

„Héraðsvísur frá 1750.“ *Sunnudagsblað Alþýðublaðsins* (17. maí 1964): 382.

Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn, ritstj. *Sturlunga saga*. Síðara bindi. Reykjavík: Sturlunguútgáfan, 1946.

- Jón Norðmann. *Grímseyjarlýsing*. Ritstjóri Finnur Sigmundsson. Menn og menntir 3. Reykjavík: H.F. Leiftur, 1946.
- [Jón Þorkelsson]. „Héraðavísur.“ *Almanak Hins íslenska Þjóðvinafélags* 39 (1912): 66–68.
- Kuhn, Hans. „The Rímur-Poet and his Audience.“ *Saga-Book* 23.6 (1993): 455–68.
- Lúðvík Kristjánsson. *Íslenzkir sjávarhættir* 1. Reykjavík: Menningarsjóður, 1980.
- Orri Vésteinnsson. *Fornleifar í Grímsey: Aðalskráning 2007*. Skýrsla Fornleifastofnunar Íslands FS372-06401. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2008.
- Magnús Jónsson. „Grímseyjarkall No. 3.“ *Í Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1854*, ritstjóri Magnús Kristinnsson, 205–14. Eyfirsk fræði II. Akureyri: Sögufélag Eyfirðinga, 1972.
- Margrét Eggertsdóttir. *Barokkmeistarinn: list og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi: Rit 63. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2005.
- Margrét Eggertsdóttir. „Um landsins gagn og gróða: íslensk landlýsingarkvæði.“ *Skírnir* 176.2 (2002): 269–291.
- Pétur Sigurgeirsson. *Grímsey: Byggð við Norðurheimskautsbaug*. Reykjavík: Leiftur, 1971.
- Snorri Sturluson. *Heimskringla: Nóregs konunga sögur*. Ritstjóri Finnur Jónsson. Kaupmannahöfn: G.E.C. Gads Forlag, 1911/1925.
- Sigrún Steingrímisdóttir. „Passíusálmar Kingos og aðrir sálmar hans á íslensku.“ *Gripla XIX* (2008): 211–231.
- „Vísnaflokkur um Íslands gæði.“ *Bragi óðfræðivefur*. Sótt 26.11.2012, <<http://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?R=2&ID=2155>>.
- „Vísur úr kvæðum.“ *Bragi óðfræðivefur*. Sótt 13.11.2012. <<http://bragi.arnastofnun.is/visur.php?ID=30>>.
- „Vísur úr rímum.“ *Bragi óðfræðivefur*. Sótt 13.11.2012. <<http://bragi.arnastofnun.is/visur.php?ID=25>>.

Ragnar Bødvarsson

LJÓÐ

II

HRINGFLÉTTA · SAMHLJÓÐAVÍSUR

Í bók sinni *Spæk af reka* birtir Þorsteinn Gylfason þýðingu á ljóði eftir Dylan Thomas undir sérstæðum, þríhendum bragarhætti, og í annarri bók Þorsteins, *Söngfugl að sunnan*, er annað ljóð undir sama hætti eftir James Joyce. Þar upplýsir Þorsteinn að hátturinn sé ítalskur að uppruna og heiti *villanella* og Þorsteinn nefnir hann *hringlilju* á okkar máli.

Í vísunum hér á eftir er fylgt sömu reglu og í hringlilju varðandi lengd ljóðlína og röð á endarími, en endurtekningum hagað nokkuð á annan veg og líklega rétt að kalla háttinn öðru nafni.

Hringflétta

Nú skal brúka nýjan hátt
nafnið ferskt og laglegt er.
Ég hef ei við hann áður átt.

Það er svona frekar fátt
um ferskar vísnaverðir hér.
Nú skal brúka nýjan hátt.

Ég hef ei við hann áður átt
og óljóst hvernig verkið fer.
Til þess á ég frekar fátt.

Villanella heitir hann
hingað kom um langan veg.
Helst ég brúka háttinn þann.

Íslenskt nafn sér óðar fann
 enda er tungan dásamleg.
 Villanella hét þó hann.

Helst ég brúka háttinn þann
 hringfléttu sem nefni ég
 því íslenskt nafn hann óðar fann.

Samhljóðavísur

(Flestar fluttar á Bragapíngi á Blönduósi 2007)

Hest vil ég kaupa og helst sem fyrst
 hastur fellur mér allra verst.
 Mestu varðar um lappalist
 ljóst má vera að hún skal traust.

Sullar og mallar sífelld bull
 svellur í gjalli drifhvít mjöll.
 Ellinni fellur hreyfing holl
 hrella mig tröllin ljót og ill.

Skuggaleg vofa vekur ugg
 vaggar hún nær með brýnda egg
 högginu við ég löngum ligg
 leggi hún til mín viðbragðssnökk.

Göngumanni er gatan þröng
 gangan liggur því oft í hring.
 Langar mig enn að fá í fang
 fenginn sem glaður um ég söng.

Glími ég þrátt við orðsins óm
 ama veldur mér hik og stam.
 Gamanlaust er nú fát og fum
 fimi skortir í mál og rím.

Vanda eykur grænni grund
 grandalausri um förlög blind
 vindur hvass er svartan sand
 sendir yfir veikbyggð lönd.

Bjarki Karlsson

Stuðlasetning í fimm bragliða vísuorðum

Í þessari grein¹ er sýnt fram á að gildandi bragregla um dreifingu stuðla í fyrstu braglínu² stuðlafalls og vikhendu er strangari en ætla mætti ef tekið er mið af almennum reglum um stuðlasetningu. Leitað er skýringa á hverju það kann að sæta og rýnt í nokkrar tilgátur þar að lútandi. Þá eru kynntar vísbendingar um að reglan sé óvirk í bragkunnáttu rímnafólks nú á dögum.

1. Almennar reglur um stuðlun

Þó að bragarhættir í stuðluðum kveðskap á íslensku séu fjölmargir er tiltölulega auðvelt að átta sig á því hvar stuðlar mega og eiga að standa í hverjum hætti fyrir sig með því að tileinka sér nokkrar almennar, algildar reglur. Gildir þá einu hve margar braglínur eru í erindi eða hve margir bragliðir eru í braglínu. Í kveðskap síðari alda má yfirleitt ganga að því vísu að þessar almennu reglur séu það sem er nægilegt og nauðsynlegt til þess að vísa sé rétt stuðluð.³ Í þessari grein er fjallað um undantekningu frá því að almennu reglunar séu nægilegar. Það eru reglur, sem enn er farið eftir, um hvernig stuðla beri fyrstu braglínu í rímnaháttunum stuðlafalli og vikhendu og náðu áður fyrir til enn fleiri bragarháttu.

¹ Ég vil færa Kristjáni Eirikssyni, Ragnari Inga Aðalsteinsyni, Sverri Tómassyni, Yelenu Sesselju Helgadóttur og ónafngreindum yfirlasurum Sónar þakkir fyrir aðstoð við upplýsingaöflun og hollar ábendingar.

² Orðin *braglína* og *lína* eru hér notuð til að tákna hugtakið sem einnig er réttilega nefnt vísuorð og ljóðlína.

³ Undanskildar eru þá ýmiss konar tilraunir með bragformið og teygjanleika þess. Einnig er vert að hafa í huga að staðsetning ljóðstafa var frjálssari í fornum kvæðum undir edduháttum.

Hinar almennu bragreglur, sem hér koma við sögu, eru sem hér segir:

- a. Fjöldi stuðla fer eftir fjölda bragliða:
 - i. Séu bragliðir í línu aðeins tveir mega stuðlarnir vera hvort heldur er einn eða tveir.⁴ Dæmi um þetta er fornyrðislag.
 - ii. Séu bragliðir í línu þrjú,⁵ fjórir eða fimm skulu stuðlarnir vera tveir. Dæmi um þetta eru fjölmörg, til dæmis ferskeytla.
 - iii. Séu bragliðir fleiri en fimm verður að gera ráð fyrir braghvöld inni í línunni og ber línan þá bæði tvo stuðla og einn höfuðstaf. Dæmi um þetta er braghenda.⁶
- b. Staðsetning stuðla fer eftir styrk og afstöðu bragliða. Bragliðir eru til skiptis hákveður og lágkveður en fyrsti bragliður hverrar línu er alltaf hákveða.⁷
 - i. Stuðlarnir mega ekki báðir standa í lágkveðu.
 - ii. Milli stuðla er annað hvort eitt ris eða ekkert. Þó er undantekning gerð ef bragliðir í línu eru fimm. Þá er heimilt að tvö ris standi á milli síðari stuðuls og höfuðstafs.⁸
 - iii. Ef braglína er sérstuðluð – og því engum höfuðstaf til að dreifa sem gæta þyrfti nálægðar við – myndu ofangreindar reglur einar og sér leyfa stuðlapar í fyrsta og öðrum braglið. Það er þó aldrei gert og því verður að bæta við reglu sem kveður á um að sérstuðlaðar braglínur hafi sömu stuðladreifingu og þær sem kallast á við höfuðstaf. Mér er ekki kunnugt um að þessari reglu hafi verið lýst áður. Hún er sennilega óþörf í öðrum rímnaháttum en þeim sem hér eru til umfjöllunar en á við um fjölda annarra háttá, til dæmis þetta erindi Jónasar Hallgrímssonar (1989:104):

⁴ Sbr. Kristján Eiríksson og Jón Braga Björgvinsson (2001:18–19).

⁵ Kristján Eiríksson hefur verið að kanna þriggja bragliða frumlinur og safnað ýmsum dæmum um að í þeim nægi einn ljóðstafur. Hann hefur þó ekki birt þessar athuganir enn sem komið er.

⁶ Í braglinum sem hafa meira en sex bragliði er hefðin sú að fjórir bragliðir séu fyrir braghvöld með tveimur stuðlum en í fyrsta braglið eftir braghvöld standi þriðji stuðull sem í raun er höfuðstafur.

⁷ Fyrstur til að vekja máls á þessari reglu í íslenskum kveðskap er Ph. Schweitzer (1887). Önnur bragfræðirit hafa endurtekið það, sbr. t.d. Óskar Halldórsson (1972:17).

⁸ Jóhannes L.L. Jóhannsson (1895:248) gerir regluna óháða bragliðafjölda með því að segja að standi síðari stuðull í hákveðu megi tvær samstöfur (bragliðir) fara á milli hans og höfuðstafs. Óskar Halldórsson (1972:25) lýsir reglunni einnig þannig.

Þú stóðst á tindi Heklu háam
 og horfðir yfir landið fríða,
 þar sem um grænar grundir líða
skínandi ár að ægi blám;
 en Loki bundinn beið í gjótum
 [...]

Hér er fjórða braglína sér um stuðla og fellur vel en væru þeir í fyrsta og öðrum braglið (t.d. skínandi skart að ægi blám) er hætt við að ýmsir fengju illt í brageyrð.

Tilgangurinn með þessum reglum er augljós. Ljóðstafirnir binda málið og leggja því til hljómfall, rétt eins og bragliðahrynjandi og rím. Ef bilið á milli þeirra verður of langt eða áhersla þeirra of veik þá dvínar styrkur stuðlahljómfallsins og hin hrynærnu áhrif hverfa.⁹

Áður er en lengra er haldið er rétt að gera nánari grein fyrir bragarháttunum stuðlafalli og vikhendu, hrynjandi þeirra og tilgátum um uppruna.

2. Stuðlafall

Stuðlafall er þríhendur háttur þar sem fimm tvíkvæðir bragliðir eru í fyrstu braglinu. *Bragi, óðfræðivefur* (vefur:bragarhættir>rímur>stuðlafall) lýsir hrynjandinni með myndrænni framsetningu og tekur dæmi úr Þjalar-Jóns rímum:

:	:	:	:	:
:	:	:		
:	:	:		

Stuðlafalls þó stofna gjöri eg rímu
 það má skilja þjóðin hrein
 þar á kann eg öngva grein.
 (höf. ókunnur)

⁹ Út af þessum lögmálum hefur svo verið smíðuð þumalfingursreglan um að annar hvor stuðullinn skuli standa í þriðja braglið. Hún er mun einfaldari í framsetningu en hefur þann ókost að fela ekki í sér neinar skýringar á því hvers vegna hún er til komin.

Hátturinn var fyrst notaður í Blávus rímum og Viktors eftir óþekktan höfund. Ríman er varðveitt í handritinu AM 149 8vo XII og hefur verið tímasett til um það bil 1550 (handrit.is:leita>safnmark> AM 149 8vo). Í rímunni eru 48 vísur og er fyrsta braglínan hvergi með stuðli aftar en í þriðja braglið. Höfundur rímunnar byrjar á því að segja hlustendum frá því að hér sé nýr háttur á ferðinni:¹⁰

Viðris læt eg varra strauminn renna
nú skal stofna nýjan óð
nýtri vilda eg skemmta þjóð.

Þegar bið eg að þessari vísu hlýði
eg stunda meir á Steingríms vild
en stuðla fall eður orða snilld.

Helgi Sigurðsson (1891:222–238) telur stuðlafall komið af braghendu. „Stuðull“ í heiti stuðlafalls merki braglið og nafnið bendi til þessara tengsla með því að stuðlafall er einum braglið („stuðli“) fátækara en braghenda. Þetta sést vel með því að bera saman grafíska mynd af braghendu á *Braga, óðfræðivef* (vefur:bragarhættir>rímur>braghenda) og myndina af stuðlafalli hér að ofan ásamt meðfylgjandi dæmavísu:

!	!	!	!	!	!
!	!	!	!		
!	!	!	!		

Sama er mér hvað sagt er hér á Suðurnesjum;
svört þótt gleyskan söng minn hirði
senn er vor í Breiðafirði.


Að upprunakenningu Helga er nánar vikið í fjórða kafla.

Björn Karel Þórólfsson (1934:54–55) dregur hins vegar í efa að stuðlafall sé afkomandi braghendu. Honum þykir ólíklegt að á tímum elstu rímna hafi verið hægt að breyta hrynjandi rímnabragar þannig að fram kæmi nýr háttur. Hann ályktar því að stuðlafall sé fremur sprottið af þríkvæðum danskvæðalögum en braghendu.

¹⁰ *Rímnasafn* Finns Jónssonar (1913–1922:656) en stafsetning samræmd til nútímahorfs.

3. *Vikhenda*

Eini munurinn á vikhendu (vikhent, stuðlavilla, nýafhending, afhending hin meiri) og stuðlafalli er síðasta braglínan. Hún er einu atkvæði styttri í vikhendu en í stuðlafalli. Endarímið er tvíliðarím fyrstu og þriðju braglínu (AxA) en í stuðlafalli er það einliðarím annarrar og þriðju braglínu (xaa). *Bragi, óðfræðivefur* (vefur:bragarhættir>rímur>vikhent) sýnir þetta með eftirfarandi mynd og dæmi:



Ferðalúnunum fótum hef ég gengið
yfir fjöllin urðum sett,
óblítt veður fengið.
Sveinbjörn Beinteinsson

Vikhenda er ungur háttur og orti Sigurður Breiðfjörð fyrstur rímu undir honum,¹¹ níttjándu rímu af Aristómenes og Gorgi. Það var árið 1835. Sigurður vísar sjálfur til háttarins á þessa leið í mansöng (1965:162):

Þjóð ef slynga þennan syngja heyri
kalla ringan eg vil óð
afhendingu meiri.

Helgi Sigurðsson fjallar um háttinn í bragfræðiriti sínu (1891:47–48) undir yfirskriftinni „Afhendingar ætt (hinnar nýju). Nýafhending. Stuðlavilla“ og segir þar, eftir að hafa lýst hættinum stuttlega: „Mætti hún því með réttu og fremur kennast við stuðlafall en afhendingu, sem hún á næsta lítið skylt við.“ Hann leggur til nafnið stuðlafall en segir samt að úr því að nafnið nýafhending sé orðið algengt verði það að fá að haldast.

¹¹ Sbr. Helga Sigurðsson (1891:47).

Vikhendan er svo ung þegar Helgi ritar bragfræði sína að hann sýnir óvenju fá (aðeins tólf) tilbrigði við háttinn, þar af tíu úr Aristófanesarrímmum Sigurðar og eitt sem hann hefur samið sjálfur:

Frumbraginn eg fara verð að smíða
af því hvergi eg hann fann
að þó leyti¹² víða.

Þá getur Helgi þess að undir þessum bragarhætti finnist auk þess einstök, alkunn vísa í þjóðsögum:

Ósk þá vildi' eg eiga mér svo góða,
að eg ætti synina sjö
með Sæmundi' hinum fróða.

Því miður standa engin efni til þess að geta sér til um aldur vísunnar.

Enginn bragfræðilegur munur er á fyrstu braglínu stuðlafalls og vikhendu og þar sem aðeins fyrsta braglína háttanna er til umfjöllunar hér er óþarft að staldra frekar við þennan hátt.

4. *Hin sértæka stuðlaregla*

Nú verður sýnt með hvaða hætti stuðladreifing í stuðlafalli og vikhendu og eldri fimm bragliða kveðskap er strangari en almennar bragreglur. Skoðaðar eru fjórar tilgátur um uppruna reglunnar, þremur þeirra hafnað en kostum og löstum lýst á þeirri fjórðu.

Þessi sértæka regla um dreifingu stuðla í fyrstu braglínu háttanna tveggja kveður á um að **síðari stuðull megi ekki standa aftar en í þriðja risi**. Reglan er þrengri en almennu bragreglunnar sem lýst var í 1. kafla og virðist því ekki eiga sér rökrétta skýringu. Reglunni hefur, að því er best verður séð, ekki verið gefið nafn áður og verður hér kölluð *sértæka stuðlaregla*, því að hægara er að vísa til hennar ef hún heitir eitthvað. Í þessum kafla og þeim sem á eftir fara verður fjallað nánar um sértæku stuðlaregluna og uppruna hennar, auk þess sem leitað er skýringa á því hvernig hún hefur orðið til.

Helgi Sigurðsson (1891:48) lýsir sértæku stuðlareglunni fyrstur manna í umfjöllun sinni um vikhendu: „Stöð [stuðlanna] er í 1. vísu-

¹² [svo]

orði annaðhvort í 1. og 5. atkvæðum eða í 3. og 5. atkv. (en ekki víðar þar).“ Það er að segja í 1. og 3. braglið eða í 2. og 3. braglið. Aðrar samsetningar komi ekki til greina. Reyndar er villandi að í umfjöllun Helga um stuðlafall segir hann aðeins: „Sama ljóðstöfun á hér við sem í hinum bragættunum“ (bls. 222) en 197 dæmi sem hann tekur af hættinum fylgja öll reglunni sem hann hafði sett fram á bls. 48, utan eitt.¹³ Því miður skýrir Helgi ekki út hvers vegna stuðlun aftar í braglínu er óheimil. Þetta er, að því er best verður séð, í fyrsta sinn sem reglunni er lýst á prenti. Þegar bók Helga kemur út eru þó liðin meira en 400 ár frá því stuðlafall varð til og fjöldi rímna hefur verið ortur þar sem reglunni er fylgt út í æsar. Brot gegn henni eru sárafá. Höfundur þessarar greinar hefur leitað lúsa í nokkrum þúsundum vísna í rímum undir þessum háttum frá ýmsum tímum. Aðeins örfá dæmi hafa fundist um stuðul í fjórða og/eða fimmta braglið, svo fá að líta verður á þau sem undantekningar.¹⁴

Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2012:66) bendir á að aðrir hættir með fimm bragliði í línu – og þeir eru algengir – setji ekki þessar skorður. Hann tilfærir tvær braglínur úr sonnettunni alkunnu, Ég bið að heilsa, eftir Jónas Hallgrímsson (1989:197):

- a. | Vorboðinn | ljúfi, | **f**uglinn | trúr sem | **f**er
 b. í | sumar- | -dal að | **k**veða | **k**væðin | þín

Vert er að hafa í huga að í stuðlafalli og vikhendu er fyrsta braglína sérstuðluð en í dæmunum hér kallast hún á við höfuðstaf í annarri línu. Að því er nánar vikið aftar í þessum kafla (Tilgáta 3).

Hér mætti tína fleira til úr ólíkum háttum:¹⁵

¹³ Vísa nr. 188 á bls. 237.

¹⁴ „Brotlegasta“ ríman sem ég hef fundið er fjórða ríma Bjarna Jónssonar Borgfirðingaskálds af Flóres og Leó (Bjarni og Hallgrímur Pétursson, 1956:44–59) frá byrjun 17. aldar. Þar stuðlar Bjarni aftar en í þriðja lið í þremur vísnum af hundrad fjöruþíu og tveimur: (44: Þegar magann sveinn tók ljóns að sjúga. 51: Tárug kærán málróm manna heyrir, 93: Skiparar sjá að kom með barnið kæra.) Væri sértæku reglunni ekki til að dreifa mætti hins vegar búast við að þannig stuðladar vísur skiptu tugum. Auk þess er eitt dæmi túlkað sem ofstuðlun fremur en stuðlun í 3. og 4. braglið (123: Til Jerúsalem seggir sóktu dýrir). Hafa ber í huga að rangar uppskriftir voru tíðar enda getur Finnur Sigmundsson þess í inngangi sama rits (bls. xi) að ríman sé með ýmsum hætti í uppskriftum, jafnvel vísur þar sem innihaldið er ósk höfunda um að ljóðin verði ekki færð úr lagi.

¹⁵ Eftirfarandi dæmi eru úr ljóðum sem skráð eru í *Braga, óðfræðivef* í fullri lengd ásamt upplýsingum um bragarhátt þeirra.

- a. | Jesús | Christur | **l**áti oss | **l**ukku | henda (Skáld-Sveinn, síðari hluta 15. aldar)
- b. og | sypres- | -trén þar | **r**ökkvi | græna | **r**ein (Steingrímur Thorsteinsson, um 1900)
- c. Í | nótt komst | þú svo | **f**agur | á minn | **f**und (Sigurður Einarsson frá Holti, 1952)
- d. Við | yfir- | -gefum | **s**tríð og | **s**torma- | -dyn (Davíð Stefánsson, 1966)

Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2012:66–67) kemst að þeirri niðurstöðu að sértæka stuðlareglan stríði „í raun gegn brageyranu og þeim venjum sem hagyrðingar og skáld hafa tileinkað sér, einkum í seinni tíð“ og að hún komi fyrir „eins og tilbúin regla sem stríðir gegn almennum venjum og tilfinningu skálda og ljóðaunnenda“.

Reyndar var það svo að á 16., 17. og 18. öld gilti sértæka stuðlareglan ekki aðeins um rímnahætti, heldur allan kveðskap, eins og nánar er vikið að í 5. kafla.

Jóhannes L.L. Jóhannsson fjallar nokkuð ýtarlega um fimm bragliða línur í grein sinni um ný-íslenska bragfræði (1895:248–251). Tilgangur skrifa hans er einkum að andmæla Ph. Schweitzer sem áður hafði ritað: „milli stuðlanna mega jafnaðarlega ekki standa fleiri en ein áherzlusamstafa“ (1887:318). Orðið „jafnaðarlega“ leggur Jóhannes L.L. út á þann veg að Schweitzer hljóti að telja stuðla í fimm bragliða línu mega standa í fyrsta og fjórða lið annars vegar og öðrum lið og fimmta hins vegar, rétt eins og tveir liðir mega vera á milli síðari stuðuls og höfuðstafs.¹⁶ Jóhannes L.L. hnýtir einnig í Finn Jónsson fyrir að veigra sér við umfjöllun um fimm liða línur í bragfræðikveri sínu frá 1892 og segir að þeir Schweitzer hafi ekki tekið eftir „einkenni-leik þessara fimmlíðuðu vísuorða“ (bls. 248). Sjálfur virðist Jóhannes L.L. ekki hafa tekið eftir sértæku reglunni í stuðlafalli og vikhendu, sbr. að hann segir einnig um fimmlíðalínur: „Þar að auki geta stuðlar náttúrlega staðið í 3. og 5. braglið (tveim sterkum) og í 4. og 5. (veikum og sterkum), og svo í 3. og 4. liðnum“ (bls. 250) og getur engra undantekninga frá þessari heimild.

¹⁶ Þess háttar stuðlun fannst á stöku stað í kveðskap sem var skoðaður í tengslum við þessa grein en var alls staðar undantekning, nema hjá Grími Thomsen sem beitti henni nokkuð.

Lítum nú á alla fræðilega möguleika til að raða tveimur stuðlum niður á bragliðina í fimm liða línu og máttum þá við almennu bragreglurnar sem reifaðar voru á bls. 64:

Stuðlar í bragliðum	Almennu bragreglurnar (sbr. 1. kafla)	Sértæka reglan
1. og 2.	b.iii. Stuðlar of framarlega	b.iii. Stuðlar of framarlega
1. og 3.	<i>Í lagi</i>	<i>Í lagi</i>
1. og 4.	b.ii. Of langt á milli stuðla	b.ii. Of langt á milli stuðla
1. og 5.	b.ii. Of langt á milli stuðla	b.ii. Of langt á milli stuðla
2. og 3.	<i>Í lagi</i>	<i>Í lagi</i>
2. og 4.	b.i. Báðir stuðlar í lágkveðu	b.i. Báðir stuðlar í lágkveðu
2. og 5.	b.ii. Of langt á milli stuðla	b.ii. Of langt á milli stuðla
3. og 4.	<i>Í lagi</i>	Sérregla: Síðari stuðull of aftarlega
3. og 5.	<i>Í lagi</i>	Sérregla: Síðari stuðull of aftarlega
4. og 5.	<i>Í lagi</i>	Sérregla: Báðir stuðlar of aftarlega

Hér kemur í ljós að samkvæmt almennu reglunum ættu fimm leiðir að koma til greina þegar stuðlum er valinn staður í fimm bragliða línu en sértæka reglan um stuðlafall og vikhendu fækkar möguleikunum niður í tvo. Einkennilegt væri ef menn þrengdu þannig möguleika sína að óþörfu og því hlýtur einhver rökrétt skýring að búa að baki. Skulu nú fjórar tilgátur um það reifaðar:

Tilgáta 1: Lærð stuðlun

Enginn vafi leikur á því að skáld hafa oft beitt lærðri stuðlun. Má þar nefna stuðlun *sl* og *sn* við *s*+sérhljóð á 18. og 19. öld og stuðlun *hw* við *h* á 20. og 21. öld hjá mönnum sem bera *hw* þó fram sem *kv*. (Sjá nánar Ragnar Inga Aðalsteinsson, 2012:61–67). Hvort tveggja vitnar um tryggð við fornar venjur eða jafnvel stafsetningu en hefur verið í mótsögn við eigið hljóðkerfi skáldanna, það sem kalla mætti heyrða stuðlun.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson skýrir sértæku stuðlaregluna einnig sem lærða stuðlun. Hún stríði „í raun gegn brageyranu og þeim venjum

sem hagrýðingar og skáld hafa tileinkað sér, einkum í seinni tíð¹⁷. Kristján Árnason málfræðingur (í vinnslu, kafli 6.8) vísar í þessi orð Ragnars Inga sem rökstuðning fyrir því að tilfinningu eða eigin lýsingu ljóðaunnenda og þeirra sem yrkja sé ef til vill ekki best treystandi til vísindalegrar bragfræðilegrar greiningar. Eitt sé að yrkja og annað að greina lögmálin með kerfisbundnum hætti úr hlutlausri fjarlægð.

Lærð stuðlun er næsta örugglega skýringin á því að skáld hafa öldum saman haldið tryggð við sértæku stuðlaregluna. Hins vegar skýrir hún ekki sjálfa tilurð reglunnar. Hið lærða verður að vera til áður en hægt er að læra það.

Tilgáta 2: Arfleifð braghendu (valhendu)

Í 2. kafla voru reifaðar hugmyndir bragfræðinga um upphaf stuðlafalls og eru þeir almennt sammála – að Birni Karel Þórólffssyni undanskildum – um að hátturinn hafi orðið til sem afbrigði braghendu. Því er vert að athuga hvort hugsanleg þróun frá braghendu til stuðlafalls kunni að skýra sértæku regluna, jafnvel þótt hún komi líka fyrir í kveðskap sem er eldri en stuðlafall. Berum í því skyni saman myndræna lýsingu *Braga, óðfræðivefs* á frárímaðri braghendu, frárímaðri valhendu (sem er undirháttur braghendu) og stuðlafalli.

Braghenda (frárímuð)	Valhenda (frárímuð)	Stuðlafall																																																																																																			
<table border="1"> <tr><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td></tr> <tr><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td></tr> <tr><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td></tr> </table>	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	<table border="1"> <tr><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td></tr> <tr><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td></tr> <tr><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td></tr> </table>	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	<table border="1"> <tr><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td></tr> <tr><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td></tr> <tr><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td><td>:</td></tr> </table>	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:
:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:																																																																																											
:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:																																																																																											
:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:																																																																																											
:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:																																																																																											
:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:																																																																																											
:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:																																																																																											
:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:																																																																																											
:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:																																																																																											
:	:	:	:	:	:	:	:	:	:	:																																																																																											

Þar sem braghenda og valhenda eru með sex bragliði í frumlinu eru ljóðstafirnir þrír. Ragnar Ingi Aðalsteinsson (1990:56) segir um það: „Ljóðstafirnir í fyrstu braglinu eru þrír og verður að gæta þess að þeir standi á réttum stöðum. Sá síðasti þeirra verður alltaf að standa fremst í 5. kveðu [braglið]. Hann er í raun höfuðstafur.“

¹⁷ Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2012:67) nefnir þá undantekningu frá tryggð skálda við sértæku regluna að Halldór Laxness hafi lagt Jóni Hreggviðssyni í munn Pontusrímur eldri þar sem vísa undir stuðlafalli hefst á „Áfram meður sveinum geisar sínum“. Eiríkur Jónsson (1981:45) bendir á að vísan sé fengin úr rímum af Gríshildi góðu og hefjist þar á línunni „Sína þá með sveina áfram heldur“ sem er í samræmi við sértæku regluna. Það gefur til kynna að ljóðstafasetning í þriðja og fimmta braglið stuðlafalls hafi ekki sært brageyra Halldórs. Vissulega má ekki útiloka að hann hafi fært stuðlunina til verri vegar viljandi en það væri þá eina dæmið um slíkt í Íslandsklukkunni.

Nú væri hægt að ímynda sér að við brottfall bragliðar úr braghendu eða valhendu (ef við gefum okkur að þannig hafi stuðlafall orðið til, eins og nafn háttarins gæti gefið til kynna) hafi þriðji stuðullinn (sem í raun er höfuðstafur) verið felldur á brott en staðsetning hinna verið óbreytt í hinum nýja hætti. Mögulegar staðsetningar stuðla í fyrstu línu braghendu og valhendu eru þessar:

- a. 1, 3, 5
- b. 2, 3, 5
- c. 3, 4, 5

Gerum nú ráð fyrir að við brottfall sjötta bragliðarins hverfi síðasti ljóðstafurinn. Dreifing a. og b. kemur þá heim við staðsetningar ljóðstafa í stuðlafalli en í tilviki dreifingar c. skýtur skökku við. Samkvæmt því ætti að vera heimilt að stuðla í 3. og 4. braglið fyrstu línu en það leyfir sértæka reglan þó ekki.

Hér skal ósagt látið hvort þetta rennir stöðum undir efasemdir Björns Karels um að stuðlafall sé yfirleitt runnið undan braghendu en hitt er þó víst að hin sértæka stuðlaregla háttarins verður ekki skýrð með þeim skyldleika.

Tilgáta 3: Fjarlægð dragi úr væntingum um höfuðstaf

Eitt af einkennum stuðlafalls og vikhendu er það að á eftir hinni sérstuðluðu fyrstu braglínunni kemur nýtt braglínupar. Enginn höfuðstafur kallast á við fyrsta stuðlaparið. Því er freistandi að ætla að einhver hamla sé við stuðlun í 4. og 5. lið til að koma í veg fyrir að hlustandi með næmt brageyra eigi von á höfuðstaf í byrjun næstu línu. Þetta má skýra með dæmi:

Þegar bragnar þessum fagna sigri,
 hópnum stökkur Úlfur að,
 undan hrökkur sveit við það.
 (Sveinbjörn Beinteinsson, 1953:67)

Sé orðum í þessari vísu víxlað kemur út bragur sem teldist rétt kveðinn ef ekki væri fyrir sértæku stuðlaregluna:

* Sigrí bragnar þessum fagna þegar
 hópnum stökkur Úlfur að ...

Í síðara dæminu standa *þessum* og *þegar* svo nærri orðinu hópnum að hlustanda gæti brugðið við og fundist vísan rangt kveðin þar sem önnur lína hefði átt að hefjast á höfuðstafnum *þ*. Á þessari skýringu eru þó annmarkar.

Hér skal það ekki útilokað að tveir óstuðlaðir bragliðir í röð á milli síðari stuðuls og upphafs næstu línu kunni að draga úr hættunni á því að lesandi/hlustandi geri ranglega ráð fyrir því að fyrsta og önnur lína myndi braglínupar. Á hitt ber þó að líta að þess eru fjölmörg dæmi að á milli síðari stuðuls og höfuðstafs standi tveir bragliðir án þess að stuðlaböndin rofni, samanber til dæmis:

Nú andar suðrið sæla vindum þýðum.

Á sjónum allar báurur smáar rísa.

(Jónas Hallgrímsson, 1989:197)

Enn fremur er til þess að taka að í flestum bragarháttum utan rímnahefðarinnar mynda fimm bragliða fyrsta lína og sú sem á eftir fer braglínupar saman. Þrátt fyrir það gildi þessi sama sértæka regla einnig um fimm bragliða frumlínur í kveðskap utan rímnahefðarinnar, að því er virðist fram til 1800. Frá því er nánar greint í næsta kafla. Það mátti sem sé ekki stuðla aftar en í þriðja braglið, jafnvel þótt höfuðstafur færi á eftir í annarri braglínunni. Þar gat ekki verið á ferðinni þörf fyrir að skapa stuðunarfjarlægð við nýtt braglínupar. Þessi tilgáta stenst því ekki.

Tilgáta 4: Langlína með braghvöld

Íslensk braglína kallast einföld ef hún hefur fimm bragliði eða færri en annars samsett því að þá myndast gjarna greinilegt hlé á einum stað í braglínunni og skiptir henni í tvennt. Það er nefnt braghvöld (caesura).¹⁸

Nú mætti hugsa sér að einhverju sinni hafi mönnum ekki þótt mega vera meira en fjórir bragliðir í línu án þess að hún yrði að klofna og að sértæka stuðlareglan vitni um það. Þá liggur beinast við að líta svo á að í fyrri hlutanum hafi verið tveir bragliðir. Svo stuttri einingu nægir einn stuðull og má hann vera í hvorum braglið hennar sem er. Síðari hlutinn hefst svo alltaf á höfuðstaf og skýrir það hvers vegna ljóðstafir geta ekki staðið aftar samkvæmt sértæku stuðlareglunni. Þar gætu menn hafa haft í huga orð Snorra Sturlusonar í *Háttatali*: „Í †ðru

¹⁸ Sbr. Óskar Halldórsson (1972:22). Óskar segir reyndar að braghvöld myndist alltaf við þessar aðstæður en líklega er það full djúpt í árinni tekið.

vísuorði er settur sá stafr fyrst í vísuorðinu er vér köllum hǫfudstaf. Sá stafr ræðr kveðandi“ (*Háttatal*, 1991:4).¹⁹

Þegar bragnar | | þessum fagna sigri

Það styður þessa tilgátu að reglan verður til fjótlega eftir að fyrstu fimm bragliða hættirnir eru teknir í notkun. Menn hafa ekki verið vanir slíkri hrynjandi og e.t.v. ekki fundist hún nægilega samfelld. Kristján Árnason bókmenntafræðingur greinir frá því að Íslendingar hafi tekið að þýða kvæði undir hinum gríska Sappóarhætti á 16. og 17. öld og segir: „Þessi frægi háttur samanstendur af fjórum ljóðlínunum, þrem löngum, sem eru ellefu atkvæði með braghvöld á eftir fjórða atkvæði (-x-x//xx-x-x), og einni stuttri í lokin ...“ (1999). Eini munurinn á fimm liða braglinu í Sappóarhætti og klofinni fimm liða línu íslenskrar er þá sá að sú fyrrnefnda hefur einn þrilið en sú síðarnefnda aðeins tviliði.

Á móti þessu ber að nefna, eins fram kemur í grein Kristjáns (1999), að íslenskar þýðingar úr latínu höfðu ekki upphaflegt Sappóarlag. Annars vegar hafi Hóras fært braghvöld langlínanna aftur um eitt atkvæði þegar hann sneri hinum gríska hætti á latínu og hins vegar hafi íslenskir þýðendur leyft línuskiptingu og hrynjandi að riðlast. Gott dæmi um það sé þýðing Jóns Jónssonar á Melum á texta eftir Seneca. Þýðingin hafi allt aðra hrynjandi en frumtextinn sem hafi verið körrétt kveðinn eftir hinni rómversku gerð Sappóarháttarins, þ.e. með braghvöld eftir fimmta atkvæði:

Nemo confidat nimium secundis,
nemo desperet meliora lapsis;
ille qui donat diadema fronti
cum volet aufert.

Seneca

Enginn oftreysti auðunnar hreysti
örvænti enginn, þó aumur sé lengi;
sá í hefð setur, svipt henni getur,
ef mjög þig metur.

Þýðing: Jón Jónsson

Þannig leiðir íslenska þýðingin til fjögurra bragliða langlínunna. Þá ber fyrri helmingur hverrar langlínunna tvo stuðla, ólíkt íslenskum fimm bragðliða línunum. Því er frekar langsótt að þessi gamli, gríska háttur hafi haft áhrif nema gert sé ráð fyrir að íslensk skáld hafi verið þeim mun betur að sér í klassískum fræðum.

¹⁹ Vert er þó að hafa í huga að í næstu setningu á undan segir Snorri: „Hverju vísuorði fylgja sex samstæfur“ og öll bragðdæmi framan af í *Háttatali* eru af dróttkvæðum hætti.

Í öðru lagi yrði að gera ráð fyrir því að tveggja bragliða fyrri hlutinn geti borið hvort heldur er einn stuðul eða tvo.²⁰ Þá myndu þrjú ljóðstafir í röð falla á fyrstu þrjú bragliðina en það gerist ekki.

Í þriðja lagi fylgir síðlína með höfuðstaf yfirleitt fimm bragliða frumlínu.²¹ Ef við gerum ráð fyrir að stuðull eftir braghvöld hafi eðli höfuðstafs (annars mætti hann standa aftar), þá skýtur skökku við að annar höfuðstafur fari á eftir:

ævinlega og || andir helgra manna
auki jafnan || þína lofgjörð sanna,
Jón Arason: Davíðsdiktur

Í fjórða og síðasta lagi vekur það undrun hvers vegna elsta þekktá íslenska kvæðið með fimm bragliðum, Heimsósómi (nánar er fjallað um hann í næsta kafla), er með stuðladreifingu sem vitnar gegn því að þar hafi verið braghvöld þó að hún virðist hafa verið orðin skyldubundin nokkrum áratugum síðar.

Þrátt fyrir þessi fjögur atriði sem mæla á móti tilgátunni útiloka þau hana ekki, einkum meðan ekki er bent á líklegri skýringu. Þangað til er hún fýsilegri en aðrar. Þá er vert að hafa í huga, þegar fjallað er um braghrynjandi á 15. og 16. öld, að til umfjöllunar er mesta breytingaskeið íslensks hljóðkerfis, þegar forn hljóðdvöl vék fyrir nýrri lengdarreglu, *u*-innskot festist í sessi og hljóðgildi margra sérhljóða breyttist.

5. *Kveðskapur utan rímnahátta*

Hér verður fjallað um sögu sértæku stuðlareglunnar í öðrum háttum en stuðlafalli og vikhendu, það er að segja í kveðskap utan rímnahátta.

Eins og fyrr er getið kemur stuðlafall fram um 1550 og þar með halda fimm bragliða línur innreið sína í rímnahætti. Slíkar braglínur komu þó til skjalanna nokkru fyrr. Elsta varðveitta dæmið er brot úr heimsósómakvæði frá 15. öld, jafnvel frá 1400 og örugglega ekki yngra en frá 1445 (*Íslandske originaldiplomer til 1450*:431). Brotið er á þessa leið:
storer eidar stinga menn aa þingum 00000 00 [00....]

²⁰ Sbr. almenna bragreglu a1 sem getið er á bls. 64.

²¹ Þó ekki í rímnaháttunum stuðlafalli og vikhendu auk þess sem stöku aðrir hættir hafa fyrstu línu óparaða, t.d. háttur *Ellikvæðis* Jóns Hallssonar.

Elsta heila kvæðið með fimm bragliða línur er svo Heimsósómi Skáld-Sveins. Kvæðið er afbrigði af kansónuhætti. Tvö kvæði kennd Jóni biskupi Arasyni eru undir annarri gerð kansónuháttar; Davíðs-diktur og Ljómur. Eftir nafni síðarnefnda kvæðisins er hátturinn einnig kallaður Ljómalag:²²

Hamingjan veltir hjóli niður til jarðar, háfur eru til einskis vansa sparðar, en leggst í spenning löndin, góss og garðar en það aktast miður sem meira varðar.	Forða þú mér fjadans þínu diki, svo feyknakvölunum öllum frá mér víki. Mér veit þú það, Mariusonurinn ríki, mæla kynni eg nokkuð, svo þér líki.
--	--

Úr 1. erindi Heimsósóma

Úr 1. versí Ljóma

Hver svo sem hefur kynnt fimm bragliða línur til sögunnar á Íslandi hefur þurft að setja sér reglur um meðferð stuðla og þar með hefur undanþágan, sem leyfir meira en einn braglið milli stuðlaðra liða, komist inn í íslenska bragfræði. Rímnahættirnir hafa svo tekið hana í arf þegar stuðlafall varð til.

Sértæka reglan um dreifingu stuðla er ljóslega ekki ættuð úr danskvæðum, enda gilda ekki stuðlareglur um þau og reglan hefur ekki verið flutt inn með erlendum bragarháttum þar sem stuðlun á meginlandinu var löngu aflögð á þessum tíma.²³

Nú hefði verið hægt að komast hjá því að leyfa tvo bragliði á milli stuðuls og höfuðstafs með því að snúa reglunni á hvolf og krefjast þess að fyrri stuðull standi **ekki frammar** en í þriðja braglið en vísast hefur mönnum þótt ótækt að banna stuðlun í fyrsta braglið, svo sterkur sem hann er að kveðandi og merkingu. Hitt er sérkennilegra hvers vegna stuðlaleysi í 4. og 5. braglið varð að reglu fremur en leyfi. Það væri skiljanlegt ef eingöngu væri bannað að stuðla í 5. braglið á þeim forsendum að hann hafi verið viðbót og að reglur um dreifingu stuðla í hrynhendu og ferskeytlu væru láttnar gilda áfram. Í þeim háttum var og er þó ávallt heimilt að stuðla í 3. og 4. braglið:

| ei þurf- | -andi | **stað** né | **stundir**; (Eysteinn Ásgrímsson, Lilja, 14. öld)

²² Sbr. Véstein Ólason (1993:302). Kvæði undir hættinum, sem vísað er í, má finna á *Braga, óðfræðivef*.

²³ Sbr. Ragnar Inga Aðalsteinsson (2012:24–33).


| Gramr var | æ við | **bragna** | **blíðr**, (Einar Gilsson, Ólafs ríma Haraldssonar, 14. öld)²⁴

Þegar fimmti bragliðurinn kemur til sögunnar hverfur hins vegar stuðlun í fjórða braglið. Í fjórða kafla kemur fram að reglan um að stuðla ekki aftar en í þriðja lið fyrstu línu er sárásjaldan brotin í rímum. Í öðrum kveðskap var hún um skeið ríkjandi en ekki alltaf, eins og sést í meðfylgjandi töflu og grafi þar sem farið hefur verið yfir tilgreind kvæði og staða stuðla í fimm bragliða frumlínum skráð.

Ca. ár	Höfundur	Kvæði	3:4		
			1:3 2:3	3:5 4:5	
1475	Skáld-Sveinn	Heimsósómi	31	8	21%
1500	AM 713 4to [höf. ók.]	Vísur af Maríu Magdalene II	68	0	0%
1525	Jón Hallsson	Ellikvæði	30	2	6%
1550	Jón Arason	Ljómur, Davíðsdiktur	121	3	2%
1600	Einar í Eyðölum	Um sanna iðran, Rahab, Naaman	116	5	4%
1600	Ólafur í Saudanesi	Deila holds og sálar af heil. ritn. útdr.	46	1	2%
1625	Arngrímur lærði	Ein ágæt minning herrans Jesú Kr.	60	2	3%
1650	Hallgrímur Pétursson	Æskuleikir, Þráðarleggsvísur	39	1	3%
1650	Eiríkur Hallsson	Um stundlega og eilifa velferð	56	2	3%
1675	Stefán Ólafsson	Um þá fyrri og þessa öld, Díli	15	9	38%
1700	Bjarni Gissurarson	Iðjuvísa Bjarnar í Flögu	25	0	0%
1725	Þorvaldur Magnússon	Veronikukvæði	25	0	0%
1750	Gunnar Pálsson	Emmanúel	8	0	0%
1775	Björn Halldórsson	Ævitíminn eyðist	2	0	0%
1800	Jón Þorláksson	Um Öfund, ills höfund	5	3	38%
1825	Jónas Hallgrímsson	Gunnarshólmi, Ég bið að heilsa	46	30	39%
1850	Gísli Thorarensen	Jónas Hallgrímsson	9	5	36%
1850	Jón Thoroddsen	Undir Svörtuloftum, Jólakveðja	15	2	12%
1875	Bólu-Hjálmar	Björn Erlendsson	36	4	10%
1875	Grímur Thomsen	Skúlaskeið	6	14	70%
1900	Benedikt S. Gröndal	Gaman og alvara (brot)	7	9	56%
1900	Steingrímur Thorst.	Fyrr og nú, Ég geng um foldu	13	13	50%
1950	Vilhjálmur frá Skáholti	Á café, Ættjardarljóð	27	13	33%
1950	Steinn Steinarr	Nokkur styttri ljóð	20	16	44%
1950	Hulda	Jón Ögmundsson biskup	7	9	56%
1975	Hannes Pétursson	Nokkur styttri ljóð	12	10	45%

²⁴ *Bragi, óðfræðivefur.*

Tafla: Þróun stuðlunar í fimm bragliða línun í öðrum kveðskap en rímna-háttum. Aldur kvæðanna er grófflokkaður eftir aldarfjórðungum. Fjórði dálkurinn í töflunni (1:3, 2:3) tilgreinir hve margar fimm bragliða frumlínur báru báða stuðlana í fyrstu þremur bragliðum. Fimmti dálkurinn tilgreinir svo fjölda frumlína sem hafa annan eða báða stuðla aftar en í þriðja braglið og samræmast því ekki sértæku stuðlareglunni. Síðasti dálkurinn sýnir hlutfall braglína sem brjóta í bága við sértæku regluna.



Graf: Dökki liturinn sýnir hlut braglína sem samrýmast ekki sértæku reglunni en ljósi liturinn hlut hinna sem samrýmast henni.

Þegar þessar tölur eru skoðaðar er vert að hafa í huga að framboð af fimm bragliða kveðskap er afar misgott á tímabilinu. Fram undir 1800 eru fimm bragliðahættir fáir og sjaldgæfir. Talningin nær yfir drjúgan hluta þess sem varðveitt er. Einkum er úrvalið á síðari hluta 18. aldar takmarkað. Þó að fulltrúar tímabilsins séu aðeins átta braglínur frá Gunnari Pálssyni (1750), tvær frá Birni Halldórssyni (1775) og tvær frá Jóni Þorlákssyni (1800) ber að hafa í huga að fleira fannst ekki frá þessu tímabili þannig að þetta er ekki lítið úrtak, heldur lítil heild. Hér ber að hafa í huga að kveðskapur 18. aldar er að stórum hluta aðeins varðveittur í handritum. Því er góð von til þess að fylla megi upp í þessar glöppur þegar eitthvað af því verður gefið út.

Á nítjándu öld gjörbreytist framboðið með rómantísku stefnunni en með henni var fluttur inn fjöldi erlendra fimm bragliða háttá. Eftir það eru dæmin í töflunni aðeins lítið úrtak úr miklum kvæðafjölda.

Fleiri tímamót verða í byrjun nítjándu aldar því að eins og glöggt sést á süluritinu fjölgar braglinum með stuðul í fjórða og/ eða fimmta braglið verulega og eru á bilinu 10–70% en voru áður 0–6% með tveimur undantekningum, Skáld-Sveini og Stefáni Ólafssyni í Vallanesi. Þessi breyting nær aðeins til kveðskapar utan rímnahefðarinnar. Rímur halda áfram að lúta sértæku stuðlareglunni. Þó að Bólu-Hjálmur starðsetji stuðla stundum í 4. og 5. lið í kvæði sínu um Björn Erlendsson leyfir hann sér engin frávik frá sértæku reglunni þegar hann yrkir rímur undir stuðlafalli.

Þó að allt að 6% braglína brjóti í bága við sértæku stuðlaregluna fram til 1650 þýðir það ekki að hún sé ekki virk enda er tíðni of- og vanstuðlunar lítt minni í sömu kvæðum. Í Heimsósóma Skáld-Sveins eru hins vegar fjórar braglínur af þrjátíu og níu fimm bragliða frumlínur²⁵ þar sem stuðull stendur aftar en í þriðja braglið, eða 21%.²⁶

Í fáum dráttum er saga sértæku stuðlareglunnar því þessi:

- 15. öld: Fimm bragliða línur koma fram í íslenskum kveðskap. Staðsetning stuðla ekki niðurnjörvuð fyrst um sinn. Þó tregða til að stuðla aftar en í þriðja braglið.
- 16. og 17. öld: Stuðlun í 4. og 5. braglið hættir að sjást nema í undantekningartilvikum. Sértæka stuðlareglan orðin til og virðist gilda fyrir alla hætti með fimm bragliða línur. Þó ber svo við að Stefán Ólafsson virðir hana að vettugi.
- 18. öld: Sértæka reglan enn í gildi.
- 19. öld: Nýir fimmlíðahættir koma fram og sértæka reglan lætur undan nema í rímum þar sem hún gildir áfram.

Það eru ekki bara nýju bragarhættirnir sem eru án sértæku reglunnar síðustu tvær aldir. Hulda yrkir kvæði um Jón biskup Ögmundsson

²⁵ Ástæða þess að 39 slíkar línur finnast í 16 erindum er sú að oftast mynda 7. og 8. lína annars vegar en 9. og 10. lína hins vegar braglínur en í sjö tilvikum eru 8. eða 10. lína sérstuðlaðar og því taldar með. Þá gerist það oft að 8. eða 10. lína hefur aukastuðlappar á eftir höfuðstaf en þær eru ekki taldar með.

²⁶ Enginn munur er á stuðlun í *Heimsósómakvæði* eftir handritum eins og sjá má hjá Guðrúnu Nordal (1982).

undir ljómalagi á 20. öld og eins og sjá má í töflunni hér að ofan stuðlar hún jöfnum höndum í fyrri og síðari hluta braglínu. Val Huldu á bragarhætti er engin tilviljun, hún velur þekktasta hátt Jóns Arasonar til að yrkja kvæði um annan kaþólskan biskup.²⁷ Þó heldur hún ekki tryggð við hina fornu reglu um dreifingu stuðla.

6. Varðveisla, bragreglur og bragkunnátta

Eins og fyrr hefur verið vikið að er sértæku stuðladreifingarreglunnar fyrst getið í bragfræðiriti Helga Sigurðssonar 1891. Hún virðist því hafa verið í hávegum höfð öldum saman áður en vitað er til þess að nokkur hafi lýst henni skriflega. Á þessu geta verið þrjár skýringar:

- a. Heimildir hafa glatast um tilurð reglunnar og varðveislu.
- b. Reglan hefur varðveist í munnlegri geymd þannig að hver hefur numið af öðrum án þess að orðið hafi til eldri skriflegur vitnisburður um það.
- c. Bragtilfinning skálda og hagarðinga hefur kallað á regluna.

Þó að skýring a. kunni að vera rétt þá er hún takmörkuð. Heimildirnar væru þá óprentuð bragfræðihandrit sem hafa glatast einhvern tíma á síðari öldum. Hins vegar hefur verið ort samkvæmt sértæku stuðladreifingarreglunni alveg fram á 21. öld.²⁸ Auk þess er meint heimild hvergi nefnd í öðrum ritum. Þessi skýring er því harla ósennileg.

Skýring b., að fræðin hafi gengið munnlega frá manni til manns, er sennileg. Hún skýrir auðvitað ekki hvernig reglan gat orðið til en eftir það hafa ung skáld numið hana af eldri mönnum og séð hana í eldri kveðskap. Þannig hafi hún getað verið í gildi um langan aldur eftir að hún varð óvirk í bragvitund skálda. Með því er átt við að skáldum hafi ekki lengur fundist stuðlar í fjórða og /eða fimmta braglið hljóma sem braglýti en samt sem áður forðast það vegna kunnáttu sinnar á bragreglum og kveðskap eldri skálda.

Skýring c. gerir svo ráð fyrir að bragtilfinning hafi a.m.k. að einhverju leyti ráðið því að rímnaskáld héldu regluna í heiðri öldum

²⁷ Þórður Helgason bendir á þetta (2004: 77–78).

²⁸ Sbr. *Þjóstólfsrímur hamramma* eftir Pétur Stefánsson (2012). Pétur heldur fullri tryggð við sértæku stuðlaregluna.

saman. Ólíkt hinum skýringunum getur þessi varpað ljósi á upphaf reglunnar og uppgang hennar.

Kristján Árnason, málfræðingur, (í vinnslu: kaffi 6.3) vísar á mun sem er á hugtökunum **málfræði** og **málreglur** annars vegar en **málkunnátta** hins vegar í generatívi málfræði þar sem gerður er skýr greinarmunur á þeirri hæfni eða kunnáttu sem málnotendur búa yfir, líka þeir sem hafa engar málfræðireglur lært í skóla (málkunnátta), og lýsingum á reglum og hömlum sem kunnáttan hvílir á (málfræði, málreglur). Þessu megi snúa upp á bragfræði og tala um **bragfræði**, **bragreglur** og **bragkunnáttu**. Bragkunnáttan sé þá einhvers konar hæfni eða kunnátta og skilningur eða tilfinning sem menn öðlist á svipaðan hátt og móðurmálskunnáttu á máltökustigi, fremur en af tilsögn.

Hins vegar er afar örðugt að gera sér hugmyndir um málkunnáttu (og þar með bragkunnáttu) fólks án þess að hafa aðgang að lifandi málhöfum (braghöfum). Því verða hugmyndir um hvað olli reglunni í öndverðu aldrei annað en getgátur.

Aftur á móti er hægt að athuga hvort eitthvað eimi eftir af ómeðvitundum reglum eða hömlum, sem skýrt gætu sértæku stuðlaregluna, í bragkunnáttu hagrðinga og rímnaunnenda nú á dögum. Í því skyni sendi ég út fyrirspurn til nokkurra tuga manna, annars vegar í hagrðingahópnum Boðnarmiði á samfélagsvefnum Facebook en hins vegar á Leir, póstlista hagrðinga. Fyrirspurnin var á þessa leið:

Hvernig bregst brageyra þitt við eftirfarandi vísu:

Finnst þér boðlegt stuðlafall mín staka,
þriðja og fimmta þótt í lið
þokist stuðlar út á hlið?

Leyfir eyra þitt að vikhend vísa
stuðli í liðum fjögur, fimm?
Fara hár að rísa?

Þá tók ég sérstaklega fram að ég væri ekki á höttunum eftir vitnisburði bragfræðiboka, enda ljóst að þær mæltu gegn svona stuðlun. Ég væri aðeins að spyrja hvort þetta hljómaði rétt eða skakkt.

Mér bárust fimmtán efnisleg svör. Hér á eftir fer kjarninn úr hverju og einu þeirra:

- a. Stuðlasetningin í vísunum særir ekki mitt brageyra.

- b. Engin sárindi í brageyranu, hvorki í stuðlafalli þínu né vikhendu.
- c. Í góðu lagi eftir því sem ég best fæ séð.
- d. Annar eða báðir stuðlarnir eru í hákveðu í báðum vísunum. Það er þar af leiðandi í góðu lagi.
- e. Mér finnst þetta þrýðilega stuðlað – hef ekki hugmynd um reglurnar en þokkalega tamið brageyra – held ég.
- f. Þær hljóma bara vel.
- g. Mér finnst vera fallegur rytmi í þessu.
- h. Ef eitthvað þykir að þessu finnst mér frekar að þurfi að breyta bragfræðireglum fyrir stuðlafall og vikhendur.
- i. Þetta særir mig ekki mikið – hef einmitt oft spáð í hvernig standi á þessari reglu.
- j. Ég kynntist stuðlafalli bara nýlega þegar ég las gamlan kveðskap. Ég tók eftir því að stuðlarnir komu aldrei aftarlega í fyrstu línuna og fór eftir því þegar ég prófaði að yrkja sjálfur.
- k. Fyrsta lína vikhendu og stuðlafalls er svolítið eins og halaklippt fyrsta lína braghendu, sem aftur er í raun eins og tvær fyrri línur úrkasts runnar í eina. Vikhenda og stuðlafall hafa því tvo fyrri stuðlana en sleppa þeim síðasta, sem hefur stöðu höfuðstafs í úrkasti. Stuðlarnir tveir finnst mér verði að hvíla þar sem þeir gera venjulega, t.d. í braghendu.
- l. Lína sem er svona afturþung af stuðlum kallar kannski einhvern veginn frekar á höfuðstaf í næstu línu en þegar stuðlarnir dreifast jafnar á línuna. Manni finnst maður frekar snuðaður um höfuðstaf svoleiðis.
- m. Í venjulegri ferskeytlu koma ekki þrír bragliðir í röð án stuðla. Í vikhendunni þarna er eins og byrjun fyrstu línunnar sé laus, ekki bundin inn í heildina.
- n. Hliðarspor stuðlafallsins truflaði mig ekkert, en það risu nokkur hár við vikhenduna. Fannst hún... ja, kannski eilítið stíð. Veit ekki af hverju – kannski á maður von á stuðlunum fyrr og þar með finnst manni takturinn koma svolítið seint.
- o. Kannski eyranu finnist fjórði og fimmti liðurinn of veikir þegar síðasti stuðullinn er horfinn.

Sé þetta tekið saman kemur í ljós að tíu svarendur (a.–j.) hafa ekkert við vísurnar að athuga. Þar af vitnar j. ágætlega um lærða stuðlun.

Í síðustu fimm tilsvörunum (k.–o.) koma fram afar áhugaverðar skýringar og hugleiðingar. Hér reyna svarendur að finna einhverjar skynsamlegar ástæður sem skýrt geti sértæku regluna.

Röksemdir svaranda k. um skyldleika við braghendur og svaranda l. um að finnast maður „snuðaður um höfuðstaf“ voru reifaðar í 4. kafla og rök færð fyrir því að þær hrökkvi ekki til sem skýring. Svarendur m. og n. lýsa líklega því sama báðir, það er að segja tilfinningu tengdri því að fyrsti stuðull vísunnar *Leyfir eyra þitt að vikhend vísa* birtist ekki fyrir en í fjórða braglið. Þá er komið fram í fimmta braglið þegar loks heyrst hvaða liðir stuðla saman. Þannig sé of langt liðið á braglínuna þegar í ljós kemur að hún er í raun stuðluð. Þetta er áhugaverð röksemd. Svarendurnir tveir kvörtuðu þó ekki undan stuðlafallslínunni *Finnst þér boðlegt stuðlafall mín staka* þó að það komi heldur ekki í ljós þar fyrir en í fimmta braglið hvað stuðlar saman. Einkum skiptir þó máli að aðfinnslur þeirra gætu vart náð til stuðla í þriðja og fjóra braglið, enda er slíkt leyfilegt og algengt í flestum bragarháttum. Skýringartilraun m. og n. er því ekki nægileg til að varpa ljósi á grundvöll sértæku reglunnar.

Þá standa aðeins eftir orð svaranda o. um að fjórði og fimmti bragliður séu, eða hafi þótt, eitthvað veikari þegar síðasti stuðullinn (eða höfuðstafurinn) er horfinn. Þar er tekin allt annar póll í hæðina en í umfjöllun um tilgátu 3 á bls. 72–74 (um að fjarlægð dragi úr væntingum um höfuðstaf). Þar var því velt upp hvort stuðlar í 4. og 5. braglið væru of sterkir gagnvart fyrsta braglið annarrar línu þannig að ekki væri hægt að hefja hana á annarri áherslu en höfuðstaf gagnvart þeim. Þegar hefur verið getið lýsingar Ph. Schweitzers (1887) á hákveðum og lágkveðum sem skiptast á í braglinum en hvergi hafa fundist neinar kenningar um að styrkur liða fjari út eftir því sem braglína lengist. Skýringartilraun svaranda o. gengur því ekki upp nema takist að sýna fram á það.

Í sem skemmstu máli gefur enginn svarendanna fimmtán í raun til kynna að sértæka stuðlareglan sé hluti af undirliggjandi bragvitund sinni. Enginn minnst á að gera þurfi ráð fyrir braghvöld. Þó að fimmtán manns séu ekki stórt úrtak eru svörin það afdráttarlaus að óhætt ætti að vera að halda því fram að sértæka stuðlareglan sé óvirk í undirliggjandi bragkunnáttu hagyrðinga og vísnavina í upphafi 21. aldar. Þeir sem hlíta reglunni gera það af virðingu við hefðina. Það er lærd stuðlun.

Sennilega hefur reglan verið óvirk lengi. Rómantísku skáldin hafa fundið það þegar þau kusu að ganga gegn henni og líklega hefur Stefán Ólafsson í Vallanesi einnig áttað sig á því, hálfri annarri öld á undan sinni samtíð, þegar hann samdi kvæðið *Um þá fyrri öld* og

Þessa. Stefán var hámenntaður maður, nógu lærður til að geta ögrað hinni lærðu stuðlun.²⁹

7. Lokaorð og samantekt

Fimm bragliða línur birtast sem nýjung í íslenskum kveðskap með Heimsósóma Skáld-Sveins á síðara hluta 15. aldar. Hann stuðlar sjálfur samkvæmt almennum bragreglum en á 16. öld hverfa stuðlar aftur en í þriðja lið nær alfarið úr fimm bragliða línunum. Breytingin er svo afgerandi að hún verður að bragreglu. Í þessari grein hefur verið farið yfir ýmsar tilgátur um það hvers vegna stuðladreifingin varð þrengri en almenn braglög má segja til um. Fýsilegust virðist tilgáta nr. 4 sem reifuð er í 4. kafla, um braghvöld eftir annan lið. Sé hún rétt verður að gera ráð fyrir því að braghvöldin hafi verið horfin úr upplestri og/eða kveðandi á 18. eða 19. öld og reglan því orðin óvirk.³⁰

Það sem særði brageyra 16. aldar manna á samkvæmt tilgátunni ekki lengur við. Rímnaskáld og hagnyrðingar hafa þó haldið gömlu regluna í heiðri allar götur síðan og gera almennt enn þó að minna fari fyrir rímnahefðinni en oft áður. Þar er örugglega á ferðinni lærð stuðlun, það er að segja, menn gera meiri kröfur til sjálfra sín en brageyra þeirra fer fram á.

²⁹ Sbr. Kristján Árnason, bókmenntafræðing, (1999) sem bendir á að Stefán hafi ráðist til atlögu við sjálf höfuðskáld Rómverja, Hóras og Virgil, fyrstur manna hér á landi.

³⁰ Hugsanlega hefur meint braghvöld verið horfin úr framburði þegar á 17. öld sé horft til þess að Stefán í Vallanesi fór gegn sértæku reglunni í kveðskap sínum.

HEIMILDIR

- Bjarni Jónsson Borgfirðingaskáld og Hallgrímur Pétursson. 1956. *Rímur af Flóres og Leó*. Útg. Finnur Sigmundsson. (Rit Rímnafélagsins VI.) Reykjavík.
- Björn Karel Þórólfsson. 1934. *Rímur fyrir 1600*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn.
- Bragi, óðfræðivefur. Vefur. Stofnun Árna Magnússonar. Ritstjóri: Kristján Eiríksson. <http://bragi.arnastofnun.is>.*
- Eiríkur Jónsson. 1981. *Rætur Íslandsklukkunnar*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Guðrún Nordal. 1982. Heimsósómi. Athugun á upptökum íslensks heimsádeilukveðskapar. Óprentuð ritgerð til B.A.-prófs í íslensku. *Handrit.is*. Vefur. Samskrá yfir íslensk og norræn handrit. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík. <http://handrit.is>.*
- Hallgrímur Pétursson. 1890. *Sálmar og kvæði*. II bindi. Kostnaðarmaður Sigurður Kristjánsson. Reykjavík.
- Háttatal*. 1991. Edda Snorra-Sturlusonar. Útg. Anthony Faulkes. Clarendon Press, Oxford.
- Helgi Sigurðsson. 1891. *Safn til bragfræði íslenskra rímna að fornu og nýju*. Prentað í Ísafoldarprentsmiðju, Reykjavík.
- Íslandske originaldiplomer indtil 1450*. 1963. Tekst. Editiones Arnarmagnæanæ. Series A, vol 7. Stefán Karlsson gaf út. Kaupmannahöfn.
- Jóhannes L.L. Jóhannsson. 1895. Um ný-íslenska bragfræði. *Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*. 16. árgangur, bls. 230–252.
- Jónas Hallgrímsson. 1989. *Ljóð og lausamál*. Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I. bindi. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Kristján Árnason bókmenntafræðingur. 1999. Ljóðabýðingar úr latínu fyrir 1800. *Vefnir*. Tímarit félags um átjándu aldarfræði. Vefrit. <http://vefnir.is/grein.php?id=709>.*
- Kristján Árnason málfraeðingur. [Í vinnslu]. Stíll og bragur. Um form og virkni íslenskra texta. Handrit að bók.
- Kristján Eiríksson og Jón Bragi Björgvinsson. 2001. *Óðfræðiágrip*. Ferskeytlan, Mosfellsbæ.
- Óskar Halldórsson. 1972. *Bragur og ljóðstíll*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

* Vefheimildir sannreyndar 28. september 2012.

- Pétur Stefánsson. 2012. *Þjóstólfsríma hamramma*. Rafbók. Höfundur gaf út.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 1990. *Bögubókin*. Höfundur gaf út, Reykjavík.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2012. *Tólf alda tryggð*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Rímnasafn*. 1913–1922. Samling af de ældste islandske Rimer. 2. bindi. Finnur Jónsson gaf út. Samfund til Udgivelse af gammel nordisk Litteratur, Kaupmannahöfn.
- Schweitzer, Ph. 1887. Um stuðla setning og höfuðstafs í íslenzku. *Tímarit Hins íslenska bókmentafelags*. 8. árgangur, bls. 316–318.
- Sigurður Breiðfjörð. 1965. *Aristómenesrímur*. Önnur útgáfa. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Sveinbjörn Beinteinsson. 1953. *Bragfræði og háttatal*. H.f. Leiftur, Reykjavík.
- Vésteinn Ólason. 1993. Kveðskapur frá síðmiðöldum. *Íslensk bókmenntasaga II*. Mál og menning, Reykjavík.
- Þórður Helgason. 2004. Áfangar II. Bls. 75–89. *Són* 2.

Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir

LJÓÐ III

HÉR OG ÞAR · VIÐ GAMLA KLOFA · VÖRKVÖLD SEM VAR
AÐDRAGANDI · VETUR I

Hér og þar

Himinblá augu
barnsins augu
hlæja að hringaðri rófu
hlaupandi
eftir svartvængjuðum árásarher
á haustgulu engi

Dökkbrún augu
næturdimm barnsaugu
á hlaupum
undan hvínandi stálvængjum
verða steikt á sandi
gulum sandi

Hvers vegna?

Við gamla Klofa

Vindurinn rekur slóðir
milli sandhólanna
les torfalög af melnum.

Bæjarhóllinn bitinn og beinaber
ögn loðnari
lætur lítið yfir sér
með þeim
sem þar urðu til

síðar
settust í túnið
nýir hólar
lokuðu leiðunum

Undir torfunum
liggja þau öll
sem háðu sín stríð
við veður og vald
húsin hrunin
horfin
kirkjan
sporin
sorfin af gjóstrinum

slægjan
orðin að eyju
í auðninni

Vorkvöld sem var

Skellirnir frá bátunum
sigldu á kvöldlofninu
inn um opna glugga.

Við bryggjusporðinn
riðu karlar net
og spáðu í veður og afla
á meðan konurnar
báru blómafregnir
milli garða.

Krakkarnir kölluðust á
við kola og marhnút
hjá máriuerlunni
sem lá á eggjum
undir iljum þeirra.

Nú er fólkið farið
og fuglarnir
horfnir af hreiðri.

Trébryggjan gamla
er gengin á land
orðin að steini.

Aðdragandi

Snjófölin liggur sem hvít blæja
á skriðum og klettum

Haustið er í höfði mér
og leggst á hugsanirnar
og læsir sig í orðin
og stækkar tungurótina
og þrengir andardráttinn
og allt breytir um lit
verður erfitt og háskalegt

Ég heyrir gustinn í garðinum hvísla
að visnuðum blöðum:
Varið ykkur á norðanvindinum

Vetur I

Fjöllin
stundum nálæg
stundum ekki

undir þeim
sést ekki sólin
fyrir vetri

Heimir Pálsson

Grátittlingurinn eina ferðina enn

Smágrein þessi fjallar um „Grátittlinginn“ eftir Jónas Hallgrímsson. Fyrir höfundu vakir einkum að hugleiða val skáldsins á bragarhætti en einnig að vekja athygli á að hin kristilega túlkun kvæðisins sem hæst hefur borið, er ekki einhlít.

Grátittlingur er miklu oftast nefndur *þúfutittlingur* og í *Fuglum Íslands og Evrópu* (Peterson 1962:301) eru grátittlingar sérstök deild og taldir með erlum.

Endurreisn fornra rímaðra braga

Sú endurreisn sem norrænir bragarhættir miðalda hlutu í íslenskum bókmenntum átjándu og nítjándu aldar tók einkanlega til edduháttanna og er þar frægust endurnýjun þeirra Bjarna Thorarensens, og Jónasar Hallgrímssonar.¹ Ástar- og erfiljóð Bjarna, flest undir frjálslægu *fornyrðislagi* eða *málahætti* voru stórfengleg endurnýjun og Ferðalok og hunangssætur *ljóðaháttur* þeirra voru og eru meðal gimsteina íslenskrar ljóðlistar. Báðir stóðu þeir Jónas og Bjarni föstum fótum á herðum Benedikts eldra Gröndal, Sveinbjarnar Egilssonar og Jóns Þorlákssonar, höfðu notið þýðinga sem áttu sér naumast hliðstæðu í íslenskrri bókmenntasögu. Svo vel hafði Sveinbirni tekist að flestir héldu víst að þeir væru að vitna í „Hávamál“, ekki Ovid, þegar þeir puldu:

Römm er sú taug
er rekka dregur
föðurtúna til.

¹ Um þessa endurreisn fjallar Sveinn Yngvi Egilsson ágætlega (1999). Ég fylgi honum og Kristjáni Árnasyni (2005b) að mestu um endurskoðun Jónasar á dróttkvæðum hætti en reyni að auka við vangaveltum um sjálft *valið* á hættinum. – Blygðunarlaust tala ég í þessari grein um rímaða fornætti þótt einkum sé átt við dróttkvætt og hrynhent, og eru þá hendingarnar kallaðar rím.

Og Jónas var svo sannfærandi að í barnæsku minni var hlegið að prestinum sem sagði í stólræðu eða við jarðarför: „Eins og heiðna skáldið kvað:

Háa skilur hnetti
hímingeimur,
blað skilur bakka og egg
en anda sem unnast
fær aldregi
eilífð að skilið.“

Reyndar sögðu illkvittnar tungur að hann hefði haft niðurlagið: „en anda sem unnast / fær eilífð aðskilið.“

Þessum skáldum og þýðendum hafði tekist það sem bókmenntasagan kann fáein dæmi um: Að laga fornan hrynjandi að nútíma. Hoppa yfir nokkrar aldir málsögunnar og láta allt hljóma eins og nútíma. Þetta tókst m.a. vegna þess að þeir höfðu enga hugmynd um hljóðdvalarbreytinguna, hlustuðu fremur á rímur en fornan kveðskap, kunnu að sönnu að skandera á latínu og grísku en fluttu þær hljóðlengdarreglur ekki eða naumast til nútímamáls síns. Sjálft hjálpaði móðurmálið þeim, eins og síðar verður að vikið.

Hljóðdvalarbreytingin

... mikilsverður munur [er] á hrynjandi í eldri og yngri kveðskap íslenskum sem tengist hljóðdvöl, sem svo hefur verið kölluð, eða atkvæðapunga. Forn atkvæði höfðu mismunandi hljóðdvöl eða voru misþung en það réðst af því hvernig þau voru upp byggð. Annars vegar réðst hljóðdvöl af lengd sérhljóðanna, hins vegar því hversu mörg samhljóð fylgdu sérhljóðunum.

... Einungis þung atkvæði [...] gátu borið ris ein og sér.

Kristján Árnason (2003:33).

Þess er að gæta að rímuðu hættirnir af dróttkvæðakyni höfðu miklu meiri og nánari tengsl við hina fornu hljóðdvöl en edduhættirnir. Næst-síðasta atkvæði línu í dróttkvæðri vísu skyldi t.d. vera langt, hið síðasta stutt og helst ending. Þannig mátti vísuorð enda á *fórum*, *færi*, af því áherslusérhljóðin voru löng, og þar með varð áhersluatkvæðið langt, endingarnar léttar og áherslulausa atkvæðið því stutt, en jafnvel mátti sjá langt atkvæði í áherslulausri stöðu en ekki stutt í áhersluat-

kvæðum. Því var *far þú* og *farðu* væntanlega ótækt, því þar var stutt sérhljóð í áhersluatkvæðinu. Hér skulu aðrar reglur dróttkvæðs háttar ekki raktar, enda voru þær úr samhengi við þá hljóðdvöl sem Jónas Hallgrímsson og samtíðarskáld hans höfðu tamið sér og var sú sama og nú: Sérhljóð urðu löng, ef þau voru stök (*á, í*), eða upprunalega löng í enda orðs (*bú*) eða á undan stuttu samhljóði (*far*, hafði stutt a að fornu, var nú langt), stutt á undan löngu samhljóði (*beinn* hafði bæði langt tvíhljóð og langt samhljóð að fornu). Þar með varð þá fyrra atkvæði í *fara* langt en hafði verið stutt áður. Kristján Árnason bendir þessu til skýringar á rímorðin *halur* og *dali* í smákvæðinu „Víti“ og hnykkir á með eftirfarandi orðum: „Af málkerfislegum ástæðum var Jónas ónæmur fyrir hinni gömlu hljóðdvalarhömlu og því ókleift að líkja að fullu eftir eldri hrynjandi, sem bauð t.d. upp á klofin ris.“ (2005b:217).

Með þessu er ekki allt sagt. Þegar Snorri eða einhver annar samdi athugasgreinirnar við Háttatal komst hann svona að orði:

Svá skal hendingar setja í dróttkvæðum hætti at hin síðari hending í hverri vísu (hverju vísuorði R), sú er heitir viðrhending, hon skal standa í þeiri samstífu er ein er síðarr. En sú er frumhending heitir stendr stundum í upphafi orðs ok kþllum vér þá oddhending, en stundum í miðju orði ok kþllum vér þá hluthending. Þessi er dróttkvæðr hátt (2012:264).

Seinna rímatkvæði átti sem sagt að standa í síðasta risi dróttkvæðs háttar, frumhending fremst en hluthending í þeim bragliðnum sem í miðju vísuorði lenti, því alls voru atkvæði sex, ris þrjú. Þetta er svo sem nógu njörvað, en þó er ekki minnst á það sem var sjálfsgöðasta reglan: Ris bragliðanna og þar með rímatkvæðið sjálft, skyldi vera langt. Á það er ekki drepið, líklega vegna þess að það var svo sjálfsgagt að tók því ekki að nefna það. Löng atkvæði gátu reyndar líka verið áherslulétt og virðast ekki talin braglýti. Þannig er um víshelming Skafta Þóroddssonar (sjá t.d. Snorra Sturluson 2012:192):

Máttir er munka dróttins
mestr; aflar guð flestu.
Kristr skóp ríkr ok reisti
Róms höll, veröld alla.

Þarna er hlaðið saman löngum atkvæðum, en eftirfarandi hnoð væri ótækt, jafnvel þótt *rosa þrasi* gæti verið tækisfall:

Hefir kvæði kveðið
 konu maður glaður
 þarfur, rosa þrasi,
 þrekinn, saman rekinn.

Þarna eru tvö áhersluatkvæði löng að fornu mati (*kvæ-* og *þarf-*), öll hin stutt, en með nútímareglum er allt í sóma vegna þess að áherslusérhljóðin eru löng síðan hljóðdvalarbreytingin gekk yfir.

Tímasetning hljóðdvalarbreytingarinnar er erfið. Kristján Árnason (2005a:334) komst svo að orði í fyrsta bindi *Íslenskrar tungu*:

Einhver fyrstu merki sem sjá má um að breyting sé að verða á þessu eru í kvæði sem nefnist Pétursdrápa. Þetta kvæði, sem fjallar um Pétur postula, er ort undir dróttkvæðum hætti þótt efnið sé trúarlegt, og hættinum er raunar fylgt býsna vel. En fróðlegt er að í kvæðinu eru nokkur dæmi þar sem gera verður ráð fyrir því að orð sem hafa létt atkvæði samkvæmt fornum hljóðdvalarlögmálum beri ris. Hér má nefna línur eins og:

brjóst ok *bar* inn löstu (4,3)
 ótt til *grafar* dróttins (45,8)

Reyndar hefði allt eins mátt nefna ágæta braglínu úr 2. erindi kvæðisins: *faðir gat son án sáði*. En um aldur Pétursdrápu er margt á huldu, Finnur Jónsson taldi hana frá 14. öld en Kristján bendir á að ekkert sé því til fyrirstöðu að kvæðið sé frá fimmtánda öld (elsta handrit frá þriðja fjórðungi 15. aldar) og kunni þá að vera merki þess að einmitt á þeirri öld hafi áhrif breytingarinnar farið að sjást.²

Með vissum hætti sýnist forn hljóðdvöl hafa lifað, jafnvel löngu eftir að hægt er að gera ráð fyrir að skáldin heyri lengdarmun á hljóðum að fornum hætti. Árni Magnússon handritasafnari heiðraði vinnuveitanda sinn, Thomas Bartholin, með kvæði sem ævisöguritarinn, Már Jónsson, segir að veki athygli á að Bartholin skrifi nú „viturlega um það hvernig löngu dauðir vaskleikamenn lifðu, vopndjarfir og hugrakkir.“ Með samræmdri stafsetningu verður vísan um þetta svona (Már Jónsson 1998:80):

² Þess skal getið að útgefandi kvæðisins í McDougall (2007:797), David McDougall, aldursgreinir kvæðið ekki nánar en að benda á terminus post quem, snemma á fjórtánda öld með tilkomu Péturs sögu postula.

Hversu forðum hersa
 hrundu á birtings kundar
 lætr hann líka vitað
 leið víkinga skeiðum,
 setr fyrir sjónir ýtum
 sæskíða margprýði,
 hefr um vápn og hlífar
 helzt vitrliga ritað.

Athygli vekur að ekki stendur í Árna að nota lýsingarháttinn *ritað* í lokastöðu áttunda vísuorðs. Það sýnir að hann fylgir ekki gamalli hefð og gerir fornan mun stuttra og langra sérhljóða án tillits til stöðu. Áhersluatkvæðið í *ritað* er stutt, en það ber áherslu og því vel tækt í rím. Flest annað er samkvæmt hefðinni í þessari vísu.

Þannig er kveðið á sautjándu öld, og enn er merkilegt uppi þegar Jón Þorláksson þarf að yrkja skammir um *Sálmabókina* 1801, gerir hann það meðal annars í kvæðinu „Gerðufall“ með undirfyrirsögn: „Heyrir til 55tu dæmisögu í Eddu,“ en það var einmitt sagan af einvígi Þórs við Hrungni og Þjálfva við leirjötuninn Mökkurkálfa (með merarhjartað) á Grjóttúnagerði eða görðum (1976:124):³

Leirdraugs á landamæri
 lækjum streymdu brækur;
 meyrtr varð hryssu hjarta,
 hjó Þjálfvi Mökkurkálfa;
 jóði gaut jötunsmíði
 jafnframt, Leirgerði að nafni,
 það var fálunegg⁴ föður;
 fæddist dóttir af ótta.

Óx úr felmturs-flygsu
 flagð á augabragði,
 haus sat baktil á búki,
 blint varð framm⁵ að þramma;
 Leir-dóttir, gjörð við Garða

³ Í elstu útgáfum voru godsögurnar í *Eddu* kallaðar dæmisögur og tölusettar.

⁴ *Fála* er tröllkona, *negg* er hjarta.

⁵ Í útgáfunni stendur *fram*, en vegna rímsins við *þramma* skrifað hér *framm*.

grjótuna, missti fóta,
öll í æðru polli,
elli-frí varð mella.

Leirburðar-gjár við Garða
Gerðufall því er kallað
gleypendum hjá nær gapa
grafir milli hljóðstafa.
Forði mér falli Gerðu
fræðadísir vísar
og í merarneggs mýri
Mökkurkálfa að sökkuva.

Það sem er einkennandi fyrir þetta kvæði er að skáldið velur saman eddusögu og fornhátt, form og inntak renna saman á hinn æskilegasta hátt, auk þess sem Leirárgarðar og Grjótúnagarðar verða eitt, samhliða þeim orðaleik að allt *grjót* sem Hrungni fylgir í Eddu verður að *leir* í kvæði Jóns. Sérlega litríkt er að hljóðgöpin í *Leirgerði* verða grafir sem gapa milli hljóðstafa og undirstrikaðar með vísuorðinu *gleypendum því hjá nær gapa!* Er óhætt að fullyrða að þarna hafi næsta kynslóð skálda getað ýmsa klæki lært.

„Gerðufall“ er undir dróttkvæðum hætti eins og Snorri kynnir hann. Skothendingar eru í stökum vísuorðum, aðalhendingar í jöfnum og af 81 áhersluatkvæði eru aðeins fjögur stutt: *föður, gapa, grafir* og *stafa*. Auk þess er nokkur vafi á hvernig lesa á það var í 1. erindi, og er reyndar skothending á móti *föður*. Þrjú þessara orða koma við sögu einmitt þegar rætt er um hljóðgöp *Leirgerðar*. Kann að liggja í því nokkur hnífill.

Jón kvað einnig dróttkvæða vísu til Rasmusar Rasks er sá síðar-nefndi hafði gefið út *Vejledning til det islandske eller gamle nordiske sprog* árið 1811. Vísan er svona (1976:94):

Fróðri mennt hefir feðra
frummál norrænu vorra
Rask af rötum visku
réttvel látið spretta.
Engin íslensk tunga
ættag geti það betur.
Heiðrist lærður af hauðri
höfundur rits og gjöfull!

Athyglisvert er að eina villa í hljóðlengd miðað við fornan sið kemur fram í orðunum *geti það betur*, en sýnir ótvírætt að skáldið *heyrir* ekki sérhljóðalengdina að fornum hætti.

Enn skýrara verður þetta hjá Bjarna Thorarensen (1935:73) í vísu-helmingi um hina heittelskuðu:

Drósin blíðust brosir
bréf mitt þá lesið hefir,
sæmilega það saman
síðan leggur hin fríða!

Mér sýnist óhætt að draga þá ályktun að hvorki Bæsárklerkur né amt-mannsefnið hafi heyrt nokkurn mun á fornri og nýrri lengd í áherslu-atkvæðum. Jón rímar saman *geti* og *betur*, Bjarni *drós* (langt) móti *bros-*, *bréf* móti *hef-*, og *sæm-* móti *sam-* og í öllum tilvikum langt að fornu móti stuttu að fornu. Áhersluatkvæðin eru orðin löng öll saman og ekkert stendur í vegi fyrir ríminu. Samt kemur það ótrúlega sjaldan fyrir hjá Jóni og almennt eru löng áhersluatkvæði (forn) ríkjandi í þeim vísu sem hér eru til athugunar. Skal sérstaklega bent á kvæði Bjarna „Sólar-uppkomuna“ (1935:25), sem ort er fyrir 1811 að því er fræði herma. Þar er á ferð dróttkvæður háttur, 3 erindi og því 72 áhersluatkvæði. Þar af eru þrjú stutt að fornu tali.

Annað er hins vegar nokkur nýlunda, ef horft er til ströngustu reglna um dróttkvæðan hátt á dögum Snorra. Bæði Jón og Bjarni nota þríliði í stað tvíliða þegar hentar í fyrstu og annarri kveðu. Er þá forn lengd atkvæða engin fyrirstaða. Í „Gerðufalli“ hefur Jón upp raust sína með *Leirdraugs á | landa | mæri* (lóðrétt strik marka bragliðaskil) og hefur í einum þrílið þrjú löng atkvæði að fornu tali. Er þá vissulega þess að gæta að lengd atkvæða í hnígandi hluta bragliðar virðist lengstum hafa skipt litlu.⁶ Ef litið er á „Gerðufall“ Jóns sýnist mér eðlilegt að gera ráð fyrir 12 þríliðum þar og eru jafnmargir í 1. braglið og 2. Þá bregður Jón fyrir sig tvöföldum forlið: *og í í 3,7*. Ljóslega er þetta vísbending um að skáldið telji sér nokkuð fjálfst hvernig það fyllir bragliðina og stangast þá á við það sem áður sagði um löng og stutt atkvæði (að fornu tali).

Fá kvæði Jónasar Hallgrímssonar fylgja reglum dróttkvæða jafn vel og „Sláttuvísa“ (1989:178–179). Hún er undir reglulegum dróttkvæðum hætti að því leyti að sex atkvæði eru í hverju vísuorði, þrjú

⁶ Einar Ólafur Sveinsson komst svo að orði: „Að jafnaði eru risin löng atkvæði, en í hnigum skiptir lengd vanalega ekki máli.“(1962:111).

Þung og þrjú létt, engir þríliðir og nánast kveðið í hljóðlíkingu eftir sláttuhljóðum. Þar eru þó nokkur stutt atkvæði að fornum síð höfð í þungri stöðu. Ellefu áherslustöður eru fylltar með stuttum atkvæðum í 90 bragliðum alls eða um 12% samanborið við ein 5% í „Gerðufalli“ Jóns. Virðist því hlutfall langra áhersluatkvæða býsna hátt.

Til samanburðar er einboðið að líta á kveðskap undir öðrum bragarháttum en dróttkvæðu og afbrigðum þess. Nærtækt er að svipast um í kveðskap Jónasar. Ef talið er í sex fyrstu tersínum í „Gunnars-hólma“ (1989:77–79) eru stutt áhersluatkvæði einungis um 20% og í „Ég bið að heilsa!“ (1989:196–197) 15,7%, ámóta og í dróttkveðnu frá sama tíma. Grímur Thomsen yrkir um „Arnljót gellina“ og hefur aðeins 15,5% stuttra áhersluatkvæða (1969:194–195); í þrem fyrstu erindum „Sumarmorguns í Ásbyrgi“ eftir Einar Benediktsson (1935:170–171) eru stuttstofna áhersluatkvæði ein 13%. Hér virðist með öðrum orðum bragarháttur ekki skipta sköpum.

Ef litið er á dæmi úr lausu máli, má nefna að á fyrstu tveim síðunum í „Grasafærð“ Jónasar (1989:281–282), drjúgum 620 orðum, eru 36% stuttstofna, en ef frá eru tekin formorð og algengustu fornöfn (*og, en, ég, við* o.s.frv.) verður hlutfall stuttstofna einungis 14%, eða ámóta og í kveðskapnum. Hversu freistandi sem það var að líta á lágt hlutfalla stuttstofna í dróttkveðnum vísnum átjándu og níttjándu aldar til marks um einhverskonar dulvitund skálda um lengdarreglur, virðist það óheimilt. Það er hreinlega tungumálið sem leggur til reglurnar, þess vegna er breytingin frá elleftu öld til hinnar átjándu fjarska lítil en reglulaus. Stuttstofna orð geta allt eins lent í þungum stöðum í bragnum.

Þetta er vafalítið ein ástæðan fyrir því að skáldum á öllum öldum er eðlilegt að grípa til dróttkvæðs háttar. En þá kann líka að vera ástæða til að spyrja um ástæður fyrir háttarvali. Er eitthvert yrkisefni öðru líklegra til að kalla á rímaða fornhætti?

Jónas og dróttkveðnar eða hrynhendar vísur

Svo telst til að Jónas hafi ort ein fjórtán númer undir dróttkvæðum hætti eða hrynhendum með stýfðum bragliðum,⁷ níu lausavísur og fimm lengri kvæði. Hér verða titlar nefndir og eru allar tilvísanir til

⁷ Freistandi er að kalla hinn sérkennilega hátt á La belle (1989:i 49) einmitt stýfðan hrynhendan hátt og greina þá afbrigðileg vísuorð eins og *míttisgrönn* og *fótnett* sem ~|-~|-|- , en *bjarteyg*, *brjóstafigur* jafnvel sem -|-|-~|~|~|.

Ritverka I 1989. Lausavísurnar eru af breytilegu tagi. Þó eru þrjár þeirra náttúrulýsingar (tvö erindi, stutt kvæði, um „Víti“ (111), ein vísa um „Fremrináma“ (111), þrjár kersknívísur („Valdi, virstu nú halda“ (159), „Þrætir“ (176) og „Síra Bessi“ (212)), ein bæn („Sólvörf“ 224), ein grínaktug umkvörtun („Aldarháttur“ 133), ein ellivísa („Að vaði liggur leiðin“ 229) og loks ein sem felld er inn í erfiljóð („Maren Havsteen“, 258). Tæpast verður sagt að þarna hafi yrkisefnin kallað á braginn. Vel mætti að vísu hugsa sér að Víti og Fremrinámar ögri skáldinu og náttúrufræðingnum og hvetji til fornra dæða, „Aldarháttur“ er kvæðinn á reið framhjá Fróða, og Björn Breiðvíkingakappi á naumast annað skilið en dróttkvæðan hátt! Það hefur löngum þótt góð latína í íslenskum kveðskap að hafa nið dýrt kveðið, og dróttkvæður háttur hentar því væntanlega vel á kerskni.

Erfiljóð eftir Maren Havsteen, ort fyrir munn annars manns, byrjar Jónas á dróttkveðinni vísu (*Leiði minnar móður / mold grær holdi kærú*) en skiptir síðan um og bætir við endarímuðu erindi með annarri hrynjandi (*Sem þá á vori sunna hlý / sólgeislum lauka nærir*). Verður ekki bent á neitt skýrt sambengi milli vísanna eða háttavals.

Bænina „Sólvörf“, sem skáldið dagsetti 22. des. 1844, mætti hugsa sér orta undir öðrum hætti, en hér notar Jónas frelsið sem fæst með því að hafa þríliða ýmist í fyrsta eða öðru sæti, jafnvel báðum:

Eilífur guð mig ali	Sss Ss Ss
einn og þrennur dag þenna!	Ss Sss Ss
lífa vil eg, svo ofar	Sss Ss Ss
enn eg líti sól renna.	Ss Sss Ss
Hvað er glatt sem hið góða	Ss Sss Ss
guðsauga? kemur úr suðri	Sss Sss Ss
harri hárrar kerru,	Ss Ss Ss
hjarðar líkn og jarðar.	Ss Ss Ss

Hér blasir við samskonar hrynjandi og sést hefur áður og við mætum í „Grátittlingnum“. Mér þykir ástæðulítið að kalla hana *draughendu* þar sem vikið er frá bragliðaskipan þess bragarháttar eins og Snorri lýsti honum og engin sérstök þörf á heiti. Það er einfaldlega val milli tví- og þríliða og þar með verður hátturinn miklu frjálsegri en hin fornu

dróttkvæði. Síðasti bragliður hverrar línu er þó alltaf tvíliður, jafnt hér sem ella í dróttkvæðum Jónasar.⁸

Hvatningar- eða ellivísan „Að vaði liggur leiðin“ fer ágætlega undir dróttkvæðum hætti frjálsum. Útgefendur (1989 IV:207) telja einboðið að leggja í hana táknrænan skilning, enda mun hún vafalítið ort undir ævilok Jónasar:

Að vaði liggur leiðin
lífs á fljótið, en brjóta
háa bakka hvekkir;
hafurmylkingar fylkja;
yfir ættum að klifa
ofar þá, ef guð lofar;
drögum ei par að duga,
og dengjum oss í strenginn!

Um þessa vísu skrifaði Hannes Pétursson (1979) ritgerðina „Ofar vaðinu“ og er engu við túlkun hans að bæta. Hannes veltir ekki fyrir sér, frekar en aðrir, vali bragarháttarins, bendir á, eftir handriti og Matthíasi Þórðarsyni, að líkur séu til að Jónas hafi hugsað sér að birta vísuna sem tvær ferhendur eins og í „Grátittlingnum“. Vel kann hann að hafa hugsað sér með þeim hætti að skapa brag sínum aukna sérstöðu, marka skil milli hans og hins forna dróttkvæðna háttar.

Fjögur kvæði með dróttkvæðum hætti

Guðmundur kaupmaður Guðmundsson lést 1841 og erfiljód orti Jónas vafalaust að beiðni bróður hins látna (155–157). Þetta er ólíkt öðrum

⁸ Sveinn Yngvi Egilsson (1999:334) hafði þessi orð um kvæðið „Víti“: „Kvæðið má kallast ort undir því tilbrigði dróttkvæðs háttar sem nefnt er *draught* í Háttalykli hinum forna og Háttatali Snorra-Eddu. Bragurinn víkur frá frumhættinum í því að aukaatkvæði, sem raunar er áhersluminna hjá Jónasi en fornskáldunum, er bætt við fyrstu kveðu hvers vísuorðs. Sú kveða verður því þríliður í stað tvíliðar, en í Víti er það þó stundum önnur kveðan sem gerð er að þrílið, stundum engin, og er það frávik frá reglulegri draughendu.“ Kristján Árnason gerir svofellda athugasemd: „Sveinn Yngvi Egilsson ... telur að aukaatkvæðið sem sett er inn í línuna megi rekja til þess háttar sem nefndur er draughenda í fornum háttatölum. En eins og Sveinn bendir á er aukaatkvæðið veikara hjá Jónasi en í gamalli draughendu, sbr t.d. dæmið sem Snorri gefur um háttinn (65. vísa *Háttatal*). Ekki er alveg ljóst hvernig túlka ber orð Snorra, en samhengisins vegna mætti ætla að draughendan væri einhvers konar afbrigði af hrynhendu, þ.e. með fjórum risum. Atkvæðin eru sjö, en í flestum línunum virðist mega setja fjögur ris.“ (2005b:226).

dróttkvæðum Jónasar að því leyti að það er ort undir beinum áhrifum vísna í Íslendingasögu, *Víglundar sögu* (1959), og sækir vísuorð í aðra og tíundu vísu sögunnar. Jónas lagar vísuorð sögunnar að aðstæðum, en einnig smekk, eins og sést ef borið er saman.

Jónas:155	Víglundar saga:84
Leiður er mér sjávar sorti og sólgáruð bára	leiðr er mér sjóvar sorti ok súgandi bára;
Jónas:156	Víglundar saga:84
Eigi mega á ægi ógrátandi lita	Eigi má ek á ægi ógrátandi lita,
Jónas:156	Víglundar saga:105
Sól gengur síð undir múla! svo langar þig þangað	sól gengr síð und múla, slíkt langar mik þangat;

Það er afskaplega Jónasarlegt að breyta *súgandi bára* í *sólgáruð bára*, það var óþarft vegna hrynjandi eða setningafræði, eins og flestar aðrar breytingar.⁹

Athyglisvert er (sbr síðar um „Leidarljóð“) að Jónas gerir sig hér sekan um braglýti í 3. erindi: *Það er ei hann, sem Fanna / hallar leið að fjalli* og vantar stuðul í fyrri línu. Svo fágætt er slíkt í kvæðum Jónasar að það vekur athygli manns.

Erfiljóðið um Guðmund er 6 erindi, en eftir það virðist Jónas hafa sannfærst um að dróttkvætt væri ekki erfiljóðaháttur, jafnvel þótt hann væri myktur með því að gera tvíliði að þríliðum. Virðist skáldið hafa sannfærst um að Liljulag væri betur fallið til erfiljóðagerðar eins og reyndist í hinu mikla kvæði um Þorstein Helgason (136–137).

„Sláttuvísa“ (178–179) og „Formannsvísur“ (204–208) eru einstæðar meðal dróttkvæða Jónasar, því báðar eru vinnuljóð. Þó er „Sláttuvísa“ enn sérstæðari þar sem hún er hljóðlíkingarkvæði (onomatopoetískt) og hermir eftir hrynjandi orfsins sem ristir í tvíkvæða skára. Þetta kvæði sver sig í ætt hinna klassísku dróttkvæða, hrynjandi byggist á

⁹ Helga Kress (2012:18) fjallar um þetta kvæði en vekur ekki athygli á breytingu Jónasar (súgandi > sólgáruð), segir aðeins: „Í kvæði Jónasar hefjast tvö fyrstu erindin á línunum úr vísu Ketilríðar, hafðar innan gæsalappa sem sýna að þær eru tilvitnanir í fyrri tíma orðaða (og myndgerða) sorg: „Leiður er mér sjávar sorti / og sólgáruð bára ...““.

þrem risum og tvö atkvæði í hverjum braglið, en setningarfræðihefð
bragarháttarins reyndar brotin strax í fyrsta erindi:

Fellur vel á velli
verkið karli sterkum,
syngur enn á engi
eggjuð spík og rýkur
grasið grænt á mosa,
grundin þýtur undir,
blómin bíða dóminn,
bítur ljár í skára.

Hér er stiklað úr fjórða í fimmta vísuorð (það er grasið sem rýkur) og
helmingar þar með bundnir setningafræðilega saman, en í fornum síð
eru ríkjandi setningafræðileg skil milli helminga í dróttkvæðum vísu, en
enda eru næstum öll dæmi „Skáldskaparmála“ vísuhelmingar. Þetta er
þó smátt samanborið við næsta erindi:

Gimbill gúla þembir,
gleður sig og kveður:
„Veit ég, þegar vetur
vakir, inn af klaka
hnýfill heim úr drifu
harður kemst á garða,
góðir verða gróðar
gefnir saudarefni.“

Nú eru átta vísuorð gerð að samfellu og þar með samkvæmt Snorra
að nýjum bragarhætti (*tiltekið* sbr 39. erindi Háttatala (1999:19)). Næstu
tvö erindi eru fjórðunga kveðskapur (*Glymur ljárin, gaman! / grundin
þýtur undir*, o.s.frv.).

Hitt vinnuljóðið, „Formannsvísur“, er þrískipt í „Framróður“,
„Setu“ og „Uppsinglingu“. Allir kaflarnir byrja á rímuðu mottói, „Fram-
róður“ er dróttkvæður, „Seta“ endarímuð en „Uppsingling“ hrynhend.

„Framróður“ er fimm dróttkvæð erindi eftir innganginn: *Hafaldan
háa! / hvað viltu mér? / berðu bátinn smáa / á brjósti þér, / meðan út á máva- /
miðið ég fer*. Dróttkvæðu erindin fimm eru hefðbundin, tvíliðuð, og mál
teygja sig mest yfir fjögur vísuorð, oftast aðeins tvö. Eina vísuorðið
sem brýtur gegn hefðinni er *á óalegan sjóinn*, þar sem forliðurinn á rýfur
hrynjandina, en við vitum náttúrlega ekki hvernig Jónas hefur hugsað

sér að upphafssérhljóðin þrjú rynnu saman í framburði. Eins og ella geta stuttstofna orð (að fornu) fengið fulla áherslu í risum (t.d. **föður minn á miði** eða **halur og færði valinn**) eða skapað hendingar móti langstofna (**dylur** dimmu **éli**).

Vel má vera að Jónas hafi áætlað stærri bálk um íslenska atvinnuvegi, en um það verður að sjálfsgöðu ekki einu sinni spáð. Hann hafði reist sláttumanninum og sjómanninum fallega minnisvarða. Lengra náði það ekki.

„Leiðarljóð til herra Jóns Sigurðssonar alþingismanns“ (248–250) er í nánnum tengslum við þau kvæði sem að framan voru nefnd. Brýningarljóð undir dróttkvæðum hætti er í hæsta máta viðeigandi þegar Jón Sigurðsson er hvattur til dáða og Þingvöllur gerður að rómantískum heimkynnum þingsins:

Breiðir kvöldið blíða
bláan yfir sjáinn
ljósa blæju, hýsa¹⁰
hængir í marsængu;
hátt um hraunið kletta
hylja runnar, dylja
kjarngrös kaldar firnir,
knýr ramur foss hamar.

Búðafjöldinn báða
bakka fríða skrýðir
Öxarár – en vaxa
eina þar um steina
möðrur mjög, og öðrum
mjúk tünblæja hjúkrar,
hunangsfluga holu
hyggin marga byggir.

Töglag

Það væri óviðurkvæmilegt að nefna ekki meðal rímaðra fornhátta Jónasar hið máttuga verk „Magnúsarkviðu“ (147–154). Þótt þessi drápa væri þöntunarverk, er hún meðal stórverka Jónasar, tvítug drápa

¹⁰ Eins fátíð og braglyti eru hjá Jónasi stingur í augu að hér skuli vanta stuðul! Sbr þó einnig erfljóðið um Guðmund kaupmann Guðmundsson.

kveðin undir einum erfiðasta hætti fornum sem völ var á, töglaði, sem Sveinn Yngvi segir (1999:331) að sé „eins og fornryðislag að öðru leyti en því að þar var fylgt reglum dróttkvæðs háttar um hendingar“, en útgefendur *Ritverka* (1989 IV:165) segja:

Kvæðið er ort undir eins konar tilbrigði við dróttkvæðan hátt, en einn liður í mikilvægu framlagi Jónasar til endurnýjunar íslenskra bragarháttar er tvímælalaust hvernig hann sníður ýmis einkenni stíðleika og stöðunar af dróttkvæðum hætti.

Kristján Árnason (2005b:219–220) segir hins vegar:

Hrynjandi þessa kvæðis virðist af ætt tögdrápulags og minnir sérstaklega á þann hátt sem Snorri kallar grænlenka hátt ... Grænlenkan hátt virðist eðlilegast að greina svo að hann hafi tvö ris í línu og minnir hann að því leyti á fornryðislag eða kvíðuhátt. Hins vegar eru hér hendingar í anda dróttkvæða, og raunar mismörg atkvæði í línunum.

Það er kannski ekki meginatriði hvað Snorri hefði nefnt háttinn heldur hitt að í þessu elsta kvæði sem Jónas yrkir undir dróttkveðnum háttum eru leikandi skipti milli tvíliða og þríliða. Hvatningu getur hann vel hafa sótt til Jóns á Bægisá eða Bjarna Thorarensen, en í sjálfu sér nægir ljóðræn gáfa skáldsins og leyfi fornra háttar.

Ferskeytta dróttkvæðið og hinn sanni kristindómur

Ferskeytta dróttkvæðið um grátittlinginn hefur verið förunautur minn í ein sextíu ár eða svo.¹¹ „Óhræsið“ hafði náttúrlega sérstaka merkingu fyrir mig af því við vorum sannfærð um heima að þetta hefði gerst í Ólsgerði eða Lásgerði í nágrenni mínu, og kvæðið um rjúpunar lærði ég litlu eftir að ég fór að tala. Skömmu seinna lærði ég „Grátittlinginn“

¹¹ Um hryn kvæðisins er áður rætt. Þar er dróttkvætt aukið þríliðum sem settir eru ýmist í fyrstu kveðu eða aðra. Það er misskilningur þegar Sveinn Yngvi Egilsson (1999:335) dregur þá Bjarna Þorsteinsson (1906–1909) og Benedikt á Auðnum til vitnis um hrynjandi kvæðisins. Benedikt nefnir lagið við fyrsta erindi kvæðisins, en þegar kom að erindum sem höfðu þríliðinn annars staðar (t.d. Nú var tryppið hún Toppa) var hrynjandi lagsins lögud að því og sungið með hálfnotu og fjórðungsnótu í fyrsta takti, þrem fjórðungsnótum í öðrum. Nótaskrift Benedikts segir ekkert um hvernig hrynjandinni var háttað. Ég ólst upp við þetta lag adhæft hrynjandi ljóðsins. – Um svipað efni fjallaði ég í grein minni „Þegar ljóðlist og tónlist greinir á ...“ (2006).

(163–165) erindi 1–10 og 13–16. Erindunum um Abrahams dýrðardæmi og það sem því tengdist var, held ég, sleppt í barnæskugerð minni af kvæðinu. Það er kannski þess vegna sem mér hefur fundist dýrðardæmi Abrahams hnýsilegra með hverjum áratug.

Fyrstu 11 erindi „Grátittlingsins“ eru barnavísur, segja frá áhyggjum lítils drengs af því hann á tryppi og hrút úti í óveðri. Allt fer vel, hefur mér jafnan skilist, og ekki síst vegna þess að drengurinn bjargar lífi grátittlings eftir hretið og má skilja að hann fái líf hrútsins og Toppu að launum. Þessi kaffi kvæðisins gerði þannig áhrif á mig að ekki var við annað komandi en dóttir Dreyru, reiðhross föður míns, fengi nafnið Toppa; hafði hún þó fá einkenni sem réttlættu það. Kannski blönduðust inn í skáldsögur O’Hara, þar sem ein hét *Trygg ertu Toppa* og ég hafði lesið oft en systur mínar lásu *Önnu í Grænuhlíð* eða *Beverley Gray*.

Kvæðið segir frá vorhreti þegar bæði Toppa og hrútur í eigu drengsins voru úti í illviðri. Daginn eftir, þegar veðri er slotað, fer stráksi út að bjarga þeim en finnur hálfdaudan grátittling sem hann bjargar, en skilur að:

Felldur em eg við foldu
frosinn og má ei losast;
andi guðs á mig andi,
ugglaust mun eg þá huggast.

Útgefendur *Ritverka* (1989 IV:170) vísa til Matthíasar Þórðarsonar og segja:

M.Þ. getur þess að í skráningu á dánarbúi föður Jónasar árið 1816 hafi verið „framvísað tvævetrum hrúti og þrevetru trippi, dökkgráu. – Ætli þetta hafi ekki verið ‚óvitringarnir ungu‘ og yrkisefnið sé bernskuminning frá því að skáldið var á áttunda árinu?“

Útgefendurnir eru þó ekki að fullu sáttir við þessa skýringu:

Hugsanlega á kvæðið rætur sínar í bernskuminningu skáldsins, en þó er augljóst að fleira hangir á spýttunni. J. skírskotar til kristinnar kenningar og á einhvern hátt er kvæðið viðbragð við henni, og þá einkanlega fórn Abrahams sem frá segir í Gamla Testamentinu (1. Mósebók, 22).

Þótt þessi frásögn sé alþekkt er ástæða til að rifja hana upp í þessu sambandi. Langsennilegast er að það hafi verið Vajsenhússbiblían, sem svo var kölluð eftir prenthúsi í Kaupmannahöfn „því Konunglega Wäysen-Huuse“, endurprentun Hólabiblíunnar frá 1584, gerð 1747, sem lá á púlti Hallgríms Sveinssonar og Jóns á Bægisá. Þar hefur Jónas væntanlega kynnst sögunni um fórnfæringu Abrahams og hún hófst með skýringu:

- (i) Ísak átti að fórnfærast, en (ii) frelsast og Messías er fyrirheitinn.
- (iii) Nahors börn.

I Eftir þessa atburði freistaði Guð Abrahams, og sagði til hans, Abraham! Hann svaraði, hér em eg.

2. Og hann sagði, tak þinn einkason, Ísak, þann þú elskar, og far í burt í það landið (a) Moria, og offra hann þar, til einnrar brennifórnar á einu því fjalli, sem eg vil vísa þér.
 - (a) (Moria) það þýðir Guðs ótta, því þeir gömlu forfeður, Adam, Nói og Sem hafa þjónað Guði á þessu fjalli: Vér köllum það Heilaga fjall, þar Guði verður þjónað með lofgjörð, bæn og þakklæti.
3. Þá stóð Abraham upp snemma morguns og söðlaði sinn asna, tók með sér tvo af sínum þénurum og sinn son Ísak, klauf viðinn til brennioffursins, tók sig upp, og ferðaðist til þess staðar sem Guð hafði boðið honum.
4. Og á þeim þriðja degi upplyfti Abraham sínum augum, og sá þann stað á lengdar.
5. Þá sagði hann til sinna þénara, bíðið hér með asnann, en ég og sveirninn viljum fara þangað, og þá við höfum lokið bæn okkar, þá viljum við koma til ykkar aftur.
6. Og Abraham tók brennifórnarviðinn og lagði hann upp á sinn son Ísak, en hann bar eldinn og sverðið sér í hendi. Og þeir gengu tveir saman.
7. Þá mælti Ísak við sinn föður, Abraham, Minn faðir! Abraham svaraði, Hér er eg, minn son. Og hann sagði, Sjá þú, hér er eldurinn og viðurinn, en hvar er sauðurinn til brennioffursins?
8. Abraham svaraði, Minn son, Guð mun sjá fyrir sauð til brennioffursins. Og þeir gengu tveir saman.
9. Og er þeir komu til þess staðar, sem Guð hafði sagt honum, þá byggði Abraham þar eitt altari, og lagði viðinn þar á ofan, og batt sinn son Ísak, og lagði hann upp á altarið ofan á viðinn.

10. Og* rétti sína hönd út, og greip sverðið, að hann slátraði sínum syni.

* Hebr. 11, 17. Jak. 2, 21.

II 11. Þá kallaði engill Drottins af himni til hans, og sagði, Abraham, Abraham, Hann svaraði: Hér em eg.

12. Og hann sagði: Legg ekki þína hönd á sveininn og gjör honum ekkert. Því nú veit eg að þú óttast Guð, og þú vægðir ekki þínum einkasyni fyrir mínar sakir.

13. Þá upplyfti Abraham sínum augum og sá einn hrút fastan á hornunum, á baki sér í einum buska. Og hann gekk þangað, og tók hrútinn, og færði hann í fórn til brennioffurs, í síns sonar stað. (*Biblíá* 1747:24–25).

Þessi andstyggilega saga um drottunargjarnan guð og undirlægju hans virðist eiginlega ekki birta neitt dýrðardæmi nema þá einhvers konar dæmisögu um miskunnarlausu hlýðni. Drottinn sá sem um ræðir gerir engar tilraunir til að múta Abraham (sbr síðar um „Grátittlinginn“), gefur honum bara skipun um að fórna einkasyni sem honum þykir afar vænt um.¹²

Hugarmynd Jónasar af hugsanlegum tilboðum (mútum) Guðs hefur lítið ef nokkuð með frásögnina af Abraham að gera. Jónas orðar það þannig eftir að hann hefur fundið bágstaddan grátittling í felling á blásvelli:

Hefði eg þá séð mér hefði
hundrað Toppum og undrum
ótal hornóttra hrúta
heitið drottinn, eg votta:

Abrahams dýrðardæmi
drengur í litlu gengi
aldrei á Ísafoldu
eftir breytir, en neitar.

¹². Þegar greinarkorn þetta er komið í próförk rekst ég á þær upplýsingar í sænsku dagblaði að einhverjir hafi viljað túlka söguna þannig að í raun hafi guð ætlast til að Abraham gerði uppreisn og neitaði að fórna syni sínum. Þannig hafi Abraham reyndar brugðist guði sínum með hlýðninni!

Þetta er hvarfapunktur kvæðisins. Fuglinum verður bjargað, fórnarguðinn fær ekki sitt. Ungur drengur á Ísafoldu mun aldrei láta fara með sig eins og Abraham. Um leið verður *dýrðardæmi* háðsglósa, eiginlega hálfgerð guðlast, og samtímis einkar viðeigandi að þetta hugljúfa ljóð var einmitt kveðið undir miðaldahætti. Þetta eru mótmæli og gagnrýni, „Bersöglisvísur“ hinar nýju.

Allt aðra skoðun hafði Páll Valsson í *Ævisögu* Jónasar. Hann staðhæfir að kvæðið fjalli um ákveðin grundvallaratriði kristinnar kenningar og sé byggt í anda kristilegrar bókmenntahefðar með píslargöngu Krists sem fyrirmynd (sbr m.a. að Ísak ber viðinn til fórnarinnar eins og Kristur krossinn). Benti hann í því sambandi á að mælandi kvæðisins tali um sekt sína og vilji ala óvitringana ungu við jötu. Síðan segir Páll:

Það er þó fyrst og fremst hin hreinguðfræðilega vísun í *Abrahams dýrðardæmi* sem sýnir svo ekki fer á milli mála að hér er verið að fjalla um guðfræði. Þessi vísun kemur reyndar dálítið hratt upp á lesandann og ekki laust við að hún hangi svoltið utan á kvæðinu, sem er annars ólíkt Jónasi. Um leið er þó ljóst að í vísuninni er fölginn kjarni málsins, sjálft erindi kvæðisins. Grátittlingurinn er trúfræðilegt kennikvæði; eins konar dæmisaga þar sem Jónas tekur til umfjöllunar ólíkar hugmyndir um kristinn dóm og túlkanir á Biblíunni (1999:392).

Dálitinn stuðning við túlkun sína fær Páll (1999:506) í tilgátu um að *dýrðardæmi* sé bein þýðing úr dönsku „Abrahams herlige eksempel“; bendir enda réttilega á að um *dýrðardæmi* sé ekki eldra dæmi í Orðabók Háskólans. Gúgli maður á Abraham í dönskum miðlum kemur í ljós að *herligt* telst á dönsku í tengslum við Abraham einkum það ágæta land Kanaan, hins vegar er lo. *heligt* algengt um ýmislegt tengt honum. Þó ekki sonarfórna.

Áður hafði Páll m.a. birt esseyjuna „Dýrðardæmi Abrahams“ í tímariti (1996). Þar var niðurstaða hans þessi:

Grátittlingurinn fjallar þannig um það að þegar lítill drengur stendur frammi fyrir aðstæðum af því tagi sem kvæðið lýsir, þá býður hjarta hans honum að frelsa fuglinn og fórna um leið því sem honum er kærast, jafnvel þótt guð myndi segja annað. Þess vegna er drengurinn fallinn í lok kvæðisins og biður guð að líkna sér. Hann er ekki, fremur en aðrir dauðlegir menn, fær um að fylgja dýrðardæmi Abrahams og hlýða guði skilyrðislaust. Hinna meðfæddi guðdómur, sem barnið er

fulltrúi fyrir (og Kristur), segir honum að snúast gegn boðum guðs ef þau rekast á. Gerðir drengsins stjórnast á hinn bóginna af hinum sanna anda kristindómsins, vegna þess m.a. að „hjartað gott skóp oss drottinn“. Þess vegna er drengurinn rór í lokin þrátt fyrir fall sitt, og sannfærður um að hann hafi breytt rétt þó svo hann hafi ekki reynt fær um að fylgja dýrðardæmi Abrahams og hefði hiklaust óhlýðnast guði ef boð hans hefði strítt gegn tilfinningu hjartans. Hann trúir því að „andi guðs“ muni á sig anda!

Kvæðið um Grátittlinginn er ... sprottið beint upp úr guðfræðilegum, dogmatískum umræðum í samtíma Jónasar um ólíkar túlkanir á boðskap Biblíunnar. Jónas teflir saman hinni eldri og hefðbundnari túlkun, sem með vissri einföldun má kenna við bókstafs- og játningartrú á Gamla testamentið, og svo þeim kristindómi sem Kristur stendur fyrir í Nýja testamentinu. ... Bernskuminningin frá áttunda árinu hefur því snúist upp í þrauthugsað trúarlegt kennikvæði þar sem skáldið ber saman ólíkar túlkanir á heilagri ritningu, sem lærðir menn og guðfræðingar deildu um einmitt á þeim árum sem Jónas yrkir kvæðið (1996:61–62).

Það er auðvelt að vera sammála Páli um að dýrðardæmi Abrahams kemur dálítið *hratt* upp á lesandann. Sannast sagna kemur það eins og þruma úr heiðskíru lofti. Sést það ágætlega ef menn sleppa 11. og 12. erindi kvæðisins: Af því verður engin brotalöm. Það er ekki heldur neins staðar sagt í kvæðinu að Toppa og hrúturinn hafi þolað óveðrið lakar en grátittlingurinn. Einmitt þess vegna verður hugsað mútuboð guðsins álímingur sem fellur illa að sjálfri frásögninni.

Tíunda erindi kvæðisins lýkur með því að fuglinn er fundinn, í þrettánda og fjórtánda erindi er honum bjargað og í fimmtánda erindi birtast einhverjir þér og lögð áhersla á að vorið leiði farfuglana til *byggða vorra*, þar sem við eigum væntanlega að taka á móti þeim með gestrisni.

Sextánda og sautjándá erindi eru svo sér á parti og skáldið samsamar sig grátittlingnum og biður auðmjúkt um guðs anda:

andi guðs á mig andi,
ugglaust mun eg þá huggast.

Þegar ungir sveitadrengir gerðust atvinnuskáld á miðöldum var það ekki einasta til að lofa konunga, heldur einnig til að sýna hvað þeir gætu og umfram allt standa á rétti sínum gegn valdinu, krjúpa vald-

inu en standa á réttinum, vera bersöglir ef því var að skipta, brugðu þannig brandi orðsins í stað vopna.

Er ekki alveg hugsanlegt að Jónasi þyki víðeigandi að nota dróttkvæðan hátt þegar hann andmælir guði sínum, gefur út yfirlýsingu um að ungur drengur á Ísafoldu muni aldrei gerast undirlægja á sama hátt og Abraham? Háttinn hefur hann þróað lengi og sjö atkvæði í stað sex í hverju vísuorði gerir hann klíðmjúkan, án þess að uppruninn gleymist.

Á það skal bent að ekkert mælir gegn því að þetta kvæði sé ort í tvennu lagi, fyrri hlutinn sé minning sem ekki er lokið við fyrr en síðla á ævinni.

Ekki er til neitt eiginhandarrit af „Grátittlingnum“ en fyrst er vítað um kvæðið 1843, þegar Jónas les það upp á Fjölnisfundi 11. febrúar (1989 IV:170). Sama ár birtist það í *Fjölni*. Kristján Árnason (2005b:220) ársetur „Grátittlinginn“ 1843 og „Sláttuvísu“ 1844. Eru það birtingarár kvæðanna í Fjölni en vitanlega óheimilt að draga af því aldur kvæðanna né gera því skóna að þau séu endilega ort í lotunni.

Að lyktum

Það má ljóst vera að okkur Pál Valsson greinir talsvert á um skilning „Grátittlingsins“ en þó hefur hvorugur okkar nefnt meginspurningu: Hvað varð um Toppu og hrútinn?

Mér virðist forsenda þess að fallist verði á guðfræðilega skýringu Páls vera sú að Toppu og hrútinn hafi kalið í hel í hretinu, þannig hafi þeim verið fórnað (rækilegar en Ísak), en ákveðið að bjarga grátittlingnum þrátt fyrir hugsanleg gylliboð guðs.

Þessi skilningur er mér fullkomlega framandi. Ég ólst upp við norðlensku vorhretin skammt frá æskustöðvum Jónasar og varði til þess mörgum stundum að reyna að bjarga farfuglum (einkum lóu og hrossagauk) sem voru að krókna. Það tókst að jafnaði illa og mun lakar en mér þótti Jónasi hafa heppnast. En aum máttu þau tryppi og hrútar vera sem króknuðu þegar grátittlingur skaust úr lautu eftir að vængur hans hafði verið þíddur. Auk þess þótti mér jafnan viðtengingarhátturinn í fjórða erindinu *kvöldið þetta hið kalda / kveið eg þau bæði deyði* benda ótvírætt til að þau lifðu þetta af, og það styrktist af framhaldinu:

Sekur var eg, og sækja
sjálfsagt hlaut eg með þrautum
aleigu mína og ala
ötull bæði við jötu.

Varla yrðu óvitringarnir ungu alin dauð við jötu?¹³

HEIMILDIR

- BIBLIA. (1747). *Þad er Öll Heilög Ritning : Utlögd a Norrænu, Epter Þeirre Annare Edition Bibliunnar sem finnst prentud a Hoolum i Islande Anno MDCXLIV*: Med Formaalum og Utskijringum Doct. MARTINI LUTHERI, Einnig med Stuttu Innehallde sierhvers Capitula, og so Citatium. Kaupmannahöfn. I því Konunglega Wäysen-Huuse.
- Bjarni Thorarensen. (1935). *Ljóðmæli* (Fyrri bindi). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Bjarni Þorsteinsson. (1906–1909). *Íslenzk þjóðlög*. Kaupmannahöfn: S. L. Møller.
- Einar Benediktsson. (1935). *Sögur og kvæði*. 2. útgáfa aukin og breytt. Reykjavík: Bókaverslun Guðmundar Gamalielssonar.
- Einar Ól. Sveinsson. (1962). *Íslenzkar bókmenntir í fornöld*. I. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Grímur Thomsen. (1969). *Ljóðmæli*. Sigurður Nordal sá um útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning.
- Hannes Pétursson. (1979). *Kvæðafylgslu. Um skáldskap eftir Jónas Hallgrímsson*. Reykjavík: Iðunn.
- Heimir Pálsson. (2006). „Þegar ljóðlist og tónlist greinir á ...“ *Hugðarefni. Afmæliskeðjur til Njarðar P. Njarðvík 30. júní 2006*. (Bl. 38–57). Reykjavík: JPV útgáfa.
- Helga Kress. (2012). „Unir auga ímynd þinni. Landið, skáldskapurinn og konan í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar.“ *Skírnir* 186(vor), bl. 5–49.
- Jón Þorláksson. (1976). *Kvæði frumort og þýdd*. Heimir Pálsson bjó til prentunar. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í bókmenntafræði, Menningarsjóður.

¹³ Sérstakar þakkir fá þeir Helgi Skúli Kjartansson, Veturliði Óskarsson, Kristinn Jóhannesson og Böðvar Guðmundsson fyrir gagnrýni og samræður um efni þessarar greinar. Þá þakka ég fulltrúa ritstjórnar og lesara Sónar fyrir að bjarga mér frá ýmsum mistökum og gera góðar breytingartillögur.

- Jónas Hallgrímsson. (1989). *Ritverk I–IV*. Ritstjórar Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík: Svart á hvítu.
- Kristján Árnason. (2003). „Um braghrynjandi að fornu og nýju.“ *Són*. Tímarit um óðfræði. 1. hefti, bls. 23–38.
- Kristján Árnason. (2005a). *Hljóð. Handbók í íslenskri hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*. (Íslensk tunga I). Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Kristján Árnason. (2005b). „Dróttkvæður Jónas.“ *Heimur ljóðsins*. (Bls. 209–227). Ritstjórar: Ástráður Eysteinnsson, Dagný Kristjánsdóttir, Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Már Jónsson. (1998). *Árni Magnússon. Ævisaga*. Reykjavík: Mál og menning.
- McDougall, D. (editor). (2007). *Pétersdrápa*. Í SKALD VII, 2 (Scaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages, aðalritstjóri Margaret Clunies Ross). Turnhout: Brepols.
- Páll Valsson. (1996). „Dýrðardæmi Abrahams. Grátittlingur Jónasar Hallgrímssonar.“ *Tímarit Máls og menningar* 57(3), bls. 50–63.
- Páll Valsson. (1999). *Jónas Hallgrímsson. Ævisaga*. Reykjavík: Mál og menning.
- Peterson, Roger Tory. (1962). *Fuglar Íslands og Evrópu*. Finnur Guðmundsson íslenzkaði og staðfærði. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Snorri Sturluson. (1999). *Háttatal*. Edited by Anthony Faulkes. London: Viking Society for Northern Research, University College.
- Snorri Sturluson. (2012). *The Uppsala Edda. DG 11 4to*. Ed. with introduction and notes by Heimir Pálsson. London: Viking Society for Northern Research, University College.
- Sveinn Yngvi Egilsson. (1999). *Arfur og umbylting. Rannsókn á íslenskri rómantik*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, ReykjavíkurAkademían.
- Víglundar saga. (1959). *Íslensk fornrit XIV*. (Bls. 61–116). Jóhannes Halldórsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir

LJÓÐ IV

VETUR II · PARÍS 2012

Vetur II

Undan sköflunum
kemur vetrargul sína
og ljósgrænar vonir
um bjartari daga
ókomna.

Svellin liggja
undarlega gjallandi
milli þögulla hraunfláka.

Frosið strá
fast í ísnum
bíður síns tíma.

París 2012

Sagan
í húsum
á veggjum
í götum og görðum

turnar og hvelfingar
marmari og gull
andlit á striga
blóðug angist
byltingar

Niður alda
ómar frá súlunum
á mannhafið
sem drekkur í sig
menningarsöguna
með japanskri linsu

Einar Jónsson úr Skógum:

LJÓÐ V

Laufatungur

Í Laufatungum leynist selið,
á lágum hóli það er falið;
við á sem rennur æ hin sama
fyrir önn og líf var kyrrlát sumur.

Hér æsku sína áttu smalar
er ásauð sátu vítt um Hnauka;
þar golan ein við grasið talar
og gamlar slóðir ærnar rekja.

Nú enginn hemur ásauð framar
en allt hið gamla líkt og draumur
og aldrei hóar ungur gumi
að öllu rofinn tímans straumur.

Í Skógaheiði, austast í Eyyjafallasveit, heita Laufatungur um miðja heidina. Þar, alllangan veg neðan frá heidarbrúnum í réttu norðri frá bæ í Eystri-Skógum, var selstaða frá Ytri-Skógum. Árni Magnússon getur hennar við ritun jarðabókar sinnar árið 1709 og hennar er enn getið í sóknarlýsingu frá árinu 1840 sem Jónas Hallgrímsson ætlaði ásamt öðrum slíkum til Íslandslýsingar fyrir Bókmenntafélagið.

Kristján Jóhann Jónsson

„Óðarfleyi fram er hrundið“¹

Um Rímur af Búa Andríðssyni og Fríði Dofradóttur

Kvæði Gríms Thomsen um Búa Andríðsson og Fríði Dofradóttur hefur nokkrum sinnum komist til tals í greinum manna og bókum. Um Rímurnar af Búa Andríðssyni og Fríði Dofradóttur sagði Sigurður Nordal:

Þær eru þó einhver hin snjöllustu söguljóð, sem kveðin hafa verið á íslenzku máli, ekki einungis vegna einstakra kafla, sem yfirgnæfa (eins og vísanna um Reykjanesið og eftirmálans), heldur líka vegna þess, hvernig öll frásögnin rennur fram með samfeldum epískum brag og svipmiklum straum ... enda nýtur frásagnarlist Gríms sín óvíða betur en í sumum þeim lýsingum, t.d. á fyrstu fundum Búa og Fríðar, smíðju dverganna og sumbli jötna og sleðaferðum.²

Sveinn Yngvi Egilsson birti tæplega 40 blaðsíðna bókarkafli um þessar rímur³ og rekur þar margt um tildrög þeirra. Fimm rímur höfðu áður verið ortar um Búa Andríðsson en mestu skipta rímur Símonar Dalaskálds, prentaðar í Reykjavík 1872. (*Rímur af Búa Andríðar-syni*). Þær stóðu að sjálfsgöðu föstum fótum í hefðinni eins og annar skáldskapur Símonar. Símon tileinkaði rímu sína Matthíasi Jochumssyni og lofar hann mjög af því tilefni. Í tengslum við lofið um Matthías er vikið góðu að öðrum skáldum sem höfundi finnst ástæða til að nefna, nema Grími. Hann er óvinsæll og gamaldags að mati Símonar. Sveinn bendir síðan á að Matthías hafi einnig haft horn í síðu Gríms og leggur nokkuð upp úr því að Búa rímur séu svar við rímum Símonar. Hann bendir einnig á tengsl við bragarhætti og hug-

¹ Grímur Thomsen 1934 I: 143. Rétt er að hafa í huga að orðið óður -s/ar getur merkt m.a. hugur, sál, vitsmunir, skáldskapur, skáldgáfa o.fl.

² Sigurður Nordal 1934: XVII.

³ Sveinn Yngvi Egilsson 1999: 138–175.

myndir Byrons um stríðan skáldskaparstíl og allt er það satt og rétt. Hér ræði ég ekki form rímnanna heldur vísa til þess sem Sveinn hefur sagt um það mál.

Nokkuð góð rök benda til þess að Búa rímur Gríms séu ortar á 8. eða 9. áratug 19. aldar, eða einhver drög að þeim.⁴ Í rímu Símonar eru eins og áður var nefnt meinlegar glósur um Grím, skáldskapur hans sagður fornlegur og ekki talinn vera þjóðinni að skapi.

Það er reyndar athyglisvert að yrkja rímu seint á 19. öld og ásaka í henni önnur skáld fyrir gamaldags skáldskap! Rímur eins og þær sem Símon orti voru ekki beinlínis nýjasta nýtt á síðustu áratugum 19. aldar. Sveinn bendir á skýr textatengsl milli rímna Símonar og Gríms en þau eru lítil og vafamál hvaða ályktanir verða af þeim dregnar. Í kvæði Símonar er skáldskapnum líkt við skip, eins og í kvæði Gríms, en í kvæði Símonar er það skip í skorðum sögunnar. Grímur segir í sínu kvæði: „skorðum sögu er skip ei bundið“.⁵ Það er yfirlýsing um að sögukvæðið eigi ekki að skorðast af sögunni. Þar með er þó ekki sagt að markmið Gríms með Búa rímum sínum hafi verið að ná sér niðri á Símoni og Matthíasi. Þórður Helgason hefur beinlínis vísað því á bug.⁶ Í grein Þórðar er ítarleg umræða um þróun rímna og umræðna um rímur.

Ýmsir samtímamenn Gríms höfðu á honum andúð, tengdu hann við hroka og útlönd og ekki síst við menntun og reglur fína fólksins um smekk og þekkingu. Skálda- og hagyrðingatalið sem Símon Dalaskáld setti inn í rímu sína um Búa Andriðsson fellur ágætlega inn í þá mynd. Það er af sama toga og glósur Sigurðar Breiðfjörð um Fjölnismenn,⁷ hugmyndir sem á seinni tímum hafa verið flokkaðar sem andúð á menntamönnum og eru gjarnan varnartillburðir hefðarsinna sem þyk-
ir að hugmyndum sínum vegið. Dæmigerð er einmitt hugmyndin um að ríman eigi að einskorðast við efni sögunnar sem ort er um, í stað þess að leita út á opið haf. Um andúð á Grími Thomsen, skáldskapur hans og hugmyndum, hef ég áður fjallað nokkuð ítarlega.⁸

Sveinn Yngvi telur að heitið á kvæði Gríms um Búa og Fríði sé ironískt. Kvæðið heitir „Rímur af Búa Andriðssyni og Fríði Dofradóttur“ og Sveinn telur að orðið rímur standi þar: „... eins og háðsleg glósa um það verk sem kvæði Gríms var ætlað að kveða í kútinn“.⁹ Meginrök-

⁴ Sveinn Yngvi Egilsson 1999: 139.

⁵ Grímur Thomsen 1934: 143.

⁶ Þórður Helgason 2011: 107.

⁷ Þórður Helgason 2011: 82–88.

⁸ Kristján Jóhann Jónsson 2012: 65–74.

⁹ Sveinn Yngvi Egilsson 1999: 146–147.

semd Sveins virðist vera sú að kvæði Gríms sé nýstárlegt kvæði miðað við úrelta meðferð efnisins í kvæði Símonar. Þórður Helgason er greinilega sammála Sveini um að Búa rímur Gríms hafi verið nýstárlegt kvæði á sinni tíð en finnst að það geti engu að síður rúmast innan bókmenntagreinarinnar. Hann telur að: „... Búarímur séu frábærar rímur, meðal hinna albestu, ef til vill tillaga að nýrri gerð rímna þótt vissulega séu rímnahættir víðs fjarri“.¹⁰

Hvað sem mönnum finnst um íroníu í titli kvæðisins er þó ekki ágreiningur um að texti kvæðisins er íronískur og tvöfaldur í roðinu og Búa ríma Gríms telst til tíðinda í þeirri bókmenntagrein sem við höfum kallað rímur. Sveinn telur jafnframt að Jónas Hallgrímsson hefði kunnað að meta tók Gríms á rímunum og segir orðrétt:

Ef listaskáldið góða hefði lifað það að sjá útreiðina sem rímurnar fengu hjá Grími hefði því ugglautst verið skemmt.¹¹

Frásagnarkvæði

Viðfangsefni þessarar greinar er fyrst og fremst þær hugmyndir sem ætla má að liggja að baki kvæði Gríms. Ég hef áður skrifað tvær bækur um fagurfræði og bókmenntaskilning Gríms¹² en af ýmsum ástæðum ekki dregið *Rímur af Búa Andriðssyni og Fríði Dofradóttur* inn í þá umræðu. Þetta kvæði byggir á Kjalnesinga sögu en fjallar þó í raun og veru nánast einungis um dvöl Búa í helli Dofra (og herbergi Fríðar). Í kvæðinu mætast íslensk og skandinavísk fornmenning og reynast eiga prýðisgóða samleið. Niðurstaðan er fjölskyldustofnun og viðhald kynslóðanna, bæði á Kjalarnesi og í klettasloti Dofra.

Kvæðið hefst á inngangi en síðan kemur nokkurs konar mansöngur sem er í reynd fræðilegur formáli. Í 5. vísu segir beinlínis að frásögn kvæðisins byrji eftir að Búi hefur brennt hof, flúið til Noregs og fundið fyrir kala konungs sem sendi hann í banvæna sendiferð. Skáldið tekur sér það frelsi sem því hentar og fyrsta ríma hefst á því að söguhetjan Búi kemur að fjalli Dofra og ber að dyrum. Allt hefur þetta gerst: „þegar byrjar fyrsta ríma“, segir í lok inngangs. Það er ljóst að hér yrkir bókmenntafræðingur sem greinir tíma og rúm í bókmenntaverkum og af inngangi kvæðisins verður

¹⁰ Þórður Helgason 2011: 106.

¹¹ Sveinn Yngvi Egilsson 1999: 148.

¹² Kristján Jóhann Jónsson 2004 og 2012.

einnig ljóst að ekki býr allt sem við skynjum í sama heiminum. Ljóðmælandi veit að orðræða veruleika og skáldskapar er af tvennum toga.

Í upphafi kvæðisins er talað um tvo heima sem sögumaður segir að séu harla ólíkir en þó báðir sannir. Annars vegar er það hinn áþreifanlegi reynsluheimur „sem ekkert ýkir“ en hins vegar „veröld hugarburðarins“. Þar er miklu víðlendara og þar gengur hugvitið aldrei til þurrðar. Þar er sagt í platónskum anda að „skáldsögnin“ skapi margs kyns skuggamyndir af tilverunni en hún sæki líka „ást og gleði, sorg og syndir“ í brunn hugans. Skáldskapnum er í kvæðinu líkt við skip – og það skip er ekki skorðað af sögunni heldur flýtur það laust á hafi skáldskaparins. Farmurinn í skipinu er „drengskapur og ástarblíða“ Búa og Friðar Dofradóttur:

Óðarfleyi fram er hrundið
fyrir Dofra klettasloti,
skorðum sögu' er skip ei bundið,
en skáldsagnar er laust á floti;
segl úr skjalli upp er undið,
óskabyr svo ferjan noti
Búa' og dóttur Dofra Friðu
drengskap fermd og ástarblíðu.¹³

Ríma Gríms byrjar ekki á hefðbundnum mansöng til þess að hylla viðstaddar konur. (Ég held reyndar að gömlu rímnaskáldin hafi gert það til þess að blíðka kvenfólkið og sníkja af því mat en þá kenningu er erfitt að sanna.) Símon hóf sitt kvæði á því að reyna að koma sér í mjúkinn hjá Matthíasi en inngangur Gríms talar til lesenda um skilning og lífssýn. Búarímur Gríms hefjast á bókmenntafræðilegum formála um sögukvæðið sem framundan er. Þar er heiminum skipt í tvennt milli orðræðu veruleika og skáldskapar. Annars vegar er hin „réttorða saga sem reikningslög ristir á spjöld það sem starfað er“ og hins vegar „hin víðlenda veröld hugans þar sem hugvitið gengur aldrei til þurrðar og alvaran býr undir hjúpi ævintýrsins“. Ævintýrið er saga af drengskap og ástarblíðu sem á rætur sínar í norrænum fjöllum, þar sem meiri hluti kvæðisins gerist. Mannlegar dyggðir og tilfinningar eiga heima í orðræðu skáldskaparins þar sem „skáldin spara ekki hugvitið“.

¹³ Grímur Thomsen 1934: 143.

Þessi markverði fimm vísna formáli Gríms hefur vakið athygli bókmenntafræðinga, enda nokkuð einstakur í sinni röð.¹⁴ Ýmis sjónarmið eru hér þó sameiginleg með grein Jónasar Hallgrímssonar um „Rímur af Tistrani og Indíönu“.¹⁵ Það gildir sérstaklega um frelsiskröfu skáldskaparins sem þeir Jónas og Grímur eiga sameiginlega en hún var meginmál í huga þeirra sem fylgdu rómantísku stefnunni. Öll greining Gríms á skáldskap og veruleika tekur Jónasi hins vegar langt fram, enda var Grímur bókmenntafræðingur en Jónas náttúrufræðingur.

Bókmenntasagan er ofin saman úr mörgum skemmmilegum þráðum. Frásagnarkvæði af ýmsu tagi hafa öldum saman verið til og verða það áfram. Þau eru líka eitt af einkennum þeirrar stefnu sem við köllum Rómantísku stefnuna. Frásagnarkvæðið er fornt bókmenntaform sem öðlaðist nýtt líf í Evrópu á 19. öld og *Rímur af Búa Andríðssyni og Fríði Dofradóttur* eiga tvímælalaust heima í flokki annarra sagnakvæða rómantíska tímabilsins. Um sagnakvæði hefur Vassallo skrifað, einkanlega með tilliti til enskra bókmennta¹⁶ en Grímur Thomsen var eins og menn vita sérfróður um enskar bókmenntir.¹⁷ Þess eru fjölmörg dæmi úr sagnakvæðum rómantísku stefnunnar að skáldin studdust við sagnir og godsagnir, notuðu sögukvæðið til þess að segja frá ferð inn í nýjan eða óþekktan heim sem í Evrópu varð þá gjarnan austrænn heimur og menning nýlendanna. Grímur Thomsen var handgenginn þessum evrópsku hugmyndum og þekkti þær meira að segja betur en flestir aðrir Norðurlandabúar. Hann skrifaði og gaf út fyrstu stóru rannsóknina á ritverkum Byrons á Norðurlöndum en Byron var á fyrri hluta 19. aldar flestum öðrum frægari í Evrópu. Byron orti og birti mörg frásagnarkvæði og varð frægur fyrir það fyrsta þeirra, kvæðið um Harald ungriddara eða „Childe Harold“. „Ungriddaratíullinn“ á Harold er íronískur, „Childe“ var á tíma Byrons fyrnt og yfirhátiðlegt heiti á ungum aðalsmanni og verðandi riddara.

Í sögukvæðum rómantikurinnar leynist hins vegar víða sögumanns-afstaða sem póstmóðernistar á okkar tímum hafa viljað eigna sér, þ.e. sögumaður sem segir frá af fullum trúnaði en lætur það jafnframt koma skýrt fram að hann veit að sagan er tilbúningur. Sögukvæði rómantísku stefnunnar eru íðulega íronísk og sögumenn þeirra greinilegir forgöngumenn póstmóðernískrar íroníu.¹⁸ Í slíkum kvæðum er það

¹⁴ Úr formála Gríms er fengin fyrrsögn þessarar greinar og reyndar einnig fyrrsögnin á kafla Sveins Yngva Egilssonar um Búa rímur.

¹⁵ Jónas Hallgrímsson 1837: 18–29.

¹⁶ Vassallo, Peter 2005: 350–367.

¹⁷ Kristján Jóhann Jónsson: 2012: 184–188.

¹⁸ Larissy, Edward 2005: 673.

iðulega gefið mjög skýrt í skyn að „undir hjúpi ævintýrisins búi alvara og sannleikur“. Það gerist oft í *Rímum af Búa Andriðssyni og Fríði Dofradóttur*. Ljóðmælandi gerir þá góðlátlegt grín að söguefni sínu. Til dæmis um þetta mætti nefna fatabúðina á Raumsdalshnjúki, færni Dofra tröllakóns í hugarreikningi eða frásögnina af sakleysi og blygðunarleysi tröllastúlkunnar Fríðar sem lendir ‚óviljandi‘ í mjög nánum samskiptum við Búa og hefur ekki af því neinar áhyggjur eins og segir í 25. vísu:

En um afdrif ásta sprundið
eigi neitt til reiknings færði,
um hvað heimur hugsu mundi
hún sig ennþá minna kærði;
jötna frúr í jötunheimi
jafnan trúí' jeg þessu gleymi.¹⁹

Ástin á sinn skilyrðislausu rétt í heimi jötnanna og fortíðarinnar. Ekki er laust við að þetta virðist vera íronískt skeyti til samtímans.

Riddaraefnið Harold í kvæði Byrons fer út í heim, kynnist manna-raunum, ástum, sögu og menningu og kemur svo heim reynslunni ríkari. Ekki er rétt að gera of mikið úr tengslum Búa Andriðssonar og Haralds ungriddara en Búi á það þó sameiginlegt með Haraldi að hann er göfugur einstaklingur sem fer utan og á vit hins óþekktu.

Grímur hefur kvæði sitt, eins og áður hefur verið rakið, á stuttum formála um bókmenntafræði, tilgreinir mun á orðræðu skáldskapar og veruleika og setur niður mun á tímaramma Kjalnesinga sögu og Búa rímna. Það er gert í 5. vísu og hún er skáletruð í ljóðabókinni frá 1934 til þess að skilja skýrt á milli Kjalnesinga sögu og kvæðisins:

Kjalnesinga' að Búi brendi
bæði hof og góða smíði,
að af því hjá kóngi' ann kendi
kulda, er til Noregs flýði,
forsending hann fylkir sendi,
að fullu' er vill hann Búa ríði
skeð á þeim er þegar tíma,
þegar byrjar fyrsta ríma.²⁰

¹⁹ Grímur Thomsen 1934: 147.

²⁰ Grímur Thomsen 1934: 143.

Þetta gefur höfundu kvæðisins kost á því að hefja kvæði sitt með því að Búi ber að dyrum í höllu Dofra. Bjargið opnast og við blasir fagur kvenmaður í háum helli! Það er skýrt tekið fram í kvæðinu að á höllu Dofra eru engar dyr. Við erum á leið inn í orðræðu hugarflugsins eða „hugarburðarins“ eins og segir í kvæðinu en það orð fékk síðar neikvæða merkingu.

... dyr voru ei á hamrastalli;
sverðs með hjöltum halurinn þrúði
hamarinn þrisvar sinnum knúði.

Klofnaði bjarg og háan helli
hann sá þegar opinn standa;
fögur mær og mikil á velli
mætti' í dyrum vegfaranda ...²¹

Fjallið og hamrastallurinn verða tákn náttúrunnar og undir hennar hjúpi býr það heilsteypta samfélag jötna sem Búi kynnist í för sinni. Kvæði Gríms hefur sig hátt yfir persónulegar og nokkuð seynar at-
hugasemdir Símonar um fornleg kvæði Gríms sem þjóðinni líki ekki við. Hins vegar er greinileg tilvísun milli þessara kvæða og líklega hefur kvæði Símonar orðið Grími tilefni til þess að halda áfram að glíma við lífsskilning sinn og rómantísku stefnunnar. Skilningur Gríms á fagurfræði og bókmenntum hefur hins vegar ekki verið ræddur í tengslum við þetta kvæði og þar mætti ef til vill gera litla bragarbót.

Fagurfræði og skandínávismi

Grímur Thomsen skrifaði fjölmargar greinar um fagurfræði, bókmenntir og heimspeki og birti á dönsku, margar í virtustu ritum Dana um menningarleg efni. Ritgerðir og ritstörf Gríms í Danmörku eru markvert rannsóknarefni þó að þær virðist ef til vill við fyrstu sýn frekar óaðgengilegar nútímalesendum. Árið 1841 svaraði Grímur Thomsen verðlaunaspurningu sem lögð var fram við Kaupmannahafnarháskóla. Ritgerðarefnið var: *Har Smag og Sands for Poesi gjort Frem- eller Tilbageskridt i Frankrig i de sidste Tider og hvilken er Aarsagen?* Ritgerð Gríms fékk önnur verðlaun. Fyrstu verðlaun, gullmedalíu, hlaut Peder

²¹ Grímur Thomsen 1934 I: 143.

Ludvig Møller (1814–1865), framúrskarandi nemandi sem þegar hafði getið sér orð sem ljóðskáld og gagnrýnandi.²² Ritgerð sína (165 bls.) gaf Grímur síðan út með löngum fræðilegum formála hjá Wahlske Boghandlings Forlag árið 1843.

Í ritgerðinni gefur Grímur sér þær forsendur að visirinn að hverju tímabili liggja í því skeiði sem á undan er gengið, rétt eins og hver öld sé hlekkur í keðju heimssögunnar. Að því leyti er hann á því skeiði samdóma Hegel um rökræna framvindu heimssögunnar og virðist líta á bókmenntasögu sem hliðstæðu mannkynssögunnar.²³ Bókmenntasagan telst í riti Gríms einnig flóknari en svo að hún endurspeglar einungis lögmálsbundna þróun mannkynssögunnar. Skáldskapurinn verður til í víxlverkun nútíðar og þátíðar og einnig í víxlverkun við ýmsa sögulega viðburði og boðar jafnvel það sem framundan er. Það þýðir að bókmenntirnar geta haft bein áhrif á samfélagið og þar með framtíðina og söguna og jafnvel breytt heiminum, eða að minnsta kosti sagt fyrir um það sem koma skal.²⁴ Skáldin spretta upp úr tíðarandanum og tíðarandinn er að minnsta kosti að einhverju leyti mótaður af skáldunum samkvæmt hinum unga bókmenntafræðingi.²⁵ Í þessu samhengi er hverju tímabili líkt við blóm sem sprettur upp af fræi frá síðasta skeiði og skáldskapurinn sagður vera blómkróna hvers tíma, þar birtist innsta eðli tímans – hann blómstrar með öðrum orðum í skáldskapnum. Blómið táknar hér bókmenntasögulegt tímabil.

Blómalíking Gríms er af sömu ætt og fræg blómalíking Bretans Samuels Taylors Coleridge. Hún færir skáldskapinn inn í hugarheim skáldsins þar sem hann er eins og sjálfsprottið blóm sem vex upp af sáðkorni, nært af tilfinningum og skynjunum, en birtist að lokum í lífrænni heild þar sem allir hlutar sköpunarverksins tengjast á fullkominn hátt.²⁶ Fagurfræðingar 18. aldar höfðu talið það fegurst hlutverk

²² Margir höfðu trú á P.L. Møller en hann flæktist inn í vafasöm bladaskrif, átti fótum fjór að launa úr landi árið 1845 og dó í hálfgerðri útleð í Þýskalandi (Andrés Björnsson 1990).

²³ „Spiren til hver Tidsalder ligger i den foregaaende Periode, og ligesom hvert Seculum er et Led i den sammenhængende verdenshistoriske Kjede, saaledes fremgaaer ogsaa i Litteraturen, og da maaskee fornemmelig i Poesien, den ene Aandsretning af den anden og refererer sig med en streng Nødvendighed til den foregaaende“ (Grímur Thomsen 1843: 1).

²⁴ „... thi Poesien er det mest sammentrængte, fineste og sandeste Udtryk af de Tilstande, som ere det sidste egentlige Resultat af Nationallivets Bevægelser ... saaledes staaer Poesien ikke alene i en blivende Vexelvirkning med det Nærværende og Forbigangne, men antyder endog og ofte forudsiger Folkenes tilkommende Liv, hvortil den ikke sjelden bærer Spiren i sit Skjød“ (Grímur Thomsen 1843: 3).

²⁵ Grímur Thomsen 1843: 3.

²⁶ Abrams og Stillinger 2000: 7.

skálda að spegla mannlífið og náttúruna en hún er í þeirra bókum utan við skáldið sjálft.

Í ritgerðinni um franskar samtímabókmenntir er mikið gert úr trú á frjálstan anda og sjálfstæðan persónuleika. Af því sprettur nokkur fyrir-
litning á klassisistunum frönsku sem létu setja sér ströng fyrirmæli um form. Hinn ungi bókmenntafræðingur talar um fúskara sem rembist við að líkja eftir meisturum sínum í máli og stíl í stað þess að íhuga djúp mannlegs hugar, greina manneskjulegar tilfinningar og hrífast.²⁷ Formið verði að víkja fyrir innihaldinu, sé það óhjákvæmilegt. Það sé til guðdómlegur sannleikur ofar öllu öðru.

Miðað við þessar skoðanir mætti ætla að Búa ríma Gríms væri hugsuð sem díalektískt svar við bókmenntum samtímans, ekki einungis við rímu Símonar og hvað þá þeim orðaleppum hans sem, eins og Sveinn Yngvi bendir á, voru sennilega til þess ætlaðir fyrst og fremst að ganga í augun á Matthíasi Jochumssyni. Það eru ríman, söguljóðið og tíminn sem eru til umræðu í kvæði Gríms, ekki marklítill skáldakritur.

Í fræðilegum viðhorfum Gríms var það alltaf ljóst að hann var framar öllu öðru fylgismaður rómantísku stefunnar, taldi að skapgerð Norðurlandabúa hefði mótast af náttúrunni og að hin norræna lund byggði í henni að mestu leyti. Hér verður vafalaust einhverjum hugsað til lundarfars þeirra sem bjuggu í fjallinu þar sem Búi drap sverðshjöltum á hamravegg í rímunni sem hér er til umræðu. Menn hafa spurt hvers vegna Grímur hafi valið Kjalnesinga sögu til þess að yrkja útaf henni rímu en ekki einhverja frægari sögu eins og Eglu eða Njálu.²⁸ Skýringin á því held ég tvímælalaust að sé sú að Kjalnesinga saga gaf skáldinu kost á því að fjalla um eitt af þeim umræðuefnum sem áttu huga hans, bæði í kvæðum og greinum: Hver er í reynd sá norræni andi sem býr í náttúru Norðurlandabúa og segir til um dyggðir þeirra og lífsviðhorf. Þá er í raun og veru spurt: Hver erum við og hvert stefnum við? Þessu má ekki rugla saman við síðari tíma uppáfyndingar um norrænt eða germanskt eðli. Um þetta hef ég áður fjallað í doktorsritgerð minni: *Heimsborgari og þjóðskáld*.

Að mati Gríms eins og margra samtímamanna hans var Shakespeare norrænn höfundur, vegna þess ekki síst að persónur hans „trúa

²⁷ „Campistron o.a.fl. kunne tjene som Exempler paa slige Dilletanter, som istedetfor at udgrunde det menneskelige Aands og Hjertes Dybder og søge de menneskelige Følelser i deres egen Begeistring, kun stræbe at kopiere deres Mester [Racine] i Form og Stil“ (Grímur Thomsen 1843: 6).

²⁸ Sveinn Yngvi Egilsson 1999: 140.

á mátt sinn og megin“.²⁹ Þetta má auðvitað tengja við Herder og ritgerð hans frá 1772 en á þeim sextíu árum sem liðin voru frá því að hún kom út hafði margt gerst. Skoðanir Herders höfðu fengið mikið fylgi og breyst í meðförum manna.

Grímur taldi á yngri árum að óbilandi trú á sjálfstæði og frelsisþrá einstaklingsins væri helsta einkenni Norðurlandabúa og Englendinga og annarra norrænna manna sem hiklaust tækju upp baráttu við „hin almáttugu forlög“³⁰ sem þeim væru búin. Hann vitnaði í ritum sínum í Hegel um að persónur Shakespeares væru sjálfstæðar og sjálfum sér samkvæmar („selbständige, in sich selbst beharrende“) og var sammála þeirri skoðun. Í ritgerð sinni um franskar samtímabókmenntir leiddi hann sögugreiningu sína umsvifalaust út í lofgerðaróð um Shakespeare sem stórkostlegan höfund og skáldjöfur og frá honum til Byrons sem fremsta og helsta arftaka hans í listum nútímans. Hugsanagangurinn beinist sem fyrrum að því að staðsetja skáldskapinn í huga skáldsins. Það er sköpunin í huga einstaklingsins sem tengir hann við guðdóminn. Skáldið getur fært mannkyninu sinn innri eld. Sá eldur á væntanlega í Búa rímum að birtast í þeim „drengskap og ástarblíðu“ sem er farmur skáldskaparins í því kvæði. Í hugsun rómantískra bókmenntafræðinga voru dyggðir og fagrar tilfinningar nátengdar góðum skáldskap vegna þess að skáldskapurinn var álitinn í beinu sambandi við guðdóminn.

Grími sýnist Byron taka við merki Shakespeares með því að sýna okkur logandi ástríður sem haldið er í skefjum af viljastyrk og stolti sem er norrænt og glæsilegt. Til að lýsa einstaklingi með slíka skapgerð grípur Íslendingurinn Grímur til náttúru heimalandsins og minnir á eldfjallið sem logar að innan þótt ytra byrðið sé þakið ís og snjó. Slíkan tilfinningastyrk telur hann áður hafa sést hjá Rousseau, þó að stillinguna hafi ef til vill vantað þar, og Heine sem er í ritgerðinni kallaður nemandi Byrons og sagður yrkja eftir hans forskrift. Grímur á að vísu erfitt með að dylja vantrú sína á Heine en madame Dudevant, eða George Sand, er að hans mati eins og endurfæddur Rousseau eða kvenlegur Byron. Hana telur hann nýjustu von og stjörnu franska bókmennta og finnst fátt jafnast á við verk hennar nema ef vera skildi saga Victors Hugo, *Hringjarinn í Notre Dame*. Madame Dudevant segir hann að sé bæði kvenleg og næm í verkum sínum en sýni jafnframt dirfsku sem standi karlmönnum ekki að baki.³¹

²⁹ Grímur Thomsen 1843: 66.

³⁰ Grímur Thomsen 1843: 67.

³¹ Grímur Thomsen 1843: 70–71.

Víkjum aftur að kvæði Gríms um íbúa norskra fjalla. Tröllin í fjalli Dofra eru heiðarleg og samkvæm sjálfum sér. Ekki er munur á kynjum að því leyti. Fríður dóttir Dofrans í fjallinu er fögur, sjálfstæð, greind og heillandi. Þannig hafa fáir lýst jötnameyjum. Í höllu Dofra eru engir speglar svo að Fríður er fegurri en hún veit sjálf og hún háttar sig áhyggjulaus þó að Búi sé gestur í herbergi hennar:

Af sjer lagði' hún skikkju skartið,
 skýjum líkt og dreifir sunna;
 líkaminn sást þá betur bjarti,
 besta skartið náttúrunnar,
 sinn um ljóma nektar nanna
 naumast hafði vitund sanna.

Grímur Thomsen virðist reyndar hafa verið óhræddari við það en flestir samtímamenn hans og landar í Kaupmannahöfn að hylla andlega hæfileika kvenna og horfast í augu við þá. Í því eins og sumu öðru var hann nokkuð á undan sínum íslenska samtíma. Hugsanlega voru þar á ferð áhrif frá þeirri hæfileikaríku skáldkonu Magdalene Thoresen. Móðir Gríms gæti einnig átt sinn þátt í því og þetta viðhorf Gríms birtist einnig í vali hans á eiginkonu. Jakobína var greind kona og sterkur persónuleiki. Kvenréttindi náðu nokkurri fótfestu í frjálslyndisstefnunni og til marks um það mætti minna á eitt af grundvallarritum hennar, *Frelsið* (1859) eftir John Stuart Mill, sem áratug síðar ritaði bókina *Kúgun kvenna*.

Grímur ræddi samskipti kynjanna sums staðar í ritum sínum og benti meðal annars á að allur skáldskapur Byrons væri í stíl og viðhorfum andsnúinn hinu kynferðislega draumalandi.³² Miðað við samhengi má skilja túlkun Gríms á Byron þannig að hann sé að bera Byron fyrir sig í því að tilfinningalíf kynjanna sé ósamræmanlegt. Slíkar skoðanir áttu eftir að fagna heilmiklu fylgi á 20. öld eins og flestir vita. Tilfinningalíf varð skáldum að umfjöllunarefni í Evrópu á 19. öld. Draumurinn um ástina losnar úr tengslum við veruleikann og þegar það hefur verið gert er hægt að elska hann, hafna honum eða líta niður á hann eins og Byron gerir í *Don Juan* og Goethe í *Raunum Werthers unga*.³³

³² „Byrons Poesi er i Tone og Stemning en afgjort Opposition mod en erotisk Idealverden ...“ (Grímur Thomsen 1843: 68).

³³ Grímur Thomsen 1843: 67–69.

Tveimur árum eftir ritgerðina um franskar bókmenntir birti Grímur Thomsen bók sína um Byron lávarð (240 bls.). Sú bók var meistara-prófsritgerð hans sem seinna var tekin gild sem doktorsritgerð til samræmis við aðrar breytingar á skólakerfi og prófkröfum í Danmörku. Jón Þorkelsson segir að „með konungsúrskurði 10. maí 1854 var ákveðið, að jafngilda skyldi doktorsnafnbót“ og sennilega hafa margir skilið þetta þannig að einungis ritgerð Gríms hafi verið breytt en það er ekki rétt, hér var um kerfisbreytingu að ræða til þess að próf útskrifaðra magistera féllu ekki í verði vegna nýrra skóla og breyttra tíma.³⁴

Í bók Gríms um enskar bókmenntir og Byron frá 1845 birtist syntesa hans eða niðurstaða af fyrri verkum. Ritgerðin um franskar samtímabókmenntir frá 1841 er nokkuð persónuleg eða tilfinningaleg, formálinn eða eftirmálinn sem skrifaður er 1843 er hins vegar mettaður af fræðilegum þönkum en Byronsritgerðin sameinar þetta tvennt. Þar fjallar Grímur um einn frægasta, ef ekki allra frægasta, rithöfund Evrópu á 19. öld. Náinn vinur Byrons, John Cam Hobhouse, kynnti hann fyrir liberalisma og stefnumálum Whigga á skólaárunum.³⁵ Byron varð fylgismaður frjálslyndisstefnu og tók síðan þátt í baráttu fyrir borgaralegum réttindum á Ítalíu og Grikklandi og lést þar sem þjóðhetja en um það má lesa í fjölmörgum ævisögum hans. Stjórn málaafstaða Byrons hefur án efa haft áhrif á val hins unga og frjálslynda Gríms á viðfangsefni í lokaritgerð. Byron var jafnframt flestum öðrum framar í því að skapa heiminn með skáldskap sínum. Grímur virðist hafa verið á þeirri skoðun að ef hann skildi Byron þá skildi hann einnig nútímann.

Í formála að Byronsritgerðinni nefnir Grímur þann tilgang sinn með ritgerðinni að varpa réttu ljósi á Byron, ekki sjálfan sig.³⁶ Hann tekur sér þannig hlutlega stöðu gagnvart viðfangsefninu sem svo mikill styrr hafði staðið um. Ritgerðin byggist á þeim fræðilegu forsendum sem mótaðar voru í ritgerðinni um frönsku bókmenntirnar og formálanum með henni. Í tveimur stórum áföngum, samkeppnisritgerð og formála, hefur höfundurinn byggt upp skilning sem mótast af þýskri hughyggju og söguhyggju sem oft er rakin til Herders en Grímur virðist líka sækja til Chateaubriands. Söguhyggju sína styður

³⁴ Kristján Jóhann Jónsson 2004: 19–20.

³⁵ Sjá <http://englishhistory.net/byron/life.html>; sjá einnig Maurois 1944: 60–64. Whigs kallaðist breskur stjórn mála flokkur sem var forveri Frjálslynda flokksins á 19. öld.

³⁶ „... da det med denne Afhandling er min Hensigt at stille Byron, ikke mig selv, i det rette Lys ...“ (Grímur Thomsen 1845: ótölusettur formáli, 2. síða).

Grímur oft með röksemdum frá Hegel og vísar þá gjarnan til rita hans. Grundvöllurinn er trú á guðlega Hugmynd með heiminum, einhvers konar anda eða tilgang sem skapi samhengi í sögunni og felist í öllum okkar verkum og geri þau merkingarbær þó ýmsum kunni að virðast annað um sinn.

Ef gert er ráð fyrir því að hvert tímabil sé nýtt stig í sögu Hugmyndarinnar, segir Grímur, þá birtist Hugmyndin okkur sem lífræn meginregla sem ræður svipmóti tímans. Þessi skilningur hefur verið kallaður lífræn heildarhyggja. Hugmyndin birtist í vísindum og skáldskap, stjórnámálum og sögu; einstaklingarnir eru tæki hennar, bæði í siðrænni mótun sinni og einstaklingsæðli. Staða Hugmyndarinnar birtist í þróun þeirra og ásigkomulagi. Kraftmest er birting Hugmyndarinnar þó sögð vera í tíðarandanum sem alltaf lætur til sín taka í einstaklingum sem móta söguna eða „verdenshistoriske Individuer“. Í þeim persónugerist æðli Hugmyndarinnar sem stöðugt sækir fram. Þess vegna birtist tíðarandinn okkur í formi mikilmenna. Það er ekki ólíkt því þegar Guð tók á sig mannsmynd. Tíðarandinn birtist í einum eða fleiri persónuleikum til þess að hafa áhrif á manneskjurnar og stuðla að framgangi Hugmyndarinnar. Búi Andriðsson í rímu Gríms virðist eimitt vera sögulegur einstaklingur úr fortíðinni. Í fari hans birtist norræn ástríða og stilling sem er samkvæmt hugmyndum rómantísku stefunnar og skandínavismans sá kjarni norrænnar skapgerðar sem okkur ber að vernda.

Setjum nú þessar hugmyndir í samband við skens Símonar Dalaskálds. Það virðist skiljanlegt að Þórður Helgason efast um að Grímur hafi ort 260 erindi til þess að taka í lurginn á Símoni. Hins vegar virðist afar trúlegt að Grímur hafi hugsað þetta langa kvæði sem eins konar yfirlýsingu um það hvert höfundum söguljóða bæri að stefna. Þeim ber samkvæmt kvæðinu, öfugt við Símon, að hrinda skipi sínu úr skorðum í nausti ogt fleyta því út á opið haf.

Skandínavismi

Grímur Thomsen var löngum talinn eini Íslendingurinn sem hefði tekið alvarlega þá stefnu sem kölluð var skandínavismi og byggðist framur öðru á þeim skilningi að Norðurlandþjóðirnar, sérstaklega Svíþjóð, Danmörk, Noregur, Ísland og Færeyjar, væru skyldari en svo að þeim bæri að skipta upp í mörg þjóðerni. Bandaríki Norður-Ameríku voru soðin saman úr mörgum mismunandi hópum og Þýskaland var einnig samsett úr ólíkum ríkjum. Norðurlönd hröktust

nokkuð í alþjóðastjórnsmálum við upphaf 19. aldar og þá freistaði skandinavisminn margra.

Hann átti einnig rót að rekja til vaxandi trúar á einstaklingsfrelsi sem margir töldu að yrði enn meira í stóru norrænu ríki. Möguleikar til ferðalaga jukust stöðugt með tilkomu gufuskipa og járnbrautarteina sem í einu af bréfum Gríms eru reyndar kallaðir „ísarnvegir“.

Skandinavismi spratt upp á Norðurlöndum eftir að Napóleonsstýrjöldunum lauk. Þangað eiga ýmis viðhorf og sjálfsskilningur á Norðurlöndum rót sína að rekja. Norðurlöndunum var ýtt til hliðar í evrópskum stjórnsmálum, þau þjöppuðu sér saman og nokkrum áratugum seinna skaut skandinavisminn rótum sem pólitísk hugmyndafræði.³⁷ Um öll Norðurlönd voru stofnuð félög Skandínavista og Grímur Thomsen hélt árið 1846 merkan fyrirlestur í Skandínavistafélaginu í Danmörku um stöðu Íslands í Skandinavíu.³⁸

Skandínavistafélagið í Danmörku var ávöxtur vaxandi samskipta Norðurlandabúa eftir júlíbyltinguna í Frakklandi 1830 og leiðandi Danir í þeim hópi voru kunnir frelsisbaráttumenn á borð við Orla Lehmann og Carl Plough. Grímur Thomsen varð fyrstur í hópi íslenskra stúdenta til þess að skipa sér undir merki þessa félags. Jón Sigurðsson gekk í félag skandínavista eftir að fundahöld Íslendinga féllu niður og Brynjólfur Pétursson gekk í félagið 9. janúar 1846,³⁹ sama dag og Grímur hélt fyrirlesturinn „Um stöðu Íslands í Skandinavíu, einkum með tilliti til bókmennta“.

Í Félagi skandínavista virðast menn hafa reiknað með því að sameining Norðurlanda væri eðlileg og rétt og yrði öllum til góðs. Fyrirlestur Gríms gekk út á það að Norðurlöndin gætu ekki án Íslands verið og þeirrar menningarlegu kjölfestu sem fylgdi íslenskri tungu og bókmenntum. Ísland var nýlenda með menningarlega þyngd en dæmið átti auðvitað eftir að snúast þannig að ákveðnir þættir íslenskrar menningar voru fluttir inn til móðurlandsins eins og hver önnur vara.⁴⁰

³⁷ Berntson o.fl. 2003: 38–39.

³⁸ Kristján Jóhann Jónsson 2012: 194–207.

³⁹ Aðalgeir Kristjánsson 1999: 323.

⁴⁰ „... det kun er en del af Islands kulturelle frembringelser, nemlig den islandske midlaldrelitteratur, der har og har haft interesse i en dansk sammenhæng. Interessen gælder ikke sproget og litteraturen betraget i sig selv, den gælder derimod Danmark – ligesom orientalismen og orienten i vid udstrækning handlede om kolonimagterne selv. Danmark fik gennem oldislandsk litteratur og sprog udfyldt et tomrum i det danske tekstkorpus, og fik dermed et vigtigt supplement til den danske identitetsdannelses fundament“ (Aldís Sigurðardóttir 2004: 21).

Þess er rétt að geta að skandinavismi Gríms mun hafa vakið reiði ýmissa og má þar nefna sem dæmi tillögu sem Þorleifur Repp flutti á fundi Íslendinga, eftir að Grímur var genginn í félag skandinavista, þess efnis að enginn fengi að tala á fundum Íslendinga sem hefði gengið í danskt-pólítískt félag og talað á dönskum fundi. Tillaga Þorleifs var að vísu út í hött því vera í félagi skandinavista var næsta örugg leið til þess að espa upp dönsk stjórnvöld eins og Aðalgeir Kristjánsson hefur rakið.⁴¹ Í Árbók Landsbókasafns fjallaði Andrés Björnsson⁴² einnig um átök Gríms og Þorleifs Repp. Þorleifur jós Grím óhróðri, Grímur stefndi honum og málið var sennilega óútkljáð þegar Þorleifur féll frá. Andrés tengir upphaf skandinavismans hins vegar ekki við alþjóðlegar hræringar.

Það er venja að tala um skil í Íslandssögunni um 1830 og þau skil hafa lent á sama ári og júlíbyltingin í Frakklandi þar sem evrópsk borgarastétt náði að festa sig í sessi. Tímaritið *Fjölur* var stofnað 1835 og þeir sem því fylgdu að málum töldu eins og kunnugt er nýja tíma í vendum fyrir Íslendinga. Danir sáu einnig fram á nýja tíma, iðnaður óx og frjálslyndisstefna blómstraði. Þess var skammt að bíða að Danir fengju stjórnarskrá og einveldi liði undir lok í því landi. Stjórnlagabing Dana starfaði veturinn 1848–1849 og samþykkti í lok maí nýja stjórnarskrá um þingbundna konungsstjórn. Þar voru völd konungs takmörkuð.⁴³ Þjóðfundur Íslendinga var eins og kunnugt er haldinn árið 1851.

Í þessu andrúmslofti breytinga og ófyrirsjáanlegrar þróunar talaði Grímur Thomsen á fundi hjá félagi skandinavista og sjónarhorn hans er í alla staði forvitnilegt, ekki síst þegar lítið er til þess að fyrirlesarinn hafði á árunum 1841–1845 freistað þess að draga upp heildarmynd af frönskum og enskum bókmenntum, sögu þeirra og samfélagstengslum. Íslendingar höfðu horn í síðu skandinavista og það tengist langlífri tortryggni og úlfúð í garð Gríms Thomsen. Þegar skandinavisma ber á góma í íslensku riti fylgja gjarnan stuttar umsagnir um að þangað hafi aðrir Íslendingar en Grímur ekki viljað fara og af einhverjum ástæðum er slegið saman fylgi við skandinavisma og dönsk stjórnvöld⁴⁴ sem vissulega er ekki rétt. Dönsk stjórnvöld höfðu miklar áhyggjur af skandinavistum og meira að segja Rússakeisara var ekki rótt.⁴⁵ Meðan

⁴¹ Aðalgeir Kristjánsson 1999: 320–323.

⁴² Andrés Björnsson 1990: 5–15.

⁴³ Gunnar Karlsson 2008: 268.

⁴⁴ Páll Valsson 1996: 349–350.

⁴⁵ Nilsson 1997: 85

skandinavistar héldu fram skyldleika norrænna þjóða og vildu ræða norrænt þjóðerni, færðust Íslendingar allir í aukana með umræðum um sérstakt, íslenskt þjóðerni og þetta tvennt samræmist að sjálfsögðu ekki vel.

Umræðan um skandinavisma átti svo eftir að halda áfram og hann hefur verið ræddur í tengslum við Gunnar Gunnarsson og kallaður „norræn þjóðernisstefna“. Þá er enn ráð fyrir því gert að skandinavisminn hafi ekki leitast við að sameina ólíkar þjóðir í stórt yfirþjóðlegt ríki heldur að sameina eina þjóð sem hefði verið tvístrað í nokkur ríki.⁴⁶ Þetta er grunnhugmynd og sprettur víða skýrt fram í ritum Gríms Thomsen, meðal annars í fyrirlestrinum frá 1846.

Í grein eftir Frederik Nilsson (1997), sem í lauslegri þýðingu heitir því skemmtilega nafni „„Lýðveldi á siglingu“: Um uppákomur og tækni í skandinavískum stjórnámálum snemma á 19. öld“, eru rakin nokkur helstu sérkenni skandinavismans. Nafnið á grein Nilssons er myndlíking, þeir sem stíga um borð í gufuskip stíga inn í nýtt samfélag um borð og yfirgefa hinn gamla tíma í krafti tækninnar. Þegar árið 1842 lýsti sænskur rithöfundur gufuskipi með því að því að líkja því við nýtt samfélag sem farþeginn verður þegn í þegar skipið yfirgefur hafnarbakkann þar sem fjölskylda og vinir standa og veifa klútum. Gufuskipið varð að algengu tákni hins nýja tíma. Fyrir tilstilli gufuskipanna gátu stúdentar og aðrir menntamenn farið með fundahöldum yfir Skandinavíu og látið í ljósi gleði sína yfir nýjum tímum. Það er ekki flókið að sjá hér tengslin á milli samfélagsþróunar og vaxandi vinsælda sögukvæða sem fjölluðu gjarnan um einstakling sem fór á vit nýrra heima og kom til baka reynslunni ríkari. Við hliðina á þessum vinsælu sögukvæðum spratt svo fram önnur bókmenntagrein, hin borgaralega skáldsaga, sem oftar en ekki segir frá því á einhvern hátt að maðurinn sé einstaklingur, geti gengið út úr samfélagi sínu og jafnvel lifað lífinu einn og hjálparlaust eins og Robinson Crusoe.

Nilsson rekur einnig í grein sinni hve mikil nýjung það var á Norðurlöndum að fólk safnaðist saman á torgum til þess að hrópa húrra fyrir sjálfu sér og hugmyndum sínum. Það virðist hafa verið ótrúlegt áfall fyrir yfirvöld. Skandinavistarnir brutu að vissu leyti félagslegar reglur því þeir gerðu sér grein fyrir því að þeir urðu að fara út úr fyrirlestrasölum skólanna, tala, syngja baráttusöngva og halda ræður á opinberum svæðum. Borgarar runnu á hljóðið og allur almenningur fagnaði. Þegar skandinavistar fóru í kröfugöngur til þess

⁴⁶ Jón Yngvi Jóhannsson 1998: 115.

að syngja um þjóðernið og hrópa húrra þá komu konur út á svalir þar sem þeir gengu hjá og köstuðu til þeirra blómum.

Ekki var þó allt byltingarsinnað sem sagt var og sungið um en yfirvöld hugsuðu með hrolli til frönsku byltingarinnar. Máttur hins þjóðlega var mönnum í huga á þessum árum eins og lýst var í inngangi. Þjóðernið tengdu menn við persónuleika þjóðarinnar og einkenni náttúrunnar. Hins vegar hafa allt fram á okkar daga komið fram vafatríði um það hverjir gætu kallað sig þjóð og hverjir ekki.⁴⁷

Hugmynd skandínavista var sú að Norðurlönd styrktu þjóðernislega frændsemi og næðu þannig fótfestu gagnvart breytilegum heimi. Þar sáu menn fyrir sér nýtt samfélag og öflugt vald, byggt á borgaralegu lýðræði og frændsemi þjóða. Þó að Íslendingar snerust flestir öndverðir við skandinavískum hugmyndum gengu sterkir einstaklingar á borð við Jón Sigurðsson og Brynjólf Pétursson í félagið eins og áður var nefnt.

Íslendingur hefur orðið

Í nafni þjóðlegrar frændsemi var svo haldinn fundur í félagi skandínavista 9. janúar 1846 og hinn nýbakaði magister, Grímur Thomsen, fenginn til að tala um stöðu Íslands í Skandinavíu, einkum með tilliti til bókmennta. Lykilstaða Íslands í norrænni menningu hafði áður verið nefnd á fundum skandínavistafélagsins, meðal annars í ræðu sem Grundtvig hélt þar árið áður.⁴⁸ Ræða Gríms er hins vegar fyrsta dæmið um að leitað sé í uppsprettuna sjálfa og Íslendingur beðinn um að túlka viðhorf íslenskrar menningar.

Fundurinn virðist hafa einkennst af mikilli gleði eins og Andrés Björnsson rekur í formála bókar sinnar með þýðingum á ritgerðum Gríms⁴⁹ og frásögn hans er í stuttu máli á þessa leið: Það var hlustað með almennri athygli og ákaft fagnað þegar erindinu lauk. Á undan og eftir voru sungin ljóð eftir Bjarna Thorarensen og Grundtvig og svo komu skálarræðurnar: fundarstjórinn, prófessor Sommer, mælti fyrir minni Gríms, Grundtvig prestur fyrir minni Íslands, Finnur Magnússon fyrir minni Grundtvigs, Tschernig kapteinn fyrir minni sjálfstæðis Íslands og alþingis, Plough kandidat fyrir minni Íslendinga í Kaupmannahöfn, Almquist rektor fyrir því að íslenska yrði skilin eins og

⁴⁷ Guðmundur Hálfðanarson 2007: 36–37.

⁴⁸ Jón Yngvi Jóhannsson 1998: 43.

⁴⁹ Andrés Björnsson 1975: 10.

móðurmálið í Danmörku, Svíþjóð og Noregi og að Ísland yrði hluti af Skandinavíu og svo fyrir hinu mikla „skandinavíska norðursvæði frá Ameríku til Rússlands“! Auk þess fluttu Monrad magister og Grundtvig nokkrar gamansamar skálarræður og þessi síðasti hluti hefur ef til vill mótast af því hvað var í skálunum. Frá þessu öllu var sagt daginn eftir í *Nyt Aftenblad* (10. janúar 1846) og þaðan hefur Andrés Björnsson sínar upplýsingar.

Ekki fer á milli mála að viðstöddum hefur þótt þetta mikill atburður, gleðin er einlæg og möguleikarnir óþrjótandi. Senn verður íslenska skilin á götum Kaupmannahafnar og norðursvæði Ameríku og Rússlands virðast skandinavísk svæði, að minnsta kosti þegar Almquist rektor heldur sjöttu skálarræðuna. Því má þó ekki gleyma að þeir fundargestir sem upp eru taldir voru mektarmenn sem höfðu áhrif í dönsku samfélagi. Grími er sýnd virðing þegar hann er beðinn um að tala á þessum vettvangi og hann talar máli íslenskra bókmennta í fyrirlesturinum eins og hann átti síðar eftir að gera í fræðigreinum og endursögnum miðaldabókmennta.

Í fyrirlestri hans er gengið út frá þeirri forsendu að íslensk menning sé kjarni og upphaf allrar norrænnar menningar. Íslendingar hafa að hans sögn varðveitt tungumálið lítið breytt; varðveitt ritlistina og farið sem farandskáld um Norðurlönd og þorað að horfast í augu við konunga. Þar er vísað til dróttkvæða og margvíslegra frásagna af samtölum konunga og hirðskálda þeirra. Íslensk menning beið að sögn Gríms mikinn hnekki þegar Íslendingar misstu sjálfstæði sitt í hendur Norðmanna en það versnaði þó um allan helming þegar þeir lentu undir Dönnum. Norðmenn mundu alla tíð eftir skyldleika þjóðanna en í augum Dana var Ísland nýlenda. Annað reiðarslag fyrir íslenska menningu var húsagatilskipun Danakonungs, enda geta konungar fátt gert óviturlegra en að banna saklausa skemmtun.

Fyrirlesarinn kveðst ekki mæla kaþólsku bót eða vera andsnúinn síðaskiptum en er þó mjög jákvæður í garð Jóns Arasonar. Hinn jákvæða þátt síðaskiptanna sér Grímur fyrst og fremst í Hallgrími Péturssyni. Í honum og veraldlegum skáldum á borð við Stefán Ólafsson lifir íslensk menning þrátt fyrir allt áfram og er kjarninn í norrænni mennsku.

Til þess að ná eyrum áheyrenda sinna hefur fyrirlesarinn mál sitt á athyglisverðri þverstæðu.⁵⁰ Hann kveðst beðinn um að segja frá Íslandi vegna þess að hann sé Íslendingur og þekki því til íslenskra málefna en

⁵⁰ Grímur Thomsen 1846a.

sem *Íslendingur* geti hann ekki komið fram á skandinavískum vettvangi. Hann geti ekki notað sitt eigið tungumál eins og Svíi sem flytji sitt mál á sænsku eða Dani sem tali sína dönsku og það liggur í orðunum að án tungumálsins sé hann ekki heill Íslendingur þegar hann talar til herrarþjóðarinnar.

Samband nýlendubúans við tungumálið, einkum hið opinbera mál nýlenduherrans, er íðulega mjög viðkvæmt. Danir tóku aldrei yfir hið opinbera tungumál kirkju og stjórnslu á sama hátt og til dæmis í Færeyjum. Íslenskir embættismenn urðu þar milliliður. Grímur tekur sér engu að síður stöðu með öðrum nýlendubúum og minnir á uppruna sinn þegar hann hefur mál sitt á þennan hátt og tekur sér orðræðuvald um leið og hann minnir á að honum er ekki ætlað það.

Í frægri grein um skipan orðræðunnar⁵¹ gengur Michel Foucault út frá þeirri grunnsetningu að í hvert sinn sem við veljum eitt útilokum við annað sem við hefðum getað valið. Hver fræðigrein er sögð taka trúanlegar sannar og ósannar fullyrðingar en ýta út fyrir mörk sín aragrúa af „þekkingarskrímslum“. Það sem við segjum þarf að rúmast „innan sannleikans“. Þá lúta menn „lögreglum“ orðræðunnar og endurnýja þær. Þetta þýðir að orðræðan er bæði innilokunar- og útilokunarkerfi. Til dæmis um það hvernig orðræða mótast tekur Foucault a) bannið, b) markalínur brjálæðisins og c) sannleiksleitina. Um leið verða þetta þrjú útilokunarkerfi. Það sem er bannað, það sem telst geðveiki og það sem ekki er satt er utan viðtekens sannleika.

Á þessum greiningum byggir Foucault hugmyndir sínar um orðræðusamfélag og þær varpa ljósi á orðræðuna sem Grímur Thomsen er staddur í. Það er sérstaklega þriðji liðurinn, c), sem fær gildi vegna þess að sannleiksleitin beinist að fortíðinni undir merkjum rómantískrar menningarumræðu og fortíðin er Ísland. Það hefur verið bannað en íslensk menning á nú að fá hlutverk sannleikans. Þessar hugmyndir er skemmtilegt að tengja við Rímur af Búa Andriðssyni og Friði Dofradóttur.

Tungumálið, sem áður sameinaði norrænar þjóðir og kallaðist dönsk tunga, norræn eða íslensk, skilur nú Íslendinga frá öðrum þjóðum, segir Grímur. Hið eina íslenska sérkenni er hreimurinn þegar Íslendingar tala dönsku og hér mætti spyrja hvort Íslendingurinn sé þá ekki orðinn gallaður Dani. Tungumálið sker með öðrum orðum úr um það hvort sá sem talar er inni eða úti, hvort hann er „við“ eða „hinir“. Herrarþjóðin ræður ritmálinu og þekkingunni. Þessi staða vekur efa

⁵¹ Foucault 1991: 191–226.

um að nokkur möguleiki sé á að koma fram sem Íslendingur á skandinavískum vettvangi árið 1846 en sá sami efi sýnir einnig nauðsyn þess að það sé gert, vegna þess að þjóðirnar eiga samleið. Það virðist þversagnakennt að Grímur skuli taka sér orðræðuvaldið þegar hann útskýrir jafnframt að hann hafi ekki það vald og að tungumálið geri honum ókleift að fjalla um efni fundarins í þessu samfélagi. Skýringin er sú að ‚sannleikur‘ hans felst í því að hann þekkir ‚frummál‘ Norðurlanda. Sú þekking veitir honum vald til þess að skora á doxuna og móta ‚orðræðu‘ sem jafnframt útilokar þá sem útiloka hann.

Kenningar Gríms um íslenskt þjóðerni og Skandinavíu eru nokkuð vandræddar vegna þess að þær eru börn síns tíma. Hér er miðað við dönsku frumútgáfuna af fyrirlestrinum vegna þess að íslenska þýðingin fer ekki alltaf rétt með textann.

Náttúran og hið liðna geymir að mati 19. aldar manna sannleikann um okkur og almættið og að mati skandinavista var Ísland framar öðrum löndum fulltrúi stórbrotinnar náttúru og hins liðna á Norðurlöndum. Þegar Íslendingurinn Búi heimsækir stórbrotin fjöll á Harðangursheiði og hittir Dofrana, þjóð hinnar norsku fortíðar, fellur allt í ljúfa löð og hann binst þeim fjölskylduböndum. Að mati Gríms Thomsen var Ísland þó aldrei safn eða grafreitur. Í orðræðu hans, eins og margra annarra 19. aldar manna, er fortíðin ekki andstæða nútímans eins og svo víða í textum 20. aldar. Íslandi er í orðræðu Gríms ætlað svipað hlutverk í sögu og menningu Norðurlanda og Grikklandi í Evrópu. Á því má byggja þjóðernishugmyndir vegna þess að Ísland gætir fjársjóða sögunnar. Lega landsins tengir það við bæði Evrópu og Ameríku; í senn við hinn nýja og gamla heim, og skapar því algera sérstöðu sem tengist fortíð og nútíð eins og Grímur segir: „Afskekkt lega landsins virðist frá upphafi hafa ráðið að það yrði það sem það hefur lengi verið og er enn: Musteri Ságu, fjársjóðsherbergi hinna norrænu sérkenna, eldraust en þó logandi, svo vitnað sé í íslenskt skáld sem segir: „verndað af silfurblám ægi eins og kerúb með sveipanda sverði.“⁵²

Hér snýst umræðan um það að vera norrænn; um norræna sérstöðu, nánast að segja norrænan persónuleika sem er ólíkur suðrænum og andstæður honum að mörgu leyti. Á rómantíska tímabilinu var þetta jákvætt og menningarlegt umræðuefni.

⁵² „Dets isolerede Beliggenhed har fra Først af ligesom bestemt det til at være, hvad det længe har været og endnu er: Sagas Tempel, den ejendommelige Nordiskheds Skatkammer, som brandfrit og dog brændende, forat bruge den islandske Digtters Ord: „beskyttes af det sølvblaa Hav, som av Cheruben med det dragne Sværd.““ (Grímur Thomsen 1846a: 5).

Það þarf ekki lengi að lesa í grein Gríms um stöðu Íslands í Skandinavíu til þess að sjá að hún beinist öll að því að auka menningarlegt vægi Íslands eða sanna menningarlegt gildi þess. Vikið er að þjóðlegu sakleysi Íslendinga sem skynja í senn hinn gamla og nýja tíma, enda landfræðilega séð jafnlangt frá nýja og gamla heiminum. Ennfremur er Íslendingum, eins og áður var nefnt, líkt við Grikki og varðveislu norrænnar menningar við varðveislu grískrar menningar. Fordæmi má hér greinilega sjá í frumkvöðlum rómantísku stefnunnar á árdögum hennar í Þýskalandi. Bæði Goethe og Schiller höfðu til dæmis mikið dálæti á sígildri grískri menningu og hún var í hávegum höfð allt rómantíska tímabilið.⁵³ Sjálfur lagðist Grímur í þýðingar á grískum stórskáldum löngu eftir að hann flutti þennan fyrirlestur.⁵⁴ Í Grikklandi stóð vagga vestrænnar menningar og það gefur auga leið að tenging íslenskra fornbókmennta við norrænar á sama hátt og grískra við evrópskar liggur vel við höggi. Til þess að auka vægi þjóðarbókmennta vildu menn á 19. öld einhvern arf sem unnt væri að fella undir skýringarlíkön klassískra fræða sem aðferðafræðilega voru undanfari þjóðarbókmenntafræða.

Í hinu mikla riti Erichs Auerbach, *Mimesis. Framsetning veruleikans í vestrænum bókmenntum*, sem fyrst var gefin út 1946 en birtist í íslenskrri þýðingu 2008, er borinn saman menningarheimur Hómers og Biblíunnar⁵⁵ og þar eru athyglisverð líkindi við samanburð Gríms á grískum menningarheimi og norrænum. Samanburður Auerbachs á grískum textum og Biblíutextum byggist í stuttu máli á því að hinir grísku textar séu ljósir og skýrir og þá sé illmögulegt að túlka sem táknrænir og margræðir væru. Bókmenntahefð Biblíunnar heldur hins vegar skýringum til baka og þar er hið ósagða iðulega það sem mestu máli skiptir. Báðar þessar stíltegundir standa í andstæðum sínum fyrir grunngerðir, annars vegar mótandi lýsingu, jafnmikla birtu, órofa tengingu, frjálsa ræðu, forgrunnsstöðu, skýrleika, afmarkanir á sviði sagnfræðiþróunar og mannlegra vandamála; hins vegar er birtu varpað á suma þætti meðan aðrir eru myrkvaðir, tengsl eru rofin, áhrif hins ósagða gefin í skyn, bakgrunnsstaða, margræðni og túlkunarþörf, krafa um heimssögulegt gildi, uppbygging sagnfræðilegrar verðandi og djúpur áhugi á mannlegum vanda.⁵⁶

⁵³ Schiller 2006.

⁵⁴ Grímur Thomsen II 1934: 130–270.

⁵⁵ Auerbach 2008: 27–57.

⁵⁶ Auerbach 2008: 56.

Réttum hundrað árum áður en Auerbach skrifaði þetta birtust þrjár greinar eftir Grím Thomsen þar sem svipuðum vinnubrögðum er beitt og niðurstaðan áþekkt, nema þar eru norrænar bókmenntir í þeirri stöðu sem Auerbach lét Bibliutextann hafa. Í fyrirlestri Gríms um stöðu Íslands í Skandinavíu var vikið að því sem Andrés Björnsson þýðir fallega með hugtakinu „kyrrleiksástríðu“ („Rolighedens Pathos“) og þess getið að Grikkir þekki ekkert slíkt. Þar blasir við að í fyrirlesturinum var Grími vel ljóst að hann var að gera Ísland að sams konar vöggu menningarinnar í Skandinavíu og Grikkland hafði verið fyrir Evrópu. Þess vegna var óhjákvæmilegt að staðfesta mun á grískri og norrænni menningu, annars hefði engin ástæða verið til þess að ræða norræna menningu sérstaklega. Þess vegna er sérstaða norrænnar menningar, með tilliti til grískrar, skilgreind sérstaklega eftir fyrirlesturinn í prentuðum greinum árið 1846, og viti menn! Hinir grísku textar eru að sögn Gríms tærir og án undirmála en þeir norrænu dylja aftur á móti ástríðu sína. Andstæðulína tærleika og dulúðar er dregin milli norrænna bókmennta og grískra:

Best koma skýr sérkenni þessara bókmennta í ljós, þegar þær eru bornar saman við þær grísku. Hin klassíska eining hugmyndar og forms er það eina sameiginlega, en með mismunandi hætti. Þar sem form og efni renna þannig saman í því gríska að gagnsæi myndast, vegna þess að innihaldið er alltaf hægt að segja og sýna, er staðan í því norræna allt önnur. ... hið dula edli norrænnar náttúru og hinnar norrænu manneskju hefur í bókmenntunum tekið á sig hliðstætt form; því það væri mótsögn ef form hins dulda afhjúpaði ómælisdýpi hins dulda, ef tjáning þess væri andstæða dulúðarinnar.⁵⁷

Þetta viðhorf er víðar tekið upp og byggist ávallt á sömu hugsun, að í íslenskri menningu sé grundvöllur og undirstaða norrænnar

⁵⁷ „Bedst viser denne Literaturs udprægede Eiendommelighed sig, naar man sammenholder den med den græske. Den classiske Enhed af Idee og Form have de blot tilfælles, men hver paa sin Maade. Thi medens i Græskheden Form og Indhold saaledes gaae op i hinanden, at hin kan siges at være gjennemsigtig for dette, da nemlig Indholdet gennemgaaende er udtaleligt og fremstilleligt, saa er Forholdet i Nordiskheden et ganske andet ... Den nordiske Naturs, det nordiske Menneskes indesluttede Væsen har saaledes i denne Literatur vundet sig sin tilsvarende Form; thi det vilde være en Modsigelse, hvis det Indesluttedes Form aabnede et fuldstændigt Blik i det Indesluttedes Afgrunde, hvis dets Yttring altsaa var modsat af indesluttet“ (Grímur Thomsen 1846b (23): 177).

menningar, rétt eins og evrópsk menning hvílir á þeirri grísku. Menningarlegur grundvöllur þjóðríkja er að sögn Gríms eins og bernskan í lífi manna. Þangað er hægt að sækja styrk. Íslensk menning er jafngild bernsku og þroska Skandinavíu og hana ber að elska og virða sem slíka:

Fyrir þroskaðan mann er það endurfæðing hugar og hjarta að heimsækja þá staði þar sem hann lifði og lék sér barn, rétt eins og þjóðunum er það endurfæðing þjóðernis að halda til sinna andlegu heimkynna öðru hverju og bergja á æsku úr minningum æskunnar. Og Norðrið, herrar mínir, ef það vill endurfæðast, ekki einungis þjóðlega heldur einnig sögulega og skáldlega, verður það sannarlega að snúa sér af alvöru að bernskuminningum sínum og sökkva sér í sinn forna Anda, þar sem hann hefur varðveist í öllum formum – í íslenskum bókmenntum.⁵⁸

Þetta er reyndar skýringin á því hvers vegna Búi getur barið að dyrum á norskum klettavegg og fundið þar inni í norskri náttúru ást og bræðralag sem er andstæða við hinn mannlega samtíma hans, morðhug Haralds harðráða og annað þvíumlíkt. Þegar hann leggur líf sitt í hendur tröllanna bregðast þau ekki eða eins og segir í kvæðinu: „...þá var nægt af trygðatröllum“ (194) en það hefur breyst.

Árið 1846 birtist reyndar einnig greinaflokkur eftir „Mag. Gr. Thomsen“ í *Nordisk Literatur-Tidende*, alls fjórar greinar, sú fyrsta í maí, tvær í júní og sú fjórða og síðasta í júlí. Titill greinaflokksins er „Den islandske Literaturs Charakteristik“.

Að mati greinarhöfundar einkennast bókmenntir allra þjóða af skapgerð og lífsbaráttu þjóðarinnar, sögu hennar og uppruna. Geri þær það ekki að séð verði, geta þær ekki kallast þjóðarbókmenntir. Nefnt er að þjóðirnar virði meira en allt annað það sem er sérstakt, frumlegt og spröttið úr jarðvegi þjóðar og náttúru. Krafa þjóðanna um sjálfsþekkingu sé jafnframt krafa um þekkingu á listinni. Hún sé

⁵⁸ „Ligesom det for den modne Mand er en Hjertets og Aandens Gjenfødelse at besøge de Stæder, hvor han som Barn levede og legede, saaledes er det for Folkene en National-Gjenfødelse engang imellem i Aanden at drage til deres Hjem og drikke Ungdom af Ungdomsminderne. Og Norden m. H., hvis det vil gjenfødes, ei blot folkelig men ogsaa historisk og poetisk, saa maa det sandelig med Alvor tye til sine Barndoms-minder, og fordybe sig i sin egen gamle Aand, saaledes som den i alle Former findes bevaret i – den islandske Literatur“ (Grímur Thomsen 1846a: 34).

sprottin úr djúpi þjóðarinnar, þess vegna geti hún náð til hennar aftur og þess vegna getum við vitað hver við erum:

Upp á síðkastið hefur einmitt í hinum síðmenntaða heimi vaknað æ sterkari þörf til þess að vera samkvæmur sjálfum sér, og kröfurnar um það verða stöðugt háværari. Sérstakur galdur hins þjóðlega verður þjóðunum ljósari og ljósari; þær hlýða spenntar á söngvarann, sem syngur lög þjóðar sinnar, þær klappa fyrir dansmeynni sem sýnir einfalda dansa frá heimalandinu og gömlu þjóðkvæðin eru þýdd. Það sem kemur frá hjartanu, nær til hjartans, og þess vegna geta raunverulegar heimsbókmenntir einungis byggt á grundvelli mismunandi þjóðernissérkenna.⁵⁹

Þetta er heildarmyndin. Þegar litið er til einstakra þjóða eru ritverk jafnvel kölluð „bautasteinar þjóðarinnar“: „et Folks skriftlige Mindesmærker“ eða „litteraire Mindesmærker“. Bókmenntirnar þurfa að hafa sinn sérstaka þjóðlega brag til þess að skera sig úr á vettvangi þjóðanna:

... þær þurfa að vera lifandi tjáning eigin anda, eigin þróunar sem er þessarar þjóðar og engrar annarrar, sprottin upp af innsta lífskjarna hennar, innilega nátengd uppruna hennar, landafræði og sögu. Þá eru bókmenntirnar það sem þær eiga að vera og fyrst þá geta þær orðið blóm þjóðlífsins, lífræn blómkróna á öllum verkum og lífsbaráttu heillar þjóðar og mikilvægur þáttur í heimssögunni með ófrávisanlega kröfu til almennar athygli, ekki aðeins frá menntamönnum, heldur einnig almenningi.⁶⁰

⁵⁹ „Og netop i de sidste Tider vaagner over hele den civiliserede Verden stærkere og stærkere Trangen til at være sig selv, og Fordringen hertil bliver mere og mere høiøstet. Det Nationale eiendommelige Trylleri gaær mere og mere op for Folkene; de lytte spændte til Sangeren, der foresynger sit Folks Viser, de beklappe Dandserinden, som dandser sit Lands simple Dandse, og de oversætte de gamle Folkeviser. Det, som kommer fra hjertet, gaær til hjertet, og derfor er det netop paa de forskjellige National-eiendommeligheders Grund, at en almindelig Verdenslitteratur maatte opbygges“ (Grímur Thomsen 1846b (22): 170).

⁶⁰ „... de maae være et levende Udtryk af en egen Aand, en egen Udvikling, som tilhører dette og intet andet Folk, som hos det er fremgaaet af dets egen inderste Livskjerne, og inderlig sammenvævet med dets Udspring, dets Geographi, dets Historie. Først naar Literaturen saaledes er, hvad den bør være, Nationallivets Blomst, den organisk udsprungne Krone paa et Folks hele Handling og Stræben, er den et vigtigt Led i Verdenshistorien og har sine uafviselige Krav paa almindelig Opmærksomhed, ei blot fra de Lærdes, men lige saa meget fra Folkets Side“ (Grímur Thomsen 1846b (22): 169).

Með þeim röksemdum sem hér hafa verið raktar hafa tveir helstu hornsteinar greinarinnar verið lagðir. Áhugi heimsins beinist að hinu sérstaka, einstaklingsbundna og þjóðlega, og hið þjóðlega getur einungis verið einstaklingsbundið og sérstakt. Þetta er viðhorf stórþjóðanna, segir Grímur. Englendingar taka hið sérstaka fram yfir allt annað og hví skyldu þeir ekki virða það sem frumlegt er hjá öðrum? Þjóðverjar, segir enn fremur, hafa enn lengur kallað eftir einstaklingshyggju og raunsönnum lýsingum (*Individuationen* og *Concretionen*) á, eða dæmum um, margbreytileika og hreyfingu lífsins. Þannig flytja þeir guðspjall hins þjóðlega og sérstaka.⁶¹ Eftir þessum stórþjóðum líkja minni þjóðirnar, segir greinarhöfundur, en misskilja hlutverk sitt. Að vera þjóðlegur er að vera þjóðlegur á sinn sérstaka hátt, ekki að líkja eftir öðrum og stærri þjóðum.

Þegar það sem hér hefur verið sagt er tekið saman heldur greinarhöfundur því fram að gegnum íslenskar bókmenntir eigi aðrir Norðurlandabúar kost á að endurheimta tilfinningar og menningu sem þeir hafa týnt vegna þrælsótta við hugmyndir og hugsanir stórþjóðanna. Þó að allt sé að losna sundur í samtímanum, trúin að breytast og stéttaskiptingin að riðlast getum við sameinast í sögulegum uppruna okkar, menningu og bókmenntum. Þjóðernið er þrátt fyrir allt hluti af persónuleika okkar og íslenskt þjóðerni er kjarni þess danska.

Þar fékk nýlendubúinn Grímur Thomsen gott færi á að jafna reikningana við Kaupmannahafnarbúana sem alltaf stóðu betur að vígi í öllum átökum, á heimavelli í miðju valdsins, meðan þeir sem utan frá sóttu áttu alltaf undir högg að sækja.⁶² Hins vegar þurfti hann að afgreiða ýmislegt fleira til þess að sannfæra viðmælendur sína og lesendur um að íslenskar bókmenntir ættu raunverulegt erindi við Skandinavíu alla. Þar voru vissulega ekki öll kurl komin til grafar.

Hjáleigan og höfuðbólíð

Í fagurfræði sinni, *Philosophie der Kunst oder Ästhetik* (1826), skiptir Hegel list í táknræna list, klassíska list og rómantíska. Táknræn list er eins konar forlist (*Vorkunst*) sem sprottin er úr margs konar menningu og sköpuð af anda sem skynjar frelsi sitt en skilur ekki gildi þess. Slík list nær ekki hæðum fegurðarinnar. Það gerir hin klassíska list og í henni

⁶¹ Grímur Thomsen 1846b (22): 170.

⁶² Kristján Jóhann Jónsson 2005: 13–35.

á fegurðin heima. Rómantísk list sneiðir hins vegar hjá hinni sígildu fegurð og leitar fegurðarinnar hið innra. Hún ein getur hafið sig yfir bæði form og innihald listaverksins og leitað að sjálfri uppsprettu fegurðarinnar. Uppsprettu hennar er að leita í því frelsi sem býr í brjóstum mannanna og það er jafnframt frelsi Andans. Rómantísk list getur sýnt kvöl Krists á krossinum og myndin af því er hreint ekki falleg á að sjá, en handan hennar sýnir rómantísk list innri fegurð, göfgi og frelsi þess sem hefur valið að þjást fyrir aðra.⁶³ Samkvæmt þessari lýsingu virðast rómantískar bókmenntir stóru Evrópuríkjanna vera toppurinn á tilverunni.

Grímur Thomsen gefur lítið fyrir þessar skoðanir Hegels í grein sem hann birti sama ár og greinarnar í *Nordisk Litteraturtidende* en hafði legið fullbúin á borðinu hjá honum nokkra hríð.⁶⁴ Þar hefur hann mál sitt á harðri gagnrýni á Hegel og vísar röksemdum hans frá sér á þeim forsendum að Hegel sleppi í fagurfræði sinni og trúarumræðu allri umfjöllun um norræn trúarbrögð og skáldskap. Jafnframt ásakar hann hinn mikla heimspeking um að eigna öðrum helstu sérkenni norrænna bókmennta:

En sami heimspekingur hefur fært alla möguleika norræns skáldskapar inn í skilgreininguna á rómantískum skáldskap; meðal helstu lögmála hans telur hann hinn sterka, dula, tillitslausa einstakling, hinn mótaða vilja (Macbeth og Ríkharður III hjá Shakespeare); hjá honum telst til frumgerða rómantíks skáldskapar hin lokaða, djúpa skapgerð þess manns sem ekki getur tjáð sig heldur berst einn við sjálfan sig og bíður ósigur án þess að því sé veitt athygli (Ófelía) eða steypir sér út úr sjálfum sér, steypir öðrum og sjálfum sér um leið (Hamlet). Þetta samræmist ekki.⁶⁵

Og hann segir enn fremur:

⁶³ Hegel 1998.

⁶⁴ Grímur Thomsen 1846c.

⁶⁵ „Men den samme Philosoph har optaget alle den nordiske Digtningens Potenser i Skildringen af den romantiske Poesi; han har blandt dennes Principer opstillet den energiske afsluttede hensynsløse Personlighed, den formelle Villje, (Shakespeares Macbeth, Richard d. 3die), han har som en af den romantiske Poesies Grundtyper accentueret den indesluttede, dybe Charakter, der ikke kan komme til Yttring, men stille kjæmper sin ensomme Kamp med sig selv og enten ubemærket gaer under (Ophelia), eller styrter sig ud af sig selv, styrter Andre og selv styrter med (Hamlet). Dette er ikke consequent“. (Grímur Thomsen 1846c: 97).

Hinn öflugi þýski hugsuður hefur í trúarheimspeki sinni, þar sem ræða átti öll tilbrigði trúarbragðanna og eðli þeirra að koma í ljós, stokkið yfir hin fornu norrænu trúarbrögð og ekki nefnt þau einu orði. Jafnframt hefur hann í fagurfræði sinni eða heimspeki skáldskaparins, þar sem viðhorfið til sögunnar er það sama, vikið frá sér norrænni skáldlist. Í þessu er samræmi. Hafi verið horft framhjá norrænni goðafræði er við hæfi að ekki sé litið við norrænum skáldskap. En þessi sami heimspekingur hefur bætt helstu einkennum norræns skáldskapar inn í lýsingu sína á rómantískum skáldskap.⁶⁶

Hér má segja að Grímur taki sér tvöfalda stöðu jaðarþúans. Annars vegar sem talsmaður Íslands gagnvart Norðurlöndum og hins vegar Norðurlanda andspænis Mið-Evrópu sem hafði það fyrir satt að vagga menningarinnar stæði í Grikklandi. Sú var einnig trú Byrons lávarðar sem þótti evrópsk menning hvíla á frelsi Grikkja og féll fyrir þann málstað. Evrópuríkin höfðu eins og áður er að vikið ýtt Norðurlöndunum frá sér og út á jaðarinn í milliríkjasamskiptum. Skandínavisminn sem Grímur tók þátt í af heilum hug var að hluta sprottinn úr þeim hræringum.

Samkvæmt Hegel hefðu íslenskar bókmenntir væntanlega átt að flokkast með etniskum nýlendubókmenntum og annarri frumlist (*Vorkunst*). Þær hefðu þá orðið enn eitt dæmið um skynsemi Andans mikla og skref í áttina að rómantískum bókmenntum sem leita innri fegurðar. Grímur snýr þessu við og segir Hegel hafa fært einkenni norrænna bókmennta upp á þær sem rómantískar séu og þar sem ein lygin leiði af sér aðra verði hann að sleppa allri umfjöllun um norræn trúarbrögð og bókmenntir til að kerfi hans standist.

Næsta stig röksemdafærslunnar er að færa sig nær þeim sjóðum sem liggja ósóttir í íslenskum bókmenntum. Þar er gengið beint að samanburði við sigildar bókmenntir Grikkja. Þær eru sagðar einkennast af tærum stíl og skýrri merkingu meðan hinar norrænu góðbók-

⁶⁶ „Den stærke tydske Tænker, som i sin Religionsphilosophi, hvor alle forskjellige Religioner skulde drøftes og deres Væsen aabenbare sig, har sprunget den gamle nordiske Religion over, og end ikke nævnet den med eet Ord, den samme har i sin Æsthetik eller Poesiens Philosophi, hvor det samme historiske Hensyn bliver taget, forglemt den nordiske Digtekunst. Dette er conseqvent. Thi har man slaaet en Streg over den nordiske Mythologi, saa forbigaaer man passende den nordiske Poesi. Men den samme Philosoph har optaget alle den nordiske Dignings Potenser i Skildringen af den romantiske Poesi“ (Grímur Thomsen 1846c: 96–97).

menntir einkennast öðru framar af því að skýrri merkingu er haldið til baka en hið ósagða látið magnast upp í vitund lesandans. Þessi dulúð norrænna bókmennta er hinn norræni klassíski arfur, hún er jafnframt kjarni rómantikurinnar og allt þetta á Skandinavía Íslendingum að þakka! Hér er rétt að minna á þá tvöfeldni sem margsinnis hefur verið bent á í kvæðinu um Búa Andriðsson og Friði Dofradóttur. Ljóðmæl-andinn gætir þess að halda undirtextanum lifandi gegnum allt kvæðið.

Til þess að merking sem er á huldu fái notið sín og geti magnast upp í vitund lesandans verður hann, viðtakandinn, að vera skapandi:

Grunurinn um skilning liggur hjá viðtakandanum sem ber sama skynbragð á hina huldu merkingu sem skilja skal; hann er á stöðugum verði gagnvart hinni naumu framsetningu.⁶⁷

Í lýsingu Gríms vinna bæði höfundur og lesandi úr því sagða og ósagða.⁶⁸ Hinn eiginlegi sjóður, sem er til umræðu í annarri grein greinaflokksins í *Nordisk Literaturtidende*, er hins vegar annar og flóknari. Það er auðmagn íslenskrar menningar og sé lýsingin á því dregin saman er hún í grundvallaratriðum þessi:

Íslenskar bókmenntir eru eins konar bautasteinar yfir líf og starf forfeðra og formæðra Norðurlandabúa. Þar má sjá mörg dæmi um lýsingar á fólki sem hemur tilfinningar sínar og veitir ástríðum takmarkaða útrás, en sú útrás getur að vísu orðið mjög hörð og grimmdarleg þegar að henni kemur. Tilfinningalífið er engu að síður agað og sjálfstjórnin er aðalsmerki hins norræna persónuleika sem trúir á mátt sinn og megin. Sú hugmynd er í verkum Gríms tengd við norræna náttúru og byggð á því að náttúran móti hugsunina.⁶⁹ Þessar hugmyndir mótuðu val hans á textabrotum í *Udvalgte Sagestykker* og birtust síðar víðs vegar í ljóðum hans.

Í stíl norrænna bókmenntatexta, segir enn fremur, má sjá mörg dæmi þar sem haldið er aftur af merkingu og hinu ósagða gert hátt

⁶⁷ „Anelsen er hos den Opfattende den tilsvarende indre Sands til det Indesluttede i det, der skal opfattes; denne holder nu hin tilbageholdne Udtryksmaade bestandig vaagen“ (Grímur Thomsen 1846c (23): 177).

⁶⁸ Hér er auðvitað freistandi að minna á kenningar viðtökufraeðinnar á 20. öld um þátttöku lesandans í myndun merkingarinnar. Þær höfðu ekki verið settar fram þegar þessi texti er skrifaður en bókmenntamenn í Englandi þekktu vangaveltur af þessu tagi. Laurence Sterne (1713–1768) skrifaði til dæmis um að enginn vel siðaður höfundur héldi að hann vissi allt og bókmenntatextinn væri leikvöllur fyrir hugmyndaflug höfundar og lesanda (Iser 2000: 189–190).

⁶⁹ Grímur Thomsen 1846b (25): 194.

undir höfði. Það sýnir einnig tilhneigingu til sjálfstjórnar og innilokunar tilfinninga og ástríðna sem ekki fá að brjótast fram fyrr en þeirra tími er kominn. Sá sem trúir á mátt sinn og megin fer varlega, lætur aldrei allt uppi og veit að hann stendur einn. Þessa tilhneigingu má glögglega sjá í norrænni goðafræði. Þór er framar öðrum fulltrúi þeirra sem trúa á mátt sinn og megin og norræn goð refsa hetjum aldrei fyrir hroka eða ofmetnað. Það er grískum guðum hins vegar mjög tamt.

Á Norðurlöndum standa menn og falla með verkum sínum. Þar fær einstaklingurinn það gildi sem honum ber. Án efa hafa þessi sjónarmið geðjast fylgismönnum frjálslyndisstefnunnar þrýðilega. Eftir að hafa stutt mál sitt dæmum úr Njálu og Laxdælu segir greinarhöfundur:

Í slíkum dæmum staðfestir Norðrið endanlega friðsælt sjálför-yggi einstaklingsins, þetta göfuga sjálfstraust og rósemi, þessa stoltu tilfinningu frelsis og sjálfstæðis, sem einungis á sér sinn líka í rómantikinni. Þar er þó eitthvað sem við Norðurlandabúar getum verið stoltir af. Trygglyndi riddaratímabilsins og fórnarlund miðaldakristninnar voru eiginleikar forfeðra okkar áður en þeir urðu kristnir. Þess vegna getur norrænn skáldskapur alls ekki kallast klassískur ef lítið er til efnisins; hann væri þvert á móti réttnefndur: Rómantik heiðninnar. Þá trú á einstaklinginn, sem er kennimark á krossferðunum, riddaratímabilinu og skáldskap Shakespeares, er að finna alveg hreina í hinu heiðna Norðri, eða réttara sagt í því Norðri sem trúði á „mátt sinn og megin“.⁷⁰

Hér hefur nú verið rakið ýmislegt úr hugmyndum Gríms Thomsen og tengt við efnið í Rímum af Búa Andriðssyni og Fríði Dofradóttur. Í því eru nýmæli þessarar greinar fólgin.

Í ljósi þess sem sagt hefur verið er rétt að rifja upp í stuttu máli söguna sem sögð er í kvæðinu. Strax í fjórðu vísu kemur það fram að óðarfleyið stefnir út á haf í raunverulega siglingu en ljóðmælandi ætlar

⁷⁰ „Herved vindiceres nu ogsaa Norden fuldkomment denne Individets rolige Hvilen i sig selv, denne ædle Selvtillid og Stoicisme, denne stolte Følelse af Frihed og Uafhængighed, som vi kun i Romantiken finde Mage til. Og det er dog Noget, som vi Nordboer kunne være stolte af, at Riddertidens Trofasthed, den middelalderlige Christendoms Opoftelse har været vore Forfædres Eiendom, forinden de selv bleve Christne. Den nordiske Digtning kan derfor fra Indholdets Side ingenlunde kaldes classisk; den benævnes tvertimod rigtigst: Hedenskabets Romantik. Det samme Individualitetsprincip, som er Korstogenes, Riddertidens og den shakspearske Poesies Særkjende, findes i sin fulde Renhed i det hedenske Norden, eller rettere i det Norden, som troede „paa sin egen Kraft““ (Grímur Thomsen 1846c (23): 180).

ekki að sitja í því skorðuðu á þurru landi eins og Símon. Efni vísanna 260 mætti draga saman á þennan hátt: Íslendingasagnahetjan Búi Andriðsson ber sverðshjöltum þrisvar á norskan klettastall sem opnast og inni fyrir stendur stór og falleg kona. Hann er kominn að biðja um gulltafl handa Haraldi konungi sem ætlast til þess að Búi verði drepinn. Konan fagra er dóttir Dofra konungs. Hún tekur Búa að sér, hann gistir hjá henni, með þeim takast ástir og konan er frjálsmannleg og áhyggjulaus. Búi kynnist fjölskyldu unnustu sinnar og þau honum. Faðir brúðarinnar samþykkir ráðahaginn eftir nokkurt þóf, Búi fer með brúði sína heim en sonur þeirra sem getinn var í fjallinu er vistaður hjá fjölskyldu móðurinnar.

Ljóðmælandi er víða spaugsamur og veit að hann er að segja ævintýri sem engum dettur í hug að trúa. Hins vegar fjallar ævintýrið um alvarleg efni sem skipta okkur öll máli. Það er ort um ást, tryggð, heidarleika og dirfsku. Skip skáldskaparins er komið á siglingu inn í heim jötna þar sem tilfinningarnar eiga sinn rétt og „jötna frúr“ ragast ekki í smáatriðum. Búi og Fríður láta blessun guðs og náttúrunnar duga en tala ekki við prest. Salir Dofra konungs eru glæsilegir en hann er hættulegur og Fríður Dofradóttir leiðir Búa framhjá hættunum og varar hann við því hún er dóttir föður síns og kona fyrir sinn hatt. Hún ráðleggur honum að segjast ekki þekkja Harald konung og hún lætur stinga sendimanni Dofra svefnþorn svo að Haraldur fái ekki fyrirspurn um þennan mann. Á meðan þroskast ástir þeirra og Búi kynnir sig vel.

Sjálfur er Búi vörpulegri en gengur og gerist svo að jötnarnir hafna honum ekki. Svefnþornsmálið kemst upp, Dofri þegir en fer með liði sínu í hættulega sleðaferð yfir fjöll og firnindi og býður þeim Búa og Fríði með. Þau beita hvort annað hæfilegum brögðum fedginin. Jötna fjölskyldan í sleðaferðalaginu hittir Harald konung harðráða í veiðihúsi Dofra, Haraldur bregst illa við þegar hann sér Búa á lífi en Dofri gefur honum þá hið umdeilda tafl og gengur þannig í lið með dóttur sinni og ást hennar. Dofri er vitur, hann veit að öld jötna er liðin, hann blessar yfir hjúin og biður þau að vera hvort öðru góð. Hann vill blanda kynþætti jötna og manna og telur það báðum til góðs. Vafalaust er hægt að kalla þetta fjölmenningsarsinnað viðhorf! Búi og Fríður í kvæðinu flytja svo til Íslands og eignast soninn Jökul sem fór í fóstur til tröllanna eins og áður var nefnt.

Þetta er saga af ást og heidarleika sem sigra að lokum en ljóðmælandinn trúir því að okkur hafi farið aftur og að við gætum lært af fortíðinni. Gagnrýnin á samtíðina er góðlátleg en krefst þess að við ihugum hver við erum og hvert við stefnum:

Þá var líf og fjör í fjöllum,
 fögnuður í dvergabólum,
 þá var kvíkt í klettum öllum,
 kátt og skemmtilegt í hólum,
 þá var nægt af trygðatröllum
 og töfrafróðum hringasólum;
 en jötnar sátu' á tindum tignir,
 trúðu menn og voru skygnir.

Nú er komin önnur öldin,
 ófreskir ei finnast halir,
 dáinn út er dvergafjöldinn,
 Dofra standa auðir salir,
 enginn sjer um sumarkvöldin
 svífa huldufólk um dalinn;
 menn sjá illa' og minna trúa,
 í maganum flestra sálir búa.⁷¹

Hér blasir við það íroníska viðhorf sem gegnsýrir allt kvæðið. Síðasta línan í fyrri vísunni gæti átt við allar línurnar og merkir þá að vandi okkar sé einmitt sá að við erum hætt að trúa og vera skyggn. Sálín hefur færst niður í magann! Það þarf varla að efast um að Rímur af Búa Andríðssyni og Fríði Dofradóttur eru ortar til varnar skáldskapnum og orðræðu hans. Óðarfleyinu þarf að hrinda fram úr nausti til þess að hinn andlegi þáttur manneskjunnar geti lifað. Það gerir hann ekki ef skáldskapurinn lætur orðræðu veruleikans nægja og skip hans fúna skorðuð í nausti. Lokaorðin í síðustu vísu kvæðisins eru skýr:

Gef jeg öllum góðar nætur,
 sem gaman hafa' af rímna vessum,
 óska þeim að svefninn sætur
 sje með góðra drauma blessun,
 og að aftur fari' á fætur
 fjörugir með anda hressum,
 og trúi því, að til sje fleira
 en taka þeir á og sjá og heyra.

⁷¹ Grímur Thomsen I 1934: 194.

Vikið var í þessari grein að ýmsum skoðunum bókmenntafræðinga á þessu merka kvæði Gríms, Rímum af Búa Andriðssyni og Fríði Dofradóttur. Sigurður Nordal taldi rímurnar með snjöllustu söguljóðum sem kveðin hefðu verið á íslensku, Sveinn Yngvi benti á það meðal annars að kvæðið kynni að vera ort að nokkru leyti gegn Símoni Dalaskáldi og Matthíasi Jochumssyni og sniðið eftir hugmyndum Byrons um sagnakveðskap en gæti tæplega átt að heita rímur. Þórður Helgason andmælti þessu og lét að því liggja að kvæðið væri einmitt glæsileg ríma og uppástunga um nýja gerð af rímum.

Ekkert af þessu þarf að vera rangt. Hér hefur verið reynt að sýna fram á að kvæðið sé markað þeirri rómantísku sýn á skáldskap og menningu sem Grímur Thomsen gerði alla tíð að sinni. Það er það sem lyftir þessu kvæði upp fyrir gömlu íslensku frásagnarljóðin sem við köllum rímur og af því hreifst Sigurður Nordal. Höfundurinn gerir þá kröfu til kvæðis síns að það fjalli á skapandi hátt um dyggðir og markmið mannanna og sýni afl norrænnar menningar. Þar með er kvæðinu beint gegn úreltum efnistöfum Símonar og þar með honum sem skáldi. Það er þá um leið orðið að uppástunga að nýrri gerð af rímum.

HEIMILDASKRÁ

- Abrams, M.H. og Jack Stillingar. 2000. „The Romantic Period.“ Í *The Norton Anthology of English Literature*, II (7. útg.). Ritsj. M.H. Abrams og Stephen Greenblatt, 1–21. New York, London: W.W. Norton & Co.
- Aðalgeir Kristjánsson. 1999. *Nú heilsar þér á Hafnarslóð*. Reykjavík: Nýja bókafélagið.
- Aldís Sigurðardóttir. 2004. „Danskerne og det islandske sprog: Den norrøne tradition i Danmark i et postkolonialt perspektiv.“ *Sprogforum* 29. Sótt 13. janúar 2012 á <http://inet.dpb.dpu.dk/infodok/sprogforum/spr29/Sigurdard.pdf>.
- Andrés Björnsson. 1975. „Formáli.“ Í Grímur Thomsen: *Íslenzkar bókmenntir og heimsskoðun*. Andrés Björnsson þýddi og gaf út. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningar sjóðs.
- Andrés Björnsson. 1990. „Grímur Thomsen og Uppsalamótið 1856.“ *Árbók Landsbókasafns Íslands*. 1988. Nýr flokkur 14: 5–15.

- Auerbach, Erich. 2008. *Mimesis: Framsetning veruleikans í vestrænum bókmenntum*. Gauti Kristmannsson o.fl. þýddu. Reykjavík: Háskólaútgáfan, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Berntson, Lennart, Guðmundur Hálfðanarson og Henrik Jensen. 2003. *Europe 1800–2000*, IV. Roskilde: Roskilde Universitetsforlag.
- Foucault, Michel. 1991. „Skipan orðræðunnar.“ Í *Spor í bókmenntafræði 20. aldar: Frá Shklovskj til Foucault*. Gunnar Harðarson þýddi. Ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, 191–226. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Grímur Thomsen. 1843. *Om den nyfranske Poesi. Et forsøg til Besvarelse av Universitetets æsthetiske Prüsspørgsmaal for 1841: „Har smag og Sands for Poesi gjort Frem- eller Tilbageskridt i Frankrig i de sidste Tider og hvilken er Aarsagen?“* Kjøbenhavn: Wahlske Boghandlings Forlag.
- Grímur Thomsen. 1845. *Om Lord Byron*. Kjøbenhavn: Universitetsboghandler Andr. Fred. Høst.
- Grímur Thomsen. 1846a. *Íslands stilling i det øvrige Skandinavien, fornemmelig i litterær Henseende: Et Foredrag holdt i det Skandinaviske Selskab, den 9de Januar 1846, af Grímur Thomsen Mag Art.* [Sérprentaður fyrirlestur]. Kjøbenhavn: Reitzel.
- Grímur Thomsen. 1846b. „Den islandske Literaturs Charakteristik.“ *Nordisk Literatur-Tidende* I (22–23 og 25–26).
- Grímur Thomsen. 1846c. „Et Bidrag til den gamle nordiske Poesies Charakteristik.“ *Annaler for nordisk Oldkyndighed og Historie*, 96–115. Kjøbenhavn: Det kongelige nordiske Oldskrift Selskab.
- Grímur Thomsen. 1934. *Ljóðmæli*, I–II. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson, The English Bookshop.
- Guðmundur Hálfðanarson. 2007. *Íslenska þjóðríkið, uppruni og endimörk*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, ReykjavíkúAkademían.
- Gunnar Karlsson. 2008. „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830–1874.“ Í *Saga Íslands*, IX. Ritstj. Sigurður Lindal og Pétur Hrafn Árnason, 163–374. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag.
- Hegel, Georg Wilhelm Friedrich. 1998. *Aesthetics: Lectures on Fine Art* [Titill á frummáli: *Philosophie der Kunst oder Ästhetik*, 1826] T.M. Knox þýddi. Oxford, New York: Clarendon Press. Sótt 13.1.2013, á <http://plato.stanford.edu/entries/hegel-aesthetics>.
- Iser, Wolfgang. 2000. „The Reading Process: A Phenomenological Approach.“ Í *Modern Criticism and Theory: A Reader* (1. útg. 1988). Ritstj. David Lodge og Nigel Wood, 188–205. Harlow, UK: Longman.

- Jón Yngvi Jóhannsson. 1998. Á íslenskum búningi: Um dansk-íslenskar bókmenntir og viðtökur þeirra. Ritgerð til MA-prófs í íslenskum bókmenntum. Háskóli Íslands.
- Jónas Hallgrímsson. 1837. „Um rímur af Tistrani og Indíönu, orktar af Sigurði Breiðfjörð.» *Fjölur* 3: 18–29.
- Kristján Jóhann Jónsson. 2004. *Kall tímans: Um rannsóknir Gríms Thomsen á enskum og frönskum bókmenntum*. Studia Islandica 58. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Kristján Jóhann Jónsson. 2005. „Með dauða kráku, drullu og stakan tréskó.“ Í *Skáldlegur barnshugur / Et digterisk barnesind*: H.C.Andersen og Grímur Thomsen. Ritstj. Katrín Jakobsdóttir, 12–37. Reykjavík: Mál og menning.
- Kristján Jóhann Jónsson. 2012. *Heimsborgari og þjóðskáld: Um þversagna-kennt hlutverk Gríms Thomsen í íslenskrri menningu*. Reykjavík: Hugvísindastofnun.
- Larrissy, Edward. 2005. „Modernism and postmodernity“ Í *Romanticism: An Oxford Guide*. Ritstj. Nicholas Roe, 350–367. New York: Oxford University Press.
- Maurois, André. 1944. *Byron lávarður: Ævisaga hins mikla skálds*. Sigurður Einarsson þýddi. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Nilson, Fredrik. 1997. „The Floating Republic: On Performance and Technology in early Nineteenth-Century Scandinavian Politics.“ *Journal of Folklore Research* 34 (2): 85–103.
- Páll Valsson. 1996. „Íslensk endurreisn.“ Í *Íslensk bókmenntasaga*, III. Ritstj. Halldór Guðmundsson, 221–343. Reykjavík: Mál og menning.
- Schiller, Friedrich von. 2006. *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins*. Arthúr Björgvin Bollason og Þröstur Ásmundsson þýddu. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sigurður Nordal. 1934. „Grímur Thomsen: Erindi flutt í Reykjavík á aldarafmæli skáldsins, 15. maí 1920.“ Í Grímur Thomsen *Ljóðmæli* II, v–xxvi. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 1999. *Arfur og umbylting: Rannsókn á íslenskrri rómantik*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, ReykjavíkurAkademían.
- Vassallo, Peter. 2005. „Narrative Poetry“ Í *Romanticism: An Oxford Guide*. Ritstj. Nicholas Roe, 350–367. New York: Oxford University Press.
- Þórður Helgason. 2011. „Rímnámál.“ Í *Són: Tímarit um óðfræði* 9: 75–113. Netheimildir:
- Sjá <http://englishhistory.net/byron/life.html>.

Vilborg Dagbjartsdóttir

LJÓÐ VI

LEYNDARMÁL · ELLIKERLING

Leyndarmál

Ég varð þess áskynja
mjög snemma
að fullorðna fólkið
átti sér vandlega falin
leyndarmál
sem aldrei voru rædd
upphátt
sithvað var gefið til kynna
með svipbrigðum
jafnvel stöku orð
látið falla
þrungið dulúðlegri
merkingu

Þegar ég fór að heiman
tók mamma upp úr skúffu
gamla skúfhólkinn
hennar ömmu
hann var dálítið máður
samt úr silfri
gerður af Birni Pálssyni
þeim annálaða silfursmiði

Mamma tók skúfhólkinn
og hélt honum
milli þumalfingurs og vísifingurs
hægri handar
bar hann upp að ljósinu
lygndi aftur augunum
leyndardómsfull á svip
og hvíslaði:
Það er á honum rósinn gleymmérei.

Ellikerling

Hún stendur við stofugluggann
sér póstsendingilinn koma upp stíginn
heyrir skella í bréfalúgunni
gengur fram á skörina
horfir á bréfið
sem liggur
á forstofugólfinu
en sparar sér sporin
þangað til hún á annað
brýnt erindi
niður
árans
stigann!

Þórður Helgason

Barnafossar

Árið 1868 birtist eftir Grím Thomsen ljóðið Barna-foss (í Hvítá) í tímaritinu *Þjóðólf*.¹ Fram kemur síðar² að hann hefur ort ljóðið tveimur árum fyrr en það birtist í *Þjóðólfi*, eða árið 1866. Kvæðið birtist síðan að mestu óbreytt í ljóðabókum Gríms undir nafninu Barnafoss. Hér verður vísað til ljóðsins eins og það birtist í fyrstu ljóðabók Gríms.³

Kvæði undir sama nafni birtist síðar í *Verðandi* árið 1882 og var höfundurinn einn þeirra fjórmenna sem síðar voru nefndir Verðandi-menn, Bertel Þorleifsson.⁴

Það er síður en svo nokkurt einsdæmi að skáld velji sér sama viðfangsefni í ljóðum. Hitt er sjaldgæft, en ekki óþekkt, að skáld taki sér fyrir hendur að fjalla um sama viðfangsefni og annað skáld með það í huga að bæta um betur, eða að minnsta kosti sýna nýja hlið þess.

Barnafoss Gríms Thomsen

Þjóðsagan um Barnafoss er alkunn úr *Ævintýrum og þjóðsögum* Jóns Árnasonar. Hún greinir frá auðugri konu sem bjó að Hraunsási við Hvítá. Hún átti stálpaða syni. Sunnudag nokkurn að sumri ríður hún til kirkju ásamt heimafólki sínu en drengirnir verða eftir. Konan tekur þeim vara fyrir að fara að heiman á meðan. Drengina fýsir þó að fara á eftir kirkjufólkinu og leggja leið sína yfir steinboga sem lá yfir fossinn. Þeir líta niður og sundlar og falla niður í iðuna. Er konan kemur heim finnast drengirnir hvergi en móðurinni berst til eyrna eftir sjónarvotti að þeir hafi fallið í fossinn. Reiddist konan og lét höggva bogann. Drengirnir fundust síðar og voru grafnir að Reykholti.⁵

¹ Gr[ímur Þ[orgrímsson] (1868).

² Grímur Thomsen (1906:13).

³ Grímur Thomsen (1880:43–44).

⁴ Bertel Þorleifsson (1882:127–129).

⁵ Jón Árnason II (1953:105–106).

Þjóðsagan hefst á því að vísað er til Landnámabókar eða Hellismanna sögu um Bölverk, eða Músa-Bölverk, sem bjó að Hraunsási. Um hann segir í Landnáma sögu: „Þórarin vá Músa-Bölverkr, er hann bjó í Hraunsási. Þá lét hann gera þar virki ok veitti Hvítá í gegnum ásinn, en áðr fell hon um Melrakkadal ofan.“⁶

Bölverkur fær fyllri lýsingu í Hellismanna sögu og ekki góða. Þar segir um hann: „Músa-Bölverkr lét nú gera virki mikit um bæ sinn í Hraunsási. Gengu at þeim starfa félagar hans ... Þeir veittu ok Hvítá í gegnum ásinn en áðr fell hon um Melrakkadal ofan.“⁷

Í ljóði Gríms er Bölverks að engu getið. Hins vegar er ljóst að Grímur hefur að minnsta kosti þekkt nafnið. Hann gaf út lítið rit í Kaupmannahöfn árið 1845, *En Stemme fra Island i Runemosagen*, og felur sig að baki höfundarnafnsins Bölverkr Skarphéðinsson.⁸

Grímur fer afar frjállega með þjóðsöguna en hefur ljóð sitt þegar fólkið er farið til kirkju:

Þau langaði til að leika sér
Í lundinum, þar sem fossinn er,
Sigrað fékk ei boð né bann
Þann breyskleikann.

Hér bregður Grímur út frá sögunni og lætur börnin langa til að leika sér í stað þess að sagan lætur þau fylgja kirkjufólkinu eftir.

Í næsta erindi lætur Grímur vera kvöld; tungl er á lofti og geislar þess slá gliti á umhverfið. Þetta er hið dæmigerða umhverfi sagna þar sem voveiflegir atburðir verða, einkum þar sem draugar leika lausum hala:

Hátíðarkvöld það heilagt var,
Þau héldu af stað til árinna,
Geislunum máni skærum skaut
Á skógarbraut.

Athygli vekur að í ljóði Gríms er komið að kvöldi, hátíðarkvöldi, sem ekki er í samræmi við þjóðsöguna eins og hún birtist hjá Jóni Árna-

⁶ Íslendinga sögur I (1953:54).

⁷ Íslendinga sögur II (1953:433).

⁸ Bölverkr Skarphéðinsson [Grímur Thomsen] (1845).

syni. Hallfreður Örn Eiríksson⁹ greinir frá því að til sé önnur þjóðsaga um Barnafoss sem Kristleifur Þorsteinsson skráði og birtist í ritinu *Úr byggðum Borgarfjarðar*. Þar eiga atburðir sér stað á jólanótt. Telur Hallfreður að ekki sé ólíklegt að Grímur hafi þekkt til þeirrar sögu, sbr. 2. erindi „Hátíðarkvöld það heilagt var, / Þau héldu af stað til árinna“.

Grímur yfirgefur nú þjóðsöguna (sögurnar) með öllu. Í fossinum býr gýgur ein sem slær hörpu og það stafar geislum á silfurstrengina í straumnum. Hið sjónræna og hljómræna rennur saman í eitt eins og undirbúningur fyrir það leiðsluástand sem verður börnunum að aldurtila.

Úr fossinum dunur færast nær,
Fallega gýg'rin hörpu slær,
Og silfurstrengina stafar á
Í straumi blá.

Grímur kallar steinbogann fjötur sem nötrar og skelfur fyrir ágangi straumsins. Börnin ganga út á bogann seidd af afli og dunum flaumsins:

Náttúran hafði' úr steini steypt
Styrka brú yfir djúpið greypt,
En flauminn strauma fossinn jók
Og fjöturinn skók.

Stikluðu börn á bogann fram,
Betur að heyra vatna-glamm;
En köld sauð unn og froðufall
Í fossi vall.

Í leiðslu heyra börnin sem kveðið sé í fossinum. Þar er gýgurin sem ymur ömurlegan söng. Hún er í álögum sem ekki leysast fyrir en hún finnur saklaus og blíð börn. Hún býður börnunum að ganga sér á hönd inn í heim fegurðar og lista, söngs, tóna og skáldskapar:

Heyrist þeim fossinn herða á,
Hörpuna gýg'rin fastar slá
Og ömurlegan ymjá söng
Úr iðubröng: –

⁹ Hallfreður Örn Eiríksson (1982).

„Um aldur og æfi ein ég sit,
 „Yndisvana, fól á lit,
 „Sæla´ ei finnst né sáluhjálp
 „Í svalri gjálp.
 „Álögum bundin ár og síð
 „Eptir þeirri stund ég bíð,
 „Að saklaus einhver börnin blíð
 „Mitt bæti stríð.

„Komið þið ofan í silfursal!
 „Söngurinn ykkur fagna skal
 „Og hörpusláttar háttatal
 „Og hróðrar-val.

„Í djúpinu á ég dýrðleg hnoss,
 „Um dagana skulum leika oss,
 „Og blunda loks við blíðan koss
 „Af björtum foss.“

Börnin sturlast og falla í fossinn í leiðsluástandi um leið og myrkur skellur á er mánaljósið hverfur:

Þau gleymdu bæði stað og stund
 Sturlaði fossinn börnum lund;
 En mökkva fyrir mána dró
 Og myrkti skóg.

Síðasta erindið er eins konar eftirmáli. Áin brýtur af sér fjöturinn um leið og börnin farast. Ekkert spyrst til barnanna síðan:

Til þeirra hefir ei síðan sézt,
 Á samri stundu heyrði brest,
 Því boganum af sér áin vatt
 Og ofan hratt.

Náttúra og siðmenning

Ljóð Gríms hefst á inngangserindi sem gæti sem best þjónað hlutverki sem stef:

Stíga þau dans í strjálum skóg,
 Er stjarna skín í vestri,
 Og tóa þýtur: ga – ga – gó,
 En gengið er frá lestri.

Sjálfsgagt er vísan gamall húsgangur en vert er að velta því fyrir sér hvað því veldur að Grímur velur einmitt þessa vísu sem inngang ljóðsins (hugsanlega stef). Í vísunni má sjá andstæðupar: lestur / náttúra. Lesturinn tengist lærdómi og innisetu en andstætt honum er náttúran; þar er dansað úti í frjálstri náttúru, þar sést til stjörnu á himni og heyrist til náttúrulegra hljóða dýra. Vísan á því ekki illa við sem inngangur Barnafoss.

Andstæðuparið, lestur (nám) – náttúra kemur víðar við sögu í skáldskap Íslendinga á 19. öld en hjá Grími.¹⁰ Steingrímur Thorsteinsson dásamar náttúruna í ljóðinu Fossinn minn:¹¹ „Ég kem til þín, minn foss í fjarðar klettum, / Að finna þig um miðja sumartíð, / ...“. og ber saman við skólann og innisetuna: „Ég heilsa þér, úr höftum leystur þéttum, / Sem héldu mér við skólabeck um hríð; / ...“. Jónas Hallgrímsson orðaði sömu eða líka hugsun í Hulduljóðum sínum:¹² „Að fræða! Hver mun hirða hér um fræði? / heimskinginn gerir sig að vanapræl.“

Í ljóðum Jónasar og Steingríms er náttúran athvarf, eins konar gríðastaður þar sem sálin fær hvíld frá siðmenningunni sem stundum kann að verða sem ok um háls. Náttúruvætturinn, gýgurin, í ljóði Gríms opnar hins vegar dyr inn í siðmenninguna, inn í æðra líf lista og menningar sem þrífst utan náttúrunnar, í sölum borganna. Því má svo náttúrlega ekki gleyma að sú leið liggur einmitt gegnum náttúruna.

Hátturinn

Bragarháttur ljóðsins er sérstakur. Hann er fjögurra lína þar sem fjórir bragliðir eru í þremur fyrstu línunum en tveir í hinni síðustu. Hann er óreglulegur að því leyti að oftast hefst hver lína á forlið auk þess sem einn þríliður er í flestum línunum sem annars einkennast af tvíliðum. Þetta á við um fyrstu þrjár línurnar; hin fjórða hefst alltaf á forlið. Rímið er parrím eða runurím: aabb, eða aaaa.

¹⁰ Sjá Þórður Helgason (2006).

¹¹ Steingrímur Thorsteinsson (1958:29).

¹² Jónas Hallgrímsson (1989:116).

Þessi bragarháttur var nýr af nálinni á Íslandi þegar Grímur orti Barnafoss. Hallvard Lie¹³ bendir á að hann hafi verið notaður í Sneedronningen eftir H.C. Andersen. Kristján Jóhann Jónsson¹⁴ sýnir fram á það að Grímur varð einna fyrstur manna í Danmörku til þess að benda á snilld Andersens og greina verk hans enda kunni hinn misskildi snillingur honum góðar þakkir fyrir. Því er ekki óvarlegt að ætla að hátturinn sé einmitt sóttur til hans. Þannig hefst Sneedronningen:

Højt ligger paa Marken den hvide Sneec,
 Dog kan man Lyset i Hytten see;
 Der venter Pigen ved Lampens Skjær
 Paa sin Hjertenskjær.

Hættirnir þeirra Andersens og Gríms eru nauðalíkir utan það að allar línur Andersens hefjast á forlið, hin síðasta allra erindanna er alltaf með tveimur forliðum nema í síðasta erindinu með einum. Auk þess leyfir háttur Andersens fleiri þríliði og rímið er ávallt parrím, aabb.

Tilraun til túlkunar

Það vekur eftirtekt hversu litlu hlutverki þjóðsagan gegnir í Barnafossi Gríms enda er það ekki þjóðsagan í heild sem verður honum hugleikin. Hann velur sér einungis sögu barnanna til umfjöllunar, auk þess sem hann fer ákaflega frjálsglega með hana.

Hjá Grími eru börnin að leik er fossinn kallar á þau. Er þau falla í fossinn er leiknum lokið – og má líta svo á að svo sé einnig með bernskuna. Gýgurin hefur annað að bjóða, heim fegurðar, lista, söngs, tóna og skáldskapar; heim þar sem „hið háleita“ ræður ríkjum.

Það skiptir miklu máli að börnin finnast ekki, heldur hverfa með öllu. Það má sem best túlka svo að lífi barnsins og barnaleikjanna sé lokið, en annað tekið við. Að því leytinu má líta svo á að ljóðið leiði í ljós ákveðna þroskasögu; barnið hverfur en við tekur heimur lista og menningar hins þroskaða manns.

Gýgurin, sem líkist raunar Lorelei Heines, er náttúruvættur sem er í fjötrum, ein fjölda vætta sem rómantíska stefnan gerði að guðum sínum. Þrátt fyrir það er hún auðug og ræður yfir ríki sem er öllum

¹³ Lie (1967:383).

¹⁴ Kristján Jóhann Jónsson (2005a og 2005b).

öðrum ríkjum fegra. Hún þarf á manneskjunni að halda til að verða frjáls og blómstra.

Auðvelt er einnig að túlka gýgina sem móður.¹⁵ Fyrirgangurinn í náttúrunni sem ljóðið lýsir gæti sem best verið fæðingarhríðir; það er að fæðast nýtt (ný) líf.

Þannig eru örlög gýgjarinnar og barnanna samofin; í báðum tilfellum fela þau í sér lausn. Manneskjan verður að hætta jarðneskum leikjum og takast á við „hið háleita“ sem nú eignast nýja liðsmenn (ný börn). Dauði barnanna var fæðing til nýs lífs.

Fyrirbærin, táknin þrjú, sem vega þyngst í ljóðinu, eru vatn, steinn (bæði í gljúfrinu og boganum) og brú (bogi). Vatnið er ævagamalt tákn sköpunar og fæðingar og getur í ljóðinu undirstrikað nýja sköpun, endurfæðingu. Steinninn er andstæðan, harður og sterkur en einnig sljór, en hér lætur hann undan krafti vatnsins. Brúin er náttúrulega tákn tveggja heima, aðskilnaðar og um leið tengingar. Ferð yfir brú er tákn þess að eitthvað breytist, nýtt svið tilverunnar tekur við, dauði eða nýtt líf.

Sveinn Yngvi Egilsson¹⁶ hefur í grein sinni „Og andinn mig hreif upp á háfjallatind“ greint frá sögu „hins háleita“ í verkum heimspekinga og skálda rómantísku stefnunnar. Fram kemur í greininni að „saga hins háleita [sé] samofin nýrri náttúrusýn vestrænna manna á síðari öldum. Hrikaleg náttúrufríbærni eins og ólgusjór, eyðilegt landslag, hylldjúpar klettagjár og himinhá fjöll töldust nú háleit.“ Sveinn Yngvi vitnar til Englendingans Thomasar Burnet sem taldi að hin hrikalega náttúra „kæmi mönnum í kynni við guðdóminn, mátt hans, stærð og óendanleika. Náttúrufríbærni af þessu tagi beindu huganum upp á við í átt til guðs og þau væru háleit í þeim skilningi orðsins.“ Sveinn Yngvi greinir frá fjölda manna sem velt hafa „hinu háleita“ fyrir sér, t.d. Immanuel Kant sem kenndi að „hið háleita“ væri „hugarástand sem menn kæmst í þegar þeir stæðu frammi fyrir einhverju miklu eða mikilfenglegu (náttúrufríbærni). Hið háleita fæli í sér að farið væri yfir ákveðin mörk.“ Sveinn Yngvi telur síðan upp ýmis þau náttúrufríbærni sem gátu bent skáldum upp á við, frá duftinu.

Kristján Jóhann Jónsson¹⁷ gerir hinu háleita einnig skil í greininni „Hinn háleiti gróði“ í *Hrafnaþingi* og tengir íslenskum fossakvæðum sem nokkuð áberandi voru á 19. öld og fram á hina 20., einkum Dettifossi Kristjáns Fjallaskálds og Barnafossi Gríms Thomsen. Um þau segir hann: „Það er enginn vafi að í báðum þeim fossakvæðum

¹⁵ Sbr. Kristján Jóhann Jónsson (2006).

¹⁶ Sveinn Yngvi Egilsson (2003).

¹⁷ Kristján Jóhann Jónsson (2006).

er viðfangsefnið hið háleita í einhverri mynd. Skoðanir Gríms á því eru aðgengilegri en skoðanir Kristjáns því Grímur skrifaði heilmikið í fagurfræðiritum sínum um hið háleita og áhrif þess á mannsandann (bls. 138).¹⁸

Doktorsritgerð Kristjáns Jóhanns Jónssonar¹⁸ hefur og að geyma nákvæma samantekt helstu skilgreininga hins háleita allt frá 2. öld e.Kr.:

Flestar skilgreiningar virðast eiga það sameiginlegt að hið háleita er nátengt takmörkum skynjunarinnar. Slíkar hugmyndir eiga sér djúpar rætur í hugsanagangi 19. aldar. Máttur ímyndunarafsins getur tengt huga okkar við guðlegan anda og það gerist fyrir tilverknad náttúrunnar. Æ fleiri heimspekingar og skáld hölluðust á þessu skeiði að því að guð væri helst að finna í samræmi náttúrunnar; hann væri alheimsandi sem í öllu og öllum byggji. Hans var ekki síst að leita í huga mannsins. Skáldskapurinn verður að náttúruafli og hugurinn að náttúru enda mannleg hugsun frá guði komin.

Það er ljóst að Grímur hefur, eins og Kristján Jóhann bendir á og einnig Sveinn Yngvi, haft mikil kynni af umræðunni um hið háleita enda hugtakið í brennidepli á námsárum hans í Kaupmannahöfn er hann lagði stund á fagurfræði og bókmenntir. Sveinn Yngvi¹⁹ bendir á að í umfjöllun sinni um ljóðagerð Bjarna Thorarensen hafi Grímur beitt hugtakinu „det Ophøjede“ um verk Bjarna. Viðar viðrar Grímur þetta hugtak.

Þorvarður Árnason²⁰ tekur í grein sinni „Knýr minn huga gnýr“ ljóð Einars Benediktssonar Dettifoss til greiningar. Um fossinn og áhrifavald hans ritar Þorvarður:

„Í gnýnum“, söng eða hjartslætti fossins, mætir skáldið miklu náttúruafli sem orkar sterkt á skáldgáfuna. Skáldið bregst við með því að yrkja til fossins, þar vitnar hann um þessa reynslu, þessi tengsl, með því að beina orðum sínum til Dettifoss og óska þess að hinn mikli máttur snerti anda hans djúpt og knýi hugann „til ljóða, er lifa“. Þessi tengsl virðast nánast lífræn í huga skáldsins því undrasláttur „foss hjartans“ getur eftt mannleg hjörtu og styrkt „hug og hönd til að skrifa“.

¹⁸ Kristján Jóhann Jónsson (2012:135).

¹⁹ Sveinn Yngvi Egilsson (2003).

²⁰ Þorvarður Árnason (2005).

Þannig lítur Þorvarður svo á að skáldskapurinn, listin, glæðist við söng fossins, sé aflvaki skáldskapar og sköpunar. „Hið háleita“ dó ekki með rómantísku stefnunni á 19. öld heldur lifði fram á hina 20. og lifir jafnvel góðu lífi enn.

Fyrirmynd

Svo sem fram hefur komið sækir Grímur að öllum líkindum bragarháttinn á Barnafossi til Sneec-dronningen H.C. Andersens.²¹ Þegar efni þess ljóðs er kannað kemur í ljós að það er náskýlt efninu í Barnafossi.

Ljóð Andersens hefst á því að sagt er frá stúlku, unnustu, sem biður unnusta síns um vetur í kofa einum úti í snjóauðninni. Hún hefur kveikt ljós, líklega til að vísa unnustanum leið. Hann hverfur frá vinnu sinni og leggur af stað út á auðnina og syngur í kappi við storminn.

Víkur þá sögunni til Sneec-dronningen sem þeysir um á svörtu skýi og girnist hinn unga svein:

„Du er mig saa smuk ved Sneec-Lysets Skjær,
Jeg kaarer Dig til min Hjertenskjær,
Kom, følg mig højt paa min svømmende Ø,
Over Bjerg og Sø!“

Meðan snjónum kyngir niður heldur drottningin áfram:

...
„Jeg fanger Dig vist i mit Blomster-net!
Hvor Sneec-dyngen reiser sig højt paa Eng,
Staaer vor Brudeseng!“

Sveininum er þá ekki undankomu auðið og fylgir drottningunni. Í lokin víkur Andersen að stúlkunni:

Ei meer kan man Lyset i Hytten see;
I Ringdansen hvirvler den hvide Sneec,
Et Stjernesked spiller bag Skyen smukt; –
Nu er det alt slukt.

²¹ *Den danske lyrik* 3 (1985:2).

Daginn eftir er óveðrinu slotar sefur sveinninn vært í brúðarsænginni hjá Snædrottningunni en stúlkan fer að vitja unnustans en finnur hann ekki. Hann er horfinn að eilífu.

Klart skinner Solen paa Mark og Eng;
 Han sover saa södt i sin Brude-Seng.
 Den Pigelil ængstes, til Møllen hun gaaer, –
 Men Drivhjulet staaer.

Þessum tveimur ljóðum svipar mjög saman. Börnin Gríms láta heillast eins og unnustinn Andersens og til þeirra spyrst ekki meir. Öll eru þau komin handan við landamæri skynjunar mannanna. Unnustinn hverfur frá jarðneskum ástum og starfi (við mylluna) og fer á vit óræðra afla ofar jörðu og börnin til æðra og háleitara lífs. Í báðum ljóðunum lýsa höfundarnir ljósi í upphafi (mánaljós hjá Grími en ljósi í glugga hjá Andersen), en þau ljós hverfa skyndilega um leið og manneskjurnar tynast jarðlífinu.

Rúnaslagur

Um ljóðið Rúnaslag eftir Grím Thomsen,²² sem ort er árið 1875, segir undir titli ljóðsins: „(Steypt upp úr gömlu brotasilfri)“. Í síðari útgáfu²³ er bætt við: „[Sbr. Grein eptir Grím Thomsen í „Fædrelandet“ 12/8 1845 Nr. 186. Þar tilfærir hann svenska þjóðvísu, sem þetta er snúið úr].“

Ljóðið Rúnaslagur, sem er undir miklum áhrifum danskvæða, svo sem stefin gefa til kynna, verður líklega talið listrænna á ýmsa lund en Barnafoss. Í því er í upphafi lýst náttúruvættinni Huld sem slær hörpu sína í grösugum hvammi. Hemingur er þar á ferð:

Hemingr reið með hömrum fram,
 Haglega strengir gjalla,
 Grösugum sat þar Huld í Hvamm,
 Hörpuna knúði snjalla.
 Rammar slær hún rúnar.

²² Grímur Thomsen (1880:43).

²³ Grímur Thomsen (1906:12–13).

Hörpusláttur Huldar hefur mikil áhrif á alla sem hlýða á, ferfætlinga, fugla, fiska og jurtir. Hér lýsir Grímur fiskunum:

Þriðji slagurinn er hún sló,
Strengirnir fagurt gjalla,
Fiskunum í fljóti' og sjó
Förlaðist sund að kalla.
Rammar slær hún rúnar.

Hemingur fer ekki varhluta af seiðnum, fremur en reiðskjóti hans:

Lifnuðu blóm og laufgaði skóg,
Ljómaði roði' á bergi,
Hemingr sporum Slungni sló²⁴,
Stilla því mátti' hann hvergi.
Ramman slær hún rúnar.

Nú opnast fjall og þar sést ofan í dal. Við blasa dýrir steinar og kristall. Þetta er salur huldarinnar, disarsalurinn. Hemingur heillast og gengur í fjallið, dalinn eða gjána:

Hemingr sporum hestinn sló,
Hrökkti' honum ofan í gjána,
Gýg'rin kalt í gljúfri hló,
Grillti í urðarmána.
Rammar slær hún rúnar.

Vætturinn, sem í upphafi hét Huld, fær nöfnin dís („á disarsal“) og síðar gýgur eins og vætturinn í Barnafossi Gríms. Ljóst er að um líka náttúruvætti er að ræða þeirri sem lýst er í Barnafossi. Enginn getur staðið á móti röddum náttúrunnar sem kalla á okkur til fylgdar.

Barnafoss Bertels

Það urðu mikil tíðindi í bókmenntaheiminum þegar tímaritið *Verðandi* kom út árið 1882. Ungir höfundar undir merki nýrrar bókmenntastefnu breiddu úr sér og hugðust sigra heiminn. Einn þessara ungu manna

²⁴ Í stað „sló“ stendur „hjó“. Því var síðan breytt í „sló“ sem virðist eðlilegra miðað við rétta ljóðstafasetningu.

var Bertel Þorleifsson (Bertel E. Ó. Þorleifsson). Eftir hann birtust nokkur ljóð í *Verðandi*. Eitt þeirra er Barnafoss.

Enginn getur nú svarað því hvers vegna Bertel ákvað að yrkja ljóð um fossinn sem Grímur hafði ort um stuttu fyrr (Ljóðasafn Gríms kom út árið 1880 auk þess sem kvæðið birtist í *Þjóðólfi* árið 1868 svo sem fyrr greinir). Hugsanlega, raunar líklega, vill hann sýna viðfangsefnið í nýju og raunsærra ljósi, sýna hið raunsæja andstætt hinu rómantíska.

Bertel tekur yrkisefni sitt allt öðrum tókum en Grímur. Þeir eiga það þó sameiginlegt að þjóðsagan sjálf truflar þá ekki mikið, Grím þó minna svo sem vænta má.

Ljóð Bertels er langt, í þremur þáttum. Sá fyrsti og lengsti, alls átta erindi, er mikil raunsæ lýsing sveitafólks sem býst til kirkjuferðar. Hún hefst á náttúruleysingu:

Það er sumar, sunnudagur, sólin skín um haga' og völl,
blika hólar, bleikir teigar, bláir hálsar, mólít fjöll.
Silfrar vötnin, svanir móka, syngur „dýrðin“ ló í mó,
vindur sefur, sveitir allar signir helgidagsins ró.

Nú vikur sögunni til mannfólksins í sex næstu erindum. Vinnan við heyskap liggur niðri. Drengir sækja hesta í haga sem síðan eru beisl-
aðir og járnaðir. Vinnukonur laga föt, færa vinnuönnun vatn og þvo af þeim „vikugrómið“. Fólkið býst síðan við skart og leggur af stað, en móðirin kveður syni sína og biður þá að fara ekki frá bænum á meðan. Þeir lofa því:

Kvennhollari karlmenn leiða kvennahesta' að bæjarstjett,
klæði' og sessu' í söðul breiða, svanni hoppar upp í ljett.
Móðirin kveður syni sína, sjeu heima ungir tveir,
biður að fari burtu ekki bænum frá. Því lofa þeir.

Í öðrum hluta ljóðsins er fylgst með sveinunum. Bertel fer að því leyti eftir þjóðsögunni að hann lætur drengina fýsa til kirkjuferðar eins og hitt fólkið á bænum – en bregður út af henni í því að hann lætur þá leika kirkjuferð að hætti barna.

Sveinar eftir hópnum horfa, hylzt 'ann sjónum jóareyk,
Fram svo hesta, leggi, leiða, líka vilja fara' á kreik.
Allvel fákar aldir skeiða, upp um túnið reið þá ber,
þeir til kirkju hyggja halda, hóll á túni kirkjan er.

Leysa þeir úr leggjum snæri, leiða hesta sína á beit,
ganga svo í guðshús dýrstu glitum ofinn blómareit;
nú er annar orðinn prestur, allan söfnuð merkir hinn.
Látlaus prestur litlum munni lofar skapara beztan sinn.

Nú heyra drengirnir jarm lamba og leggja af kirkjuleikinn og vilja fara til lambanna enda þykist annar þeirra þekkja þar „Hött okkar sem jeg þarna sá“. Varnaðarorð móðurinnar og loforð þeirra aftra þó för en eldri bróðirinn sér við því og sannfærir bróður sinn um að stundum brjóti nauðsyn lög.

Varnaðarorð móðurinnar eru nú gleymd og grafin og drengirnir leggja af stað frá bænum en frá Hvítá heyrast drunur. Hér staldrar Bertel við og minnir lesendur á tilurð steinbogans: „Músa-Bölverk' r braut þá ruddi, boraði gegn um ásinn göng; / bogi varð þar yfir ánni; ólmast hún í klettaþröng.“ Drengirnir heillast af litadýrd fossins í skini sólarinnar, þá sundlar og falla í fossinn.

Í þriðja kaflanum er svo lýst heimkomu kirkjufólksins. Móðirin finnur ekki drengina sína en förukona ein segist hafa séð þá farast. Konan skipar þá mönnum sínum að brjóta bogann.

Háttur Bertels

Við fyrstu sýn virðist hátturinn á Barnafossi Bertels sérstakur, með átta bragliðum í hverri línu. Það er þó ekkert nýstárlegt við háttinn annað en uppsetningin. Hann er alþekktur sem átta lína háttur með bragliðaskiptingunni 43434343, þar sem tvíliðir ráða að mestu, með ríminu OaOaObOb.

Eitt erindið vekur þó athygli þar sem það er klofið í tvo hluta með barnagælu sem eldri bróðirinn kveður fyrir hinn yngri til að sannfæra hann um að óhlýðni þeirra bræðra megi réttlæta:

„Kondu! Við skulum vita bróðir, vita hvað hann er orðinn stór“
„Megum það ekki“, mælir hinn yngri, „mamma bannaði það er för“.
Já – en manstu ei mamma hefur margoft yfir vísu þá:

„Bíum, bíum bamba,
börnin litlu ramba
fram á fjallakamba
fús að leita lamba“.

Enginn veit það, aftur komum áður en fólkíð kirkju frá.“

Barnafossarnir tveir

Auðvitað má líta svo á að Barnafoss Bertels Þorleifssonar sé raunsærri en Gríms. Ljóðið er jarðbundnara og litlum sögum fer af dularfullum öflum – utan það að í tvígang er fossinn látinn hlæja. Í fyrra skiptið hlær fossinn er börnin farast í honum: „drengr sundlar, falla í fossinn; ferlega við í djúpi hlær.“ Lokaorð ljóðsins eru einnig um hlátur fossins: „Niður í fossinn fellur boginn; ferlega við í djúpi hlær“.

Hafi Bertel gert sér vonir um að bæta um fyrir Grími er ljóst að það hefur mistekist illa. Jón Ólafsson,²⁵ sem hallaðist fremur að hinu realísku í bókmenntum, tók *Verðandi* afar vel í löngum ritdómi í tímaritinu *Skuld*. En honum er síður en svo skemmt er hann vîkur að framlagi Bertels í ritið. Hann er raunar efins um erindi Bertels á skáldabekk en telur þó að hann hafi nokkra „venam poeticam“ (skáld-æð). Jón nefnir þó tvö ljóð sem honum þykir nokkuð til um og er Barnafoss annað þeirra. Um ljóðið ritar Jón:

„Barnafoss“ hefir laglegar lýsingar inni að halda; en sem heild er kvæðið heldur langt. Eiginlega er kvæðið ekki annað en þjóðsagan rímuð og fyllt út með lýsing á heimanbúnaði kyrkjufólksins (sem í *sjálfu sjer* er góð út af fyrir sig), en í tón, sem ekki á við á blæ þann, sem *annars* er yfir efninu í heild sinni.

Þannig er Jón ósáttur við þann hátíða- og gleðitón sem ríkir í fyrsta hlutanum og þykir illa henta sem inngangur sorgarsögunnar sem fylgir. Jón ber Barnafossa þeirra skáldbræðra saman og ritar:

Skáldlegri þykir oss óneitanlega meðferð óvinar vors Bessastaða-Gríms á þessu sama efni ... heldur en vinar vors Bertels, og það þótt Gríms kvæði sje rómantískt, en Bertels realistískt, og þó vjer annars höldum meira upp á realistísku stefnuna en rómantísku.

J.J.²⁶ ritar um *Verðandi* í *Þjóðólfi* og segist vera „í hálfvandráðum með hann [Bertel]“ og þau vandráði speglast skýrt í ritdómnum. Um Barnafoss ritar hann:

²⁵ Jón Ólafsson (1882).

²⁶ J.J. (1882).

Svo kemur nú „Barnafoss“. Það er sumt í honum gott, t.d. lýsingin á fólkinu ... enn það er það lakasta að það á þarna svo illa við. Þó gerir það ekki svo mikið til ... Enn svo fer alt út um þúfur fyrir neðan strikið á bls. 128 [í miðkaflanum]. Fyrst er rímið slíkt hnoð, að furðu sætir, og hvötin – mótívið – til að fara út á steinbogann er það að sjá lömb úti í haga, svo að steinboginn og slysið af honum verður alveg utan við, sem er einmitt aðal-kjarni sögunnar. Það var bæði sannast, og eg held eins skáldlegt að láta þá bræður fara forvitnisferð að steinboganum, af því að þeim hefir verið bannað það ... Svo falla þeir í fossinn með töluverðu orðagjálfri ... Eg skil annars varla í skáldinu, að það skyldi fara að yrkja (eða „ríma“) Barnafoss, þegar Grímur var búinn að gjöra það svo vel áður ... eða er það ekki ólíku aflmeira hjá Grími: „boganum af sjer áin valt [svo, á að vera vatt]“, heldur en hnoðið í seinustu vísunni hans Bertels?

Í dómi sínum um *Verðandi* í *Norðurfara* eyðir Guðmundur Hjaltason²⁷ ekki miklu púðri á Bertel: „Bertel hefir einnig ort mörg kvæði í bókinni. Í kvæðinu „Barnafoss“ er lagleg lýsing á íslenzku kirkjuferðafólki.“

Lokaorð

Fram kemur að Bertel reið ekki feitum hesti frá ljóði sínu í *Verðandi*. Öllum þremur ritdómurunum þykir þó töluvert spunnið í fyrsta hluta ljóðsins þar sem undirbúningi kirkjuferðar er lýst þótt Jónunum báðum finnist sem ekki fari vel á því að undirbúa sorgarsöguna með honum. Báðum þykir og sem Grími hafi tekist betur.

Í stuttu æviágripri um Bertel, sem Snæbjörn Jónsson²⁸ ritaði löngu síðar, hefur hann þetta að segja um Barnafossana:

„Barnafoss“ Bertels hefir verið borinn saman við samnefnt kvæði Gríms Thomsens og talinn því síðri. Sannleikurinn í því máli er sá, að enda þótt báðir yrki út af sömu þjóðsögunni, þá vaka svo ólík takmörk fyrir þeim að samanburðurinn er út í bláinn ... Jeg fæ ekki betur sjeð en að báðum skáldunum hafi tekist vel. En líklega mundu flestir telja kvæði Gríms stórbrotnara, enda er óumdeilanlegt að hann var stórskáld.

²⁷ Guðmundur Hjaltason (1882).

²⁸ Snæbjörn Jónsson (1957).

HEIMILDIR

- Bertel Þorleifsson. 1882. Barnafoss. *Verðandi*:127–129.
- Bölverkr Skarphéðinsson [Grímur Thomsen]. 1845. *En Stemme fra Island i Runemosagen*. Biabco Lunos Bogtrykkeri, Kjöbenhavn.
- Den danske lyrik 3*. 1985. Ved F.J. Billeskov, Köbenhavn.
- Grímur Thomsen. 1880. *Ljóðmæli*. Björn Jónsson og Snorri Pálsson, Reykjavík.
- Grímur Thomsen. 1906. *Ljóðmæli*. Prentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.
- Grímur Þorgrímsson [Grímur Thomsen]. 1868. Barnafoss (í Hvítá). *Þjóðólfur*, 20, 13–14:51
- Guðmundur Hjaltason. 1882. Verðandi. *Norðanfari* 21, 31–32, 33–34: 62, 67.
- Hallfreður Örn Eiríksson. 1982. Sagnir og þjóðkvæði í skáldskap Gríms Thomsens. *Gripla V*: 162–182.
- Íslendinga sögur I*. 1953. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Íslendingasögur II*. 1953. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Jón Árnason. 1953. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri II*. Safnað hefur Jón Árnason. Ritstjórar: Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.
- J.J. 1882. Nýjar bækur. *Þjóðólfur* 34, 13, 14:51–53, 55–56.
- Jón Ólafsson. 1882. Verðandi. *Skuld V*, 155, 158:57–59, 69–70.
- Jónas Hallgrímsson. 1989. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I*. bindi. Ritstjórar: Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Svart á hvítu, Reykjavík
- Lie, Hallvard. 1967. *Norsk verslære*. Universitetsforlaget, Stockholm, Köbenhavn.
- Kristján Jóhann Jónsson. 2005a. Með dauða kráku, drullu og stakan tréskó. *Skáldlegur barnshugur. H.C. Andersen og Grímur Thomsen*. Ritstjóri Katrín Jakobsdóttir, 12–37. Mál og menning, Reykjavík.
- Kristján Jóhann Jónsson. 2005b. Andersens yndlingskritiker. *Anderseniana*. Red. Ejnar Stig Askgaard, 6–73. Odense bys museer, Odense.
- Kristján Jóhann Jónsson. 2006. Hinn háleiti gróði. *Hrafnaping* 3: 132–140.
- Kristján Jóhann Jónsson. 2012. *Heimborgari og þjóðskáld. Um þversagnakennt hlutverk Gríms Thomsen í íslenskri menningu*. Hugvísindastofnun, Reykjavík.

- Snæbjörn Jónsson. 1957. Bertel. *Um Bertel E. Ó. Þorleifsson og eftir hann*. Prentsmiðjan Leiftur, Reykjavík.
- Steingrímur Thorsteinsson. 1958. *Ljóðmæli*. Prentsmiðjan Leiftur, Reykjavík.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 2003. „Og andinn mig hreif upp á háfjalla-tind“. *Skorrdæla, gefin út í minningu Sveins Skorra Höskuldssonar*. Ritstjórar: Bergljót Kristjánsdóttir og Matthías Viðar Sæmundsson, 155–178. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Þórður Helgason. 2006. Hulduháttur. *Hugðarefni. Afmælikveðjur til Njarðar P. Njarðvík 30. júní 2006*. Ritstjórar: Hjörtur Pálsson, Vésteinn Ólason, Vigdís Finnbogadóttir og Þórður Helgason, 201–212. JPV, Reykjavík
- Þorvarður Árnason. 2005. „Kný minn huga, gnýr“. Dettifoss með augum Einars Benediktssonar. *Heimur ljóðsins*. Ritstjórar: Ástráður Eysteinnsson, Dagný Kristjánsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson, 317–334. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Óskar Árni Óskarsson

LJÓÐ
VII

Reykjavík að kvöldi 6. janúar 2009

Þrettándaskothrið
í úrhellisrigningu

við lyftum glösum og skálum
fyrir hækkandi sól

blossagangur á himnum
og háværar sprengingar
utan við gluggann

í morgun
var barnaskóli á Gazaströnd
jafnaður við jörðu

Ragnheiður Ólafsdóttir

Íslensk rímnahefð

Samanburður á stemmum úr tveimur prentuðum heimildum

Þessi grein fjallar um íslensk rímnalög¹ og byggir á hluta af doktorsritgerð minni, *Deep Freeze: The Social and Musical Impact of the Iðunn Society on the Icelandic Rímur*.² Tvær prentaðar bækur, *Silfurplötur Iðunnar*, gefin út af Kvæðamannafélaginu Iðunni og Smekkleysu 2004 undir ritstjórn Gunnsteins Ólafssonar, og rímnakaffinn úr *Íslenskum þjóðlögum*, eftir Bjarna Þorsteinsson, gefin út af Carlsbergsjóðnum 1906–1909, (bls. 803–919), eru lagðar til grundvallar þessari rannsókn. Ritgerðin fjallar um meira en stemmurnar, því þar er greint frá því hvernig Kvæðamannafélagið Iðunn sem var stofnað í Reykjavík árið 1929, hið fyrsta sinnar tegundar, mótaði rímnahefðina eins og við þekkjum hana í dag. Fundargerðarbækur kvæðamannafélagsins liggja til grundvallar sögulega hluta ritgerðarinnar, og að auki eru viðtöl við yfir þrjátíu manns, ýmist féлага í kvæðamannafélögum eða fólk sem tengist rímnahefðinni á annan hátt. Aðalrannsóknarspurningarnar voru tvær: hvers konar áhrif hafði Kvæðamannafélagið Iðunn á rímnahefðina? og hvað er það sem einkennir íslenskar rímnastemmur? Í þessari grein ætla ég að gefa yfirlit yfir svörin við seinni spurningunni. Eintök af doktorsritgerðinni verða aðgengileg hjá Stofnunum Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn og Reykjavík, á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Amtsbókasafninu á Akureyri, hjá Kvæðamannafélaginu Iðunni og Kvæðamannafélaginu Gefjuni á Akureyri á næsta ári (2013).

¹ Lög sem höfð eru við rímur eru ýmist kölluð rímnalög, stemmur eða kvæðalög og verða öll þessi heiti notuð í greininni.

² Þýðing á titli ritgerðarinnar: *Djúpfyrst: Félagsleg og tónlistarleg áhrif Kvæðamannafélagsins Iðunnar á rímnahefðina*. Ragnheiður Ólafsdóttir 2011.

Sagan

Rímur eru hluti af íslenskum bókmenntaarfi og elsta handritið af rímum er frá því um 1390. Rímur eru saga sögð í vísum sem eru ortar undir ákveðnum bragarháttum, svokölluðum rímnaháttum. Sögulega séð hafa kvæðamenn flutt rímur við stemmur sem þeir hafa ýmist samið sjálfir eða lært af öðrum. Rannsóknin mín fjallar ekki um rímurnar sem bókmenntir, heldur um hefðbundinn flutning (kveðandi) og kveðskap, um það hvernig kvæðamenn í Kvæðamannafélaginu Iðunni höfðu áhrif á kvæðahefðina og um stemmurnar sjálfar. Lítið hefur fundist af stemmum í prentuðum heimildum, á meðan fjöldi rímna hefur verið festur á pappír eða skinn gegnum aldirnar, ýmist í handritum eða prentuðum bókum. Rímnakaffinn í Þjóðlagasafni séra Bjarna Þorsteinssonar og *Silfurplötur Iðunnar* eru því þær tvær stærstu og aðgengilegustu prentuðu heimildir um rímnalög sem til eru. Stofnfélagar Iðunnar voru flestir aldir upp við rímnakveðskap í einhverjum mæli, en þó ekki allir, og þeirra á meðal var fyrsti formaðurinn, Kjartan Ólafsson. Félagarnir höfðu áhyggjur af því að stemmurnar myndu tynast ef ekkert yrði að gert. Eftir miklar umræður komust Iðunnarfélagar að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að festa kvæðalög á pappír svo vel færi og þess vegna var ákveðið að gera hljódupptökur af öllum þeim stemmum sem félagar í Iðunni kunnu, á árunum 1935–1936.³ Rímnalaganefnd félagsins hafði yfirumsjón með upptökunum, en fátt segir af tæknilegu hliðinni í fundargerðum. Nefndin ákvað hverjir skyldu flytja og hvaða stemmur og vísur skyldu notaðar. Upptökurnar voru löngu síðar hreinsaðar, stemmurnar skrifaðar upp og ýmsum fróðleik safnað um vísur og kvæðamenn og þetta gefið út í eigulegri bók ásamt hljóðritunum, á 75 ára afmæli Kvæðamannafélagsins Iðunnar 2004, nærri hundrað árum eftir að bók Bjarna kom út.⁴

Samanburður á Íslenskum Þjóðlögum og Silfurplötum Iðunnar.

Kaffinn um rímur í bókinni *Íslensk þjóðlög* hefur að geyma 250 stemmur, undir sautján rímnaháttum, en *Silfurplötur Iðunnar* inniheldur 200

³ Áhyggjur af þessu tagi eru vel þekkt fyrirbæri alþjóðlega, þegar kemur að „björgun“ þjóðlegrar menningar. Sjá t.d. Eldar Havåg, 1997.

⁴ Sjá umræður í fundargerðarbókum Iðunnar, frá 1929 til 1935. *Gjörðabækur Iðunnar I-III*, aðgengilegar í Handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

stemma undir þrettán háttum. Efni þessara bóka var safnað af ólíkum orsökum. Bjarni Þorsteinsson vildi safna öllum íslenskum lögum í eina bók, hvort sem það voru sálmalög, messusöngur, þjóðlög eða stemmur. Markmið hans var hið sama og annarra þjóðfræðasafnara á Nordurlöndunum á þessum tíma, sem voru innblásnir anda þjóðernisrómantíkur og voru þátttakendur í að byggja upp þjóðarímynd og þjóðernisvitund landa sinna.⁵ Kvæðamannafélagið Íðunn vildi hins vegar 'bjarga' þeim stemmum 'frá glötun' sem meðlimir félagsins áttu í fórum sínum, og nýttu til þess upptökutækni þess tíma (1935–6) og kváðu inn á svokallaðar silfurplötur. Upprunalega ætlaði Kvæðamannafélagið einungis að nota upptökurnar innan félagsins, en vildi einnig varðveita þær fyrir framtíðina og gaf því aukaeintak af upptökunum til Þjóðminjasafns Íslands. Markmið Íðunnar var að varðveita arfinn, að gæta þess að stemmurnar breyttust ekki í meðförum, og í mörg ár eftir að upptökurnar voru gerðar voru þær spilaðar á fundum, einu sinni á ári, til að tryggja það að kvæðamennirnir færu rétt með þær. Bjarni vildi hins vegar gefa tónskáldum færi á að ganga í forðabúr, safn íslenskra þjóðlaga, til að nýta þaðan hugmyndir til nýrra verka.⁶ Íðunnarfélagar voru alveg mótfallnir hvers konar tilraunastarfsemi með rímnalög. Stemma átti að láta í friði, og kveða rétt.⁷


Framsetning rímnalaganna er mjög svipuð í báðum bókunum að því leyti að 'beinagrind' þeirra er skráð, en smáatriðum eins og skreytinótum er sleppt til að halda nótnamyndinni skýrri og einfaldri.⁸ Bókin *Silfurplötur Íðunnar* inniheldur fjóra hljómdiska með upprunalegu upptökunum og gefur lesandanum þar með færi á að bera saman hljóðritin og prentuðu nóturnar. Engin hljóðrit fylgja *Íslenskum þjóðlögum*, enda bókin gefin út um það bil sem fyrstu hljóðritunartækin voru að berast til Íslands, en til hennar var safnað frá því um 1880. Allar þessar 450 stemmur geta verið frá svipuðum tíma, en þó má ætla að heimildarmenn Bjarna nái nokkuð lengra aftur í tímann, þannig að segja má með nokkrum sanni að við höfum hér dæmi um stemmur frá miðri níttjándu öld fram til 1935. Þó að félagar Íðunnar væru ákafir vísnaverðarmenn vildu þeir helst ekki viðurkenna að þeir semdu líka stemmur. Það passaði ekki inn í hugmyndafræði þeirra um að félagið væri að bjarga þjóðararfi. Stemmurnar áttu að vera gamlar, og enginn

⁵ Bjarni Þorsteinsson, *Íslensk þjóðlög*. 1906–09, bls. xi. Sjá einnig t.d. Eldar Havåg 1997 og Sigríði Matthíasdóttur 2004.

⁶ Bjarni Þorsteinsson, *Íslensk þjóðlög*. 1906–1909, bls. 2

⁷ Sjá Gjörðabækur Íðunnar 1929–1936.

⁸ *Silfurplötur Íðunnar*. 2004, bls. 34–39.



Tafla 1: Ísland – skipti í landshluta. (©Landmælingar Íslands. Breytingar eru höf.).

átti að vita hver hefði samið þær. Þó er í flestum tilfellum tekið fram í *Silfurplötum Iðunnar* hvaðan stemman kemur. Þessi háttur er einnig hafður á í Noregi, þar sem bæði vísur og stemmur eru sagðar vera komnar frá ákveðnu fólki, án þess að það sé endilega höfundar. Skýringar á þessu misvægi á milli vísnaverðar og stemmugerðar má ef til vill finna í því að rímreglur og bragfræði voru hluti af almennri þekkingu á Íslandi, á meðan tónfræðikunnátta Iðunnarfélaga var glöppótt.


Silfurplötur Iðunnar innheldur mjög margar stemmur af Norðvesturlandi (Strandir eru taldar með hér, sjá kort).⁹ Aðalástæða þess virðist

⁹ Vesturland (V): Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfells- og Hnappadals-sýsla, Dalasýsla. Vestfirðir (VF): Barðastrandarsýslur, Ísafjarðarsýslur, Hornstrandir. Norðvesturland (NV): Strandasýsla, Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýsla. Norðausturland (NA): Eyjafjarðarsýsla, Þingeyjarsýslur. Austurland (A): Múlasýslur. Suðausturland (SA): Skaftafellssýslur. Suðurland (S): Rangárvallasýsla, Árnassýsla, Gullbringusýsla (ásamt Reykjavík). Upprunalegt kort: ©Landmælingar Íslands www.lmi.is. Breytingar eru mínar. Þessi skipting í landshluta er eðlileg miðað við búsetu á þeim tíma sem fjallað er um í ritgerðinni, auk þess sem skiptingin hefur verið notuð af Védurstofu Íslands, og í ýmsu öðru samhengi gegnum árin. Ef litid er til samgangna á fyrstu áratugum 20. aldar og þeirra síðustu á 19. öld er rökrétt að styðjast við þessa skiptingu í landshluta.

vera sú að helstu áhrifavaldar innan félagsins á stofnárunum komu þaðan, og að markmiðið var að 'þjarga' þeim stemmum sem meðlimirnir fluttu með sér á mölina.¹⁰ *Íslensk þjóðlög* inniheldur stemmur úr öllum landshlutum, í samræmi við stefnu Bjarna að safna allri íslenski tónlist.

Bjarni Þorsteinsson var fæddur og uppalinn á Vesturlandi, en bjó á Siglufirði sem er á mótum Norðurlands vestra og Norðurlands eystra, megnið af starfsævi sinni, þar með talin flest þau ár er hann safnaði efni í bókina *Íslensk þjóðlög*. Kona Bjarna og tengdajölskylda voru úr Vatnsdal í Húnavatnssýslu og lærði hann margar stemmur af þeim. Mikill fjöldi rímnalaga í bók Bjarna kemur því úr þessum tveimur landshlutum, Norðurlandi vestra og Vesturlandi. Sá landshluti sem á flestar stemmur í bók hans er hins vegar Norðurland eystra, sem kemur einkum til af því að þar átti Bjarni ötulán liðsmann við söfnun og skráningu rímnalaga, Benedikt frá Auðnum. Ríflega tvær af hverjum þremur stemmum koma af Norðurlandi eystra og vestra samanlagt (66,8%), 13% af Vesturlandi. Afgangurinn af stemmunum er ýmist úr hinum landshlutunum (16,8% samanlagt), eða 'heimilislausar' (3,4%). *Íslensk þjóðlög* innihalda því stemmur frá öllum landshlutum á meðan *Silfurplötur Íðunnar* hallast að Norðvesturlandi og Vesturlandi.

Stemmurnar í *Silfurplötum Íðunnar* eru úr fimm landshlutum (af sjö), þar af eru 58% af Norðurlandi vestra, þaðan sem margir stofn-



Tafla 2: Landfræðilegur uppruni stemma Íðunnar og Bjarna í %

¹⁰ Um þetta er fjallað nánar í ritgerðinni.

félagar Kvæðamannafélagsins áttu sínar rætur, og 26% stemmanna eru af Vesturlandi, að mestu vegna áhrifa eins kvæðamanns. Einungis 9% eru úr hinum landshlutunum þremur, og 7% eru 'heimilisláusar' (merkt „ó“ í töflu), ekki kenndar við neinn sérstakan kvæðamann né við landshluta. Hér, í töflu 2, sést að 84% af öllum stemmum Íðunnar eru úr tveimur landshlutum, Norðvesturlandi og Vesturlandi. Þessar tölur gefa til kynna hvernig aðgengi (og samgöngur) og atkvæðamiklir félagar og safnarar hafa haft áhrif á það hvaða stemmur það eru sem við höfum aðgang að í dag, bæði í prentuðum heimildum og hljóðritum. Einstaklingsáhrif eru mjög áberandi í bók Íðunnar, og þó að Bjarni hafi reynt að safna úr öllum landshlutum og sýna alla bragarhætti, þá var hann einnig háður því hvað samverkamenn hans voru ötulir að skrifa upp og senda honum. Það má einnig ætla að Bjarni hafi sjálfur haft einhver áhrif á rímnalögin þar sem hann birti ekki alltaf þær vísur í prentuðu bókinni sem höfðu fylgt stemmunum í handritum frá samstarfsmönnum hans. Þetta ræðst líklega af því að hann raðaði vísunum í rímnakaflanum í stafrófsröð, til þess að sýna bragarhættina á skipulegan hátt. Oftast er vandræðalaust að skipta um vísu við stemmu, ef hún er í sama eða mjög svipuðum bragarhætti, en

* Kvæðatalag (Epl. Þen. á Óundnum
Hjólaf. 17. v. 95

Fyr-ri handan Heiðslutunum þrygg! anda
lit-ur Heiða-lanti við svalan sand svanni
handar firt-ur

2. *Divoco.*
Þvína handan Heiðslutunum, þrygg! anda lit-ur, Heiða-lanti við
Morgun ragnis fannst þú
svalan sand, vöðum handan firt-ur. (þú 96)

Farðu'að sof - a fyr - ir mig, fyrst þú mátt og get - ur
eg skal breið - a ofan á þig of - boð lit-ið bet - ur.

Bjarni virðist líka hafa hnikað til stemmunum sjálfum, eins og sjá má í tónðæmunum hér að framan, þar sem tvær uppskriftir Bjarna eftir Benedikt frá Auðnum eru bornar saman við kvæðalag á bls. 831–832 í *Íslenskum þjóðlögum*.¹¹


Stemmurnar í tölum

Nánast engin hin sömu rímnalög eru í bókunum tveimur heldur eru stemmurnar afar fjölbreyttar. Þær falla í marga flokka, og eru ólíkar hver annarri á ýmsa vegu, og sumar hverjar falla ekki undir neina þekktu skala eða tóntegundir. Til að skoða þetta ákvað ég að byrja á því að athuga hvaða tónstigar (skalar) koma fyrir í stemmunum, hversu langir þeir eru, þ.e. hversu margar nótur eru í tónstigum hverrar stemmu, með því að skrifa upp skalana úr öllum 450 stemmunum, telja nóturnar og setja í töflu. Eins og sjá má á tónðæminu hér eru fimm nótur í tónstiga stemmunnar við „Móðurjörð hvar maður fæðist“.¹² Þetta kalla ég ‘nótnafjölda í stemmuskölum’ í töflu 3 og hér eftir.

Niðurstaðan úr þessari tilraun kom mér á óvart. Þegar nótnafjöldi í skala (tónstiga) hverrar stemmu var skoðaður kom í ljós greinilegur munur á bókunum tveimur. Í töflu 3 er nótnafjöldi stemmanna sýndur í prósentum og þar kemur í ljós að lengd nótnaskalans er frá tveimur og upp í þrettán nótur. (Engin stemma hefur tólf nótur.) Meira en helmingur stemmanna í hvorri bók hafa fimm eða sex nótur í skala. Meira en fjórða hver stemma í *Silfurplötum Íðunnar* hefur tvær, þrjár eða fjórar nótur, á meðan aðeins 14,4% af stemmunum í *Íslenskum þjóðlögum* hafa svona fáar nótur. Nærri ein af hverjum þremur stemmum í


¹¹ SÁM 120.1 hefur að geyma uppskriftir Bjarna Þorsteinssonar eftir Benedikt Jónssyni frá Auðnum. Lagið er prentað í bókinni *Íslensk þjóðlög* bls. 831–832.

¹² *Silfurplötur Íðunnar* bls. 78.



Tafla 3: Nótanaföldi í stemmuskölum í bókum Iðunnar & Bjarna í %


Íslenskum þjóðlögum hafa sjö nótur eða fleiri, á meðan einungis 17,8% af stemmunum í *Silfurplötum Iðunnar* hafa svo margar nótur. Niðurstaðan úr töflu 3 sýnir að stemmurnar frá Iðunni hafa almennt færri nótur, styttri skala og eru greinilega fábreyttari eða einsleitari en stemmurnar í þjóðlagasafni Bjarna. Þær hafa einnig þrengra tónsvið (ambitus). Þótt ekki sé endilega fylgni á milli nótnafjölda í skala og þess hve vítt tónsvið stemman spannar er það samt tilfellið með Iðunnarstemmurnar vegna þess hve stutt stökkin/bilin eru. Tafla 3 sýnir mjög skýran mun á bókunum tveimur. Skýringin á þessum mun er hins vegar samsett úr mörgum þáttum.



Tafla 4: Gerð vísna í bókum Iðunnar & Bjarna. Vísur í fjórkvæðum, þríkvæðum og tvíkvæðum hætti (þ.e. fjögurra, þriggja og tveggja línu vísur).

Eins og sjá má í töflu 4 eru vísurnar í bókunum tveimur ýmist undir fjórkvæðum, þríkvæðum eða tvíkvæðum háttum, og hallast ekki verulega á í þeim efnum á milli bókanna tveggja. En í töflu 5 sést að ef fjórkvæðar vísur eru skoðaðar sérstaklega, kemur í ljós skýr munur á

bókunum, því 75% af öllum vísunum sem Iðunnarfélagar hljóðrituðu 1935–6 eru undir ferskeyttum hætti. Aðrar vísur undir fjórvæðum háttum eru 19,5%, og vísur undir þríkvæðum og tvíkvæðum háttum mjög fáar, eða 5,5%. Bjarni Þorsteinsson valdi vísur undir ferskeyttum hætti í 58,4% tilvika, aðrar fjórvæðar vísur töldu 30,8%, og vísur undir þríkvæðum og tvíkvæðum háttum samanlagt tæplega 11%. Af þessu má sjá að val á bragarháttum hefur líklega haft áhrif á einsleitni þá sem einkennir stemmur Iðunnar. Þetta þarf hins vegar frekari rannsóknar við svo hægt verði að segja nákvæmlega til um tengsl stemma og bragarháttá.




Tafla 5: Ferskeyttar vísur (í fjórvæðum hætti), aðrar vísur í fjórvæðum hætti, vísur í þríkvæðum og tvíkvæðum hætti í bókum Iðunnar & Bjarna, í %

Munurinn á bókunum tveimur, þegar kemur að fjölda nótna í skala (sbr. töflu 3), sem og þegar samfelldar og ósamfelldar laglínur eru skoðaðar (sbr. töflu 8), gefur til kynna að minni fjölbreytni sé í laglínunum *Silfurplátta Iðunnar* en í *Íslenskum hljóðlögum*, og að það séu fleiri sönglög eða stemmur sem líkjast sönglögum í rímnakafla síðarnefndu bókarinnar. Stærri hluti stemmanna í *Silfurplötum Iðunnar* fellur í flokk þann sem ég nefni ‘spuna-stemmur’. Þar er átt við stemmur sem ekki er hægt að greina í ákveðna tóntegund þar sem þær innihalda skala með of fáum nótum.¹³ Fáar nótur gefa þannig til kynna laglínur sem

¹³ Fjórar nótur þarf til að ákvarða Lýðiska tóntegund, fimm fyrir Frýgíska og Lókríska, sex fyrir Dóríska og Aeólíska og sjö fyrir Mixólýðíska og Íóníska. Þó að stór og lítil þriund sé ákvarðandi varðandi dúr og moll er málið ekki svo einfalt þegar um er að ræða svona stuttar laglínur.

má kalla ‘spuna-stemmur’ vegna þess að þær spanna minna svið og hafa oft skrautnótur sem ekki eru skráðar, og þær líkjast því sem Svend Nielsen kallar ‘transient performance’.¹⁴ Laglínur sem innihalda lengri skala, fleiri nótur, líkjast oft sönglögum sem gefa færi á hefðbundinni vestrænni hljómsetningu.


Laglínur með 2–5 nótur í skala eru 56% af öllum stemmunum í bók Iðunnar, en aðeins 38,4% af öllum stemmunum í Þjóðlagasafni Bjarna (sjá töflu 3). Engin stemma hjá Bjarna hefur eingöngu tvær nótur, en Iðunn er með tvær, eða 0,5%. Ef stemmur með 6–9 nótum eru settar saman í flokk kemur í ljós að þar fara ríflega 40% af stemmunum Iðunnar, en nærri 60% af stemmunum Bjarna. Iðunn hefur einungis tvær laglínur með tíu nótum (0,5%), meðan Bjarni hefur stemmur með tíu, ellefu og þrettán nótum (2,4%). Stemmur Iðunnar sýna tilhneigingu til færri nótna, sem bendir til meiri fábreytni og einsleitni. Sama tilhneig-ing kemur í ljós þegar aðrar hliðar laglínanna eru skoðaðar, til dæmis uppbygging laglínur: hvort tónarnir birtast í skrefagangi eða stökkum.



Tafla 6: Bil í laglínunum (ósamfelldar laglínur) og samfelldar laglínur, í %


Þegar allar laglínur eru taldar og settar í þessa tvo flokka er ekki mikill munur á bókunum tveimur (sjá töflu 6). Til að skoða þetta nánar ákvað ég að líta á hve mörg bil stemmurnar hafa. Til dæmis hafa 20% Iðunnarstemma einungis eitt bil, sem oftast er aftast í laglínunni, (þ.e. nálægt lokum fjórðu línu). Í töflu 7 sést skiptingin þar sem taldar eru stemmur með samfelldum laglínunum, einu, tveimur og þremur tónbilum, og síðan stemmur með fleiri en fjögur tónbil.

¹⁴ Svend Nielsen, *Stability in Musical Improvisation*. 1982, bls. 38.



Tafla 7: Ósamfelldar laglínur (með stærra bil en tvíund milli nótna) og samfelldar laglínur í %

Ef flokkarnir með einu til þremur bilum (stökkum) eru sameinaðir flokknunum með samfelldu laglínunum skýrast línurnar á milli bókana enn, eins og sjá má í töflu 8. Með því að setja þessa flokka saman sést að 64% af öllum stemmum Iðunnar eru nokkuð samfelldar, sem enn bendir til meiri einsleitni. Bilin í laglínunum koma oftast fyrir alveg síðast, ef um eitt bil er að ræða, eða í lok annarrar og fjórðu línu, ef



Tafla 8: Samfelldar laglínur og laglínur með 1-3 bil settar saman, í %

um tvö bil er að ræða. Þriðja bilið kemur oft milli annarrar og þriðju línu. Það má því segja að samfelldar laglínur með allt að þremur bilum séu annarrar gerðar en laglínur með fleiri bilum, sem eru oft líkari sönglögum.

Hér að neðan má sjá dæmi um samfellda og ósamfelldar laglínur.¹⁵

Samfelld laglína:

Kvað-ið ból-a brúnd-ungs Gná brag-ar tól-um lék eg frá,
vigs af hól þar sveit-ir... sjá sigld-u dól-a... ess - in... há...

Ósamfelld laglína, 1 bil:

Á-girnd sting - ur aur-a - þjón ann-an hring þó gang-i...
Hef-ur ring - a sál-ar - sjón segg'rinn fingr - a - lang - i.

Ósamfelld laglína, 2 bil:

Hlið-skjálfs sjól - a hank - ur ról - ið misst - i,
svofn-is ból-a sem - að hver, send-ir kjól-a vöð-ins ber.

Ósamfelld laglína, 3 bil:

Fyr - ir vest-an fjöll og höf full-komn-að er skeið - ið...
Syst-ur minn-i er graf-in gróf, gleym-ist bráð-um leið - ið.

Ósamfelld laglína.


Hvar rill reyra' að hrae - a fjöll,
og hlyt - i þeim - a ernd - ur vöð - i, sem
skugg - u - stölnv' og á - skipti ról
ur - a bré - in við að þá

Næsta atriði sem nýtt var til að flokka stemmurnar var samstæðan 'fyrsta nóta – síðasta nóta' í hverri stemmu, eða upphafs- og lokanóta. Þar falla Iðunnarstemmur í sex flokka en Bjarna stemmur í tíu.¹⁶

Algennt er að sönglög og stemmur byrji og endi á sama tóni, grunn-tóni (T), og má sjá af þessari töflu að nærri helmingur af stemmum Bjarna fellur í þann flokk, á meðan ríflega einn þriðji eða 37% af stemmum Iðunnar byrja og endi á sömu nótu. Annar áhugaverður

¹⁵ *Silfurplötur Iðunnar*, 2004. Stemmur númer: 80, 140, 185, 193, 31.

¹⁶ T=Tonika eða grunntónn, D=Dominant eða fortónn, S=Subdominant eða undirfortónn, ii=annar tónn, iii=þriðji tónn, vii=sjöundi tónn í skalanum sem liggur til grundvallar hverri stemmu. Eg ákvarða sem sagt lokatón sem grunntón stemmunnar. Í sumum tilfellum virðast stemmurnar hafa tvær miðjur, eða tvo grunntóna, en ég sýni þá skiptingu ekki hér.



Tafla 9: Upphafs og lokanótur stemma, í %


munur milli bókanna tveggja eru Iðunnarstemmaur sem hefjast á undirfortóni (S) og enda á grunntóni (T), sem og þær sem hefjast á öðrum tóni skalans (ii), samtals 21%.

Auk þess að skoða laglínurnar athugaði ég hvaða bragarhættir eru notaðir í bókunum tveimur. Bjarni Þorsteinsson studdist við Bragfræði Helga Sigurðssonar, en við útgáfu á *Silfurplötum Iðunnar* var stuðst við Háttatal Sveinbjörns Beinteinssonar.¹⁷ Bjarni raðaði vísunum í rímnakaflanum í *Íslenskum þjóðlögum* í sömu röð og Helgi notaði í bók sinni. Helgi taldi hættina vera 23 með 2267 tilbrigðum. Að auki raðaði Bjarni vísunum í stafrófsröð. Þetta kann að hafa valdið því ósamræmi sem sums staðar má finna milli vísu og stemmu hjá Bjarna. Hins vegar kemur það einnig fyrir í Iðunnarbókinni að vísa og stemma fari ekki fullkomlega saman, þó í miklu minna mæli en hjá Bjarna. Honum tókst að finna stemmur við 17 af 23 bragarháttum. Iðunnarfélagar höfðu önnur markmið en Bjarni, og vísur þeirra eru í 13 rímnaháttum. Af þeim eru 12 einnig hjá Bjarna, þó eru nöfn háttanna ekki alveg hin sömu.

Eins og sjá má er *ferskeytt* algengasti hátturinn í báðum bókunum þar sem 75% af vísunum Iðunnar og 58,4% af vísunum Bjarna falla undir þann hátt. Í töflu 10 eru sýndir átta algengustu bragarhættirnir í báðum bókunum¹⁸ og 94% af öllum vísunum hjá Iðunni falla undir þessa hætti, 91,2% gera slíkt hið sama hjá Bjarna. Sú staðreynd að 75% af

¹⁷ Helgi Sigurðsson, *Bragfræði íslenskra rímna*. 1891. Sveinbjörn Beinteinsson, *Háttatal*. 1953 www.rimur.is

¹⁸ Reyndar er úrkast og skammhent örlítið algengara hjá Iðunni en gagaraljód.




Tafla 10: Helstu bragarhættir í bókunum tveimur í %
Ferskeytt, Samhent, Stikluvík, Gagaráljóð, Stuðlafall, Langhenda, Braghenda, Nýhenda.
94% af vísum Iðunnar og 91.2% af vísum Bjarna falla undir þessa hætti.

vísum Iðunnar eru ferskeyttar og að hin 25% vísanna falla í 12 bragarhætti, sýnir enn tilhneigingu Iðunnar til einsleitni, eða samræmis.

Eina aðferð enn við að greina laglínur nefni ég hér, í leitinni að ein-kennum íslenskra rímnastemma, en hún felst í því að skoða það sem kalla má lagræna byggingu, eða melódískan strúktúr. Hugmyndin var að athuga hvort þessar laglínur byggi á því sem á ensku heitir *trichord*, *tetrachord*, *pentachord* og *hexachord*. Þessi nöfn eru úr latínu og merkja hér einfaldlega að laglínun byggi á þremur, fjórum, fimm eða sex nótum.¹⁹ Þetta er tilraun til að einfalda laglínuna og skoða byggingu hennar, sjá hvaða nótur eru mikilvægar. Hér er áherslan á að finna mikilvægi hverrar nótu, að ákvarða hvort nótan gegnir hlutverki í byggingu stemmunnar, eða hvort hún er skrautnóta eða tenginóta sem ekki ræður stefnu eða innihaldi stemmunnar. Þær nótur sem byggja laglínuna þurfa að vera á áhersluatkvæði í textanum.

Rímnahættir eru byggðir á réttum tvíliðum þar sem áhersla í íslensku er alltaf á fyrsta atkvæði í orði. Þetta hefur áhrif á stemmurnar, að minnsta kosti þegar kemur að því að ákvarða hvaða nótur eru mikil-

¹⁹ *Tetrachord* þýðir hluti af skala, þau þrjú tónbil sem mynda hreina ferund. Hér notað í merkingunni fjórar byggingarnótur, eins og að ofan. Sjá *The New Grove Dictionary*, 25. b., bls. 318.



Tafla 11: Stemmur byggðar á þremur, fjórum, fimm eða sex nótum, í %

vægar.²⁰ Í töflu 11 má sjá að 87% af öllum stömmum Iðunnar og 77,2% af stömmum Bjarna falla undir einhvern þessara fjögurra flokka.

Niðurstæða og lokaorð


Við greiningu rímnalaganna notaði ég fleiri aðferðir en þær sem sýndar eru hér. Þar á meðal skoðaði ég form stömmanna í samhengi við línur vísunnar og bragarhátt, auk annarra tónfræðilegra atriða. Öll greiningin var handunnin og ef til vill má færa rök fyrir því að það henti rannsóknnum á rímnahæfðinni, þar sem hún var nátengd handavinnu, ef marka má frásagnir af rímnakveðskap í baðstofum á vökunni. Sú aðferð er þó að sönnu tímafrek. Mér hefur enn ekki unnist tími til að ‘samkeyra’ niðurstöður úr hinum ýmsu þáttum rannsóknarinnar, til að skoða fylgni milli þátta. Það verður eitt af framtíðarverkefnum mínum – ef til vill tölvuvætt, ef þannig ber undir.

Þegar á heildina er lítið er mikilvægt að hafa í huga markmið og starfshætti annars vegar þeirra sem stóðu að því að safna íslenskum þjóðlögum fyrir séra Bjarna Þorsteinsson og hins vegar Iðunnarfélaga, sem vildu varðveita íslenska kvæðahefð. Eins og áður segir voru markmiðin ólík, Bjarni taldi sig vera að safna allri íslenskri tónlist á einn

²⁰ Ég kys hér að nota áfram latnesku orðin í stað þess að tala um fjórvætt, fimkvætt og svo framvegis, til að forðast misskilning, þar sem þessi orð standa of nálægt þeim orðum sem ég hef áður notað hér að ofan og lýsa því hvort vísur eru tveggja, þriggja eða fjögurra lína.

stað, en Iðunnarfélagar voru að forða stemmum úr munnlegri geymd frá glötun. Bjarni hafði fólk sér til aðstoðar í öllum landshlutum, en vann einn að bókinni, valdi og ritstýrði því efni sem til hans var sent, og ráðfærði sig við erlenda tónlistarfræðinga.

Iðunnarfélagar fólu þriggja manna rímnalaganefnd að ákveða hverjir skyldu kveða og hvaða stemmur og vísur skyldu teknar upp á silfurplötur. Þessi nefnd ákvað líka hvaða afbrigði af stemmum væru 'rétt', og hvaða stemmur og vísnaafbrigði væru elst. Um þetta urðu nokkrar umræður eins og sjá má í Gjörðabókum Iðunnar. Þó að hér sé talað um féлага Iðunnar í karlkyni voru konur samt nærri jafnmargar körlum í félagatalinu frá 1930–1936 (sjá töflu 12) og áttu sæti í nefndum félagsins, þar á meðal í rímnalaganefnd þar sem systurnar Ingibjörg og Sigríður Friðriksdætur sátu. Þær voru systur varaformannsins Björns Friðrikssonar og Þuríðar Friðriksdóttur sem var atkvæðamikil og tók oft til máls á fundum. Ég leiði líkur að því í ritgerðinni að þessi fjögur systkin hafi haft sterk áhrif á þróun mála hjá Iðunni, enda öll stofnfélagar. Þau voru fædd og uppalin á Vatnsnesi í Vestur-Húnavatnssýslu. Þau kváðu um helming stemmanna á silfurplötunum og kenndu sumum hinna vísur og stemmur, þannig að áhrif þeirra eru auðrakin.




Tafla 12: Iðunnarfélagar 1929–1936

Ekki er ólíklegt að Iðunnarfélagar hafi haft nokkuð samræmda hugmynd um hvernig rímnalag átti að vera. Þetta sést í þeim tölulegu upplýsingum sem hér koma fram, sérstaklega í töflu 3 sem sýnir greinilegan mun á bókunum tveimur sem hér er rætt um. Niðurstöður úr töflunum gefa til kynna að stemmur Iðunnar séu einsleitari, með

styttri tónstiga, færri bíl eða stökk og meiri skrefagang. Áttatíu og fjögur prósent af stemmum Iðunnar koma úr tveimur landshlutum, Norðurlandi vestra (og Ströndum) og Vesturlandi. Ekki er þó hægt að slá því föstu að það séu landshlutaeinkenni á stemmunum sem geri það að verkum að mælingar sýna meiri einsleitni. Til þess þarf mun viðtækari rannsóknir á rímnalögum úr öllum landshlutum. Fólksfæðin á Íslandi kemur hér við sögu, sem og flutningur og ferðalög fólks milli landshluta, t.d. í atvinnuleit á síðustu áratugum 19. aldar, en einnig verður að taka tillit til þess að í fámennum samfélögum hefur hver og einn einstaklingur meira vægi.²¹

Þær aðferðir sem ég hef notað hér að ofan (quantitative musical analyses) sýna að hægt er að skoða mikinn fjölda stuttra laglína á marga vegu. Þær sýna að greinilegur munur er á milli bókanna tveggja, *Íslenskra þjóðlaga* og *Silfurplátna Iðunnar*, en að stemmurnar í þeim eiga líka margt sameiginlegt. Í höfuðatriðum sést að meiri fjölbreytni er í stemmubyggingu (strúktúr), bragarháttum, upphafs- og lokanótum, landfræðilegum uppruna o.fl. í bók Bjarna, á meðan stemmurnar í bók Iðunnar eru einsleitari. Þetta styrkir kenningu mína um þau sterku áhrif sem Kvæðamannafélagið Iðunn hefur haft á íslenska rímnahefð. Bók Iðunnar hefur færri tegundir af laglínunum úr færri landshlutum en bók Bjarna. Þrjár af hverjum fjórum vísunum í bók Iðunnar eru úr Húnavatnssýslu. Stemmur Iðunnar og upptökurnar á þeim eru grundvöllurinn að þeirri kvæðahefð (flutningi rímnalaga) sem tíðkast hefur á Íslandi eftir 1936.



Tafla 13: Kvæðamenn Iðunnar, eftir landshlutum.

²¹ Sjá Mary Douglas, *How Institutions Think*. 1987

Nær engar stemmur í bókunum tveimur eru hinar sömu. Bjarni endurtekur stemmu einu sinni, en margar endurtekningar má finna í bók Iðunnar. Um það fjalla ég meira í ritgerðinni. Þrátt fyrir að stemmurnar í bók Iðunnar séu að mestu frá tveimur landshlutum á meðan stemmur Bjarna dreifast á alla landshluta (ójafnt) þá er skyldleikinn mikill og greinilegur. Til dæmis hafa um 55% af stemmunum í hvorri bók fimm eða sex nótur í skala. 75% af stemmum Iðunnar og 89,2% af stemmum Bjarna byrja annað hvort á grunntóni (T), þríund (iii) eða fimmund (D) (sjá töflu 9). 66% af laglínunum í hvorri bók eru byggðar á *tetrachord* (4 nótum) eða *pentachord* (5 nótum) (sjá töflu 11). Af því má álykta að til sé ákveðin hugmynd um hvað stemma sé, og sú hugmynd sé fastmótaðri í bók Iðunnar. Það má um leið benda á að margir rímnahættir hafa fjögur áhersluatkvæði í hverri eða annarri hverri línu. Þarna getur verið samhengi sem þyrfti að skoða með frekari rannsóknum til að skýra nánar samhengið á milli rímnahátta og stemma. Kvæðamannafélagið Iðunn hefur haft gríðarleg áhrif á kveðskaparhefðina á Íslandi síðan það var stofnað 1929, og þau áhrif eru kannski allra greinilegust núna, þegar áhugi á þjóðlegum fræðum og þar með töldum rímnakveðskap er að aukast og kvæðamannafélögum að fjölga. Þrátt fyrir að hér séu sýndir sameiginlegir eiginleikar stemma úr báðum bókum, þá falla laglínurnar í mjög marga flokka, þannig að það er ekki einfalt að segja til um hvað einkennir stemmu. Hér eru einungis skoðaðar 450 stemmur, en á Stofnun Árna Magnússonar eru til ótal fleiri frá öllum landshlutum, sem eftir er að skoða, hlusta á, læra, skrifa upp, flytja og gefa út. Þarna liggur fjársjóður falinn.

HEIMILDASKRÁ.

Bjarni Þorsteinsson. *Íslensk þjóðlög*. Kaupmannahöfn, Carlsbergfondet, 1906–09.

Douglas, Mary. *How Institutions Think*. London, Routledge & Kegan Paul, 1987.

*Gjörðabók Iðunnar*²² I, 01.09.1929–29.10.1932

Gjörðabók Iðunnar II, 12.11.1932–08.01.1938

²² [Gjörðabækur Iðunnar eru handskrifaðar og hafa ekki verið prentaðar eða gefnar út. Þær eru aðgengilegar í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.]

Gjörðabók Iðunnar III, 22.01.1938–22.02.1947

Havåg, Eldar. 'For det er kunst vi vil have': Om nasjonalitet og kunst i norsk oppskrivartradisjon og folkemusikkforskning. *KULT's skriftserie nr. 85*. Øystein Sørensen (ed.). Oslo, Noregs forskingsråd, 1997.

Helgi Sigurðsson. *Bragfræði íslenzkra rímna*. Reykjavík, 1891.

The New Grove Dictionary of Music and Musicians. 2. útg. Ritsstj. Stanley Sadie. Bindi 25, bls. 318. ['Tetrachord'] London, Macmillan Publishers Limited, 2001.

Nielsen, Svend. *Stability in Musical Improvisation: A repertoire of Icelandic epic songs*. Acta Ethnomusicologica Danica No. 3. København, Forlaget Kragen, 1982.

Ragnheiður Ólafsdóttir. *Deep Freeze: The Social and Musical Impact of the Iðunn Society on the Icelandic rímur*. PhD Thesis, Australian National University, 2011.

SÁM 120.1 [Handrit Bjarna Þorsteinssonar að kvæðalögum.] Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík

Sigríður Matthíasdóttir. *Hinn sanni Íslendingur – þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2004.

Silfurplötur Iðunnar. Ritsstj. Gunnsteinn Ólafsson. Reykjavík, Kvæðamannafélagið Iðunn og Smekkleysa, 2004.

Sveinbjörn Beinteinsson. *Bragfræði og Háttatal*. (1. útg. Reykjavík 1953). <http://www.rimur.is> [Sótt 17.03.2004].

Bertolt Brecht

LJÓÐ VIII

Kristján Arnason þýddi

Elskendurnir

Sjá þessar trönur sem í sveigum fljúga
og skýjaflóka fast við hlið á þeim!
Þau fylgjast að og hvort með öðru snúa

á brott úr þessum inn í annan heim.
Þau fljúga saman yfir láði og legi
og líða hlið við hlið um víðan geim,

svo trana og ský þar jafna hlutdeild eigi
í sal þess himins sem þau leggja að baki
og hvorugt framar hinu fljúga megi

og hvorugt þeirra eftir öðru taki
en vaggi vindsins sem þau um sig finna
og halda gegn með hljóðu vængjablaki.

Og þótt hann reyni þau af braut að ginna,
þá láta þau á engan veg sig veikja
né mun þá nokkur mein né grand þeim vinna:

Því mega vindar til og frá þeim feykja
um frera norðurs eða suðrið heitt,
er tungl og sól til skiptis skin sitt kveikja,

þau fljúga saman tvö en þó sem eitt.

Þið farið?

– Héðan.

– Hvert þá?

– Ekki neitt.

Þið spyrjið hvort þau hafi notist lengi?

Stutt.

– Og skilja bráðum?

– Býst ég við.

Því elskendum er ástin stundargrið.

Ragnar Ingi Aðalsteinnsson

Fáein orð um ofstuðlun og aukaljóðstafi

Inngangsorð

Það braglýti, þegar ljóðstafir verða of margir innan braglínuparsins eða línunnar sem stuðla skal, hefur verið þekkt í kveðskap frá fyrstu tíð. Þegar Snorri Sturluson (1999:4) skýrir stöðu stuðla og höfuðstafs í braglínuparinu (fjórðungnum) segir svo: „En rangt er ef þessir stafir standa fyrir samstöfun optar eða sjaldnar en svá í fjórðungi vísu“. Svo undarlegt sem það kann að virðast voru samt þessi fyrirmæli Snorra virt að vettugi lengi vel. Á 14. öld fer að bera á því að ljóðstafir verði of margir. Það á þá bæði við um stuðla og höfuðstafi, þ.e. ofstuðlun kemur eins fyrir í síðlínunum sem í frumlínunum. Um svipað leyti fer að bera á aukaljóðstöfum. Í braglínuparinu eru þá tvennir stuðlar. Aukaljóðstafir standa ýmist í frumlínu eða síðlínu án tengsla við hina línuna enda hlýtur slík stuðlun að vera bundin við eina línu þar sem ekki geta verið tveir höfuðstafir í sama braglínupari.¹

Efni þessarar greinar er ofstuðlun í íslenskum kveðskap. Fjallað verður stuttlega um rannsókn sem gerð var á stuðlasetningu síðustu 1200 ára þar sem fram kom að ofstuðlun jókst mjög um tíma en svo dró úr henni aftur. Það sama gerðist með aukaljóðstafina (sjá RIA 2012). Meginefni greinarinnar er þó ný athugun sem gerð var á kveðskap fjögurra skálda sem gáfu út sínar fyrstu ljóðabækur eftir 2000. Valið var úrtak úr kvæðum og vísnum og talið saman hve oft má finna ofstuðlun og aukaljóðstafi í bókum þessara skálda 21. aldar. Birt er súlurit sem sýnir þróun ofstuðlunar og aukaljóðstafa allt frá 9. öld til þeirrar 21. Það súlurit er byggt á báðum þessum rannsóknum. Á því er hægt að sjá þær sveiflur í ofstuðlun sem orðið hafa yfir allt tímabilið sem rannsakað var en einnig sést þar hvernig nútímaskáldin, sem

¹ Reglur um fjölda ljóðstafa, hliðstæðar því sem hér er greint frá, voru til staðar bæði í fornenskum og fornháþýskum kveðskap svo dæmi séu nefnd (Preminger og Brogan 1993:37. Ragnar Ingi Aðalsteinnsson (hér eftir RIA) 2012:241 o.áfr.).

eru að yrkja og gefa út ljóð sín í dag, umgangast regluna sem Snorri Sturluson lagði áherslu á og getið var um hér að ofan.

Tólf alda tryggð

Í bókinni *Tólf alda tryggð. Athugun á þróun stuðlasetningar frá elsta þekktum norrænum kveðskap fram til nútímans* er greint frá rannsókn sem sýnir meðal annars þróun ofstuðlunar og aukaljóðstafa allt frá fyrstu tíð fram um aldamótin 2000.² Rannsóknin var þannig gerð að valin voru af handahófi 1200 braglínupör frá hverri öld þar sem það var hægt (ekki fundust nema 430 pör frá 9. öld og 15. öld var sleppt); valin voru ljóð eftir þrjú skáld eða fleiri (frá 10., 11., 12., 13. og 14. öld varð að taka fleiri en þrjú skáld til að ná 1200 pörum); ljóðstafir hvers braglínupars voru svo slegnir inn í tölvu og niðurstöðurnar skoðaðar út frá ýmsum sjónarhornum.³

Þegar lítið er sérstaklega á þróun ofstuðlunar og aukaljóðstafa allt frá fyrstu tíð fram um aldamótin 2000, í rannsókninni sem fyrr var nefnd (RIA 2012), kemur í ljós að miklar sveiflur hafa orðið hvað varðar þennan þátt bragarins. Framan af er ofstuðlun afar fátíð og það sama gildir um aukaljóðstafi. Þessi frávik taka svo að aukast þegar líður á 14. öld og þegar kemur fram á 16. öld nær sú þróun hámarki. Heldur dregur úr þessu þegar líður á 17. öld og þegar kemur fram á 18. öld er tíðni ofstuðlunar og aukaljóðstafa orðin svipuð og var fyrir 1300.⁴

Sú þróun ofstuðlunar og aukaljóðstafa sem hér er lýst er nokkuð sérkennileg og vekur ýmsar spurningar. Í sjálfu sér þarf engan að undra þótt bragreglur fari úr skorðum á 14. öld og þróunin árin þar á eftir er eins og við má búast þegar slíkt er einu sinni farið af stað. Um þetta leyti er stuðlasetning liðin undir lok á hinum Norðurlöndunum⁵ og því ekkert undarlegt við það þó að einhvers konar þróun í sömu átt fari af stað hér á Íslandi. Tvennt er það þó sem mælir gegn því að hér sé um að ræða áhrif frá grannþjóðunum í þá veru að stuðlasetning sé á undanhaldi og skáldin horfi fram hjá reglunum að hætti frænda okkar í Skandinavíu. Í fyrsta lagi verður ekki horft framhjá því

² RIA 2012.

³ RIA 2012:109 o.áfr.

⁴ RIA 2012:245 og 265.

⁵ RIA 2012:26–7.

að þó svo að tíðni bæði ofstuðlunar og aukaljódstafa fari algjörlega úr böndum um tíma sjást engin merki um tilhneigingu skálda til að sleppa ljóðstöfunum, þ.e. að þeir verði of fáir eða þá vanti algjörlega. Þetta bendir til þess að ofstuðlunin hafi ekki stafað af virðingarleysi fyrir kveðskaparreglum heldur því að reglum hafi verið vikið til, eða að skáldin hafi teygt á mörkunum hvað þetta atriði varðaði og leyft sér undantekningar í þessa átt (of marga ljóðstafi) en ekki hina (of fáa). Í annan stað blasir við sú staðreynd að staðsetning ljóðstafa er alltaf samkvæmt reglum. Ef frumlínan er fjórar kveður, sem er algengasta kveðuskipan í íslenskum skáldskap, þá er alltaf stuðull í 3. kveðunni.⁶ Höfuðstafur er alltaf í fremsta áhersluatkvæði í síðlínunni. Þó að stuðlar verði í mörgum tilvikum of margir eða hljóð höfuðstafs sé endurtekið í síðlínunni hafa skáldin fullkomna reglu á óreglunni, ef svo má taka til orða, og fylgja af stakri nákvæmni reglum um staðsetningu ljóðstafanna.

Ástæður fyrir þeirri aukningu á ofstuðlun og aukaljóðstöfum sem hér hefur verið lýst liggja ekki ljósar fyrir og erfitt að fullyrða um að nokkur ein ástæða liggi þar að baki. Líklegast er að þar vinni saman einhverjir samverkandi þættir. Þó hefur verið bent á að þessi breyting geti tengst lengri braglínunum. Hrynhendur háttur nær miklum vinsældum á 14. öld, sbr. *Lilju* Eysteins Ásgrímssonar o.fl. ljóð, en þar eru braglínur sem kunnugt er einni bragstöðu lengri en í dróttkvæðum hætti, eða fjórar kveður (hátturinn var reyndar þekktur fyrr). Í kveðskap frá 16. öld er alengt að braglínur séu fjórar eða fimm kveður.⁷ Hugmyndin er þá sú að eftir því sem braglínur lengist verði freistandi fyrir skáldin að gefa eftir og leyfa sér frávik sem hefðu stungið um of í eyru í styttri braglínunum. Þetta var skoðað sérstaklega í rannsókninni.⁸ Þar koma fram vísbendingar um að bein tengsl séu milli ofstuðlunar og braglínulengdar.

Það sem er þó undarlegast af öllu þegar skoðuð er þróun stuðla- setningar á Íslandi yfir það nær 1200 ára tímabil sem hér um ræðir er sú staðreynd að í lok 17. aldar og byrjun þeirrar 18. leggst ofstuðlun nánast alveg af. Það sama gildir um aukaljóðstafi. Skyndilega ákveða íslensk skáld og hagrýðingar að virða fornar reglur um fjölda ljóðstafa í hverju braglínupari og það verður breyting á bragnum.⁹ Þetta helst

⁶ Í rannsókninni sem hér er greint frá voru skoðuð 13626 braglínupör en aðeins fannst eitt dæmi um fjögurra fóta frumlínu þar sem vantaði stuðul í 3. kveðuna (sjá RIA 2012:279–280).

⁷ Sbr. til dæmis *Píslargrát* og *Ljómur* eftir Jón Arason.

⁸ RIA 2012:257 o.áfr.

⁹ sjá RIA 2012:262 o.áfr.

allt til loka 20. aldar og fram á þá 21., eða þar til rannsókninni lauk á því að skoðuð voru ljóð Þorsteins frá Hamri og Þórarins Eldjárns. Þeir voru settir þar inn sem fulltrúar 21. aldarinnar (þeir ortu þó flest af því sem skoðað var af þeirra kveðskap á 20. öld).

Eins og fyrr var vikið að er ekki svo undarlegt að eitthvað fari í tímans rás úrskaiðis með bragreglurnar og þessi aukna tíðni ofstuðlunar og aukaljóðstafa gæti fljótt á lítið verið einhvers konar undanfari þess að regluverk brageyrans sé að gefa eftir. En hverju sætir það þegar þróuninni er skyndilega snúið við og bragvenju, sem tíðkast hefur hjá skáldum og hagyrðingum um a.m.k. tveggja til þriggja alda skeið, er skyndilega breytt og reglurnar hertar til muna um leið og þær eru færðar til fyrra horfs? Slikt er óvenjulegt þegar bragfræðileg þróun er annars vegar. Að baki þessari breytingu hlýtur að liggja sterk hefð og virðing fyrir bragnum og regluverkinu. Bent hefur verið á að þetta geti tengst riti Magnúsar Ólafssonar (1573–1636) sem lengst af var prestur í Laufási. Rit hans, sem gengur undir nafninu Laufás Edda, gekk í uppskriftum manna á milli á 17. öld. Eddu sína skrifaði Magnús upp eftir Snorra-Eddu en breytti þar mjög efnisskipan, safnaði saman ýmsum handritum og steypiti saman í eitt.¹⁰ Í þessari bók, sem mun hafa verið fyrsta handbók íslenskra skálda á síðari öldum um það hvernig átti að yrkja, kemur meðal annars fram það sem Snorri Sturluson sagði um fjölda ljóðstafanna. Þetta gæti verið kveikjan að því sem gerðist en hinu má ekki gleyma að til að skáldasamfélag heillar þjóðar breyti bragvenjum sínum á þennan hátt verður að vera fyrir einhver sú almenna afstaða til kveðskaparhefðarinnar sem gerir slíka breytingu mögulega.

Hvenær eru frávikin skadleg bragnum?

Á hitt ber og að líta að þó að dregið hafi verulega úr þeim frávikum sem hér eru til umræðu um 1700 eða þar um bil er ofstuðlun alls ekki úr sögunni, né heldur aukaljóðstafir. Það er líka augljóst að þau frávik sem hér eru til umræðu geta sem best haft áhrif til hins verra og skaðað kveðskapinn nokkuð. Ljótt er að sjá klaufalega ofstuðlun eða áberandi aukaljóðstafi sem yfirtaka stuðlunina í braglínunni:¹¹

- (1) Vélaskrölt og **h**ark og **h**ljóð
hátt um **h**æðir klingja.

¹⁰ Sverrir Tómasson 1996.

¹¹ RIA 1994:20.

Hér er hljóð höfuðstafs tvítekið (*h í hæðir*). Breytum nú víshelmingnum og hugsum okkur að línurnar væru þannig:

- (2) Vélaskrölt og hark og hljóð
*hátt um **g**rundir **g**lymja.

Nú eru aukaljóðstafir í síðlínunni (*g í grundir og glymja*). Þeir standa hlið við hlið og eru í rauninni sterkari en hinir eiginlegu ljóðstafir (*g á móti h*).

Þetta á þó alls ekki við í öllum tilvikum. Oft ber svo lítið á þessum frávikum að lesandinn, jafnvel þrátt fyrir þjálfað brageyra, verður ekki var við þau. Þegar lítið er yfir Viðauka I., skrá yfir helstu stuðlunareinkenni, í bókinni *Tólf alda tryggð*, sem fyrr var nefnd,¹² kemur í ljós að af 44 skáldum sem þar eru tilgreind hafa aðeins 15 hreint borð hvað varðar bæði ofstuðlun og aukaljóðstafi. 13 af þeim ortu fyrir 1400. Þegar skoðuð eru þau 17 sem lifðu eftir 1400¹³ sést að ofstuðlun og/eða aukaljóðstafir finnast hjá öllum nema tveimur.¹⁴ Þetta bendir til þess að meiri nákvæmni gæti hjá eldri skáldum en þeim yngri. Á 18., 19. og 20. öld má finna þessi frávík hjá öllum skáldunum nema einu og sá sem skorar langhæst hvað frávíkin varðar er enginn annar en Jónas Hallgrímsson. Áður en lengra er haldið með umfjöllunina er rétt að líta sem snöggvast á þessi frávík Jónasar og skoða svo ummæli tveggja skálda um efnið.

Í kvæðum Jónasar fundust þrjú dæmi um ofstuðlun. Eitt af þeim er þannig:¹⁵

- (3) Meta það aldrei eins og ber,
Unna því lítt sem fagurt **er**.

Orðið *er* aftast í síðlínunni skapar ofstuðlun en þarna er orðið nokkuð langt í höfuðstafinn og frávíkið verður því ekki mjög áberandi. Þar að auki birtist umframstuðullinn í sögninni *vera*, sem er ekki sterk setningarlega. Það er því umdeilanlegt hvort þetta skaðar braginn yfirleitt.

¹² RIA 2012.

¹³ Rétt er að benda á að 27 af skáldunum 44 lifðu fyrir 1400. Vegna þess hve lítið var til eftir hvert þeirra varð að taka dæmi af fleirum en þremur frá hverri öld. Þess vegna koma mun fleiri skáld fyrir í fyrri hluta rannsóknarinnar.

¹⁴ RIA 2012:305–319.

¹⁵ Jónas Hallgrímsson 1989:121.

Sem dæmi um aukaljóðstafi í kveðskap Jónasar má nefna eftirfarandi vísuhelming:¹⁶

- (4) allt er **nú** sem orðið **nýtt**,
ærnar, kýr og smalinn.

Í þriðju línu vísunnar eru óumdeildir aukaljóðstafir, *n* í *nú* og *nýtt*. Þessi vísa hefur þó geymst í minni þjóðarinnar sem ein af hennar dýrmætustu perlum. Þá vaknar spurningin; eru slíkir aukaljóðstafir þá ekki brot á bragreglum? Um það má væntanlega deila en svo mikið er víst að listaskáldið góða leyfði sér þetta en þó mjög sjaldan, svo sjaldan að það er augljóst að hann forðaðist slík frávik markvisst.¹⁷ Sumt af því sem skráð er í gögnunum sem frávik er í raun engin leið að flokka sem braglýti, sbr. þetta dæmi:¹⁸

- (5) Það sviður – aldrei oftár, vinur kær!
Þú athvarf **sk**alt í móðurs**sk**jóli finna.

Hér má vissulega sjá tvö dæmi um gnýstudulinn *sk* í áhersluatkvæðum í síðlínunni. Þetta er ekki hægt að kalla braglýti vegna þess að báðir ljóðstafirnir standa í lágkveðum og sá seinni tilheyrir auk þess seinni hluta af samsettu orði. Annað er ef slíkir aukaljóðstafir standa í hákveðum. Hugsum okkur að línurnar úr kvæði Jónasar væru þannig:

- (6) Það sviður – aldrei oftár, vinur kær!
*Þú athvarf skalt í **f**angi móður **f**inna.

Hér eru aukaljóðstafirnir aðskildir en hákveðurnar hefja þá upp og þeir hljóta óhjákvæmilega að trufla stuðlunina. Þarna skiptir höfuðmáli hvort um er að ræða hákveður eða lágkveður.

Aukaljóðstafir sem eru aðskildir með heilli kveðu, ef þeir standa báðir í lágkveðu, hafa hins vegar að öllum líkindum ekki frekar áhrif á stuðlunina en ef þeir stæðu í sitthvorri braglínunni, sbr.:¹⁹

- (7) Er faldar tinda fannhvít **m**jöll
og frýs í **m**ýrarpyttum.

¹⁶ Jónas Hallgrímsson 1989:235.

¹⁷ Ragnar Ingi Adalsteinsson 2007:45.

¹⁸ Jónas Hallgrímsson 1989:198.

¹⁹ Hjálmar Freysteinnsson 2012:14.

Orðin *mjöll* og *mýrar*- hefjast á sama staf og milli þeirra er ein kveða. Enginn telur þó endurtekningar sem þessar til braglýta af því að þær birtast hvor í sinni braglínunni.

Þorsteinn frá Hamri segir þegar hann er spurður um ofstuðlun og aukaljóðstafi:

Mér leiðist ofstuðlun og vil ekki sjá slíkt í mínum ljóðum. Um það gildir hins vegar sú regla að hjá góðum skáldum leyfist ýmislegt sem ekki er alveg rétt. Mörg skáld ofstuðla undir vissum kringumstæðum og ef þeir sem það gera hafa glöggt eyra fyrir styrk ljóðstafanna og samspili þeirra þá hljómar þetta alls ekki illa. Það sama á við um aukaljóðstafi.²⁰

Þórarinn Eldjárn segir um ofstuðlunina:

Mér finnst til dæmis ekkert athugavert við það, ef ég nota sérhljóða sem ljóðstafi, að hafa orð sem byrjar á sérhljóða í línunni á eftir höfuðstafnum, sérstaklega ef orðið á undan því endar á samhljóða, sem klippir þá á stuðlunar-, „*effektinn*“. Þetta á hins vegar ekki við um sterkari stuðla eins og *sk*, svo dæmi sé tekið.²¹

Þetta segja skáld sem lengi hafa fengist við hinn forna brag og þekkja hann öðrum betur. Það er erfitt að setja endanlegar reglur um eitthvað sem viðkemur hefðbundnum kveðskap. Bragurinn fer sínar eigin leiðir á sínum eigin forsendum og hlýðir engu nema brageyranu sjálfu. En brageyrað er líka harður húsbóndi og þeir sem ætla að yrkja í trássi við það geta ekki vænst þess að hljóta lof fyrir kveðskap sinn.

Ný rannsókn

Rannsóknin sem liggur til grundvallar þessari grein var gerð á haustdögum 2012. Eins og fyrr kom fram var ætlunin að skoða kveðskap fjögurra skálda²² sem eiga það sameiginlegt að hafa fyrst gefið út ljóð

²⁰ Sjá RIA 2012:324.

²¹ Sjá RIA 2012:326.

²² Ath. að hér eru allir þátttakendur titlaðir skáld, ekki hagröðingar. Þetta er gert til að einfalda umfjöllunina. Lengi hefur verið deilt um það hver sé hagröðingur og hver skáld og hvar mörkin séu en hér verður engin afstaða tekin til þess máls utan að ljóst er að allt eru þetta hagröðingar; allt um það verða þau sem hér eru skoðuð kölluð skáld. Greinarhöfundur vonar að þátttakendur fyrirgefi það.

sín eftir 2000. Þó að vissulega megi benda á að þessi skáld hafi ort margt af þessum kveðskap á öldinni sem leið verða þau samt sem áður hér kynnt sem skáld 21. aldar. Valin voru kvæði eða vísur af handahófi og stuðlasetningin skoðuð. Þeir þættir sem voru teknir til skoðunar voru annars vegar aukaljóðstafir og hins vegar fjöldi ljóðstafa í braglínuparinu til að ákvarða hvort um væri að ræða ofstuðlun. Greint var á milli þess hvort ofstuðlun birtist í frumlínu eða síðlínu. Þá var greint á milli þess hvort aukaljóðstafir birtust í kveðum sem stóðu hlið við hlið (auka hlið við hlið, sjá mynd 2) eða hvort ein eða fleiri kveður væru á milli þeirra (auka aðskildir). Ákveðið var að miða við 1200 braglínupör eins og gert var í fyrri rannsókninni til að fá sem bestan samanburð á milli tímabilanna. Þar var miðað við 1200 braglínupör frá hverri öld. Skáldin fjögur sem urðu fyrir valinu voru:

Ása Ketilsdóttir (f. 1935), bókin <i>Svo mjúkt er grasið</i> ,	alls 300 braglínupör
Kristín Jónsdóttir (f. 1963), bókin <i>Bréf til neturinnar</i> ,	alls 300 braglínupör
Hjálmar Freysteinnsson (f. 1943), bækurnar <i>Heitar lummur</i> , 163 braglínupör og <i>Lán í óláni</i> , 137 braglínupör;	alls 300 braglínupör
Páll Jónasson (f. 1947), bækurnar <i>Fuglalímrur</i> , 154 braglínupör og <i>Vísnagátur</i> , 146 braglínupör;	alls 300 braglínupör

Þau dæmi sem fundust um ofstuðlun og aukaljóðstafi voru svo talin saman og talan sett inn í súlurit ásamt með niðurstöðunum úr fyrri rannsókninni (myndir 1 og 2).

Þegar valdir voru þátttakendur í rannsóknina var miðað við að þeir sem voru teknir sem dæmi um stuðlun á 21. öld væru viðurkenndir af hagyrðingasamfélaginu sem verðugir fulltrúar þess hóps. Ekki kom til skoðunar að velja hvaða höfunda sem var í þessa athugun. Hér á við það sama og í fyrri rannsókninni. Í þann gagnagrunn voru eingöngu valin skáld sem samfélagið hafði viðurkennt sem verðuga fulltrúa ljóðhefðarinnar. Vel hefði verið hægt að velja á annan veg og fá allt aðra niðurstöðu. En bæði í þeirri rannsókn, og svo hér, er miðað við efsta lagið af skáldasamfélaginu ef við gefum okkur að hægt sé að flokka meðlimi þess eftir hæfileikum og getu.

Niðurstöður

Þegar lítið er á tölur yfir þau frávik sem voru til skoðunar verða niðurstöður úr rannsókninni sem hér segir:

Ása Ketilsdóttir:	
Ofstuðlun frumlínu:	0
Ofstuðlun í síðlínu:	0
Aukaljóðstafir hlið við hlið:	2
Aukaljóðstafir aðskildir:	4
Kristín Jónsdóttir:	
Ofstuðlun í frumlínu:	1
Ofstuðlun í síðlínu:	2
Aukaljóðstafir hlið við hlið:	1
Aukaljóðstafir aðskildir:	2
Hjálmar Freysteinsson:	
Ofstuðlun í frumlínu:	0
Ofstuðlun í síðlínu:	0
Aukaljóðstafir hlið við hlið:	0
Aukaljóðstafir aðskildir:	1
Páll Jónasson:	
Ofstuðlun í frumlínu:	0
Ofstuðlun í síðlínu:	0
Aukaljóðstafir hlið við hlið:	1
Aukaljóðstafir aðskildir:	2


Tafla 1. Ofstuðlun og aukaljóðstafir í kveðskap fjögurra skálda á 21. öld.

Þegar heildarniðurstöður eru skoðaðar kemur í ljós að í þessum 1200 braglínupörum finnst ofstuðlun einu sinni í frumlínu og tvisvar í síðlínu. Aukaljóðstafir hlið við hlið koma fyrir fjórum sinnum og aðskildir aukaljóðstafir fundust alls níu sinnum.

Til að bera nútímaskáldin saman við þau skáld sem skoðuð voru í fyrri rannsókn RIA (2012) voru tölurnar frá 21. öld teknar út²³ og


²³ Þorsteinn frá Hamri og Þórarinn Eldjárn, sjá RIA 2012:319.

tölurnar úr nýju rannsókninni settar inn í staðinn. Fyrst skoðum við ofstuðlunina:



Mynd 1. Ofstuðlun í íslenskum kveðskap frá 9. öld til þeirrar 21.

Sama aðferð er viðhöfð við aukaljóðstafina:



Mynd 2. Aukaljóðstafir. Greint er á milli þess hvort aukaljóðstafir standa hlið við hlið eða aðskildir, þ.e. ein kveða eða fleiri á milli þeirra.

Umræða

Sú nýja rannsókn sem kynnt var hér að framan tekur til fjögurra skálda (hagyrðinga) sem hafa gefið út ljóð sín eftir 2000. Þegar litið er til þess að hér eru skoðuð 1200 braglínupör er nokkuð ljóst að skáldin hafa góða reglu á stuðluninni. Forvitnilegt er að líta á hliðstæðar tölur frá 18., 19. og 20. öld, þ.e. hjá þeim skáldum sem eru næst okkur í tíma og bera niðurstöðurnar saman við þær. Tölurnar líta þannig út (hér er ekki skilið á milli ofstuðlunar í frumlínu og síðlínu né heldur aðgreint hvort aukaljóðstafir standa hlið við hlið eða aðskildir):

18. öld:	ofstuðlun 3;	aukaljóðstafir 4	frávik alls 7	(RIA 2012:316–317)
19. öld:	ofstuðlun 5;	aukaljóðstafir 13	frávik alls 18	(RIA 2012:317–318)
20. öld:	ofstuðlun 3;	aukaljóðstafir 3	frávik alls 6	(RIA 2012:318–319)
21. öld:	ofstuðlun 3;	aukaljóðstafir 13	frávik alls 16	

Tafla 2. Frávik 21. aldar borin saman við þrjár aldir þar á undan

Sé borið saman við 20. öld er svo að sjá sem nútímaskáldin leyfi sér meiri frávik en áður var. Það breytist hins vegar þegar við færum okkur aftur til 19. aldar. Þá er munurinn sáralítill. Ofstuðlun er aðeins tíðari á 19. öld, tala aukaljóðstafa hin sama. Þegar farið er lengra aftur (einkum á 16. og 17. öld) verður svo munurinn miklu meiri eins og áður hefur verið rætt um (sbr. myndir 1 og 2).

Þær tölur sem hér eru settar fram segja reyndar alls ekki alla söguna ef við skoðum virkni þeirra frávika sem hér eru sýnd eða áhrif þeirra á braginn. Þegar litið er á töfluna hér að ofan kemur í ljós að hjá Hjálmari er aðeins eitt frávik. Það eru aukaljóðstafir aðskildir í vísu undir ferskeyttum hætti:²⁴

- (8) Lukku **m**ína lofa **m**á
og lengi hana muna.

Aukaljóðstafirnir, *m* í *mína* og *má*, standa báðir í lágkveðum og rísa því ekki upp gegn hinum eiginlegu stuðlum. Bent skal til samanburðar á (4). Þar er sams konar stuðlun, aukaljóðstafir í lágkveðum frumlínunnar. Þar er Hjálmar ekki í slæmum félagsskap. Önnur bók Hjálmars inniheldur limrur og hin ferhendur, flestar undir rímnaháttum.

²⁴ Hjálmar Freysteinnsson 2012:30.

Þrjú frávik fundust hjá Páli. Vísnaátturnar eru ortar undir stafhendum hætti:²⁵

- (9) vindáttina vísar þér,
vörum **f** hann raðað **er**.

Hér eru það sérhljóðarnir *i* og *e* í *er* sem standa sem aukaljóðstafir. Þeir standa báðir í lágkveðum, eins og í (4). Annað hliðstætt dæmi fannst um aukaljóðstafi aðskilda. Sérkennilega stuðlun gat að líta í einni limrunni og ákveðið var að birta hana alla. Hún hljóðar þannig:²⁶

- (10) Haninn í Máfamýri
var monthani, **D**rottinn minn **d**ýri,
uns minknum hann mætti
sem varirnar vætti,
og úti var ævintýri.

Hér er í rauninni óhjákvæmilegt annað en að líta á *d*-in í *Drottinn* og *dýri* sem aukaljóðstafi. Hefði ekki verið þessi höfuðstafur í línunni, *m* í *monthani*, var vel hægt að líta svo á að línan væri sérstuðluð eins og allar hinar línurnar.

Í þeim 600 braglínupörum sem skoðuð voru eftir þessa tvo fundust, eins og fram er komið, fjögur dæmi um frávik sem þó eru hreint ekki líkleg til að stinga í augu eða trufla brageyra lesandans. Þrjú dæmin eru aðskildir aukaljóðstafir og það fjórða er limran um hanann sem sýnd er hér að ofan (10). Engin dæmi fundust um ofstuðlun. Allur kveðskapur þeirra Hjálmars og Páls samanstendur af vísnum undir rímnaháttum eða limrum, þar sem braglínur eru í mesta lagi fjórar kveður, oft aðeins þrjár. Það gæti verið ástæðan fyrir því hve fá frávik fundust í kveðskap þeirra, en auk þess eru þeir báðir vandvirkir hagrýðingar og skal ekki gert lítið úr því. En eins og fram kom í inngangskafli benda líkur til þess að frávikum sem þessum fjölgi eftir því sem braglínur verða lengri.

Þegar hugað er að frávikum í ljóðum þeirra Ásu og Kristínar kemur í ljós að flest eru þau tilvik í braglínunum sem eru fimm bragliðir. Annað af tveimur tilvikum um aukaljóðstafi hlið við hlið hjá Ásu er í kvæðinu Gamli bærinn, sem samanstendur af línunum sem eru fimm kveður:²⁷

²⁵ Páll Jónasson 2012:18.

²⁶ Páll Jónasson án árs:7.

²⁷ Ása Ketilsdóttir 2012:10.

- (11) Það mannlíf er nú orðið minjaskrá
og moldu hulið allt það gamla stríð

Sérhljóðarnir í frumlínunni, í orðunum *er* og *orðið*, teljast aukaljóðstafir. Sérhljóðarnir eru ekki sterkir sem ljóðstafir og því verða þeir ekki mjög áberandi. Auk þess er sá fyrri á sögninni *vera* sem er setningarlega veikt orð, eins og áður kom fram. Það dregur enn úr styrk ljóðstafanna. Hins vegar má deila um það hvort stuðlarnir í þessari línu standi fyrir sínu vegna þess hvar þeir standa. Stuðlar eru *m* í *mannlíf* og *minja*-. Seinna orðið, *minja*-, er í lágkveðu og tvær kveður á milli stuðlanna. Reglan er sú, í fimm fóta braglínunum eins og hér eru til umræðu, að annar stuðullinn verður að standa í 3. kveðu. Hitt er svo annað að staðsetning ljóðstafa er reyndar ekki rannsóknarefni þessarar greinar og verður það því látið liggja milli hluta að þessu sinni. Hitt dæmið hjá Ásu um aukaljóðstafi hlið við hlið er einnig með sérhljóðum.

Hjá Kristínu fundust þrjú dæmi um ofstuðlun og tvö þeirra eru í kvæðinu *Myrkursins land*, sem eins og kvæði Ásu er gert af fimm fóta línunum, sbr. eftirfarandi:²⁸

- (12) Land þar sem hvorki rétt né rangt er til,
rökkriinu hjúpað, fullt af líkn og ró.

Orðið *ró* aftast í síðlínunni telst ofstuðlun en hér eru heilir þrír bragliðir frá höfuðstafnum að orðinu sem ber ofstuðlunina en það dregur mjög úr áhrifum þessa frávíks (sbr. (3)).

Af 16 frávíkum sem varða ofstuðlun og aukaljóðstafi hjá þessum fjórum skáldum eru þrjú dæmi um ofstuðlun, öll hjá Kristínu. Fjögur dæmi fundust um aukaljóðstafi hlið við hlið, tvö hjá Ásu, eitt hjá Kristínu og eitt hjá Páli. Öll hin frávikin, níu alls, eru aðskildir aukaljóðstafir. Þetta má setja upp á eftirfarandi hátt:

Ofstuðlun í frumlínu:	1
Ofstuðlun í síðlínu:	2
Aukaljóðstafir hlið við hlið:	4
Aukaljóðstafir aðskildir:	9

Tafla 3. Ofstuðlun og aukaljóðstafir í ljóðum fjögurra skálda frá 21. öld

²⁸ Kristín Jónsdóttir 2009:14.

Það sem vekur mesta athygli þegar rannsóknin er skoðuð er í fyrsta lagi sú staðreynd að meira en helmingur þeirra frávíka sem fundust í ljóðum skáldanna fjögurra eru aðskildir aukaljóðstafir. Eins og fyrr kom fram er tæpast hægt að tala um að frávik af því tagi skaði braginn. Í annan stað er ljóst að önnur þau frávik sem finnast eru annað hvort sérhljóðar, sem eru frekar veikir ljóðstafir, sbr. ummæli Þórarins Eldjárns í inngangskafli, standa í lágkveðum þar sem lítið ber á þeim eða hljóð höfuðstafs endurtekið í lok langrar síðlínu. Það sem mestu máli skiptir er þó sú staðreynd að frávikin eru sárafá, heldur fleiri en meðaltalið á 20. öld en örlítið færri en á 19. öld auk þess að vera þannig sett fram, eins og áður var nefnt, að hæpið er að þau trufla lesandann að nokkru ráði. Niðurstaðan af þessari athugun er því sú að þau skáld 21. aldar sem hér voru skoðuð vanda brag sinn ekki síður en gert hefur verið undanfarnar aldir og standast fyllilega samanburð við skáld 18., 19. og 20. aldar hvað við kemur nákvæmni í stuðlasetningu.

HEIMILDIR:

- Ása Ketilsdóttir. 2012. *Svo mjúkt er grasið*. Salka, Reykjavík.
- Hjálmar Freysteinnsson. 2008. *Heitar lummur*. Bókaútgáfan Hólar, Reykjavík.
- Hjálmar Freysteinnsson. 2012. *Lán í óláni*. Bókaútgáfan Hólar, Reykjavík.
- Kristín Jónsdóttir. 2009. *Bréf til næturrinnar*. Félag ljóðaunnenda á Austurlandi, Fáskrúðsfirði.
- Páll Jónasson. [Án árs]. *Fuglalímrur*. Bókaútgáfan Hólar, Reykjavík.
- Páll Jónasson. 2012. *Vísnaगतur*. Bókaútgáfan Hólar, Reykjavík.
- Preminger, Alex, og T.V.F. Brogan. 1993. *The New Princeton Encyclopedia of Poetry and Poetics*. Princeton University Press, Princeton, New Jersey.
- Ragnar Ingi Adalsteinsson. 1994. *Bögubókin*. Iðnú, Reykjavík.
- Ragnar Ingi Adalsteinsson. 2007. Stuðlasetning í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar. *Hrafnaping*, 4, bls. 31–49.
- Ragnar Ingi Adalsteinsson. 2012. *Tólf alda tryggð. Athugun á þróun stuðlasetningar frá elsta þekktum norrænum kveðskap fram til nútímans*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Snorri Sturluson. 1999. *Edda. Háttatal*. Anthony Faulkes gaf út. Viking Society for Northern Research, University College of London.
- Sverrir Tómasson. 1996. „Suptungs mjöðurinn sjaldan verður sætur fundinn“. *Gudamjöður og arnarleir. Safn ritgerða um eddulist*, bls. 65–89. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

